**FELIX OG BALDUR**

*Eurovision-veitingar upp á franska vísu*

Matur Tilboð

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HÚS&HEIMILI**

*Gulla á Þremur hæðum*

Sérblað um hús, heimili og hönnun

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. maí 2007 — 127. tölublað — 7. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 550 5000


**FÖSTUDAGUR**

### Svíta fyrir soninn



Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari frumflytur verk eftir föður sinn, Ólaf Óskar Axelsson. **MENNING 45**

### Á leið í Breiðablik



Einar Árni Jóhannsson, fyrrum þjálfari körfuboltaliðs Njarðvíkur, mun skrifa undir samning við Breiðablik í dag. **ÍÞRÓTTIR 54**

### Chelsy stelur senunni



Ríka stelpan frá Simbabve heillar Bretann upp úr skónum. **FÓLK 48**

**sirkus**

Elly Ármanns vill fylla húsið af börnum.




**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI** Sunnan og vestan til má búast við bjartviðri í dag, en einhverri úrkomu á norðaustur horninu. Hitinn er á bilinu 2-8 stig, hlýjast suðvestanlands, en svalast norðaustantil. Vindur er yfirleitt frekar hægur, 5-10 m/s. **VEÐUR 4**

# Stjórnin með meirihlutafylgi

**Sjálfstæðisflokkurinn fengi 28 þingmenn, Samfylking sextán, Vinstri græn tíu, Framsóknarflokkur sex, Frjálslyndi flokkurinn þrjá og Íslandshreyfingin engan samkvæmt síðustu könnun Fréttablaðsins fyrir kosningar.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Kosið verður á morgun til Alþingis og kemur þá í ljós hvernig atkvæðin falla í þessum þingkosningum. Samkvæmt síðustu skoðanakönnun Fréttablaðsins fyrir þessar kosningar mælist Sjálfstæðisflokkurinn með 42,2 prósent og fengi 28 þingmenn kjörna. Fylgið dalar hjá þeim um 0,3 prósentustig frá könnun blaðsins sem birt var á sunnudag. Vikmörk eru 2,0 prósentustig. Þann fyrirvara verður þó að setja, þar sem Fréttablaðið spyr ekki hvort svarendur séu líklegri til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða annan flokk, að reynsla af könnunum fyrir kosningar sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn reynist oft of hátt mældur.

24,6 prósent segjast myndu kjósa Samfylkinguna, sem dygði til að fá sextán þingmenn. Vikmörk eru 1,8 prósentustig. Fylgi flokksins eykst um 0,6 prósentustig frá því á sunnudag.

Fylgi Vinstri grænna mælist nú 16,1 prósent, með vikmörk upp á 1,5 prósentustig. Það er nánast sama fylgi og á sunnudag. Ef það verða niðurstöður kosninganna fengi flokkurinn tíu þingmenn.

Framsóknarflokkurinn mælist nú með 9,1 prósents fylgi, 0,4 prósentustigum minna en á sunnudag. Samkvæmt því fengi flokkurinn sex þingmenn kjörna. Þegar fylgið er brotið niður á hvert kjördæmi eru líkur á að Jón Sigurðsson geti fengið úthlutað jöfnunarsætinu í Reykjavíkurkjördæmi norður.

**FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA**

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?




Fylgi Frjálslynda flokksins hefur ekki breyst frá því um helgi og segjast enn 5,4 prósent myndu kjósa flokkinn. Vikmörk eru 0,9 prósentustig. Samkvæmt því fengi flokkurinn þrjá jöfnunarþingmenn kjörna, en samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins á hvert kjördæmi ná þingmennirnir Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður flokksins, og Sigurjón Þórðarson ekki kjöri.

Íslandshreyfingin nær enn ekki nægjanlega miklu fylgi til að fá mann kjörinn. 2,6 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, hálfu prósentustigi meira en um helgina. Vikmörk eru 0,7 prósentustig.

Fylgi flokka í hverju kjördæmi er greint á síðu 24 í blaðinu í dag.

**- ss/** **sjá síðu 8 og 24**



**FJÖLSKYLDAN FYLGDIST MEÐ** Haraldur Eiríksson, sonur Eiríks Haukssonar fagnaði föður sínum vel eftir flutning íslenska lagsins í gær. Það gerðu aðrir í fjölskyldu Eiríks líka, þau Jóhann Hauksson, bróðir Eiríks (til hægri), Þórný Þórarinsdóttir, móðir hans, Haukur Hauksson, bróðir Eiríks, Lára Gísladóttir, mágkona Eiríks og Laufey Hauksdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úrslitin í Helsinki vonbrigði:

## Ísland úr leik í Eurovision

**SÖNGVAKEPPNI** Rokkuð frammistaða Eiríks Haukssonar og félaga á sviðinu í Helsinki í Finnlandi dugði ekki til að fleyta framlagi Íslands í Eurovision-söngvakeppninni í úrslitakeppnina sem fer fram á laugardagskvöld.

Eiríki og félögum þótti takast vel upp við flutning lagsins Valentine lost í undankeppninni, en lagið var ekki eitt af tíu lögum sem komust áfram.

„Að sjálfsögðu er ég svekktur, en ég er svo sem ekkert undrandi. Skoðið bara úrslitin og þá sjáið þið hver ástæðan er,“ sagði Eiríkur þegar úrslitin voru ljós, og vísaði til þess að þjóðir frá Austur-Evrópu réðu lögum og lofum í gærkvöldi.

Alls bitust 28 þjóðir um tíu laus sæti í úrslitunum, en ekki verður gefið upp fyrr en eftir úrslitakeppnina í hvaða sæti framlag Íslands lenti. Þau lönd sem komust áfram í úrslitin voru Hvíta-Rússland, Makedónía, Slóvenía, Ungverjaland, Georgía, Lettland, Serbía, Búlgaría, Tyrkland og Moldóva. **- bj/kdk**

Útlit fyrir sól og blíðu sunnan- og suðvestanlands á kjördag á morgun:

## Stemning skiptir meiru en veðrið

**VEÐUR** Útlit er fyrir blíðviðri sunnan- og suðvestanlands á kjördag á morgun. Sólin ætti að skína og hitinn slaga upp undir tíu gráður um miðjan dag. Hins vegar má gera ráð fyrir slyddu með köflum og tveggja til fjögurra stiga hita á Norður- og Austurlandi, en annars léttskýjuðu að mestu.

Ýmsar kenningar eru til um áhrif veðurfars á kjörsókn og kosningaúrslit. Rannsóknir í Bretlandi hafa til dæmis sýnt að gott veður sé hagstætt fyrir sitjandi valdhafa. Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur og aðstoðarmaður umhverfisráðherra, segir erfitt að spá fyrir um áhrif veðurs á kosningar. „En mér finnst þetta alls ekkert ósennilegt, að ef það er gott veður og allir glaðir þá séu kjósendur síður reiðir og tilbúnir að refsa. Á móti hafa margir bent á að í góðu veðri sé fólk líklegra til að fara út úr bænum og sleppa því að kjósa. Hins vegar held ég að almenn stemning fyrir kosningunum skipti þegar upp er staðið öllu meira máli en veðrið.“

Trausti Jónsson veðurfræðingur segir veður hafa sífellt minni áhrif eftir því sem fleiri eru á bíl. „Ég hugsa að Evrópusöngvakeppnismál komi til með að hafa meiri áhrif á kosningarnar heldur en veðrið ef okkur gengur vel í þeirri keppni.“ **- sh**

ÉG KÝS
Kährs
PARKET
Egill Árnason hf
Reykjavík - Akureyri
www.egillarnason.is

FLOKKUR SEM ÞORIR!
XF
Frjálslyndi flokkurinn
www.xf.is

SKRÁÐU ÞIG NÚNA Á GLITNIR.IS
GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131

## SPURNING DAGSINS



*Jón Atli, höfðuð þið ekki efni á ferfættum hundi?*

„Björgólfur tímdi því ekki hann vildi frekar splæsa í San Francisco-ballettinn.

Þrífættur hundur leikur lykilhlutverk í leiksýningunni Partílandið sem sýnt verður í Þjóðleikhúsinu. Jón Atli Jónasson er höfundur leikritsins.

Tölvurisinn Yahoo kannar möguleika á að reisa netþjónabú á Íslandi:

# Íslenskir fjárfestar sýna áhuga

**TÆKNI** Fulltrúar netfyrirtækisins Yahoo eru staddir hér á landi til þess að kanna möguleika á að reisa netþjónabú á Íslandi. Fulltrúarnir funduðu með Geir H. Haarde forsætisráðherra og Guðlaugi Þór Þórðarsyni, stjórnarformanni Orkuveitunnar, í gær.

„Þetta er afar spennandi hugmynd og það er jákvætt að Íslandi skuli vera sýndur þessi áhugi. Fulltrúar Yahoo hafa komist að því að hér er vinsamlegt umhverfi fyrir atvinnurekstur af þessu tagi,“ segir Geir.

Yahoo rekur nú þegar um 20 netþjónabú víða um heim en netþjónabú eru þess konar gagnastöðvar þar sem netþjónar eða gögn eru hýst. Talsverða orku þarf fyrir slíka starfsemi og því þykir Ísland fýsilegur kostur.



**FUNDAÐ MEÐ RÁÐHERRA** Fulltrúar Yahoo áttu fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Ísland er þekkt fyrir að vera umhverfisvænt og hér er ódýr orka í boði. Við erum mjög ánægðir með það sem við höfum séð hér og íslenskir fjárfestar sýna hugmyndinni áhuga,“ segir Kevin Timmons, varaforseti aðgerðadeildar Yahoo. Hann segir að viðræður séu enn á frumstigi.

Verði Ísland fyrir valinu gæti netþjónabúið tekið til starfa innan þriggja ára. Nýr sæstrengur er forsenda þess að netþjónabú geti tekið til starfa. Samkvæmt upplýsingum frá samgönguráðuneytinu er stefnt að því að leggja sæstreng á næsta ári sem unnt verður að taka í notkun haustið 2008. - þo

Þrír í skilorðsbundið fangelsi:

## Stálu býsn af skíðavörum

**DÓMSMÁL Þrír sautján og átján ára piltar hafa verið dæmdir í þriggja ára skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað, hylmingu og brot á lögreglulögum í september og desember í fyrra.**

**Piltarnir brutust saman inn í verslun á Akureyri og stálu þaðan skíðabúnaði, meðal annars 79 húfum, 30 pörum af hönskum, 30 snjóbrettum, hundrað skíðagleraugum og 65 dósum af skíðaáburði, samtals að verðmæti rúmlega tvær milljónir króna. Þá greip einn þeirra aftan í lögreglumann við skyldustörf og tafði hann. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Norðurlands eystra.** - sh

Jónas Garðarsson:

## Hlaut þriggja ára fangelsisdóm



JÓNAS GARÐARSSON

**DÓMSMÁL** Jónas Garðarsson, fyrrverandi formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, var í gær dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi. Þetta er þyngsti dómur sem fallið hefur hér á landi fyrir brot sem fellur undir þess háttar lögbrot.

Jónas var dæmdur fyrir að hafa stýrt skemmtibátnum Hörpu undir áhrifum áfengis er hann steytti á Skarfaskeri aðfaranótt 10. september 2005. Friðrik Á. Hermannsson og Matthildur V. Harðardóttir létust í slysinu, auk þess sem eiginkona Jónasar slasaðist alvarlega.

„Dómarinn dæmir, ekki ég,“ var það eina sem Kristján Stefánsson, lögmaður Jónasar, sagði eftir að dómurinn var kveðinn upp. Jónas var ekki viðstaddur. - mh/sjá síðu 22

Björgólfur vill eignast Actavis:

## Tilboð upp á 176 milljarða

**VIÐSKIPTI Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, ætlar á næstu dögum að leggja fram yfirtökutilboð í Actavis. Tilboðið mun hljóða upp á 85,23 krónur á hlut. Miðað við það verð yrði kaupverðið um 176 milljarðar króna.**

**Björgólfur Thor segir markmið yfirtökunnar að formbreyta félaginu og stytta og einfalda ferli ákvarðana. Verði af henni verður Actavis skráð af markaði.**

**Hlutabréf í Actavis hækkuðu um hátt í tólf prósent í Kauphöll Íslands í gær. Lokagengi félagsins var 87,50 krónur á hlut og því hærra en tilboð Novator.** - hhs / sjá síðu 28

# Hross braggast eftir vanhirðu og svelti

**Hross í Rangárþingi ytra, sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum vegna vanfóðrunar, eru sum hver mjög mögur eftir veturinn. Fréttablaðið skoðaði hrossin í gær. Flest þeirra eru á batavegi enda vorið fyrr á ferð en vanalega.**

**DÝRAVERND** Um 40 hross í Rangárþingi ytra, sem verið hafa til umfjöllunar vegna meintrar vanfóðrunar í vetur, eru sum hver mögur en þó komin í bata, enda komin græn nál í hagann.

Blaðamenn Fréttablaðsins fundu umrædd hross í gær þar sem þeir voru á yfirreið fyrir austan fjall í gær. Það duldist ekki að þau hafa átt harðan vetur, sem komið hefur mishart niður á þeim. Þau verst settu eru enn grindhoruð, þegar tekið er á síðum þeirra.

Þau eru úfin í hárum, komin með svokallað slöður; dældir sem myndast í lend, bak og makka þegar gengur á fituvefina í skepnunni og upplit þeirra var dauflegt. Svo var ástatt um jarpt hross og annað brúnskjótt. Þá vakti athygli fíngerð brún hryssa, í fyrstu fyrir digra flókadröngla sem héngu niður úr faxi og tagli. Bágt holdafarslegt ástand hennar skýrðist svo þegar rummungstryppi tók að sjúga hana. Svipaða flókadröngla mátti sjá í faxi og tagli fleiri hrossa þarna.

Flest hinna hrossanna voru í greinilegum bata, enda vorið fyrir austan mánuði fyrr á ferðinni heldur en venjulega, að sögn fólks á þeim slóðum. Haginn er því farinn að taka við sér.

„Ég starfa samkvæmt búfjárlögum,“ segir Óðinn Örn Jóhannsson búfjáreftirlitsmaður á Suðurlandi, sem kvaðst ekki tjá sig um málið í fjölmiðlum.

Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir á Suðurlandi, kvaðst fyrst hafa fengið tilkynningu um þetta mál fyrir nokkrum dögum frá Dýraverndarsambandi Íslands, eftir að umfjöllun um það hafi hafist á heimasíðu sambandsins. jss@frettabladid.is



**Í HEYI** Sum hrossanna stóðu í heyi þegar að var komið, en flest voru þó úti um hagann að reyna að ná sér í græn strá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**DRÖNGLAR Í FAXI** Glögglega má sjá dränglana í faxinu á þeirri brúnu.



**GELDINGUR UNDIR** Tryppið skellti sér undir merina og saug.

Alliance-húsið keypt:

## Ingunn kaupir á 925 milljónir



INGUNN WERNERSDÓTTIR

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingafélag Ingunnar Wernersdóttur, Inn fjárfesting, hefur keypt svokallað Alliance-hús af Reykjavíkurborg fyrir 925 milljónir króna. Það er sama upphæð og borgin greiddi Herði Einarssyni, fyrrverandi eiganda DV, fyrir húsið í síðustu viku. Ytra byrði hússins mun verða verndað. Innan dyra verður starfsemi tengd menningu og listum. Alliance-húsið er á Grandagarði 2. Í dag rekur Penninn þar húsgagnaverslunina Saltfélagið.

Leigusamningur Saltfélagsins í húsinu verður ekki endurnýjaður þegar hann rennur út. Ingunn Wernersdóttir og bræður hennar losuðu nýlega gríðarlega fjármuni með sölu á hlut sínum í Glitni. - gar

### UMHVERFISMÁL

**Nesjavallalína ekki í mat**

Sveitarstjórn Ölfuss telur að framkvæmdir við jarðstreng svokallaðrar Nesjavallalínu á vegum Landsnets eigi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem strengurinn verður lagður í jörðu á þegar röskuðu landi. Þetta kemur fram í umsögn til Skipulagsstofnunar.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Í ökuferð með kannabis**

Lögreglan í Borgarnesi stöðvaði konu um tvítugt grunaða um að aka undir áhrifum fíkniefna um klukkan 18.30 í gær. Við leit í bílnum og á farþega konunnar fannst lítilræði af kannabisefnum sem lögregla lagði hald á áður en fólkinu var sleppt.


BÍLL DAGSINS

SUBARU LEGACY GL

Nýskr. 04.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 12 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Vonast er eftir nýjum tímum friðar og stöðugleika á Austur-Tímor:

# Jose Ramos-Horta kjörinn forseti

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Jose Ramos-Horta er nýkjörinn forseti Austur-Tímor eftir stórsigur á keppinaut sínum og leiðtoga stjórnarflokks landsins, Francisco „Lu-Olo“ Tuterres, í úrslitaumferð forsetakosninganna í gær. Horta var með 73 prósent atkvæða þegar 90 prósent höfðu verið talin. Talið var að kjörsókn hefði verið um 80 prósent.

Horta er handhafi friðarverðlauna Nóbels og hefur verið forsætisráðherra landsins undanfarið ár. Hann hét því að standa við kosningaloforðin og vinna með alþjóðasamfélaginu að bjartri framtíð Austur-Tímor.

Eftirlitsmenn kosninganna sögðu atkvæðagreiðslur hafa farið friðsamlega fram og án ógnana, ólíkt fyrstu umferð kosninganna í síðasta mánuði þegar til átaka kom milli andstæðra fylkinga.

Vonast er til að kjör Horta þýði nýja tíma friðar og stöðugleika hjá þessari yngstu þjóð Asíu. Ár er síðan mannskæð ofbeldisalda felldi ríkisstjórnina og leiddi til þess að meira en 155 þúsund manns flúðu frá heimilum sínum.

Árið 1999 fékk Austur-Tímor sjálfstæði frá Indónesíu. Þrátt fyrir talsverðar olíu- og gasauðlindir er nánast helmingur vinnuafls á Austur-Tímor án atvinnu. Um 60 prósent barna undir fimm ára eru vannærð og tugir þúsunda manna hafa flúið af heimilum sínum og þora ekki að snúa heim og halda til í tjaldbúðum. - sdg



**STUÐNINGSMENN HORTA** Horta vann stórsigur á andstæðing sínum með yfir 70 prósent atkvæða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Á morgun er kosið um
hverjum er best treystandi
fyrir stjórn landsins
Nýjir tímar - á traustum grunni
XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
xd.is

## GENGIÐ 10.05.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,53 | 63,83 |
| Sterlingspund | 126,25 | 126,87 |
| Evra | 85,93 | 86,41 |
| Dönsk króna | 11,531 | 11,599 |
| Norsk króna | 10,531 | 10,593 |
| Sænsk króna | 9,338 | 9,392 |
| Japanskt jen | 0,5273 | 0,5303 |
| SDR | 96,44 | 97,02 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

116,5803

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jónína Bjartmarz segir Kastljós hafa ætlað að hafa áhrif á kosningaúrslitin:

# Vill leiðréttingu og afsökunarbeiðni

**STJÓRNMÁL** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra hefur farið fram á að Kastljós leiðrétti umfjöllun sína um veitingu ríkisborgararéttar til kærustu sonar hennar og biðjist afsökunar „á hneykslanlegri og fráleitri umfjöllun sinni“. Krafa þess efnis var send útvarpsstjóra, Páli Magnússyni, í gærmorgun.

Í bréfi fer Jónína hörðum orðum um vinnubrögð Kastljóssins; hún segir umfjöllunina hafa verið hroðvirknislega og hlutdræga, auk þess sem staðreyndir hafi verið falsaðar.

Jónína segir Kastljós hafa brugðist skyldum sínum og að vinnubrögðin brjóti í bága við lög um Ríkisútvarpið ohf. og siðareglur Blaðamannafélagsins. Jónína segir enn fremur að umfjölluninni hafi augljóslega verið ætlað að koma höggi á hana og Framsóknarflokkinn örfáum dögum fyrir kosningar og valda henni og flokknum álitshnekki. „Og þar með hvorki meira né minna en að hafa áhrif á niðurstöðu kosninganna 12. maí.“ Verði ekki orðið við kröfum um leiðréttingu og afsökunarbeiðni ætlar Jónína að kæra umfjöllun þáttarins til siðanefndar Blaðamannafélagsins.



**JÓNÍNA BJARTMARZ** Telur Kastljós hafa ætlað að koma höggi á hana og Framsóknarflokkinn.

Bréf Jónínu hafði ekki borist Páli Magnússyni í gær. Áður hefur Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, sagt þáttinn standa við umfjöllun sína. **- bþs**

Stjórnarmyndun gengur illa:

# Nikolic vill leita til Rússlands

**SERBÍA, AP** Tomislav Nikolic, nýr forseti serbneska þjóðþingsins, er þeirrar skoðunar að Serbía ætti að hætta að leita eftir nánari tengslum við Vesturlönd og snúa sér þess í stað að Rússlandi.

„Rússland mun finna leið til að tengja saman ríki sem vilja standa upp gegn alvaldi Bandaríkjanna og Evrópusambandsins,“ sagði Nikolic, sem er leiðtogi Róttæka flokksins, flokks þjóðernissinnaðra Serba.

Hvorki hefur gengið né rekið í stjórnarmyndunarviðræðum í Serbíu frá því kosningar voru haldnar þar í janúar. **- gb**



**FRÁ VESTMANNAEYJUM** Til eru plön a, b, c og d um flutning kjörgagna frá Eyjum.

Flogið með atkvæði frá Eyjum:

# Þrjár varaleiðir ef flugið bregst

**KOSNINGAR** Að fenginni reynslu er yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis með þrjár varaáætlanir tilbúnar ef veður hamlar hefðbundnum flutningi kjörgagna frá Vestmannaeyjum til Selfoss þar sem atkvæði í kjördæminu verða talin.

Áætlað er að fljúga með atkvæðin og lenda á Selfossflugvelli. Hamli veður flugi flugvéla verður þyrla Landhelgisgæslunnar fengin til verksins. Sé ófluglfært með öllu verða atkvæðin í flutt með björgunarbátnum Þór. Ef ölduótið er þeim mun meira verður notast við varðskip.

Spáin er ágæt og bendir flest til að flugleiðin verði fær. **- bþs**

## SLÖKKVILIÐ

### 150 vörubretti eldi að bráð

Slökkviliðið var kallað að Holtagörðum í Reykjavík í fyrrinótt þar sem logaði glatt í vörubrettastæðu með 150 brettum. Hún stóð á víðavangi og því engin hætta á að eldurinn bærist í hús. Vel gekk að slökkva, en hugsanlega mun ljósastaur hafa skemmst.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Endastakkst ofan í skurð

Ökumaður missti stjórn á bíl sínum í lausamöl við Svignaskarð í Borgarfirði í fyrrakvöld og endastakkst bíllinn ofan í skurð. Bílstjórinn var einn í bílnum og var fluttur með sjúkrabíl á heilsugæslustöðina í Borgarnesi en mun ekki hafa verið alvarlega slasaður.

# Segist hafa þjónað besta landi í heimi

**Tony Blair lætur af embætti forsætisráðherra Bretlands 27. júní. Næstu vikurnar velur Verkamannaflokkurinn sér nýjan leiðtoga. Sigurstranglegastur þykir Gordon Brown fjármálaráðherra. Óvíst hvað Blair tekur sér fyrir hendur.**

**BRETLAND, AP** Mikil stemning ríkti í húsakynnum Verkamannaflokksins í bænum Sedgefield, kjördæmi Tonys Blair á norðausturanverðu Englandi, þegar hann lýsti því yfir að þann 27. júní næstkomandi myndi hann afhenda Elísabetu Bretadrottningu afsagnarbréf sitt.

Hann viðurkenndi að hafa gert mistök og ekki náð fram öllu því sem að var stefnt þegar hann tók við embættinu fyrir tíu árum, en stærði sig engu að síður af árangri ríkisstjórnarinnar þau tíu ár sem hann hefur verið við völd:

„Frá árinu 1945 hefur aðeins ein ríkisstjórn verið við völd sem getur sagt allt þetta: Fleiri störf, færri atvinnulausir, betri árangur í heilbrigðismálum og menntamálum, færri glæpir og efnahagsvöxtur á öllum sviðum,“ sagði Blair í hópi dyggustu stuðningsmanna sinna í gær í Sedgefield þar sem stjórnmálaferill hann hófst árið 1983 þegar hann var fyrst kosinn á þing.



**TONY BLAIR FORSÆTISRÁÐHERRA** Í ræðu sinni í gær sagði hann það mikla gæfu að hafa fengið að vera forsætisráðherra í Bretlandi: „Bretar eru sérstakir. Heimurinn veit það og við vitum það, þetta er besta land í heimi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í ræðu sinni lagði Blair áherslu á að hann hefði ávallt gert það sem hann taldi vera rétt hverju sinni, jafnvel þótt margir hefðu verið ósammála. Þar vísaði hann meðal annars í ákvörðun sína um að taka þátt í hernaði í Írak með Bandaríkjamönnum.

„Ég kann að hafa haft rangt fyrir mér, en það er undir ykkur komið,“ sagði hann og lagði verk sín undir dóm áheyrenda.

Gordon Brown fjármálaráðherra þykir nokkuð öruggur um að verða fyrir valinu þegar Verkamannaflokkurinn kýs arftaka Blairs í leiðtogaembætti flokksins.

Í gær skýrði John Prescott, sem er bæði varaformaður Verkamannaflokksins og aðstoðarforsætisráðherra, frá því að hann myndi einnig segja af sér.

Blair hefur ekki gefið neitt annað í skyn en að hann ætli sér að sitja áfram á þingi þótt hann hætti sem forsætisráðherra. Að minnsta kosti fram að næstu kosningum, sem líklega verða árið 2009 eða í síðasta lagi árið 2010.

Komið hefur til tals að hann snúi sér að málefnum Afríku og fái eins konar ráðgjafarhlutverk til að draga úr fátækt þeirrar heimsálfu. Eins þykir koma til greina að hann taki sér fyrir hendur að vinna að friðarmálum í Mið-Austurlöndum og einbeita sér þá einkum að deilum Ísraela og Palestínumanna.

Meiri líkur þykja þó til þess að hann vilji koma á fót nýrri alþjóðastofnun sem hefði það hlutverk að efla samskipti og skilning milli ólíkra trúarbragða, ekki síst milli kristinna manna og múslima. **gudsteinn@frettabladid.is**

Stefán Jón skýrir tölvupóst:

# Sendi póst óvart á tvo aðra hópa

**STJÓRNMÁL** Stefán Jón Hafstein, fyrrverandi formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, segir ummæli Júlíusar Vífils Ingvarssonar, sem menntaráðs, í Fréttablaðinu í fyrradag um að hann hefði nýtt sér aðgang að netföngum starfsmanna borgarinnar, tilhæfulaus.



**STEFÁN JÓN HAFSTEIN.**

Júlíus Vífill sagði tölvupóst Stefáns Jóns, þar sem meðal annars var rætt um kosningamál, til kennara og skólastjórnenda í Reykjavík hafa mælst illa fyrir hjá stórum hópi. Stefán Jón segir að um fréttabréf hafi verið að ræða sem hafi farið fyrir vangá á tvo aðra hópa í póstfangaskrá sinni. **- sdg**

Íslenskir fiskmarkaðir:

# Enn eitt sölumetið sett

**SJÁVARÚTVEGUR Íslenskir fiskmarkaðir seldu fisk fyrir 6.956 milljónir króna fyrstu fjóra mánuði ársins. Árið 2006 var selt fyrir 5.152 milljónir. Þetta er langmesta verðmæti á þessu tímabili frá upphafi. Næstmesta verðmætið fyrstu fjóra mánuði árs var árið 2001 eða 6.097 milljónir.**

**Þessar upplýsingar koma fram á vef Reiknistofu fiskmarkaða. Meðalverðið þessa fjóra mánuði var 170,26 krónur á kíló sem er það næsthæsta á þessu tímabil. Hæsta meðalverðið var árið 2002 eða 176,24 krónur.**

**Fyrstu fjóra mánuði þessa árs voru seld 40.857 tonn, en í fyrra voru seld 41.191 tonn.** **- shá**


STÝRIVEXTIR Á YFIRSTANDANDI KJÖRTÍMABILI




ER ÞETTA EFNAHAGSLEGUR STÖÐUGLEIKI???

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

ALLT ANNAÐ LÍF!
– með vinstri grænum




Elín Björk Jónasdóttir
veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**Sunnudagur og mánudagur:** Norðanáttin sýnir ekki á sér fararsnið næstu daga. Hún er þó tiltölulega hæg um allt land. Á landinu norðan- og austanverðu má búast við talsverðri úrkomu alla helgina, en þurru sunnan og vestantil. Hitinn er í samræmi við n 25 anáttina lágur, og m búast við næturfrosti víða um land alla helgina.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Norðaustan 5-8 m/s og bjartviðri. Hiti 2-8 stig.

um hádegi »




» á morgun




Norlæg átt um allt land, 5-10m/s

» sunnudagur




Norðau'slægar áttir, 5-10m/s

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C rigning | London | 13°C skúrir | Eindhoven | 17°C skúrir |
| Billund | 12°C léttskýjað | París | 18°C léttskýjað | Basel | 23°C léttskýjað |
| Osló | 14°C léttskýjað | Frankfurt | 18°C skúrir | Alicante | 29°C heiðskýrt |
| Stokkhólmur | 13°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 17°C léttskýjað | Róm | 24°C heiðskýrt |
| Gautaborg | 11°C skúrir | Berlín | 15°C rigning | Las Palmas | 27°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# VILLISVEPPASÓSA tilvalin með lambalæri

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

- 2 box blandaðir villisveppir
- 50 g smjör
- 1/2 dl madeira
- 1/2 lítri rjómi
- salt og pipar

Steikið villisveppina í smjöri í potti og kryddið með salti og pipar. Hellið madeira yfir og sjóðið í 1 mínútu. Sigtið soðið af lærinu yfir í pottinn og bætið rjóma saman við. Sjóðið sósuna í nokkrar mínútur eða þar til hún er orðin hæfilega þykk. Sósuna má þykkja með maizena sósujafnara.
















**Galileo smáréttir**
- ítalskar mini pizzur og bruschetta




**Ávaxta- og grænmetisbakkar**
- tilvalið í Eurovision partýið




**Baguette**
- ferskt baquette með og án hvítlauks

Gildir til 13. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**




*Ætti að auglýsa aftur eftir umsækjendum í stöðu aðstoðarríkislögreglustjóra?*

| | |
|---|---|
| Já | 82,1% |
| Nei | 17,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfðir þú á undankeppni Eurovision í gærkvöldi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Formaður Ljósmæðrafélags Íslands segir litlu skipta þótt yfirmenn gangi í störf:

# Ljósmæður kvíða sumrinu

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ljósmæður á Landspítalanum segjast kvíða sumrinu," segir Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum er búist við um fimmtungi fleiri fæðingum í sumar en spáð var fyrir sumarið 2006. Fram hefur komið að nýútskrifaðar ljósmæður neita að ráða sig til starfa vegna óánægju með launakjör. Hjúkrunarforstjóri spítalans og sviðsstjóri kvennadeildar sögðu í Fréttablaðinu í gær að brugðist yrði við fyrirsjáanlegri aukningu í fæðingum og að ekkert væri að óttast, meðal annars myndu yfirmenn ganga í störf. Guðlaug er ekki eins bjartsýn.



GUÐLAUG EINARSDÓTTIR MYND/E. ÓL.

„Mönnunin er svo knöpp að ljósmæðrum á Landspítalanum er gert að skerða sumarfrí sitt og yfirmennirnir eru ekki svo margir að það skipti sköpum. Þess utan er rætt um að fæðingardeildinni í Keflavík verði lokað í fjórar vikur í júlí þannig að fæðingar þaðan færast til Reykjavíkur," segir Guðlaug.

Að sögn Guðlaugar er hún nýkomin af Norrænu þingi ljósmæðra í Helsinki:

„Niðurstaða þingsins af rannsóknum á öllum Norðurlöndunum og Bretlandi er að það skipti öllu máli að ljósmæður hafi næði og tíma til að sitja yfir konum í fæðingu. Ég sé ekki fram á að það verði hægt að sinna yfirsetu sem skyldi ef ljósmæður þurfa að hlaupa á milli kvenna í fæðingu." **- gar**

Dæmdur í lífstíðarfangelsi:

# Þáði mútur sem blaðamaður

**KÍNA, AP** Kínverskur dómstóll dæmdi mann í lífstíðarfangelsi á miðvikudag fyrir að hafa tekið við sem svarar um 32 milljónum króna í mútur þegar hann þóttist vera blaðamaður eða ritstjóri opinbers dagblaðs Kommúnistaflokksins í Kína.

Lágt settir embættismenn í útjaðri höfuðborgarinnar Peking borguðu Liu Yonghong sem sagðist myndu hjálpa þeim til metorða innan flokksins.

Starfsmaður dagblaðsins sagði Liu aldrei hafa starfað hjá því. Hann fagnaði dómnum sem hann sagði sanngjarnan og nauðsynlegt væri að læra af. **- sdg**


Fullkomnasti farsími í heimi



**Nokia N95**
5 megapixla myndavél
mp3 spilari
3 Kynslóð
WLAN
GPS

**100 fríar stafrænar framkallanir frá Hans Petersen fylgja**

Farsímalagerinn.is

ÞÚ GRÆÐIR EKKERT Á AÐ VERSLA ANNARSSTAÐAR


# Þolinmæði á þrotum vegna Djúpvegarins

**Skelfingarástand ríkir á hluta Djúpvegar á Ströndum að sögn kunnugra. Gríðarleg rykmengun er frá veginum. Skemmdir bílar eru daglegt brauð, enda yfirlagið af veginum horfið og holur og grjót hrista bíla sundur og saman.**

**SAMGÖNGUR** Tjón á bílum og gríðarleg rykmengun er daglegt brauð á þeim hluta Djúpvegar sem liggur um Bæjarhrepp á Ströndum. Um veginn fer öll umferð til Ísafjarðar, en hann er afar illa farinn á um 16 kílómetra kafla þar sem skiptast á grjót og holur.

„Þetta er skelfingarástand á veginum," segir Hannes Hilmarsson, bóndi á Kolbeinsá, en bær hans stendur við Djúpveginn. Hann þekkir veginn vel, enda sér hann um vetrarþjónustu á honum.

„Bílarnir hjá okkur liggja undir skemmdum vegna þess að vegurinn er allur út í holum annars vegar, og vegna þess hvað hann er grýttur hins vegar. Yfirlagið er allt farið og það er verið að keyra á undirlaginu," segir Hannes, sem segir þolinmæðina á þrotum.

Á þurrum dögum er rykmengun af veginum gríðarleg þegar flutningabílar með tengivagna keyra þar um hver á eftir öðrum, og segir Hannes að ekki sé hægt að hafa opna glugga á bænum þegar þurrt sé í veðri.

Hann bendir á frétt Sjónvarpsins á dögunum þess efnis að vinna hafi verið stöðvuð við niðurrif húsa í Reykjavík eftir að rykmökkur gaus upp. Mengunin sem þar gaus upp sé þó eins og hreinn barnaleikur samanborið við rykmengunina við Djúpveg, og þó taki enginn í taumana.

Hannes segir að málið sé allt sorglegra en ella sökum þess að vegurinn sé að heita má tilbúinn undir bundið slitlag. Búið sé að styrkja veginn og hann sé nægilega breiður. Allt sé til staðar annað en fjármagn og framkvæmdavilji.

Tekin hefur verið ákvörðun um að leggja veg um Arnkötludal, og þegar hann verður tilbúinn mun umferð til Ísafjarðar fara um hann en ekki þennan slæma kafla Djúpvegs. Hannes segir það þó ekki leysa vandann, blómleg byggð sé á svæðinu sem þurfi að nýta veginn áfram, auk þess sem líklegt sé að hann verði notaður sem varavegur fyrir nýja veginn þar sem líklega verði hann snjóléttari.

Sveinn Karlsson, bifvélavirki á Borðeyri, þekkir áhrif aksturs um Djúpveg á bíla heimamanna betur en flestir, enda margir sem hafa komið beint á verkstæðið hans eftir að hafa farið um veginn.



**RYKMÖKKUR** Fjöldi farartækja á leið til og frá Ísafirði fer um Djúpveg, og er rykmengunin á bæjum við veginn gríðarleg á þurrum dögum. MYND/HANNES HILMARSSON



**URÐ OG GRJÓT** Holur og steinar fara illa með bíla sem aka veginn reglulega, dekk springa, felgur skemmast og fjöðrunarbúnaður endist skammt. MYND/SVEINN KARLSSON

Sveinn segir að mjög reglulega verði skemmdir á bílum. Sprungin dekk séu algeng, og dæmi séu um ónýtar felgur þegar bílar hafi keyrt á grjót eða í djúpa holu. Einnig sé endingin á fjöðrunarbúnaði bíla afar slök, dæmi sé um bíl sem ekið var tvisvar á dag eftir veginum og fjöðrunarbúnaður entist í minna en ár.

**brjann@frettabladid.is**


INNRITUN



Umsóknarfrestur í grunnnám er til 5. júní

Allt sem þú vilt vita og rafrænar umsóknir á www.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is


Formaður Tannlæknafélagsins gagnrýnir aðgerð tannlæknis í Salnum:

# Uppákoman jaðrar við skrum

**HEILBRIGÐISMÁL** Fólki úr tannlæknastétt og fjölmiðlum var boðið að fylgjast með tannlæknisaðgerð í Salnum í Kópavogi í gærkvöldi. Þetta er í fyrsta sinn sem slík aðgerð er gerð á Íslandi en tannþeginn var tannlaus í efri gómi og settir voru sex tannplantar í hann og tennur festar strax á.

Elín Sigurgeirsdóttir tannlæknir er í forsvari fyrir aðgerðina en Kaspar Hermansen tannlæknir gerði hana.

„Myndatökumaður tók nærmynd af aðgerðinni og henni var varpað á stóran skjá uppi á sviði. Hingað til hafa tannplantar þurft að gróa í þrjá til sex mánuði áður en hægt hefur verið að festa tennurnar á," segir Elín.

Hún telur sýningu aðgerðarinnar ekki brjóta í bága við reglur um auglýsingar heilbrigðisstétta.

„Landlæknir og heilbrigðisráðuneytið staðfestu við mig að okkur bæri skylda að fræða almenning um nýjungar í faginu," segir Elín.



SIGURJÓN BENEDIKTSSON

Sigurjón Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands, segir uppákomur sem þessar á mjög gráu svæði hvað varðar loforð um bata og lög um auglýsingar innan heilbrigðisstéttarinnar.

„Mér finnst þetta jaðra við skrum. Í bæklingi sem fylgir þessu er sagt að aðgerðin sé endanleg lausn fyrir fólk en endanleg lausn er ekki til í lækningum. Enginn veit hvað gerist eftir tvo eða þrjá daga hjá sjúklingnum. Ég tel að kynningar sem þessar eigi að vera lokaðar öðrum en tannlæknastéttinni," segir Sigurjón.

Hann segir hæfni tannlæknisins ekki til umræðu heldur framsetninguna. Einnig gildi viss lög um auglýsingar heilbrigðisstétta og þar sé uppákoman á mjög gráu svæði. **- lbb**



**TENNUR Á TJALDI** Sex tennur voru festar í mann í Salnum í gærkvöld í umdeildri aðgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Samfylkingin

Nýtum kosningaréttinn

Kjósum betri framtíð!

xS



# Trúir þú á tilviljanir?

## Íslenska efnahagsundrið er engin tilviljun

- Ísland er í 6. sæti á lista OECD yfir ríkustu þjóðir heims.
- Ísland er í 4. sæti á lista yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims.
- Ísland er í 4. sæti ríkja heims í jafnréttismálum.
- Ísland er í 3. sæti ríkja í Evrópu sem mest leggja fram til rannsókna og nýsköpunar.
- Ísland er í 2. sæti á lista Sameinuðu þjóðanna um lífskjör.
- Ísland er í 1. sæti í atvinnumálum þar sem atvinnuleysi mælist minnst hér.

## Árangur áfram - ekkert stopp

XB 2007

framsokn.is

Framsókn




Stjórn Alfesca hf. boðar til hluthafafundar þriðjudaginn 22. maí 2007 kl. 18.00 á Nordica hóteli, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

DAGSKRÁ

1. Tillaga um heimild til stjórnar að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 300.000.000 að nafnverði, á því gengi sem stjórnin ákveður, til að félagið geti staðið við efndir á áætlun um árangurstengdar launagreiðslur með tilheyrandi skilyrtum kauprétti fyrir lykilstarfsmenn félagsins. Hluthafar falli frá forkaupsrétti að hækkuninni ef reynir á hækkunarheimildina.

2. Önnur mál löglega upp borin.

*Fundargögn, þ.m.t. framangreind tillaga, verða hluthöfum til afhendingar á skrifstofu félagsins viku fyrir hluthafafundinn.*


Tveir Litháar dæmdir fyrir innflutning á tólf kílóum af afar sterku amfetamíni:

# Sjö ár fyrir stórfellt amfetamínsmygl

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær sjö ára fangelsisdóm yfir tveimur Litháum á fertugsaldri, Sarunas Budvytis og Virunas Kavalciukas, fyrir innflutning á tólf kílóum af sterku amfetamíni til landsins.

Mennirnir voru handteknir á Seyðisfirði í júlí í fyrra eftir að átta eins og hálfs lítra plastflöskur fullar af hvítu dufti fundust í eldsneytistanki bíls sem þeir fluttu með sér til landsins með ferjunni Norrænu. Í ljós kom að í flöskunum var afar sterkt amfetamín sem hægt hefði verið drýgja og fá úr því um þrjátíu kíló af amfetamíni af tuttugu prósenta styrkleika til söludreifingar.



**SMYGLARAR** Sarunas og Virunas eftir uppkvaðningu í héraðsdómi í nóvember í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Báðir mennirnir neituðu sök. Sarunas kvaðst hins vegar hafa verið fenginn til að flytja til landsins ótilgreint magn af hestasterum, sem faldir yrðu í bílnum, vitandi að hann hlyti aldrei nema í mesta lagi tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm yrði hann tekinn. Af vitnisburði mannanna þótti ljóst að báðum hefði verið fullkunnugt um amfetamínið í bílnum. Mennirnir hafa báðir hlotið refsidóma í öðrum ríkjum.

Frá dómnum dregst gæsluvarðhaldsvist frá 7. júlí í fyrra. Málið dæmdu Gunnlaugur Claessen, Garðar Gíslason, Hrafn Bragason, Ingibjörg Benediktsdóttir og Markús Sigurbjörnsson. - sh

## SKILABOÐ DAGSINS FRÁ FORMÖNNUM FLOKKANNA

**Ómar Ragnarsson (I)**

### Framtíð Íslands undir



Í þessum kosningum getur framtíð Íslands verið undir í fleiri en einum skilningi. Í ráði er að reisa sex álver en ef þau verða í lágmarksstærð vegna krafna um hagkvæmni þyrfti til þess alla virkjanlega orku landsins, væntanlega á útsöluverði, með stórfelldum spjöllum á mesta verðmæti landsins, náttúrunni. Hitt vekur líka ugg að nú sést hvernig öll álver landsins gætu komist í eigu eins fyrirtækis. Reynslan af hótunum Alcans við Hafnfirðinga sýnir hvílíkt tak slíkt fyrirtæki hefði á þjóðinni. Í þriðja lagi hringja allar bjöllur þegar byrjað er að selja orkuverin og þar með orku, sem hækkar hratt í verði. Það sýnir nauðsyn þess að staldra við og tryggja ævarandi og full yfirráð þjóðarinnar yfir auðlindinni.

**Geir H. Haarde (D)**

### Mikilvægar kosningar á morgun



Til þess að mynduð verði ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins að loknum kosningum verður flokkurinn að fá góða kosningu á morgun. Það er mikilvægt að þeir kjósendur sem vilji slíka ríkisstjórn veiti Sjálfstæðisflokknum atkvæði sitt. Fyrir liggur sú yfirlýsing stjórnarandstöðuflokkanna að þeir ætli að mynda ríkisstjórn eftir kosningar, fái þeir tækifæri til, og ljóst er að atkvæði greidd þeim flokkum eru atkvæði greidd slíkri ríkisstjórn. Undanfarin ár höfum við náð frábærum árangri. Atkvæði til Sjálfstæðisflokksins tryggir að þar verði áframhald á.

**Steingrímur J. Sigfússon (V)**

### Heimili bera herkostnað



Ein afleiðing stóriðjustefnunnar og hagstjórnarmistaka ríkisstjórnarinnar er hið himinháa vaxtastig sem gerir auglýsingar Sjálfstæðisflokksins um efnahagslegan stöðugleika að lélegum brandara. Stöðugleiki ríkisstjórnarinnar lýsir sér best í hækkun stýrivaxta úr 5,3% í 14,25% á kjörtímabilinu. Verst er að herkostnaðinn bera skuldsett heimili landsins og almennt atvinnulíf en þessa reikninga er sem betur fer hægt að jafna með kjörseðlinum á morgun. Við í Vinstri grænum viljum snúa þessari þróun við þannig að hið almenna atvinnulíf blómstri og vaxtabyrði heimilanna minnki.

**Jón Sigurðsson (B)**

### Sveiflur í könnunum



Nú er framundan síðasti dagur kosningabaráttunnar. Kannanir sýna miklar sveiflur í fylgi stjórnmálaflokkanna. Við getum ekki leyft okkur að láta þær hafa of mikil áhrif á okkar störf. Það er kosningin á morgun sem skiptir máli. Við framsóknarmenn þurfum á öllu okkar að halda. Ef niðurstaðan verður sú sem kannanir gefa til kynna er ljóst að Framsóknarflokkurinn víkur úr ríkisstjórn að kosningum loknum. Jafnvel þótt ríkisstjórnin haldi meirihluta þingsæta fer Framsóknarflokkurinn ekki í ríkisstjórn með útkomu í námunda við það sem kannanir dagsins sýna. Við þurfum því enn að bæta í, auka fylgi okkar og leggja okkur fram, allt þar til kjörstöðum lokar á morgun. Ég trúi því að ef við leggjum okkur öll fram muni uppskeran verða góð.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)**

### Vistvæn orka hækkar í verði



Ég er sannfærð um að við Íslendingar höfum gríðarleg sóknarfæri á næstu árum. Fréttir dagsins um áhuga upplýsingatæknirisans Yahoo á því að setja upp netþjónabú á Íslandi sýna þetta svart á hvítu. Þessi áhugi Yahoo staðfestir að við þurfum ekkert að óttast þó við hægjum á ferðinni í uppbyggingu stóriðju. Hin vistvæna orka Íslands á bara eftir að hækka í verði og við höfum nú gullið tækifæri til að koma á jafnvægi í hagkerfinu, bæta umhverfi sprotafyrirtækja og búa í haginn fyrir jafnan og öruggan hagvöxt á komandi árum.

**Guðjón Arnar Kristjánsson (F)**

### Hafnar kvótakerfinu



Ég, sem þessi orð rita, hef varað við afleiðingum kvótakerfisins frá fyrstu tíð. Frjálslyndi flokkurinn hafnar, enn sem fyrr, meingölluðu fiskveiðistjórnunarkerfi. Stefnufesta okkar í málefnum aldraðra og öryrkja síðastliðin 7 ár um hátt frítekjumark, án skerðinga, ætti að vera öllum ljós. Þá hefur hækkun skattleysismarka verið baráttumál flokksins mörg undanfarin ár. Sú barátta heldur áfram. Samgönguáherslur Frjálslynda flokksins eru að flýta Sundabraut, tvöfalda Vesturlands- og Suðurlandsveg, flýta jarðgangagerð og þverunum fjarða, leysa daglega umferðarhnúta á höfuðborgarsvæðinu og hafa Reykjavíkurflugvöll áfram í Vatnsmýrinni. Frjálslyndi flokkurinn vill halda landinu öllu í byggð, hann er traust verður. Kjósandi ! Við treystum á þinn stuðning.

Þróun fylgis samkvæmt skoðanakönnunum Fréttablaðsins frá árinu 2003:

# Litlar sveiflur á síðustu dögum

**FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA FRÁ ALÞINGISKOSNINGUM 2003**

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins fram til 5. maí 2007









Íslendingar!

Frjálslyndi flokkurinn er ungt stjórnmála-afl og leggur nú fram stefnu sína í alþingiskosningum í þriðja sinn á átta árum. Við erum stolt af okkar stefnufestu í Frjálslynda flokknum, um að tryggja þjóðareign á hafinu, auðlindum okkar og að verja atvinnufrelsi einstaklinga. Í sjávarútvegi viljum við útúr afar óréttlátu kvótakerfi, sem færir sjávarauðlindir á fárra manna hendur, ef núverandi ríkisstjórn fer áfram með völd.

Kosningarnar nú snúast um það hvort festa eigi í sessi það óréttlæti að auðlindir þjóðarinnar, til lands og sjávar, orkan og fiskistofnarnir, eigi í framtíðinni að tilheyra fáum auðmönnum eða vera þjóðareign. Jafna þarf stöðu landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis með betri samgöngum og minni flutningskostnaði. Það er megin forsenda þess að hægt sé að halda landinu í byggð og geta þannig í framtíðinni sýnt vaxandi fjölda ferðamanna hvernig fólkið lifir í landinu og nýtir náttúrugæðin til sjávar og sveita.

Við viljum tryggja afkomu eldri borgara og sjá til þess að fólkið, sem skilaði okkur því nútíma Íslandi sem við lifum í, fái notið sín, sinna verka og lifað efri árin með reisn.

Við viljum að þjóðfélag okkar geti stjórnað þeim fjölda fólks sem hingað kemur og þannig tryggt að það njóti sambærilegra kjara og við hin. Við líðum ekki undirboð á vinnumarkaði og munum verja þau kjör sem tók verkalýðshreyfinguna áratugi að byggja upp.

Frjálslyndi flokkurinn mun hér eftir sem hingað til fylgja stefnumálum sínum fast eftir, því geta kjósendur treyst.

Með kveðju,

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

Frjálslyndi flokkurinn

**www.xf.is** Skeifan 7 | Reykjavík | sími 553 6061

kópavogsdagar
5.–11. maí 2007
Meðal dagskráratriða í dag, 11. maí:
Afmælisdagur Kópavogs!
Gjábakki kl. 12–16. Brú milli kynslóða – Ungir og aldnir fagna afmæli bæjarins og Gjábakka.
Smáralind kl. 16. Barnakórar í Kópavogi sameinast í söng í Vetrargarðinum.
Salurinn kl. 17–18. Hátíðardagskrá – veiting listamannastyrkja og heiðurslistamaður Kópavogs 2007 tilnefndur.
Legómeistarar • leikbrúðusýning • opin hús.
Kynnið ykkur dagskrána nánar á kopavogur.is
PIPAR • SÍA • 70808-A

Afstýra tókst að alþjóðaráðstefna um kjarnorkumál færi út um þúfur:

# Íranar féllust á málamiðlun

**VÍNARBORG, AP** Undir þrýstingi jafnvel frá bandamönnum sínum sættust fulltrúar Íransstjórnar á þriðjudag loks á málamiðlunarsamkomulag um dagskrártextann fyrir ráðstefnu í Vínarborg um kjarnorkumál með fulltrúum 130 ríkja. Þar með gat sjálf ráðstefnan loks hafist eftir að pattstaða í sex daga stefndi í að láta samkomuna fara út um þúfur áður en hún gat í raun hafist.

Ákvörðun ráðamanna í Teheran um að láta ráðstefnuna ekki stranda á andstöðu þeirra við slíkt formsatriði bægði frá þeirri ásökun að þeir vildu frekar sjá hana fara út um þúfur en að hætta á að á henni yrði ályktað um tregðu Írana til að fara að kröfum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að stöðva auðgun úrans.

Aðalviðfangsefni ráðstefnunnar er að leita leiða til að efla alþjóðasáttmálann gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna. Atriðið sem stefndi í að láta hana fara út um þúfur var orðalag í dagskrártextanum, þar sem kveðið var á um „þörfina á að [öll aðildarríki sáttmálans] uppfylltu að fullu ákvæði“ hans. Í stað þessa orðalags var samþykkt suður-afrísk málamiðlunartillaga, þar sem kveðið er á um að „öll ákvæði“ sáttmálans beri að virða. **- aa**



**ÍRANSMÓTMÆLI Í SVÍÞJÓÐ** Heimsókn íranska utanríkisráðherrans Manouchehr Mottaki mótmælt í Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Eyjamenn óttast að missa sjúkraflugvél

**Heilbrigðisráðuneytið hefur kynnt bæjaryfirvöldum í Vestmannaeyjum hugmynd um færslu sjúkraflugs frá bænum. Bæjarstjóri segir það útilokað. Ekkert ákveðið, segir ráðuneytisstjóri. Yfirlæknir segir öryggi bæjarbúa ógnað.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Á fundi í heilbrigðisráðuneytinu í febrúar var bæjaryfirvöldum í Vestmannaeyjum kynnt hugmynd um róttækar breytingar á sjúkraflugi. Hugmyndin er að þyrlur Landhelgisgæslu Íslands (Lhg) sinni sjúkraflutningum í bráðatilfellum og öðrum tilfellum með flugvél sem staðsett yrði á Norðurlandi. Bæjarstjóri hafnar hugmyndinni og yfirlæknir lýsir yfir þungum áhyggjum. Gildandi samningur um sjúkraflug rennur út 30. júní. Ráðuneytisstjóri segir ýmsa möguleika hafa verið rædda og ákvörðun verði ekki tekin nema í samráði við heimamenn.



**SJÚKRAFLUG** Mýflug sinnir sjúkraflugi á norðanverðu landinu. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins telur vandalaust að taka að sér hluta af sjúkraflugi til Vestmanneyja en ekkert slíkt hafi verið rætt. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

> Sá tími sem líður frá því að útkall berst þar til sjúklingur er kominn á sjúkrahús í Reykjavík þrefaldast þegar best lætur.
>
> **HJÖRTUR KRISTJÁNSSON,** YFIRLÆKNIR Í VESTMANNAEYJUM

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir að á fundi í heilbrigðisráðuneytinu í febrúar hafi honum verið kynntar hugmyndir um róttækar breytingar á fyrirkomulagi sjúkraflugsins. „Ein felst í því að þyrlur Landhelgisgæslunnar sinni flugi við Eyjar í bráðatilfellum en viðbragðsstigi tvö og þrjú með sérhæfðri vél frá Akureyri. Ég lýsti því á fundinum að skoðanir okkar heimamanna væru óbreyttar hvað varðar kröfuna um að hér sé öllum stundum staðsett sjúkraflugvél og henni var vel tekið.“



**ELLIÐI VIGNISSON**



**DAVÍÐ GUNNARSSON**

Í opnu bréfi á vefnum Eyjar.net, þar sem Hjörtur Kristjánsson, yfirlæknir Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja, er annar bréfritara, segir að ef sjúkraflugvél verði ekki staðsett í Vestmannaeyjum muni öryggi íbúa vera stefnt í hættu, því „sá tími sem líður frá því að útkall berst þar til sjúklingur er kominn á sjúkrahús í Reykjavík þrefaldast þegar best lætur“.

Dagmar Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi Lhg, þekkir til hugmynda um aðkomu Landhelgisgæslunnar að sjúkraflugi til Vestmannaeyja. Dagmar segir þær jákvæðar og að um verkefni sé að ræða sem Lhg geti leyst. Það sé hins vegar stjórnvalda að ákveða hvernig sjúkrafluginu verði hagað í framtíðinni.

Davíð Gunnarsson, ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins, segir engar ákvarðanir hafi verið teknar um hvernig staðið verði að sjúkraflugi við Vestmannaeyjar eftir að samningurinn rennur út. „Hins vegar höfum við velt fyrir okkur ýmsum lausnum og ákvörðun verður ekki tekin nema í samráði við heimamenn.“ Davíð segir engan einn kost vera meira í umræðunni frekar en annan, en fundur sé skipulagður með bæjarstjóra Vestmannaeyja eftir miðjan maí þar sem framtíð sjúkraflugsins verður rædd. **svavar@frettabladid.is**

25% afsláttur
af allri viðarvörn og útimálningu!*


BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI
*Gildir ekki með öðrum tilboðum!

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Samfylkingin
Allir geta lært!


Fjárfestum í menntun um land allt
Kynntu þér stefnuna á xs.is
Einar Már Sigurðarson, 2. sæti í norðausturkjördæmi
Katrín Júlíusdóttir, 2. sæti í suðvesturkjördæmi
xS

Samfylkingin

# 12 góðar ástæður til að kjósa Samfylkinguna 12. maí

**Við leggjum áherslu á bætta velferðarþjónustu og menntamál í samhengi við kraftmikið og fjölbreytt atvinnulíf um land allt og jafnvægi í efnahagsmálum til að bæta kjör heimilanna. Hér eru okkar forgangsmál á næsta kjörtímabili.**

1. Unga Ísland – aðgerðaáætlun í 60 liðum um bættan hag barna og ungmenna
2. 400 ný hjúkrunarrými fyrir aldraða á næstu 18 mánuðum
3. Afnám kynbundins launamunar
4. Fjárfestingarátak í menntun – Allir geta lært!
5. 100 þúsund króna frítekjumark og 10% skattur á lífeyrissjóðstekjur
6. Sveigjanlegri vinnutími fyrir fjölskyldufólk
7. Afnám stimpilgjalda
8. Lægra verð á matvælum og lyfjum
9. 5000 ný störf í hátækni- og þekkingargreinum á næstu 10 árum
10. Nýtt jafnvægi í efnahagsmálum
11. Stórátak í samgöngumálum um land allt
12. Verndun verðmætra náttúrusvæða

**Kjósum betri framtíð!**
**Kjósum Samfylkinguna**

xS

Kynntu þér stefnuna á www.xs.is





**SLEIKT ÚT UM** Þessi bolabítur er þungur á brún þegar hann sleikir út um og mælir út keppinauta sína á hundakeppni í Slóvakíu. NORDICPHOTOS/AFP

## EVRÓPA

### Evrópudegi fagnað

Evrópudagurinn, „afmælisdagur“ Evrópusambandsins, var haldinn hátíðlegur í aðildarríkjunum 27 í fyrradag. Hinn 9. maí 1950 hélt Robert Schuman, þáverandi utanríkisráðherra Frakklands, ræðu sem markaði upphafið að Kola- og stálbandalaginu, fyrirrennara Evrópusambandsins. Farið var að halda daginn hátíðlegan árið 1985.

# Ríkið borgar flugið

**Lögreglan hjálpaði Rúmenunum til Noregs með því að borga fyrir þá flugfarið. Kostnaður er talinn nema hundruðum þúsunda króna.**

**LÖGREGLUMÁL** Íslendingar hjálpuðu sígaununum sem höfðu dvalist hér á landi síðustu vikur og mánuði til Noregs með því að greiða flugfarið fyrir þá sem ekki áttu fyrir því. Ekki hafði verið tekið saman í gær fyrir hversu marga flugfar hefði verið keypt, hversu mikill kostnaðurinn hefði verið og nákvæmlega á hvern hann félli.

Á vef Icelandair mátti í gær sjá að flug aðra leiðina til Noregs sem keypt er með dags fyrirvara kostaði 76.580 krónur. Ef miðað er við að lögreglan hafi keypt far á því verði fyrir níu af ríflega þrjátíu sígaunum nemur kostnaðurinn rúmum 772 þúsundum króna. Ef níu miðar voru keyptir fram og til baka á 32 þúsund nemur hann tæpum 300 þúsund krónum.

Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir að sígaunarnir hafi fundist sofandi á víðavangi um síðustu helgi og fengið að gista og borða hjá lögreglunni. Þeir hafi síðan verið „aðstoðaðir“ til Noregs. Ekki var um brottvísun að ræða. Ríkissjóður og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu borgi væntanlega brúsann.



**SUMIR MEÐ EKKI NEITT** „Sumir voru með miða, sumir með einhvern pening og sumir voru ekki með neitt,“ segir Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri.

„Sumir voru með miða, sumir voru með einhvern pening og sumir voru ekki með neitt,“ segir Hörður.

Jóhann Karl Þórisson aðalvarðstjóri tekur undir þetta. Sígaunarnir hafi sofið úti því þeir hafi ekki fengið inni á hótelum. Sumir þeirra hafi hvorki átt í sig né á.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, Stefán Eiríksson, hafi tekið ákvörðun um að kaupa flugmiða fyrir þá og þeir hafi fengið að velja hvert þeir færu. Þeir hafi valið Noreg.

Jóhann Karl segir að sígaunarnir hafi verið tæplega fjörutíu talsins. Lögreglan á Akureyri hafi keypt flug undir átta þeirra alla leið út og lögreglan í Reykjavík hafi hjálpað hinum. Reynt verði að fá kostnaðinn greiddan úr Málskostnaðarsjóði.

Í Leiðbeiningum um málskostnað í opinberum málum segir að útlendingur sem færður er úr landi skuli greiða sjálfur kostnað af brottför sinni. Fáist hann ekki greiddur greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

Jóhann Karl segir að útlendingar séu látnir skrifa undir skuldaviðurkenningu við brottvísun. Sígaunarnir hafi skrifað undir skuldaviðurkenningu því að þeim hafi ekki verið vísað brott.

ghs@frettabladid.is



**Í LJÓSUM LOGUM** Húsið við Lundargötu 17 er mikið skemmt eftir brunann. MYND/SLÖKKVILIÐ AKUREYRAR

Íkveikjur á Akureyri:

## Enginn verið yfirheyrður

**ELDSVOÐI** Enginn hefur verið yfirheyrður vegna eldsvoðans við Lundargötu á Akureyri á sunnudagsmorgun. Lögregla telur víst að kveikt hafi verið í.

„Rannsókn er enn í gangi og við erum að hnýta ýmsa lausa enda. Við höfum rætt við marga en enginn hefur verið yfirheyrður formlega,“ segir Ólafur Ásgeirsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á Akureyri. Hann segir að flest bendi til þess að um íkveikju sé að ræða.

Þegar Slökkviliði Akureyrar barst tilkynning um eldinn á Lundargötu höfðu slökkviliðsmenn barist í nokkra stund við elda sem kveiktir voru á fjórum stöðum í miðbænum í ruslagámum og á ferðasalerni. Ólafur segir líklegt að allir brunarnir tengist. - þo





STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
1. SÆTI Í NORÐAUSTURKJÖRDÆMI
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
1. SÆTI Í REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI – NORÐUR
VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð
FORYSTA TIL FRAMTÍÐAR
ALLT ANNAÐ LÍF! – með vinstri grænum



Úrbeinað og kryddað lambalæri
Úrbeinað lambalæri
kílóverð nú:
1698 KR.
Ferskt lambafille
Ferskt lambafille
kílóverð nú:
1998 KR.
EKKERT BRUÐL
Kosningar, júróvisjón,
Íslenskur beinlaus lax
Góður á grillið!
500 ml
49 KR.
Egils GULL
Beinlausir laxabitar
kílóverð nú:
845 KR
frá Norðanfiski
VILLIKRYDDAÐAR LAMBAKÓTELETTUR
VILLI LAMBAKÓTELETTUR
kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 2998KR.
Bónus ungnautahakk
kílóverð nú:
898 KR.
Merkt verð 1198KR.
Úrvals innflutt ungnautahakk
12 lítra
kipputilboð
598 KR.
2x 6 lítrar
www.bonus.is


Ferskar íslenskar kjúklingabringur
FERSKAR HOLTABRINGUR
kílóverð nú:
1565 KR.
Merkt verð 2408KR.
35% afsláttur
við kassann
matur og Bónus!
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR
Lambakjöt kryddað -Íslandslamb
I. FLOKKUR
Lambaframhryggjarsneiðar
I. flokkur -kílóverð nú:
1598 KR.
ÍSLANDS LAMB
Chicago town
PEPPERONI
298 KR.
4 ÖRBYLGJUPITSUR
CHICAGO
Deep Dish
4 PEPPERONI
2 EXTRA PIZZAS FREE!
TILBOÐ
Kartöflu Salat
Hrá salat
KF SALAT
98 KR.
350g
Bónus býður betur!
2 lítrar
69 KR.
7up og 7up FREE
Ben&Jerry ísbox
398 KR.
All Natural
BEN&JERRY'S
New York Super Fudge Chunk
ICE CREAM
Chips
Chips
Paprika
EURO SHOPPER
200g
98 KR.
EUROSHOPPER
SNAKK
7UP
7UP Free
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**EYÐILEGGING** Hvirfilbylur skildi eftir sig slóð eyðileggingar í Kansas-ríki í Bandaríkjunum í vikunni. Hvirfilbylir eru ekki óalgengir í Kansas. Þar var einmitt upphafspunktur sögunnar um Galdrakarlinn í Oz þar sem Dórótheu feykti burt í miklum hvirfilbyl á vit ævintýra. NORDICPHOTOS/AFP

Skoðanakönnun á morgun:

## Skagaströnd komi í stað Höfðahrepps

**KOSNING** Samhliða alþingiskosningunum á morgun verður gerð skoðanakönnun meðal kjósenda Höfðahrepps þar sem hugur þeirra til að breyta nafni sveitarfélagsins í Skagaströnd verður kannaður.



SKAGASTRÖND

Hreppsnefnd ákvað þetta í gær en áhugi nefndarinnar byggist á að sveitarfélagið beri sama nafn og þorp þess. Hefur núverandi nafn oft valdið misskilningi, að því er segir í tilkynningu hreppsnefndar.

534 búa í Höfðahreppi og eru ríflega 400 á kjörskrá. - bþs

# Mannekla í ferðaþjónustu í sumar

**Erfiðlega hefur gengið að manna ferðaþjónustuna í sumar, sérstaklega í bændagistingu þar sem mönnun er vandamál, að sögn Ferðaþjónustu bænda. Styttra sumarfrí skólafólks kemur niður á mannahaldi í ferðamannaiðnaðinum.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Erlendum starfsmönnum hefur fjölgað gríðarlega í ferðaþjónustu hér á landi undanfarin ár og eru þeir sums staðar um fjörutíu prósent starfsmanna. Hildur Jónsdóttir, eigandi ferðaþjónustufyrirtækisins Farvegur, segir að svo erfiðlega hafi gengið að manna sumarstörfin í sumar að heyrst hafi að forsvarsmenn stærstu hótelkeðja hafi áhyggjur.

Þórður B. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Fosshótela, segist geta að nokkru leyti tekið undir að fólk vanti til starfa. „Þetta hefur gengið sífellt verr síðustu þrjú árin," segir hann og kveðst hafa þá tilfinningu að fleiri útlendingar hafi verið ráðnir til starfa nú en í fyrra.

Hildur segir að í sumum tilfellum tali enginn íslensku. „Þetta er náttúrulega af því að við eigum ekki fólk til að manna þessi störf," segir hún. „Nú er algengt að nemendur vinni bara í sex vikur á sumrin og það nýtist hótelunum ekki nógu vel því að þau þurfa fólk til lengri tíma. Þarna finnum við fyrir breytingu og þetta þurfum við að skoða."

Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda, segir að mönnunin sé auðvitað „hálfgert vandamál" í bændagistingunni, margir bændur leysi starfsmannamálin með fjölskyldu og sveitungum en aðrir leysi það með erlendu starfsfólki. „Það er allur gangur á þessu. Það er viðvarandi vandamál að fá kokka til starfa yfir hásumarið. Mikið af skólafólki kemur til vinnu á þessum stöðum en svo hefur færst í vöxt að erlendir starfsmenn komi til vinnu úti á landi," segir hann.

„Það er erfiðara og erfiðara að reka þessa staði með skólafólki í sumarvinnu því að skólafríin eru alltaf að styttast og fólk þarf að hætta vinnu eftir viku til tíu daga af ágúst. Það er ákveðið vandamál í rekstri þessara fyrirtækja á sumrin," segir hann.

Ingólfur Einarsson, aðstoðarhótelstjóri á Grand hótel, segir að ástandið í sumar sé gott en til framtíðar litið sé útlitið skelfilegt. Skólarnir útskrifi ekki nægilega margt fólk og því vanti fagfólk í ferðaþjónustu. Skiptingin sé nú sextíu-fjörutíu prósent milli Íslendinga og útlendinga þar sem hann þekki til.

Ríflega 400 þúsund erlendir ferðamenn komu til Íslands í fyrra. Búist er við aukningu í ár.

ghs@frettabladid.is



**VINNA Í SEX VIKUR** „Nú er algengt að nemendur vinni bara í sex vikur á sumrin," segir Hildur Jónsdóttir sem rekur ferðaþjónustufyrirtækið Farveg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SKELFILEGT TIL FRAMTÍÐAR** Ingólfur Einarsson, aðstoðarhótelstjóri á Grand hótel, segir að ástandið sé gott nú en skelfilegt til framtíðar litið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**EYÐILEGGING** Fjórar sprengingar urðu á innan við klukkustund. Ein sprengjan sprakk í strætisvagni og aðrar þrjár í jarðlestum. NORDICPHOTOS/AFP

Hryðjuverkin í London 2005:

## Fjórir í viðbót handteknir

**LONDON, AP** **Þrír karlar og ein kona voru handtekin í Bretlandi á þriðjudag vegna gruns um tengsl við hryðjuverkin í London fyrir tveimur árum. Þá létust 52 lestar- og strætisvagnafarþegar í fjórum sprengingum.**

**Í mars síðastliðnum voru þrír handteknir vegna gruns um tengsl við sprengingarnar. Lögregla segir að enn sé verið að greina og rannsaka umfangsmikið magn upplýsinga. „Við þurfum að vita hverjir aðrir, fyrir utan sprengjumennina, vissu af áætlunnum. Hvatti þá einhver? Fengu þeir fjárhagslega aðstoð eða húsnæðisaðstoð?"** - sdg

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Með ætlaðan smyglvarning

Lögreglan á Akranesi stöðvaði bíl um hádegi í gær og reyndust í honum sex kassar af bjór, 21 karton af sígarettum og fimm lítrar af sterku áfengi, sem lögreglu grunar að hafi verið smyglað til landsins um Grundartangahöfn. Málið er í rannsókn.


KJÓSUM SANNGIRNI, VELFERÐ OG ATVINNUÖRYGGI


Guðjón A. Kristjánsson
Norðvesturkjördæmi


Kolbrún Stefánsdóttir
Suðvesturkjördæmi


Jón Magnússon
Reykjavík Suður


Sigurjón Þórðarson
Norðausturkjördæmi


Magnús Þór Hafsteinsson
Reykjavík Norður


Grétar Mar Jónsson
Suðurkjördæmi


Kristinn H. Gunnarsson
Norðvesturkjördæmi


Valdimar Leo Friðriksson
Suðvesturkjördæmi


Kjartan Eggertsson
Reykjavík Suður


Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir
Norðausturkjördæmi


Ásgerður Jóna Flosadóttir
Reykjavík Norður


Óskar Þór Karlsson
Suðurkjördæmi

Tryggjum að Frjálslyndi flokkurinn verði áfram STERK RÖDD Á ALÞINGI

Kjóstu F!
forysta fyrir íslenska þjóð

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

Eldri borgarar telja stjórnmálamenn fara með hálfan sannleika um hag sinn:

# Ellilífeyrir ekki hærri hér en á Norðurlöndunum

**EFNAHAGSMÁL** Landssamband eldri borgara telur að stjórnmálamenn reyni að fegra myndina og segi því ekki allan sannleikann þegar rætt er um hag eldri borgara og ekki síst nú rétt fyrir kosningar. Þetta eigi til dæmis við um fjármálaráðuneytið.

Ólafur Ólafsson landlæknir segir að margoft hafi verið bent á að skattbyrði láglaunafólks hafi minnkað, þar á meðal skattbyrði eldri borgara. Hið sanna sé að skattbyrðin hafi aðeins lækkað síðasta árið.

Sagt sé að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi aukist jafnt og þétt og hafi hækkað um sextíu til sjötíu prósent. „Við höfum margoft bent á að nær helmingur ellilífeyrisþega nær varla tuttugu prósentum. Ekki er minnst á þetta,“ segir Ólafur.



ÓLAFUR ÓLAFSSON

Í samanburði á ráðstöfunartekjum á Norðurlöndunum virðast einhleypir eldri borgarar á Íslandi hafa hærri ráðstöfunartekjur en einhleypir á vinnualdri en eldri borgarar telja þennan samanburð ósamanburðarhæfan þar sem skilgreining á fjölskyldu sé allt önnur hér en á hinum Norðurlöndunum. Því sé verið að bera saman epli og appelsínur.

„Þeir segja alveg blákalt að ellilífeyrisgreiðslur séu hæstar á Íslandi af Norðurlöndunum. Amen,“ heldur Ólafur áfram, „þetta er kolrangt. Ástæðan er sú að mismunandi aðferðum er beitt hér og á hinum Norðurlöndunum. Það er ekki hægt að bera þetta saman.“ - ghs

**KAUPMÁTTUR**
**RÁÐSTÖFUNARTEKNA 1995-2007**

| Hlutfallsleg hækkun | |
|---|---|
| Ellilífeyrisþegi með 52.408 krónur úr lífeyrissj. | 19,7 |
| Meðaltal almennings að sögn stjórnvalda | 60 |

Ellilífeyrisþegi sem býr ekki einn og hefur 52.408 krónur í lífeyrissjóðstekjur á mánuði árið 2007 og tekjur úr lífeyrissjóði breytast eins og verðlag. Heildartekjur með greiðslum almannatrygginga.

Heimild: Gögn á blaðamannafundi Landssambands eldri borgara 7. maí 2007

Sjómenn á Bjarma BA-326:

# Fljúga heim á leið á morgun

**VINNUMARKAÐUR** Sjómennirnir pólsku, sem hafa dvalist verklausir í báti við Grandabryggju síðan í janúar, fara heim á morgun, að sögn Níels Ársælssonar útgerðarmanns.

Níels var að ganga frá greiðslunni og flugmiðum mannanna þegar Fréttablaðið náði af honum tali. Hann sagði hljóðið í Pólverjunum gott, en hann hefur séð þeim fyrir vistum.

Sjómannasambandið hafði milligöngu í málinu og samdi fyrir hönd mannanna í síðasta mánuði. Síðan tafðist lúkning málsins „í kerfinu“, en sér nú loks fyrir endann á því. - kóþ



**FRÍÐ FJÖLSKYLDA** Friðrik, María Elísabet og dóttirin óskírða. Auk hennar eiga þau soninn Kristján. NORDICPHOTOS/AFP

Danska krónprinsparið:

# Myndir birtar af prinsessunni

**DANMÖRK** Fyrstu myndirnar af hálfs mánaðar gamalli dóttur danska krónprinsparsins voru birtar í vikunni. Óhætt er að segja að þær hafi heillað þegnana, enda skortir sannarlega ekkert á fríðleika stúlkubarnsins unga.

Nýja prinsessan verður skírð í kirkju Fredensborg-hallar, þar sem fjölskyldan býr, 1. júlí næstkomandi. Samkvæmt hefð verður nafn stúlkunnar ekki gert opinbert fyrr en við skírnarathöfnina sjálfa. Ekki kæmi þó á óvart yrði hún skírð í höfuðið á ömmu sinni, Margréti Þórhildi drottningu. - aa

Guðmundur í Byrginu:

# Neitað um að stofna lögbýli

**SKIPULAGSMÁL** Hreppsnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps hafnaði í síðustu viku beiðni Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi forstöðumanns Byrgisins, um að fá að stofna lögbýli á lóðum sínum í hreppnum. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2.



GUÐMUNDUR JÓNSSON

Óskað var eftir því að svæðið yrði gert að tveimur nýjum lögbýlum en því var hafnað. Hefði svæðið verið gert að lögbýli hefði það þýtt að byggja hefði mátt fleiri hús á landareigninni og íbúarnir fengið skólaakstur og aðra þjónustu frá sveitarfélaginu. - shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Á tvöföldum hámarkshraða

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði í gærmorgun ökumann sem ók á Reykjanesbraut á 176 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. Maðurinn var færður á lögreglustöð og sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

## KÓPAVOGUR

### Lækkun stendur í bæjarstjórn

Meirihluti bæjarstjórnar frestaði í annað sinn að taka afstöðu til tveggja tillagna frá annars vegar Samfylkingu og hins vegar Vinstri grænum um að lækka matarverð til eldri borgara og fella niður gjald vegna heimsendingar. Sagði minnihlutinn furðulegt að tillögur sem kostuðu bæinn aðeins 2,5 milljónir króna þyrftu svo ítarlega meðferð.






**VISTVÆNAR SAMGÖNGUR?** Gegnt Hallgrímskirkju hefur tré sprottið upp í gegnum bíl. Ótrúlegt en kannski satt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**VIÐSKOTAILLUR RISI** Pirraði risinn sem franskir fornleifafræðingar vöktu af værum svefni í Reykjavík fer þessa dagana hamförum um miðborgina í túlkun götuleikhússins Royal de Luxe. Þessi strætisvagn í Lækjargötu varð fyrir barðinu á reiða risanum. Forviða vegfarendur virtu fyrir sér ummerkin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Óvættur í Reykjavík

Höfuðborg Íslands er þessa dagana vettvangur ergilegs risa sem gengur um götur bæjarins og leggur sérstaka fæð á fólksbíla.

Líkast til eru bílar framandi fyrir risann enda hefur hann um aldabil sofið óáreittur í iðrum jarðar þegar franskir fornleifafræðingar slysast til að trufla hinn langa svefn.

Sem betur fer fyrir óttaslegna borgarbúa birtist dóttir risans og reynir að fá föður sinn ofan af því að halda áfram skemmdarverkum sínum og ónáða Reykvíkinga.

Götulistahópurinn Royal de Luxe frá Frakklandi stendur fyrir uppákomunni sem er hluti Listahátíðar Reykjavíkur. Risessan sem svo er kölluð hefur leitina að föður sínum í Hljómskálagarðinum klukkan hálfellefu fyrir hádegi í dag.

- gar



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Þessi fólksbíll lenti í klónum á risanum á Sæbrautinni og fer ekki lengra í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Leiðir risessunnar

**Föstudagur 11. maí**

10.30 Risessan vaknar við Hljómskálann og gengur af stað eftir Fríkirkjuvegi, Pósthússtræti, Tryggvagötu, Hafnarstræti, Lækjartorg, Skólavörðustíg og upp að Hallgrímskirkju. Þar leggur hún sig um klukkan 13.00.

15.00 heldur hún aftur af stað frá Hallgrímskirkju, niður Skólavörðustíg, upp Laugaveg, Snorrabraut og gengur eftir Sæbrautinni að hafnarbakkanum en þar mun hún leggjast til svefns.

**Laugardagur 12. maí**

10.30 Risessan vaknar á hafnarbakkanum og fer í sturtu. Hún gengur inn á Ingólfstorg, Aðalstræti, Lækjargötu og Fríkirkjuveg þar sem hún hittir fyrir risann um kl. 11.30.

15.00 Lokagangan hefst frá Lækjartorgi, upp Hverfisgötuna, Snorrabraut, Sæbraut og að hafnarbakkanum þar sem lokaatriðið hefst um klukkan 17.00.




**KYRRSETTUR** Sem betur fer var ökumaður þessa jeppa fjarverandi þegar risinn átti leið fram hjá Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GÝS VIÐ GEYSISHÚSIÐ** Feikiöflugur goshver hefur rutt sér leið upp á yfirborðið á bílastæði gegnt Geysishúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Rakamælir
í kaupbæti

Kauptu 10 lítra Flügger 97, viðarvörn sem stenst afburðavel íslenska veðráttu og fáðu rakamæli í kaupbæti.
Mældu rakastigið í tréverkinu áður en þú málar - til að tryggja góðan árangur.

Sæktu þér góð ráð og leiðbeiningar í næstu Flügger verslun og á www.flugger.is









Flügger litir

Reykjavík Stórhöfði 44 - Snorrabraut 56 - Skeifunni 4
Kópavogur Bæjarlind 6
Hafnarfjörður Dalshraun 13
Keflavík Hafnargata 90
Akureyri Austursíða 2
Borgarnes Egilsholt 1

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37118 05.2007

## Sumarfagnaður Toyota

Nú fögnum við sumrinu. Á laugardaginn milli klukkan 11 og 16 er öllum Toyota-eigendum boðið á Nýbýlaveginn og til umboðs- og þjónustuaðila víða um land – þar sem nóg verður um að vera.

- **Ókeypis sumarþvottur á Toyotabílum**
- **Sumargjafir fyrir börn og fullorðna**
- **Grillaðar kræsingar og ískalt gos**
- **Afþreying fyrir yngri kynslóðina**

Komið og fagnið sumrinu með okkur á laugardaginn og akið í burtu á skínandi hreinum bílum.

**Opið:**
**Í dag kl. 11.00 - 16.00**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Bílatangi ehf
Suðurgötu 9
Ísafirði
Sími: 456-4580




**916** kr/kg. áður 1.527 kr/kg.
Goða grísakótilettur




**1.199** kr/kg. áður 1.998 kr/kg.
Borgarnes víkinga lambalæri m/karrí og kókoskr.




**999** kr/kg. áður 1.585 kr/kg.
Borgarnes grísakótilettur djúpkryddaðar




**979** kr/kg. áður 1.398 kr/kg.
Kryddlegið hrefnukjöt

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 10. maí til 13. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**79** kr/stk.
Pepsi Max 2 ltr.

**Þú sparar 328 kr/kg**

**50% afsláttur**




**328** kr/kg. áður 655 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingur

**Þú sparar 880 kr/kg**

**35% afsláttur**




**1.635** kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingabringur

## Svona erum við > Úrkoma í Reykjavík í maí




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið** *fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** KOSNINGARÉTTUR ÍSLENDINGA

# *Bundinn við aldur, ríkisfang og lögheimili*

Á morgun ganga flestir Íslendingar til alþingiskosninga. Sumir hafa þó kosið nú þegar, til dæmis fangarnir á Litla-Hrauni, sem kusu utan kjörfundar á þriðjudaginn. Dæmdir glæpamenn missa ekki rétt sinn til að koma að vali á stjórn landsins.

**Hverjir hafa ekki kosningarétt?**
Lög um kosningar takmarka lítið rétt manna til að kjósa. Allir íslenskir ríkisborgarar sem hafa náð átján ára lágmarksaldri mega kjósa. Þurningarréttur þessi er þó bundinn við lögheimili. Þeir ríkisborgarar sem hafa skráð lögheimili sitt erlendis í átta ár eða lengur teljast ekki hafa rétt til að kjósa. Þá þarf ríkisborgarinn að sækja um kosningarétt sinn. Eyðublöð til þess má fá í sendiráðum og hjá ræðismönnum.

**Mega þá allir aðrir kjósa?**
Undanskildir eru þeir sem ekki geta kosið sjálfir sökum fötlunar sem er svo mikil að þeir geta ekki tjáð vilja sinn við kjörstjórn. Fjölskylda hins fatlaða má til dæmis ekki aðstoða hann inni í kjörklefa, heldur einungis starfsfólk kjörfundarins. En til þess þarf sá fatlaði að geta gert sig skiljanlegan á einhvern hátt.



**Hefur rétturinn alltaf verið svo almennur?**
Nei. Við lok nítjándu aldar kusu til dæmis einungis karlmenn, 25 ára og eldri. Þeir voru þá um 20 prósent þjóðarinnar. Rúmlega helmingur þeirra var þó útilokaður, því vinnumenn, vistráðin hjú eða lausamenn nutu ekki kosningaréttar. Ekki heldur bændur eða þurrabúðarmenn sem voru svo fátækir að þeir greiddu ekki skatta eða stóðu í skuld fyrir sveitarstyrk. Þannig voru það einungis níu prósent þjóðarinnar sem kusu í raun til þings í þá daga.

**Heimild: Alþingi.is, Visindavefur.is**

## SPURT & SVARAÐ
OFBELDI GEGN LÖGREGLU

## *Þarf að huga að verklagi*



**ÓLAFUR ÖRN BRAGASON**
Sálfræðingur

Meirihluti lögreglumanna hefur orðið fyrir hótunum og ofbeldi í starfi samkvæmt tveimur könnunum sem embætti ríkislögreglustjóra hefur látið gera. Ólafur Örn Bragason sálfræðingur er einn þeirra sem unnu að rannsókninni.

**Hefur ofbeldið aukist?**
Nei ekki samkvæmt málaskrá lögreglu. Þeim tilfellum þar sem vopn eru notuð hefur hins vegar fjölgað.

**Hvers vegna verða lögreglumenn fyrir ofbeldi?**
Ég vil ekki segja að hér ráði virðingarleysi ferðinni. Þetta tengist fyrst og fremst ölvun og flest þessi atvik eiga sér stað að næturlagi um helgar. Hér er um að ræða fólk með skerta dómgreind sem gerir sér ekki grein fyrir gjörðum sínum.

**Hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn lögreglu?**
Lögreglan þarf að huga að verklagi og viðbrögðum sínum við svona atburðum. Það hefur ekki gefið góða raun að taka harðar á málum sem þessum. Betri lausn er að þjálfa lögreglumenn enn frekar og haga verklagi þannig að lögreglumenn lendi ekki í þeim aðstæðum að vera berskjaldaðir fyrir árásum. Með þessu er ég alls ekki að gagnrýna verklag lögreglunnar. Hins vegar vitum við að lögreglan er oft fáliðuð.

# Jónas dæmdur í þriggja ára fangelsi

**Jónas Garðarsson var í gær dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa orðið valdur að því að Matthildur V. Harðardóttir og Friðrik Á. Hermannsson létust er skemmtibáturinn Harpa steytti á Skarfaskeri aðfaranótt 10. september 2005. Hæstiréttur staðfesti með dómnum niðurstöðu héraðsdóms.**

Jónas Garðarsson, fyrrverandi formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, fékk í gær þyngstu refsingu sem Hæstiréttur hefur dæmt fyrir manndráp af gáleysi. Jónas var dæmdur fyrir að hafa stýrt skemmtibátnum Hörpu undir áhrifum áfengis á Skarfasker aðfaranótt 10. september 2005 og orðið valdur að dauða Friðriks Á. Hermannssonar, sem lést innan við mínútu eftir að báturinn steytti á skerinu. Jónas stýrði síðan bátnum stórskemmdum austur Viðeyjarsund með þeim afleiðingum að bátnum hvolfdi og Matthildur V. Harðardóttir drukknaði.

Eiginkona Jónasar slasaðist illa, tíu rif brotnuðu auk annarra minni áverka. Tíu ára gamall sonur Jónasar og konu hans slapp ómeiddur.



**JÓHANNES RÚNAR SKOÐAR DÓMINN** Jóhannes Rúnar Jóhannsson, lögmaður aðstandenda Matthildar og Friðriks, sést hér fara yfir dóminn með aðstandendum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Stórfellt gáleysi**
Jónas var einnig fundinn sekur um að hafa ekki gert nægilegar ráðstafanir til bjargar farþegunum eftir að stórskemmdur báturinn losnaði af skerinu, um tuttugu mínútum eftir að báturinn steytti á skerinu. Jónas tók þá stefnuna austur Viðeyjarsund þar sem báturinn hvolfdi fljótt, með þeim afleiðingum að Matthildur drukknaði og eiginkona Jónasar ofkældist. Fram kom í máli réttarmeinafræðings fyrir dómi að Matthildur hefði ekki verið með neina sjáanlega áverka og augljóst væri að drukknun hefði verið hennar banamein.

Jónas hélt því fram fyrir dómi að hann hefði „leyft Matthildi að stýra bátnum“ og hún hefði verið við stýrið þegar slysið varð. Í dómi héraðsdóms kemur fram að þessi málatilbúnaður Jónasar gangi ekki upp og sé ekki í takt við öll gögn málsins, þar með skjalfest gögn um áverka Jónasar. Í dómnum segir jafnframt að Jónas „geri sig sekan um það óskaplega tiltæki að bera af sér sakir og reyna að koma ábyrgð yfir á þá, sem létust í sjóslysinu af völdum hans“.

**Matsgerðin ekki tekin gild**
Matsgerð sérfræðinga í heila- og taugalækningum, sem lögð var fram sem gagn í málinu þegar það var flutt í Hæstarétti, er ekki tekin gild nema að litlum hluta í málinu. Í matinu komust læknarnir að því að Jónas hefði verið ófær um að „hugsa rökrétt eða taka fulla ábyrgð á gerðum sínum í kjölfar ásiglingarinnar“ á skerið.

Hæstiréttur komst að því að læknarnir hefðu ekki getað stutt niðurstöðu sína við „beina skoðun“ eða rannsóknir á Jónasi, enda hefði rannsóknin falist í því að leggja mat á „skammvinnt tímabil“ sem gerðist einu og hálfu ári áður en læknarnir fengu verkefnið inn á sitt borð. Það hefði rýrt gildi matsgerðarinnar.

Á þeim forsendum þótti ekki unnt að draga þá ályktun að Jónas hefði verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum eftir ásiglinguna. Var hann því dæmdur til ábyrgðar. Jónas var að auki dæmdur til þess að greiða aðstandendum Matthildar og Friðriks rúmlega 10 milljónir króna í bætur og allan sakarkostnað í málinu.



FRÉTTASKÝRING
**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
magnush@frettabladid.is

## TÍMAÁS ATBURÐA
## FRÁ ÁREKSTRI TIL BJÖRGUNAR Á SLYSSTAÐ

**Mikill tími fór í það við aðalmeðferð málsins í héraðsdómi að greina atburðarásina sem átti sér stað nóttina afdrifaríku er Matthildur og Friðrik létust.**



**01.38** Skemmtibáturinn Harpa steytir á Skarfaskeri í rigningu, myrkri og slæmu skyggni. Friðrik lætur lífið á innan við mínútu vegna brjóstholsáverka samkvæmt því er kom fram í máli réttarmeinafræðings fyrir dómi. Jónas tvíbrotnar og úlnliðsbrotnar á báðum höndum. Kona hans slasast mikið, brýtur tíu rifbein og lunga fellur saman.

**01.49** Matthildur hringir á Neyðarlínuna en getur ekki upplýst um hvar slysstaðurinn er nákvæmlega. „Veistu, ég veit ekki hvað er í gangi. Ég veit ekki einu sinni hvernig við lentum hérna,“ sagði Matthildur. Eiginkona Jónasar ræðir einnig við starfsmann Neyðarlínunnar en er augljóslega mikið slösuð. Erfiðlega gengur að fá staðfestu hvar slysið varð. Í kjölfarið fylgja fjögur símtöl frá eiginkonu Jónasar þar sem ítrekuð er beiðni um hjálp. „Báturinn er að sökkva,“ kallar hún í geðshræringu. Starfsmaður Neyðarlínunnar hafði áður beðið Matthildi um að fá samband við Jónas. Hún reyndi það en án árangurs.

**01.54** Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra fær boð um slysið en á þessum tíma liggur ekki fyrir vitneskja um hversu alvarlegt slysið er.

**01.58** Jónas siglir skemmtibátnum af skerinu á fjögurra til sjö mílna hraða.

**02.04** Sent út neyðarkall til björgunarsveita. SMS-skilaboð með orðunum: „bátur á reki, grunur um ölvun“ sent til björgunarsveitar- og lögreglumanna.

**02.05** Jónas Garðarsson hringir og ítrekar beiðni um hjálp.

**02.06** Skemmtibáturinn veltur. Eiginkona Jónasar hringir og segir: „Komið! Tvö eru dáin,“ og er greinilega orðin köld. Hún á við Friðrik og Matthildi. Sonur Jónasar og konu hans sér Matthildi í sjónum, „fljótandi á maganum“, eins og hann sagði orðrétt fyrir dómi. Fjórum sinnum til viðbótar er hringt í Neyðarlínuna og beiðni um aðstoð er



ítrekuð.

**02.10** Björgunarbáturinn Gróa Pétursdóttir kemur á staðinn.

**02.23** Skemmtibáturinn er á hvolfi, Jónas hálfur ofan í sjónum en eiginkona hans og sonur á kili. Jónas heldur í hönd konu sinnar meðan þau bíða hjálpar.

**02.24** Björgunarskipið Ásgrímur Björnsson kemur á slysstað.

**02.35** Lögregla og slökkvilið kölluð til. Lögreglumenn fara þegar á slysstað. Ekki hafa enn borist upplýsingar frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra til lögreglunnar í Reykjavík um hversu alvarlegt slysið er. Lögreglumenn hefja strax tilraunir til þess að snúa bátnum og komast að Friðriki og Matthildi niðri í bátnum. Það tekst í tvígang en báturinn snýst jafnóðum aftur.

**02.42** Lögreglan kallar til þyrlu Landhelgisgæslunnar.

**03.11** Jónasi, eiginkonu hans og syni er bjargað.



Lögmaður aðstandenda telur spurningum ósvarað:
## LÆRA AF ÞVÍ SEM FÓR ÚRSKEIÐIS

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður og lögmaður aðstandenda Matthildar og Friðriks, segir málinu ekki lokið. „Þó að þessum hluta málsins sé lokið með þessum dómi þá er ýmislegt við þá atburði sem áttu sér stað sem þarf að rannsaka betur. Hvorki ég né aðstandendur hafa fengið öll gögn í hendurnar til þess að fara betur yfir málið. Það þarf að fara yfir þau til þess að fá botn í ákveðin atriði.“

Jóhannes segir ítarlega skoðun málsins nauðsynlega til þess að hægt sé að læra af ákveðnum atriðum sem fóru úrskeiðis. „Það liggur fyrir skýrsla rannsóknarnefndar sjóslysa þar sem fram kemur að það hafi verið óeðlilega eða ekki rétt staðið að málum. Þess vegna er nauðsynlegt að fara ofan í málið þannig að hægt sé að draga lærdóm af málinu.“

Eins og sést á tímaásnum hér að ofan líðu 25 mínútur frá því að björgunarbáturinn Gróa Pétursdóttir kom á vettvang, þar til lögregla og slökkvilið voru kölluð á vettvang. Bogi Sigvaldason, sem var vettvangsstjóri lögreglunnar þegar slysið varð, sagði fyrir dómi að það væri „nauðsynlegt að fara ofan í saumana á útkallinu“ og svara því hvers vegna leið svo langur tími þar til lögregla og slökkvilið voru kölluð á vettvang. Hann nefndi að sérstaklega þyrfti að skoða samskipti lögreglu, björgunarsveita í gegnum Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra.


Arctic Spas
Kanadískir gæða nuddpottar


Hvað er það mikilvægasta í lífinu þínu?
-heilsan.....................ekki satt!!
-fjölskyldan................ekki satt!!
Sameinaðu þessa 2 bestu kosti í lífi þínu og veldu Arctic Spas.
SpaKongen
Lækjargötu 34 • 220 Hafnarfjörður • Sími 554 7755 • www.spakongen.is


REYKJAVIKUR
PÓSTURINN
SÍMI 580 1000
HVAÐ SEM FYRIRTÆKIÐ ÞITT ÞARF AÐ SENDA
LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA
PÓSTURINN

## NIÐURSTÖÐUR Á LANDSVÍSU




Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 5.-9. maí. Hringt var í 3.600 manns. 64,0 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

### VINSTRI GRÆN OG SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR BÆTA SIG Í ÖLLUM KJÖRDÆMUM

22 nýir þingmenn mæta til vinnu á Alþingi, ef niðurstöður kosninga verða líkt og niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar gefa til kynna. Meðal nýrra þingmanna yrðu til dæmis Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, Guðfinna Bjarnadóttir, Atli Gíslason og Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Það að 22 nýir þingmenn taki sæti þýðir auðvitað að það eru einhverjir þingmenn sem vilja komast aftur á þing, en hafa ekki til þess nægjanlegt fylgi. Meðal þeirra gætu verið Sigurjón Þórðarson og Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum og Siv Friðleifsdóttir og Jónína Bjartmarz Framsóknarflokki.

Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn bæta við sig í öllum kjördæmum, samkvæmt könnuninni. Mest bæta Vinstri græn við sig í Suðurvesturkjördæmi, en í síðustu kosningum hlaut flokkurinn 6,2 prósent atkvæða. Ögmundur Jónasson ætti samkvæmt því að vera öruggur inn. Sjálfstæðisflokkurinn bætir hins vegar mestu við sig í Suðvesturkjördæmi, þar sem hann hlaut 38,4 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Könnun Fréttablaðsins gefur til kynna að flokkurinn gæti bætt við sig þingmanni.

Líkt og áður bendir ýmislegt til að Framsóknarflokkurinn missi fylgi í öllum kjördæmum. Minnsta fylgið mælist flokkurinn nú með í Reykjavíkurkjördæmi suður, kjördæmi Jónínu Bjartmarz. Þá bendir ýmislegt til að Frjálslyndi flokkurinn missi fylgi í öllum kjördæmum frá síðustu kosningum. Þar munar mestu um Norðvestur kjördæmi, þar sem flokkurinn hlaut 14,3 prósent atkvæða í kosningunum 2003. Samkvæmt þessari könnun stendur Samfylking ýmist í stað, eða tapar nokkru fylgi. Mest missir flokkurinn í Reykjavíkurkjördæmi norður, þar sem flokkurinn fékk 36,3 prósent atkvæða í síðustu kosningum.

Hringt var í 600 manns á kosningaaldri í hverju kjördæmi dagana 5.-9. maí og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? Niðurstaða hvers kjördæmis var svo vigtuð til að fá landsfylgi flokkanna.

# Formenn fimm flokka á þing

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokks hefur möguleika á að komast inn sem jöfnunarmaður í Reykjavíkurkjördæmi norður og Guðjón Arnar Kristjánsson er líklegur jöfnunarmaður í Norðvesturkjördæmi. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins kæmust því allir formenn stjórnmálaflokkanna á þing nema Ómar Ragnarsson. Varaformaður Frjálslynda flokksins, Magnús Þór Hafsteinsson, er þó enn úti samkvæmt kjördæmakönnunum Fréttablaðsins sem *Svanborg Sigmarsdóttir* rýndi í.

## REYKJAVÍK NORÐUR




### Þessir komast inn á þing

Guðlaugur Þór Þórðarson (D)
Össur Skarphéðinsson (S)
Guðfinna Bjarnadóttir (D)
Katrín Jakobsdóttir (V)
Pétur Blöndal (D)
Jóhanna Sigurðardóttir (S)
Sigurður Kári Kristjánsson (D)
Árni Þór Sigurðsson (V)
Helgi Hjörvar (S)

### Jöfnunarmenn

Jón Sigurðsson (B)
Sigríður Ásthildur Andersen (D)

## REYKJAVÍK SUÐUR




### Þessir komast inn á þing

Geir H. Haarde (D)
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S)
Björn Bjarnason (D)
Kolbrún Halldórsdóttir (V)
Illugi Gunnarsson (D)
Ágúst Ólafur Ágústsson (S)
Ásta Möller (D)
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir (S)
Birgir Ármannsson (D)

### Jöfnunarmenn

Álfheiður Ingadóttir (V)
Mörður Árnason (S)

## SUÐUR




### Þessir komast inn á þing

Árni Mathiesen (D)
Björgvin G. Sigurðsson (S)
Árni Johnsen (D)
Kjartan Ólafsson (D)
Guðni Ágústsson (B)
Lúðvík Bergvinsson (S)
Atli Gíslason (V)
Björk Guðjónsdóttir (D)
Unnur Brá Konráðsdóttir (D)

### Jöfnunarmenn

Grétar Mar Jónsson (F)

## NORÐVESTUR




### Þessir komast inn á þing

Sturla Böðvarsson (D)
Guðbjartur Hannesson (S)
Einar K. Guðfinnsson (D)
Jón Bjarnason (V)
Magnús Stefánsson (B)
Einar Oddur Kristjánsson (D)
Karl V. Matthíasson (S)
Herdís Þórðardóttir (D)

### Jöfnunarmenn

Guðjón Arnar Kristjánsson (F)

## NORÐAUSTUR




### Þessir komast inn á þing

Kristján Þór Júlíusson (D)
Kristján Möller (S)
Valgerður Sverrisdóttir (B)
Steingrímur J. Sigfússon (V)
Arnbjörg Sveinsdóttir (D)
Einar Már Sigurðarson (S)
Birkir Jón Jónsson (B)
Ólöf Nordal (D)
Þuríður Backman (V)

### Jöfnunarmenn

Höskuldur Þór Þórhallsson (B)

## SUÐVESTUR




### Þessir komast inn á þing

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (D)
Bjarni Benediktsson (D)
Gunnar Svavarsson (S)
Ármann Kr. Ólafsson (D)
Ögmundur Jónasson (V)
Jón Gunnarsson (D)
Katrín Júlíusdóttir (S)
Ragnheiður Elín Árnadóttir (D)
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (D)
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (V)

### Jöfnunarmenn

Kolbrún Stefánsdóttir (F)
Þórunn Sveinbjarnardóttir (S)

# Á morgun verður kosið um framtíðina

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Undanfarnar vikur höfum við ferðast um allt kjördæmið og hitt skemmtilega og öfluga einstaklinga. Það hefur verið okkur mikil hvatning að finna þann mikla kraft sem býr í kjördæminu. Í kraganum er uppbygging á öllum sviðum.

Í kosningabaráttunni höfum við fundið fyrir miklum stuðningi sem staðfestir þann vilja að haldið verði áfram á grundvelli sjálfstæðisstefnunnar. Til að svo verði skiptir stuðningur þinn á morgun öllu máli.

**Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi**

- *Álftanes*
- *Garðabær*
- *Hafnarfjörður*
- *Kjós*
- *Kópavogur*
- *Mosfellsbær*
- *Seltjarnarnes*






UNGNAUTAFILLE Í RAUÐVÍNS- OG PIPARMARINERINGU

**2.898** kr. kg

Þú sparar 200 kr. kg




GRÍSAKÓTELETTUR ÚRBEINAÐAR ORIENTAL

**1.998** kr. kg




LAMBA PRIME JURTAKRYDDAÐ

**2.498** kr. kg

Þú sparar 400 kr. kg



MAÍSKÓLFUR Á GRILLPRJÓNI

**129** kr. stk.

Þú sparar 30 kr. stk.




GALILEO BRUSCHETTA

**389** kr. pk.



MCCAIN SUPERFRIES SLÉTTAR

**399** kr. pk.

20% afsláttur




HM heilhveiti pasta fyrir heilsuna!




ORVILLE ÖRBYLGJU-POPP 3 Í PAKKA

**149** kr. pk.




SPRITE OG SPRITE ZERO

**99** kr. 2l




LAY'S SNAKK 200 g

**199** kr. pk.

NÓATÚN
Bestir í kjöti

# Grillbæklingur Nóatúns er kominn í verslanir!




# Kjúklingur á hálfvirði!






GOÐA BRATWURST GRILLPYLSUR
699 kr. kg
30% afsláttur



NÓATÚNS ÞURRKRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
1.116 kr. kg
Þú sparar 478 kr. kg



LAXASNEIÐAR
698 kr. kg
Þú sparar 430 kr. kg

## Lifðu lífinu í lit!

5 á dag



| JARÐARBER BOX | SÆTAR KARTÖFLUR | RAUÐ VÍNBER | AVOCADO | GULAR MELÓNUR |
|---|---|---|---|---|
| 299 kr. pk. | 199 kr. kg | 379 kr. kg | 199 kr. kg | 129 kr. kg |

Verði ykkur að góðu!

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.762 **+0,43%** **Fjöldi viðskipta:** 472 **Velta:** 6.729 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | **11,89%** | **Icelandic Group** | **-0,60%** |
| **Marel** | **+4,58%** | **365** | **-0,28%** |
| **Eimskipafélagið** | **+2,91%** | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,55 -0,28% ... Actavis 87,50 +11,89% ... Alfesca 4,82 +0,21% ... Atlantic Petroleum 800,00 +0,00% ... Atorka 7,18 +0,56% ... Bakkavör 69,20 +1,47% ... Eimskipafélagið 35,40 +2,91% ... FL Group 29,00 +0,69% ... Glitnir 27,05 +0,19% ... Kaupþing 1.058 +0,19% ... Landsbankinn 35,70 +1,57% ... Marel 80,00 +4,58% ... Mosaic Fashions 17,10 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,25 +1,50% ... Össur 109,50 +0,46%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Ekki amaleg ávöxtun**

Ársskýrsla Bakkavarar Group, sem barst til hluthafa í vikunni, er fróðleg lesning fyrir alla þá sem hafa áhuga á íslenskum fyrirtækjum og ekki síst landvinningum Bakkavarar erlendis. Vöxtur félagsins hefur verið ótrúlegur þótt ekki sé fastar að orði kveðið. Þegar félagið fór í hlutafjárútboð vorið 2000 skráðu sig yfir tíu þúsund manns fyrir hlutabréfum á genginu 5,5 sem gaf markaðsverðmætið 2,75 milljarða króna. Sjö árum síðar stendur gengið í 68,2 sem er um 1.140 prósenta hækkkun frá útboðsgengi. Útboðsskammturinn er farinn úr 21.725 krónum í 269.390 krónur. Markaðsvirði Bakkavarar stendur nú í 147 milljörðum og velti félagið yfir 150 milljörðum króna á síðasta ári.

**Níutíu prósenta mæting**

Í ársskýrslunni er að finna forvitnilegar upplýsingar um stjórnarhætti Bakkavarar. Þar kemur meðal annars fram að stjórnarmenn hafi mætt að meðaltali á 91 prósent þeirra fjórtán stjórnarfunda sem haldnir voru á síðasta ári. Þá var hundrað prósenta mæting á fundi starfskjaranefndar og endurskoðunarnefndar sem hluti stjórnarmanna sitja í. Þar er einnig að finna tíu ástæður þess af hverju menn ættu að kaupa bréf í Bakkavör. Ein ástæðan er sú að Bakkavör skiptir við sjö af tíu stærstu smásölum heims sem taka æ stærri skerf á ört vaxandi matvörumarkaði.








# 4,3 prósenta verðbólgu spáð



Greiningardeild Glitnis stendur við spá sína um 0,5 prósenta hækkun vísitölu neysluverðs milli apríl og maí. Það þýðir að verðbólga hafi verið 4,3 prósent síðastliðna tólf mánuði. Hagstofan birtir vísitöluna fyrir maí á morgun.

Í Morgunkorni Glitnis segir að þróunin frá því síðasta spá var birt gefi ekki ástæðu til breytinga á spánni fyrir maí. Verð á bensíni sé óbreytt frá því að spáin var unnin. Þá séu vísbendingar um að verðhækkun húsnæðis á tímabilinu hafi verið svipuð og gert var ráð fyrir. Engar upplýsingar hafi komið fram sem gefi tilefni til endurskoðunar á spánni. **- hhs**

# Straumur selur í Carl Lamm

Straumur-Burðarás hefur selt 5,4 prósenta hlut í sænska upplýsingatæknifyrirtækinu Carl Lamm fyrir um þrjú hundruð milljónir króna. Straumur á eftir söluna 495.838 hluti í Carl Lamm sem svarar til 4,9 prósenta hlutar.

Carl Lamm sérhæfir sig í skjalastjórnun og vistunarlausnum og er dreifingaraðili fyrir mörg af þekktustu hátæknifyrirtækjum heims. **- eþa**



**FRÁ KAUPMANNAHÖFN** Verðbólgulækkun í Danmörku í apríl kom greinendum á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Verðbólgan kom á óvart

Verðbólga mældist 1,7 prósent í Danmörku í síðsta mánuði. Þetta er 0,2 prósenta lækkun á milli mánaða sem skrifast að mestu á verðlækkanir á raftækjum og tölvubúnaði.

Danska viðskiptablaðið Børsen hefur eftir greinendum að lækkunin hafi komið á óvart en bætir við að þetta séu góðar fréttir fyrir smásala þar sem neytendur hafi haldið að sér höndum undanfarið vegna hárra vaxta og samdráttar á fasteignamarkaði.

Jes Asmussen, aðalhagfræðingur Handelsbanken, í samtali við blaðið að búast megi við miklum vexti í einkaneyslu á næsta ári þegar kauphækkanir upp á allt að 4,5 prósent skili sér á sama tíma og verðbólga sé lág. **- jab**

# Björgólfur Thor vill Actavis

**Væntanlegt yfirtökutilboð Novators í Actavis er of lágt að mati greiningardeildarinnar. Kaupverð næmi um 176 milljörðum króna. Hlutabréf í Actavis hækkuðu um tólf prósent í gær.**

Björgólfur Thor Björgólfsson hefur hug á að eignast allt hlutafé í Actavis Group í gegnum fjárfestingafélag sitt Novator. Félagið yrði afskráð af markaði til að losna við þær kröfur og skyldur sem lagðar eru á skráð félög, meðal annars hvað varðar upplýsingagjöf. Björgólfur Thor segir markmið yfirtökunnar að formbreyta félaginu og stytta og einfalda ferli ákvarðana. „Ég hef verið stjórnarformaður í félaginu í sjö ár og séð hvernig landslagið hefur breyst á stuttum tíma. Samþjöppun er mjög hröð og yfirtökur orðnar harðvítugar. Því er mikilvægt að fyrirtæki sem ætla að halda áfram að stækka geti brugðist hratt við og tekið skjótar ákvarðanir.“ Segir Björgólfur einkahlutafélagaformið henta rekstrinum betur. „Ég tel heppilegra að slíkt félag sé í einkaeigu þar sem ákvarðanataka er hröð og áhættan aðeins á herðum þeirra sem ákvarðanirnar taka.“

Yfirtökutilboðið mun hljóða upp á 0,98 evrur á hlut sem samsvarar 85,23 krónum. Samkvæmt því er Actavis metið á um 287 milljarða íslenskra króna. Novator og félög því tengd eiga þegar 38,5 prósenta hlut í Actavis. Kaupverð á öðrum hlutum í félaginu myndi því nema um 176 milljörðum króna.

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, vildi ekki tjá sig um málið að öðru leyti en því að kallað yrði til stjórnarfundar eins fljótt og auðið er. Stjórnin muni meta tilboðið og gefa frá sér formlegt álit á næstu dögum.

Tilboð Novators upp á 85,23 krónur á hlut var um níu prósentum hærra en lokagengi Actavis í Kauphöll Íslands í fyrradag. Bréfin hækkuðu hins vegar um nærri tólf prósent í gær í kjölfar tilkynningarinnar. Gengi bréfanna var við lokun markaða 87,50 krónur og því hærra en yfirtökutilboð Novators.

Greiningardeild Glitnis telur tilboðið í lægri kantinum og ræður hluthöfum í Actavis frá því að samþykkja tilboðið. Greiningardeild bandaríska fjárfestingabankans Merrill Lynch sendi einnig frá sér álit í gær þar sem tekið var í sama streng. Segir hún auðveldlega hægt að réttlæta tilboð í Actavis upp á hundrað krónur á hlut. Merrill Lynch telur reyndar að hvernig sem fari standi Novator með pálmann í höndunum. Annaðhvort kaupi félagið Actavis á lágu verði og geti selt það með góðum hagnaði síðar meir. Eða að annað og hærra tilboð komi fram í félagið sem geri 38,5 prósenta hlut félagsins verðmeiri. Björgólfur Thor segist hins vegar ekki ætla að selja hlut sinn í Actavis, ef annað yfirtökutilboð berst.

Björgólfur Thor tekur ekki undir að verðið sé lágt. „Þetta er hæsta verð sem nokkru sinni hefur verið greitt fyrir hlutabréf í félaginu. Það er 21 prósenti yfir meðalgengi síðustu sex mánaða. Ef horft er á heildarvirði í hlutfalli af EBITDU þá sérðu varla hærri verð á lyfjafyrirtæki, hvorki í Evrópu né Norður-Ameríku.“ **holmfridur@frettabladid.is**



**FRÁ SÍÐASTA AÐALFUNDI ACTAVIS** Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Actavis, hefur í hyggju að eignast allt hlutafé í Actavis Group. Verði af yfirtökunni verður Actavis skráð úr Kauphöll Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Viðsnúningur en tap hjá 365

**Vaxtaberandi skuldir 365 lækka um 1,5 milljarða eftir sölu á öllum hlut þess í Hands Holding. Fyrirtækið er að ganga frá endurfjármögnun við Landsbankann.**

35 milljóna króna tap varð á rekstri 365 hf., útgáfufélags Fréttablaðsins, á fyrsta ársfjórðungi samanborið við tap upp á 441 milljón króna á sömu starfsemi í fyrra.

„Stóra niðurstaðan fyrir fyrsta ársfjórðung er sú að það hefur orðið mikill viðsnúningur í rekstri félagsins og reksturinn er á áætlun,“ segir forstjórinn Ari Edwald.

Tekjur félagsins voru 2.681 milljón króna og jukust um 3,2 prósent á milli ára. Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 139 milljónir króna sem skiptist þannig að 77 milljónir féllu í skaut fjölmiðlahlutans en 66 milljónir í afþreyingarhlutann. Á fyrstu þremur mánuðum síðasta árs var „EBITDA“ neikvæð um 76 milljónir króna.

Heildarskuldir 365 lækkuðu um tæpa 1,2 milljarða á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þá munu vaxtaberandi skuldir lækka um 1,5 milljarða króna, niður í sjö milljarða króna eftir að félagið seldi 30,7 prósenta hlut sinn í Hands Holding fyrir 1.620 milljónir króna. Það var bókfært virði bréfanna. Kaupandinn er Arena Holding, óstofnað félag í eigu Baugs Group, Fons og Icon.

Um síðustu áramót sögðu forsvarsmenn félagsins að þeir myndu stefna að því að selja þennan hlut og hlut 365 í Wyndeham Press á næstu tólf til átján mánuðum. Í mars seldi 365 sautján prósent í Wyndeham til Baugs en Ari gerir sér engar sérstakar vonir um það að sá nítján prósent hlutur sem eftir stendur verði seldur á þessu ári. Þau bréf eru metin á 1,3 milljarða króna. „Það verður áfram viðvarandi verkefni að bæta rekstur 365 en hins vegar er áætlunin að selja þær eignir sem eru ekki hluti af kjarnastarfseminni og styrkja fjárhag félagsins.“

Til viðbótar þessu eru stjórnendur 365 að ganga frá endurfjármögnun félagsins til næstu ára með Landsbankanum. Sú mun auk lækkunar langtímaskulda mun lækka vaxtakostnað um 220 milljónir króna á ári.

Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ársvelta yrði á bilinu 12-13 milljónir og rekstrarhagnaður (EBITDA) um 1,2-1,4 milljarðar. Að sögn Ara verður fyrirtækið í neðri mörkum þeirra áætlana, enda hefur auglýsingamarkaður verið sveiflukenndur og dreifingarkostnaður Fréttablaðsins farið vaxandi. **eggert@frettabladid.is**



**ARI EDWALD, FORSTJÓRI 365** Ari segir helstu fregnirnar í uppgjöri félagsins vera viðsnúning sem orðinn sé á rekstrinum.


DÆMI UM GLITNISPUNKTASÖFNUN

Viðskiptavinur með 200.000 kr. kreditkortanotkun á mánuði, í Gullvild, með bílalán, viðbótarlífeyrissparnað og tryggingar hjá Sjóvá, safnar um **42.000 punktum** á ári.


GÓÐIR VIÐSKIPTAVINIR
GÓÐIR PUNKTAR
SVONA SAFNAR ÞÚ GLITNISPUNKTUM
• Kreditkortanotkun
• Viðskiptavinir í Vildarþjónustu*
• Bílalán hjá Glitni Fjármögnun
• Viðbótarlífeyrissparnaður
• Eignastýring
• Einkabankaþjónusta
• Tryggingar hjá Sjóvá
og margt fleira
NÝJUNG Í BANKAVIÐSKIPTUM
Vildarklúbbur Glitnis er nýtt tryggðarkerfi fyrir viðskiptavini í Vildarþjónustu Glitnis.* Meðlimir safna verðmætum Glitnispunktum fyrir það eitt að vera í viðskiptum við Glitni og samstarfsaðila.
Vildarklúbbur Glitnis margborgar sig ... punktur!
* Viðskiptavinir í Vild, Gullvild, Platínum og Námsvild.
SKRÁÐU ÞIG NÚNA!
Þeir sem skrá sig fyrir 17. júní fá 10.000 Glitnispunkta strax!
GLITNIR
Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða hjá Þjónustuveri í síma 440 4000.
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131

# Metafkoma Eik

## Fékk 780 milljóna króna arðgreiðslu frá SPRON.

Eik Bank Group, stærsti banki Færeyja, hagnaðist um 120,5 milljónir danskra króna, um 1.390 milljónir króna, eftir skatta á fyrstu þremur mánuðum ársins. Hagnaðurinn jókst um 241 prósent á milli ára og nam arðsemi eigin fjár 39,9 prósentum á ársgrundvelli. Þetta er besti fjórðungurinn í sögu bankans.

Aukinn hagnaður skýrist einkum af yfir 780 milljóna króna arðgreiðslu frá SPRON. Eik Bank er sem kunnugt stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON.

Hreinar rekstrartekjur námu rúmum 2,3 milljörðum króna og tæplega tvöfölduðust á milli ára. Þar af voru hreinar vaxtatekjur um 980 milljónir og hækkuðu um þriðjung.

Þá jókst kostnaður um fjórðung á milli ára og nam 712 milljónum.

Heildareignir bankans stóðu í 136 milljörðum króna í lok mars.

Bankinn stefnir að tvíhliða skráningu í Reykjavík og Kaupmannahöfn á þessum ársfjórðungi vegna áforma um aukin umsvif í Danmörku. Áætlanir stjórnenda félagsins gera ráð fyrir 3,9 milljarða króna hagnaði í ár. - eþa

Óska eftir að kaupa lingapon enska námskeið sem samanstendur af fjórum jafnstórum kössum og kasettur.

Námskeiðinu fylgja þrjár bækur.
Upplýsingar í síma 865 7013.

# Fyrsta útgáfa Landsbankans í Evrópu síðan í fyrra

Landsbankinn gekk í gær frá útgáfu á 500 milljóna evra skuldabréfi til fimm ára með breytilegum vöxtum. Þetta jafngildir 43,5 milljörðum króna og er fyrsta útgáfa Landsbankans á skuldabréfum í evrum síðan í október árið 2005. Útgáfan er liður í endurfjármögnun bankans á þessu ári.

Vextir skuldabréfsins miðist við millibankavexti í evrum (EURIBOR) með 26 punkta álagi.

Aðalumsjón með útgáfunni höfðu Credit Suisse, RBS og SG CIB, með DZ Bank og Bayern LB sem aukaumsjónaraðila.

Í tilkynningu frá Landsbankanum kemur fram að hann hafi ekki gefið út skuldabréf á fjármálamörkuðum síðan 2006 vegna sterkrar lausafjárstöðu bankans, sem meðal annars sé vegna stóraukinna innlána. Bankinn stóð að tveimur skuldabréfaútgáfum í fyrra. Önnur var 600 milljóna evra sambankalán sem tekið var í júlí og hin 2,25 milljarða Bandaríkjadala skuldabréfaútgáfa í ágúst en það var jafnframt stærsta sambankalán sem íslenskt fjármálafyrirtæki hafði tekið. Báðar útgáfurnar hlutu viðurkenningar erlendis. - jab

# Þriðji valdamesti í breskri smásölu

Tímaritið Retail Week hefur valið Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóra Baugs Group, þriðja áhrifamesta kaupsýslumanninn í breskri smásöluverslun. Tímaritið kemur út í dag, en það hefur birt sambærilegar kannanir á hverju ári. Í fyrra var Jón Ásgeir í 21. sæti.

Sömu menn verma fyrsta og annað sætið milli ára. Efstur er Terry Leahy, forstjóri Tesco, og í öðru sæti er Stuart Rose, forstjóri Marks & Spencer. Á eftir Jóni Ásgeiri koma svo fleiri stórkanónur bresks athafnalífs, í fjórða sæti er Justin King, forstjóri Sainsbury, í því fimmta Andy Bond, forstjóri Asda-stórverslanakeðjunnar og í því sjötta er Sir Philip Green, eigandi Bhs og Arcadia.

Í umfjöllun Retail Week eru Jóni Ásgeiri talin til tekna aukin umsvif Baugs á Bretlandsmarkaði með kaupum á verslanakeðjunni House of Fraser og tískukeðjunni All Saints. Kaupin á House of Fraser eru sögð hafa ýtt undir samruna Mosaic Fashions og Rubicon Retail þannig að úr hafi orðið ofursamstæða í tískugeiranum. - óká



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Forstjóri Baugs er með áhrifamestu mönnum í breskum smásölugeira samkvæmt nýrri úttekt tímaritsins Retail Week sem út kemur í dag.

www.icelandexpress.is/gautaborg

Hafðu það jätte bra í Gautaborg!



Gautaborg

Gautaborg er hugguleg heimsborg og sívinsæll áfangastaður íslenskra ferðalanga. Verslanirnar í Nordstan, Arkaden og á Kompassen, fjölskyldustemningin í Lisebjerg-skemmtigarðinum, furðudýrin í Universeum-safninu og ljúffengir sjávarréttir sjá til þess að þig langar alltaf að koma aftur til „heimsborgarinnar með smábæjarsjarmann", eins og heimamenn kalla Gautaborg.

Hvernig væri að þeytast um allar sveitir Svíþjóðar á bílaleigubíl og hafa það huggulegt í sænsku sumarhúsi? Hjá bílaleigunni Budget færðu ódýran bílaleigubíl og þú finnur allar nánari upplýsingar um sumarhús á www.icelandexpress.is/sumarhus

» Bókaðu ódýrt fargjald til Gautaborgar á www.icelandexpress.is

» BÖRN:
50%
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express

# Vaxtaákvarðanir komu ekki á óvart

Vaxtaákvarðanir Englandsbanka og evrópska seðlabankans komu ekki á óvart í gær. Englandsbanki ákvað að hækka stýrivexti um fjórðung úr prósenti og fóru vextir við það í 5,5 prósent. Evrópski seðlabankinn ákvað hins vegar að halda stýrivöxtunum óbreyttum í 3,75 prósentum. Þetta er í takt við væntingar greinenda sem þó höfðu þrýst á stjórn Englandsbanka að hækka vextina meira en raunin varð.

Greinendur voru nokkuð samstiga í spám sínum áður en ákvörðun bankastjórnar Englandsbanka lá fyrir. Margir höfðu þó þrýst á bankann að hann hækkaði vextina hratt í ljósi þess að verðbólga mælist 3,1 prósent og hefur ekki verið meiri í rúman áratug.

Svipað hljóð var í strokknum varðandi ákvörðun evrópska seðlabankans um óbreytta stýrivexti. Fréttaveitan Bloomberg hefur eftir Jean-Claude Trichet, bankastjóra evrópska seðlabankans, að verðbólguþrýstingur sé í hagkerfi evrusvæðisins og verði bankinn að grípa til viðeigandi aðgerða til að viðhalda stöðugleikanum. Bloomberg sagði, þegar vaxtaákvörðun bankanna lá fyrir í gær, að reikna mætti með því að evrópski seðlabankinn hækkaði stýrivexti sína um 25 punkta hækkun í næsta mánuði til samræmis við hugsanlega hækkun í Englandi. - jab



**JEAN-CLAUDE TRICHET** Bankastjóri evrópska seðlabankans sagði verðbólguþrýsting í hagkerfinu og útilokaði ekki hækkun stýrivaxta á evrusvæðinu í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Langtímahagsmunir ráða

„Lífeyrissjóðirnir eru öflugir þátttakendur á litlum innlendum fjármagnsmarkaði og geta haft töluverð áhrif á markaðinn, bæði á verð og hegðun," segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Í ræðu á aðalfundi Landssamtaka Lífeyrissjóða í gær sagði Jónas það skoðun sína að lífeyrissjóðirnir gegndu forystuhlutverki varðandi kröfur um góða stjórnarhætti í fyrirtækjum sem þeir fjárfesta í. Hann segir sjóðina þannig eins konar samvisku íslenska fjármálamarkaðar, enda væri rökrétt með tilliti til almannahagsmuna sem þeim væri ætlað að tryggja, að viðhorfin réðust af langtímahagsmunum frekar en skammtímagróða.

# Óbreyttir vextir

Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað á miðvikudag að halda stýrivöxtum óbreyttum í 5,25 prósentum. Greinendur gerðu ráð fyrir þessu þrátt fyrir nokkra óvissu í ljósi samdráttar á fasteignamarkaði og lítils hagvaxtar vestanhafs, sem mældist 1,3 prósent á fyrsta ársfjórðungi. Hann hefur ekki verið jafn lítill í fjögur ár.

Nokkrar sveiflur hafa verið í efnahagsmálum vestanhafs síðustu vikurnar, ekki síst eftir að mikils samdráttar gætti á fasteignalánamarkaði í mars sem leiddi af sér nokkra svartsýni á markaði. Áhrifin virðast hins vegar ekki hafa skilað sér inn í bandarískt efnahagslíf líkt og margir óttuðust.

Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sagði í rökstuðningi sínum fyrir ákvörðun bankans, að verðhækkanir væru mesta áhyggjuefnið og myndi seðlabankinn fylgjast grannt með verðbólguþróun.

Næsti fundur bankastjórnar seðlabankans er í júní. - jab

# Glænýr Astra Turbo

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

www.opel.is

**2.290.000** KR. OPEL ASTRA TURBO – 17" ÁLFELGUR, 6 GÍRA, 180 HESTAR
**35.387*** KR. Á MÁNUÐI. ENGIN ÚTBORGUN.




Nýi Opel Astra Turbo er fallegasti bíllinn á götunni. Astra eru alltaf léttir og snöggir en með Turbo eykst krafturinn til muna. Stórglæsileg hönnun helst í hendur við kraftmikla vél og magnaða akstursEiginleika. Stöðugleiki á veginum er frábær og útvortis hönnun minnkar vindmótstöðu. Niðurstaðan er kraftmikill og lifandi akstur.

Hlaðinn búnaði

ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

* Miðað við 100% bílasamning og greiðslur í 84 mánuði.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tvö mál til umhugsunar:

## Nýr skattur og kosningakerfið

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Sú kosningabarátta sem nú er senn á enda hefur að mestu verið hófsöm og málefnaleg. Ástæða er til að vekja athygli á tveimur ólíkum málum, sem lítið hefur farið fyrir í umræðunni. Þau þarfnast eigi að síður umræðu og umhugsunar.

Það fyrra er kosningakerfið. Nokkrir úr hópi langreyndra og virtra þingmanna, sem sjálfir hafa kosið að segja skilið við pólitíska sviðið nú, hafa gagnrýnt það með skorinorðum hætti. Þetta eru Halldór Blöndal, ráðherra til margra ára og forseti Alþingis, Jón Kristjánsson, fyrrum ráðherra og formaður stjórnarskrárnefndar, og Margrét Frímannsdóttir, fyrrum formaður Alþýðubandalagsins. Hjörleifur Guttormsson, fyrrum ráðherra, er einnig í hópi þessara gagnrýnenda.

Ljóst má vera að mikil reynsla og þekking býr að baki þegar slíkir forystumenn láta álit sitt í ljós um þessa hluti. Sjónarmið þeirra spanna einnig allt litróf stjórnmálanna. Þau eru því augljóslega ekki byggð á þröngum flokkslegum hagsmunum. Nýtt þing getur ekki skellt skollaeyrum við áliti og hollráðum þessa fólks. Kosningakerfið er hluti af lýðræðisskipaninni. Ígrundaða dóma um ágalla á því ber að taka alvarlega.

Síðara málið er hugmynd um nýjan skatt. Í umræðu síðustu vikna hafa allir flokkar gefið til kynna að þeir hefðu ekki áform um hækkun skatta. Því síður hafa menn flaggað fána nýrra skatta. Á því varð þó breyting liðinn miðvikudag.

Varaformaður Framsóknarflokksins rökstuddi þann dag hér í Fréttablaðinu að flokkur hans ætti mesta málefnasamleið með Samfylkingunni allra flokka. Í því samhengi minnti hann á áform beggja flokkanna, sem legið hafa í þagnargildi síðustu vikur, um að leggja sérstakt gjald á alla auðlindanýtingu til sjávar og sveita og enn fremur í orkubúskapnum.

Af óljósum lýsingum má ráða að ætlunin sé ekki að lækka aðra skatta að sama skapi. Þvert á móti sýnast áformin vera þau að stofna millifærslusjóð sem sinna á nýjum viðfangsefnum. Hér er um að ræða mál sem getur haft gífurleg áhrif á afkomu heimilanna í landinu og rekstrarforsendur fyrirtækja.

Í ljósi þess að skattar eru ekki vænlegir til útflutnings er auðsætt að gjald á veiðirétt útgerðarfyrirtækja og trillukarla getur aðeins veikt rekstrargrundvöll þessarar atvinnustarfsemi. Fyrst og fremst mun það hafa neikvæð áhrif á landsbyggðinni. Sama yrði upp á teningnum varðandi gjald fyrir beitarrétt bænda sem væntanlega yrði að leggja á samkvæmt jafnræðisreglu.

Í orkuiðnaðinum er auðveldara að koma slíkum skatti út í verðlag. Að vísu verður það vandkvæðum háð varðandi raforkusölu til stóriðju með því að þeir samningar eru gerðir áratugi fram í tímann. Heimilin og innlend fyrirtæki á samkeppnismarkaði verða því væntanlega að bera þennan nýja skatt af fullum þunga ef af verður.

Þessum nýja skatti er lýst sem einum af fimm hornsteinum í hugsanlegu málefnasamstarfi Framsóknarflokks og Samfylkingar. Að því virtu hefði mátt gera kröfu til miklu ítarlegri umræðu í kosningabaráttunni. Þetta er grundvallarmál af þeirri stærðargráðu að það ber að skýra nákvæmlega fyrir kosningar. Hugsi menn þennan nýja skatt á einhvern annan veg en orðanna hljóðan gefur til kynna kallar það ekki síður á nákvæma útlistun.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Aldraðir og öryrkjar!**

**Styðjum EKKI ríkisstjórnarflokkana í næstu kosningum**

**Styðjum EKKI þá sem hafa síðastliðin 12 ár:**

- Látið okkur borga skatta af ellilífeyri og örorkugreiðslum.
- Vilja ekki hækka skattleysismörk upp í 142 þ.kr. á mánuði.
- Hafa aukið skattbyrði okkar á síðustu 10 árum, en lækkuðu skatta hátekjumanna á sama tímabili.
- Taka 70% af lífeyri okkar í formi skatta, lækkunar á bótum og lífeyri.
- Veita sjálfum sér betri eftirlaun, en almennir launþegar fá.

MUNIÐ dómur þjóðarinnar fellur í næstu kosningum.
Hættum að kjósa af gömlum vana.

**Dæmum verkin, en ekki loforðin.**

Aldraður öryrki

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kæri bóndi (en ekki frú)

Tveir þingmenn Norðurlandskjördæmis hinu vestra urðu uppvísir að miklum klaufaskap í gær, eða hugsunarleysi, þegar í ljós kom að þeir höfðu sent bændum í kjördæminu bréf í von um að veiða atkvæði, en það voru einungis karlkyns bændur sem fengu slíkt bréf.

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sendi karlkyns bændum bréf sem hófst á orðunum „Kæri vinur...", Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sendi hins vegar frá sér bréf sem hófst á orðunum „Ágæti bóndi."



Ekki er talið líklegt að þeim hafi tekist að veiða atkvæði kvenkyns bænda með þessum bréfaskrifum sínum, enda veit aldrei á gott að gleyma helmingi kjósenda sinna.

### Meira að segja formenn

Ein af þeim sem fannst þessi bréf þingmannanna tveggja nokkuð hallærisleg var Guðný H. Jakobsdóttir, bóndi og formaður Búnaðarsamtaka Vesturlands. Hún er ein þriggja kvenna sem gegna formennsku af átta búnaðarsamtökum. Að minnsta kosti hefði verið smart af þingmönnunum að muna eftir formanni búnaðarsamtaka í kjördæminu.



### Vill hann þá ekki Geir?

Ágúst Ólafur Ágústsson gleðst yfir því á heimasíðu sinni, að varaformenn allra flokka, utan Sjálfstæðisflokks sem skilaði auðu, telji Samfylkingu eiga sér besta samsvörun við eigin flokk, og telur Ágúst Ólafur því Samfylkinguna vera sætustu stelpuna á ballinu, með tilvísun í fræg orð Geirs H. Haarde. Aðrir hafa túlkað þessi orð varaformannanna öðruvísi og telja stefnu Samfylkingarinnar vera svo opna að auðveldara sé að finna atriði í henni sem henti öllum en í stefnum annarra flokka.

svanborg@frettabladid.is

# Höfðatölujafnrétti



ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR

**Í DAG** | Konur og Kosningar

Hvaða máli skiptir að fjölga konum á Alþingi? Skiptir kyn einhverju máli eða eru það málefnin sem ráða? Og hvað ræður því hvernig stjórnmálafólk skynjar kynjavíddina innan hinna ýmsu málaflokka? Í fræðilegu samhengi er gjarna sagt að kyn sé pólitísk breyta. Mörgum finnst þetta skrýtin fullyrðing, en hún hefur nokkrar hliðar sem ég ætla að freista þess að skýra í þessum síðasta pistli mínum.

Ein merkingin er sú að ef kynjahlutföll eru mjög skökk sé eitthvað að í stjórnmálakerfinu. Sú var tíðin að hópar voru útilokaðir frá stjórnmálaþátttöku vegna líkamlegra eiginleika, svo sem húðlitar eða hvort þeir voru með eggjastokka eða blöðruhálskirtil. Ef hlutdeild viðkomandi hópa í valdinu eykst ekki þegar formlegri útilokun hefur verið útrýmt, er um lýðræðishalla að ræða, það er eitthvað að gangverki kerfisins. Lengi vel var viðkvæðið að slíkir hópar þyrftu bara að taka sig á (sbr. að konur/svertingja etc. skorti menntun, metnað, reynslu eða hæfni). Í nútímahugmyndum um jafnrétti og lýðræði er hins vegar horft á kerfið sjálft en ekki meinta galla einstaklinganna.

En hvað er höfðatölujafnrétti og hvernig tengist það hugmyndinni um kyn? Það þýðir einfaldlega sem jöfnust hlutföll kvenna og karla. Hér áður fyrr var þetta gjarnan lagt að jöfnu við raunverulegt jafnrétti. Í sögulegu samhengi eru áhrif kvenna í stjórnmálum sannarlega óumdeild, bæði gildi þeirra sem fyrirmynda, ekki síst leiðtoga, en ekki síður áhrif þeirra á inntak stjórnmálanna. Það sannast best á því að það var ekki fyrr en með þátttöku kvenna sem velferðarmál komust á dagskrá stjórnmálanna.

Það er hins vegar óljósara hverju þátttaka kvenna hefur breytt hin síðari ár, sérstaklega á Vesturlöndum. Um það sagði breski stjórnmálafræðiprófessorinn Anne Phillips á ráðstefnu í HÍ í október 2005 að vegna ólíkra lífsskilyrða og reynslu sé „smávægilegur munur" á kynjunum í stjórnmálastarfi: konur hafa tilhneigingu til að vera virkari en karlar í jafnréttispólitík, vera umhugaðra um umönnun barna, aldraðra, sjúkra o.s.frv. Þessi blæbrigðamunur hefur skapað mikilvægt rými fyrir þverpólitíska kvennasamstöðu kringum tiltekin málefni, en slíkt eigum við mörg dæmi um í íslenskri stjórnmálasögu. Á móti kemur að flokkslínur sundra konum iðulega.

Norrænar fræðikonur eru á svipuðum slóðum og halda því fram að konur geti verið virkar og sýnilegar í stjórnmálum samtímans án þess að kyn þeirra skipti máli. Með því eiga þær við að flokkarnir og stjórnmálakerfið hafi þegar skilgreint hvernig nálgast eigi hlutina og á hvaða forsendum eigi/megi ræða mál. Aðferðir og nálgun eru í föstum farvegi, sumt má ræða annað ekki: Hér heima er launamunur kynja svo viðurkennt vandamál að það er nánast gamaldags að nefna það ekki, meðan hið sama á t.d. ekki við um kynbundið ofbeldi, klámvæðingu eða mansal, hvað þá kynjavídd í málaflokkum eins og atvinnu- og byggðastefnu, umhverfisstefnu, skatta- og velferðarmálum. Á sama hátt eru aðferðir og úrræði í föstum farvegi flokkslínanna: Í sumum flokkum þykja markvissar aðgerðir óþarfar eða niðurlægjandi fyrir konur meðan aðrir flokkar skilja nauðsyn þess að grípa til aðgerða (enda er fólk væntanlega í stjórnmálum til þess!).

Hverju breyta þá konur í stjórnmálum? Án þess að gera lítið úr gerendahæfni kvenna heldur Phillips því fram að fjölgun kvenna í stjórnmálum hafi ekki breytt eins miklu og vonast var til, einkum á síðasta áratug hnattvæðingar og efnahagslegrar nýfrjálshyggju þar sem völd stjórnmálamanna hafa almennt farið minnkandi. Hún fullyrðir með tilvísun í alþjóðlegar rannsóknir að stjórnmálakonur séu líklegri til að fylgja stefnu flokka sinna en kvennapólitískum málefnum og kröfum grasrótarinnar. Stjórnmálakonur hafi sama þjóðfélagslega bakgrunn og karlar og geti líka verið framapotarar; og að aukin ‚kynjavitund' komi ekki SJÁLFKRAFA með auknum fjölda stjórnmálakvenna. Þarna skipti hugmyndafræði, samfélagssýn, mannskilningur, stefnumál og áherslur flokkanna því meginmáli.

Ef flokkshollusta stjórnmálakvenna er ofar kvennasamstöðu þegar á reynir – og ef skilningur á mikilvægi kynjabreytunnar er ekki til staðar í flokknum, er erfitt fyrir stjórnmálakonur að taka slag um þau mál. Það getur þvert á móti verið betri ávísun á frama að rugga ekki þeim bát. Við þannig aðstæður skiptir kyn einstakra frambjóðenda líklega minna máli en hugmyndafræði flokksins. Ef hins vegar fara saman þær þættir sem stuðlað hafa að raunverulegri hlutdeild og áhrifum beggja kynja, forysta sem skapar fordæmi, kynjavitund, hugmyndafræði kynjajafnréttis og vilji til aðgerða, er kominn jarðvegur fyrir að kyn kvenna skipti máli í reynd. Eitthvað til að hugsa um í kjörklefanum á morgun.

# Davíð Geir Ásgrímsson Haarde

**UMRÆÐAN**
Kosningar



HALLGRÍMUR HELGASON

Björn Bjarnason kveður með stæl: Auglýsir stöðu vararíkislögreglustjóra í jakkavasa sínum og er svo hissa að aðeins einn sæki um, sonur ritara hans. Og svo ætlaði ráðherrann að verðlauna duglegasta liðsforingjann í stríðinu gegn Baugi með embætti ríkissaksóknara en fékk þá óvænt símtal frá formanninum:

„Rólegur. Það er kosið eftir viku."

Þessar fréttir minntu á þá staðreynd að Björn Bjarnason er enn ráðherra. Maður var eiginlega búinn að gleyma því. Og þetta varð líka til að rifja upp „gömlu stjórnina", stjórn Davíðs og Dóra. En Björn Bjarnason er helsti fulltrúi þessa tímabils valdníðslu og geðþótta sem enn situr við völd, gamall klíkukóngur sem er í jafn miklum tengslum við nútímann og uppáhalds auglýsingamiðillinn hans.

Það vill hins vegar gleymast að „gamla stjórnin" situr enn þótt skipt hafi verið um forsætisráðherra nokkrum sinnum. Það er engu líkara en einungis sé verið að kjósa um síðasta árið í stað þeirra fjögurra sem kjörtímabilið telur.

Rétt til að minna á: Síðustu alþingiskosningar fóru fram vorið 2003. Kjörtímabilið telur fjögur ár og þegar störf ríkisstjórnar eru vegin og metin skal horfa á allan þann tíma.

Minni fjölmiðla og kjósenda virðist hins vegar ekki ná lengra aftur en til 16. júní 2006, þegar Geir Haarde gekk inn í stjórnarráðið. Í kosningabaráttunni hefur hann alveg sloppið við að svara fyrir syndir forvera sinna. (Af sumum er hann reyndar ekki saklaus, eins og ráðningu hægri handar ríkisstjórnarinnar í Hæstarétt.) En því ætti að hlífa Geir við vondu málunum? Sat hann ekki í stjórn þá líka? Var hann ekki varaformaður flokksins sem reyndi að setja lög á alla fjölmiðla nema Moggann? Samþykkti hann ekki að draga frumvarpið til baka eftir málskot forseta í stað þess að færa það til þjóðaratkvæðagreiðslu eins og stjórnarskrá býður? Og hvernig er það: Sat hann ekki sáttur undir aðild okkar að Íraksstríðinu?

Ríkisstjórn Geirs Haarde er sú sama og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar. Gleymum því ekki í kjörklefanum.

*Höfundur er rithöfundur.*







Felix og Baldur voru byrjaðir að viða að sér ávöxtum og berjum fyrir annað kvöld, þegar myndatakan fór fram, en ekki byrjaðir að útbúa smáréttina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Upp á franska vísu

***Hvað er hyggilegt að hafa á borðum þegar Júróvisjón og kosningar ber upp á sama kvöldið? Tónlistarmaðurinn Felix Bergsson og stjórnmálafræðingurinn Baldur Þórhallsson gefa hér góð ráð.***

„Fyrir nokkrum árum vorum við í París á Júróvisjónkvöldi og þar var boðið til veislu. Gestir voru um fjörutíu, eiginlega af sitthverju þjóðerninu. Veitingarnar voru með frönskum hætti og við höfum oft borið þær saman síðan við það sem við eigum að venjast hér á Íslandi. Það voru engar pitsur, ekkert gos og ekkert snakk. Bara drukkið kampavín og ávextir og litlir tapas-réttir bornir inn eftir því sem keppninni vatt fram, þannig að máltíðin teygðist yfir allt kvöldið. Í lokin kom lítil ískúla handa hverjum og einum. Allt voða nett,“ rifjar Baldur upp.

„Já, þetta var lærdómsríkt og fyrst við erum spurðir álits á hvernig kosninga- og Júróvisjónmatseðill eigi að líta út þá mælum við með þeim franska. Smáréttum, ávöxtum, berjum og ískúlu. Ég sé fyrir mér kjúkling í satay-sósu á teini með hrísgrjónum, sem einn af réttunum. Svo er hægt að búa eitthvað til upp úr bókinni hennar Yesmine Olsson sem er algerlega frábær,“ segir Felix og bætir við svolítið stríðnislega: „En meðan Baldur er að útbúa alla þessa smárétti þá verð ég að spila Júróvisjóntónlist fyrir þjóðina, milli eitt og fjögur á laugardag.“

Báðir hlakka greinilega til kvöldsins. Þegar Baldur er spurður hvort hann búist ekki við að verða á skjám landsmanna að ráða í úrslit kosninganna svarar hann hlæjandi: „Það vona ég ekki. Ég er svo gamaldags að ég vil helst sitja heima í næði fyrir framan sjónvarpið og skrifa niður tölurnar í kosningahandbók úr blöðunum.“

gun@frettabladid.is


Innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.



JKE DESIGN

Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Veldu möguleika

**Avocado-ávöxturinn** er tilvalinn í salatið eða með grillmatnum. Avocado er líka einstaklega vítamínríkur og gefur okkur holla fitu. Ávöxturinn er oftast harður viðkomu þegar hann er keyptur og þarf að bíða í einn eða tvo daga áður en hægt er að gæða sér á honum.










Hér sést Jónas með herlegheitin, tíu manna grænmetispitsu eldaða að hætti hússins. Hún er einn vinsælasti rétturinn sem boðið er upp á á Heilsustofnun NLFÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL BJARNASON

# Maturinn er hluti meðferðar

*Á Heilsustofnun NLFÍ er eingöngu boðið upp á hollan mat.*

Heilsustofnun NLFÍ hefur verið starfrækt frá árinu 1955 og hefur frá upphafi verið heilsuverndar-, endurhæfingar- og kennslustofnun. Áhersla er lögð á fræðslu, líkamsþjálfun, slökun, hvíld og neyslu holls fæðis, til að stuðla að heilsusamlegu líferni, og er áætlað að um 2.000 manns dvelji á Heilsustofnuninni ár hvert.

Dvalargestum stendur fjölbreytt þjónusta til boða og hvort sem þeir dvelja í skemmri eða lengri tíma fá þeir fullt fæði. Áhersla er lögð á grænmæti, fiskrétti og boðið upp á heilsute með matnum, gert úr íslenskum lækningajurtum.

Jónas Björgvin Ólafsson, yfirkokkur staðarins, var svo vænn að elda pitsu fyrir lesendur Fréttablaðsins og eftirláta þeim uppskriftina, til að gefa sýnishorn af þeim réttum sem þar eru á boðstólum.

„Mér fannst alveg kjörið að búa til grænmetispitsu fyrir lesendur, þar sem stefnan er að bjóða upp á grænmetis- og fiskrétti,“ útskýrir Jónas. „Grænmetispitsan er mjög bragðgóð og að sama skapi vinsæl, ekki síður en holl, enda er hráefnið valið af mikilli kostgæfni og sósan sérlöguð á staðnum. Til marks um hollustuna er heilhveiti notað í deigið. Heilsustofnunin hefur það fyrir reglu að nota aldrei hvítt hveiti í matargerðina. Hér er nefnilega litið á eldamennskuna sem hluta af meðferðinni.“

**GRÆNMETISPITSA**
Fyrir 10 manns

**DEIG:**
**500 g heilhveiti**
**500 g semolinamjöl**
**2 tsk. salt**
**20 g þurrger**
**2 msk. olía**
**650 ml volgt vatn**

**AÐFERÐ:**
Hnoðið saman í hrærivél í tvær mínútur og látið hefast í um það bil 20 mínútur.

**TÓMATBASILSÓSA:**
**2-3 hvítlauksrif**
**400 g tómatar í dós**
**2 msk. tómatpurre**
**½ bolli ferskt basil**
**salt og pipar**

**AÐFERÐ:**
Maukið allt saman í matvinnsluvél og smakkið til með salti og pipar.

**ÁLEGGIÐ Á PITSUNA:**
**4 rauðir laukar í sneiðum**
**3 rauðar og grænar paprikur í sneiðum**
**1 st. zucchini**
**10 vel þroskaðir tómatar í sneiðum**
**10-20 sveppir**
**2 bollar 17% ostur (rifinn)**
**Gráðaostur eða fetaostur**

**AÐFERÐ:**
Fletjið deigið út og smyrjið með sósunni. Stráið næst helmingnum af ostinum yfir. Raðið öllu álegginu á pitsuna ásamt afgangnum af ostinum í lokin. Bakið síðan pitsuna við 230°C í 10-15 mín. Stráið grófsöxuðu klettasalati yfir pitsuna þegar hún hefur verið bökuð. Berið fram með hvítlauksolíu og ferskum parmegano-osti.

*roald@frettabladid.is*











## uppskrift



## Ljúffeng hollusta

WALDORFSALAT ER EITT VINSÆLASTA SALAT VERALDAR.

**1 dós sýrður rjómi (18%)**
**100 ml rjómi, þeyttur**
**3 msk. majónes (má sleppa)**
**1 tsk. hunang (eða sykur eftir smekk)**
**hvítur pipar**
**salt**
**1/2 kínakálhaus, lítill**
**2 epli**
**150 g blá og/eða græn vínber, helst steinlaus**
**75 g valhnetukjarnar**
**e.t.v. nokkur blöð af grand-salati**
**steinselja til skreytingar (má sleppa)**

Sýrður rjómi, þeyttur rjómi, majónes og hunang sett í skál, hrært vel saman og kryddað með pipar og salti. Steinselja skorin í mjóarræmur. Eplin afhýdd, kjarnhreinsuð og skorin í litla bita. Vínberin skorin í tvennt og hneturnar grófmuldar (nokkrir valhnetukjarnar og nokkur vínber tekin frá til að skreyta með). Kínakáli, eplum, valhnetum og vínberjum blandað saman við sýrða rjómann. Sett í fallega skál, sem e.t.v. er búið að klæða innan með blöðum af grand-salati, og skreytt með vínberjum, hnetukjörnum og steinselju.

Heimild: islenskt.is



**Eurovision-tilboð** eru í gangi víða um landið. Til dæmis býður Tekk Company upp á 25 prósenta afslátt af Helsinki-sófum þessa helgi.



Ellert býr nú með fjölskyldu sinni í sama húsi og hann ólst upp. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kominn heim í foreldrahúsin

***Ellert B. Schram, frambjóðandi Samfylkingarinnar, keypti heimahaga sína fyrir tíu árum. Hann komst ungur að því að fimm punda föt eru ekki fimm punda virði.***

Ellert er fæddur í Vesturbænum og sleit barnsskónum í Sörlaskjólinu. Þegar hann flutti að heiman og hóf eigin búskap bjó hann á ýmsum stöðum þangað til tækifærið bauðst að kaupa gömlu heimahagana. „Það var fyrir tíu árum að ég gerði mín bestu kaup," segir Ellert. „Þá bauðst mér að kaupa gömlu átthagana og auðvitað sló ég til. Þar bý ég nú með fjölskyldu minni og líkar vel."

Verstu kaup Ellerts eru öllu minni í sniðum en íbúðarkaup. Þau áttu sér stað á Írlandi er Eggert var ungur og óreyndur knattspyrnumaður. „Ég var rétt rúmlega tvítugur í keppnisferðalagi í Dublin. Við strákarnir vorum að spígspora á aðalgötu borgarinnar og þar sá ég stillt upp í búðarglugga þessum forláta fínu fötum," segir Ellert. „Þau kostuðu ekki nema fimm pund. Ég sá að þetta voru reyfarakaup svo ég keypti mér þau og hugsaði mér gott til glóðarinnar."

Ekki er allt gull sem glóir og því fékk Ellert að kynnast er hann fór út um kvöldið. Strákarnir fóru á veitingahús og þegar Ellert settist niður fann hann og heyrði hvernig rasssaumurinn sprettist upp. „Það rifnaði allt frá og ég þurfti að labba afturábak út úr veitingastaðnum. Það var hálf hallærisleg útganga," segir Ellert og hlær. „Ég held örugglega að einhver hafi séð þetta og hlegið í laumi og þó svo ég geti hlegið að þessu núna fannst mér þetta mjög neyðarlegt þá."

*tryggvi@frettabladid.is*

## Eurovision-afsláttur

Í MAMBO ER STARFSFÓLKIÐ KOMIÐ Í EUROVISION-GÍR OG ÞVÍ ER AFSLÁTTUR AF GALLABUXUM.

„Eru ekki allir Eurovision-aðdáendur á Íslandi?" spyr Sigríður Símonardóttir, starfsmaður Mambo, á móti þegar hún er spurð hvort starfsfólk verslunarinnar sé Eurovision-aðdáendur. „Svo höfum við líka mikla trú á honum Eiríki." Mambo tískuvöruverslun býður nú 25 prósenta afslátt af gallabuxum í tilefni Eurovison-keppninnar. Tilboðið gildir um Diesel- og Lee-gallabuxur í dag og á morgun. En hvað gerist ef Eiríkur kemst ekki áfram? „Þá horfir maður samt og hefur gaman af," segir Sigríður. „Dóttir mín er líka aðdáandi númer eitt svo ég slepp ekkert."

- tg



## Fyrir gönguferðir

FERÐAVERSLUNIN ALPARNIR Í FAXAFENI 8 BÝÐUR 20 PRÓSENTA AFSLÁTT AF ÖLLUM BAKPOKUM OG 30 PRÓSENT AF VÖNDUÐUM GÖNGUSKÓM MEÐ VIBRAM-SÓLA.



Allir bakpokar í ferðaverslunninni Ölpunum eru á tilboði þessa dagana. Þeir fást í mörgum stærðum og gerðum og henta bæði til dagsferða og lengri ferða. Vinsælustu merkin eru karrimor og Icepeak. Fullkomnasti dömubakpokinn með merkinu Karrimor nefnist Storm. Hann vegur aðeins þrjú kíló og hann er hægt að stækka frá 50 upp í 75 lítra. Er með ísaxarfestingum, festingu fyrir göngustafi og vatnsheld yfirbreiðsla fylgir. Á fullu verði kostar hann 21.995 en er nú á 17.596 kr. Þá má geta þess að Newtharanaki-gönguskór með vatnsvörn og gúmmíkanti eru á tilboði í Ölpunum og lækka úr 19.995 í 13.995 krónur.






## Rýmingarsala vegna breytinga hjá Mira Art

MIRA ART HÚSGÖGN Í BÆJARLIND BJÓÐA TIL RÝMINGARSÖLU VEGNA BREYTINGA.



Rýmingarsala Mira Art húsgagna í Bæjarlind er nú hafin. Verslunin stefnir á miklar breytingar og rýmir því til með góðri útsölu. Allar vörur verslunarinnar eru á 30-70 prósenta afslætti. Mira-Art húsgagnaverslunin er til staðar í Bæjarlind 6 í Kópavogi. Sími 554-6300. Verslunin er opin virka daga milli klukkan 10.00 og 18.00 og á laugardögum frá klukkan 11.00 til 16.00.

## Ódýrt fyrir sumarið

Í SKEIFUNNI STENDUR YFIR ÚTSÖLUMARKAÐUR NOA NOA.



Á útsölumarkaði Noa Noa, sem stendur frá 10.-20. maí, má fá allt að sjötíu prósenta afslátt af öllum vörum og örugglega hægt að finna eitthvað fallegt fyrir sumarið. Markaðurinn er haldinn í Skeifunni 17 og er opinn frá 11 til 19 á virkum dögum, frá 11 til 18 á laugardögum og frá 11 til 17 á sunnudögum.




# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is
AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–18 UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI






**Auðveld Kaup Á Toyota Rav 4**
Árg. 07/04, ek. 58þ., 5 gíra, Abs,Airbag,Sk08,Ásett 2190,Lán 2150.



**16Þ á mánuði fyrir topp eintak!**
af Daewoo kalos Se,Árg 09/03,E-69Þ, 5 Gíra,1400 Vél,Sk08,Fæst á láni 650Þ



**Gullfallegur PEUGEOT 307 Sw á súperkjörum**
Árg 03,E-97Þ,1600,Abs,cd,Sk08,Ásett 1190Þ,100% Lán 1135Þ.

**Bílasala Guðfinns**
**Stórhöfða 15/ Við Gullinbrú, 112 Reykjavik**
**Sími: 562 1055**
**www.guffi.is**




**Innflutningur og sala**



Toyota Tacoma 06 ek. 16000 km. TRD Sport, leður, hiti í sætum. Topp bíll. Verð 3 millj. stgr. Uppl. 897 9599.

**PRO ehf**
**Sími: 897 9599**
**http://www.protrade.is**






Mercedes Benz 200 E árgerð 1991 Sjálfskiptur, topplúga, álfelgur. Toppeintak Einn eigandi frá 1997 Verð kr. 490.000,- Nánari uppl. í síma 822 1216

**Auto Reykjavík**
**Krókhálsi 5, 110 Reykjavík**
**Sími: 569 3300**
**http://www.auto-reykjavik.is**

HEIMS BÍLAR www.heimsbilar.is



DÍSEL VW CADDY NEW DÍSEL árg 2005 ek. 89 þ.km Ásett 1.290 þ. Flott Eintak

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu



**Toppeintak!**
Skodi Octavia TDI, díselbíll, árg. '06. Dekurbíll. Ekinn 16 þús. Sjálfskiptur, rosalega vel með farinn. Reyklaus. Verð 2.225.000,- stgr. Uppl. gefur Árni í s. 617 1703.



Landrover Discovery. 11. Dísel. Árg. 1999. Series TD5. Ek. 146 þ. km. Óbreyttur. Mikið af aukabúnaði . Verð 1.550 þús. Uppl. í 892 4305.



Patrol '95, ek. 300 þús., nýtt hedd og vatskassi. Upptekinn girkassi. Gott ástand nema útlit. Verð 350 þús. S. 892 4305.



Dodge Stratus árg.'95. Ek. 170 þ. Topp bíll skoðaður '08 án ath. Verð 300 þ. Uppl. í s. 823 1479.



Nissan Almera '99, ek. 90 þús. Verð 350.þús. S. 616 2597.



Góður vinnubíll. Toyota Touring árg.'90. Nýtt í bremsum og nýr rafgeymir. Virkar vel og fer alltaf í gang. Uppl í s. 696 4405 Stefán.



**minnaprófsbíll**
Benz Sprinter 316. Árg.16.08.'06. Ek. 11 þ. 15 rm kassi, ton lyfta, ssk, fíring, bakkmyndavél. Uppl. í s. 892 9305.



Chevrolet Camaro '94. Nýskoðaður. Verð 690 þús. Uppl. í s. 892 1501.



Dodge Ram Mega Cap 2500 Laramie Diesel árg 2006 ekinn 32Þ km Góður bíll. S. 898-2811. www.plusgallery.is



Ford F 350 Lariat 6,0 Diesel.Leður topplúga lok á palli .EINN með öllu. verð 2900 + vsk S: 898 2811. www.plusgallery.is



Bens CLS 350 árg 2005 ekinn 66 þ km Einn með öllu.S: 898-2811.




Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Toyota Avensis appelsínugul árg. '98, ek. 100 þús. Verð 450 þús. Smári í s. 869 9330.

Opel Astra Staison 1,6, 5 dyra, ek. 120 þ. Árg'97. Verð 100 þ. Uppl. í s. 848 6445.

MMC Lanser árg'98, ek. 152 þ. Beinsk. Ný skoðaður og smurður, sumar og ný vetrardekk, álfelgur. Tilboð 250 þ. Uppl. í s. 867 3680.

Kia sportage árg '00 fæst á 50 þús út og yfirtöku á 600 þús kr láni. Mán greiðsla 13 þús. s. 8955772

Subaro Legacy 2,0 dökk grænn sedan árg. '00, ek 120 þ. 4x4, 16" álfelgur. Uppl. í s. 690 0980.

Jeep Wrangler '99, ek. 100 þús. Á 31" nýl. dekkjum. V. 1.350 þús.+yfirtaka. S. 822 5350.

Honda CR-V 6/2006, ek. 22.000 km, 100% lán 2.650.000, sumar og vetrardekk. Bílasala Reykjavíkur s.5878888

## 0-250 þús.



Cherokee Laredo '94, beinskiptur, ný skoðaður, nýtt púst, nýr startari. verð 270 þ. Uppl 897 0993 eða siggi@vortex.is



Toyota Corolla Árg. '95. Sk '08. Verð 165 þús. Uppl. 8203478

Til sölu Peugeot 406 árg. '98. Ek. 185 þ. Ný sko. V. 210 þ. Uppl. í s. 869 1756.

Huyndai Accent árgerð 2000 ,5 gíra, 3 dyra, ekinn 6þús á vél, góður bíll sem mikið er búið að endurnýja, ný sumar dekk, nýleg vetrardekk fylgja. uppl. í síma 6913079

Óska e. fjórhjóli e 250cc. Vil setja Vectru '99 upp í. Áhugas. hafi samb í 660 0088

Nissan Sunny 1,6 '93, í góðu lagi, engin tímareim, verð ca. 80. þús. S. 894 3780. Jón

Toyota Carina E Árg. 1997. Ek. 195 þ.km. Rauður. 4d. 5G. 1800cc. Verð 180þ. sími 8470782.

Til sölu Ford Escort 1,6 árg.'98. Sk.08. Tilboð óskast. s. 8203478

## 250-499 þús.



Sportbíll f. Sumarið Alfa Romeo 156 1999, ek 113þ. beinsk, filmur, CD. Tilb. 450 þ. s. 8674650

Til sölu Lancer '97 4x4 ekinn 86þús. Ný sumard og vetrardekk á felgum Nýtt púst og nýskoðaður '08 verð 340þús. uppl. í síma 5574404 eða 8616442

## 500-999 þús.



TOYOTA AVENSIS árg 2000,vél 1800 ek 136 ,verð 180 þús út og yfirtaka 600kr lán 19 á mán. simi 8660759

Til sölu Galloper sími 8621998

## 1-2 milljónir

BMW 316 nýja lookið, árg '00, ekinn 67þ. Lítur mjög vel út. Verð ca 1.650 þús. Er opin fyrir tilb. 616 9067.

## 2 milljónir +




Stórútsala á bílum: Nýr 2007 Dodge Caravan frá kr. 2.490þús! Rúmgóður 7 manna fjölskyldubíll. Fæst sem 4x4. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

## Bílar óskast

Ódýr bifreið óskast, má þarfnast smá aðhl. Stgr. ca. 15-60 þ. S. 844 6609.

## Jeppar



Toyota Landcr. 80. Árg.'91. Ek. 237 þ. Algjör dekur bíll . Verð 2,3 millj. Eingin skipti. Uppl. í s. 861 1056.



Toyota Hilix DCTD 98 38" lengdur,gormar, ek 193þ hjólal.og bremsur nýjar.verð 1550þ S8632029



Toyota Landcr 90 VX bensín, árg. 08/02, ek. 130 þ.km. Vetrar- og sumard. Góður bíll. Verð 2,1 m.kr, áhv. 1,7. S 893-8500



Galloper 2,5 TTI '98, 33"/37". Næsta skoðun eftir 1 1/2 ár. Verð 300 þús. S. 698 4684.



Til sölu Pajero Sport Presedent árg. '01. Ek. 85 þ. Verð 1,650 þ. Skipti möguleg á ódýrari bíl. Uppl. í s. 848 4279 & 659 8907.



**ATH skipti á ódýrari**
Glæsilegur Nissan Patrol GR nýskráður 12/2005, ekinn 26 þ. km, - Upphækkaður 33" dekk, stigbretti, túrbína, þakbogar, kastarar o.m.fl. Verð 4.490 þús. Ath skipti á ódýrari. Uppl. í s. 864 1410.




Jeppaútsala: 2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Til sölu JEEP Grand LMT '93 ekinn 100þús. Er á nýjum dekkjum nýskoðaður mjög gott eintak. verð 650þús. uppl. í sima 5574404 og 8616442

Toyota Hilux, árg 05,ek 42þús, 35' breyttur, grár, lítur mjög vel út, ásett verð er 3200 þús, tilboð 2800 þús s: 6932604



Frábær 5 dyra toyota yaris , samlitur ,1300 vél, ekinn 56 þúsund km. ásett verð 1100 þúsund, tilboð yfirtaka lán 920 þús og 100 þúsund á milli. upplýsingar í síma 6169553

## Pallbílar




Pallbílar Útsala: Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Einnig Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

## Sendibílar



Benz Atego 815. Árg. '03. Ek. 81 þ.nýr kassi, ný lyfta 2 t m/gj. mæli og talstöð + leyfi. 4,6 milj + vsk. Sími 848 5848.

## Vörubílar

**www.trukkur.is**
Sími 893 8327.

Óska eftir dráttarbíl, ýmislegt kemur til greina. Uppl. í s. 897 2171.

## Húsbílar



# sirkus

11. maí 2007



## ÞENUR RADDBÖNDIN Á WEMBLEY

Tenórinn Garðar Thor Cortes hefur verið fenginn til að syngja á Wembley-leikvanginum fyrir úrslitaleikinn um sæti í ensku úrvalsdeildinni 28. maí næstkomandi. BLS. 2

## Freyja fjölgar mannkyninu



Fitnessdrottningin Freyja Sigurðardóttir og maðurinn hennar, Haraldur Guðmundsson, eiga von á barni í október. Þau ætla að fá að vita kynið í næsta sónar.

**Bls. 2**

## Hárspangir í Vogue



Thelma Jónsdóttir, fatahönnuður í París, hefur vakið mikla athygli fyrir hárspangir sem hún hannar. Grein um hana birtist í breska Vogue en hún handsaumar allar spangirnar sjálf.

**Bls. 4**

## Stíllinn breytist og hárið með



Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarkona forsætisráðherra og frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, hleypir Sirkus í fataskápinn hjá sér. Hún segir stílinn hafa breyst með aldrinum og að hárið hafi tekið enn meiri breytingum.

**Bls. 6**



Kasólétt Ellý Ármanns bloggar um samskipti kynjanna

# KYNLÍF ER NÁTTÚRULEGUR PARTUR AF TILVERUNNI

SIRKUSMYND/HÖRÐUR




Greiðslukjör í allt að 36 mánuði

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími 568 1800

Sjónmælingar
linsumælingar

# fréttir

## Heyrst hefur



### Haukur flytur við hliðina á Björgólfi Thor





Það reyndist ekki erfitt að selja einbýlishúsið að Lálandi 3 í Fossvoginum. Húsið var aðeins tvo daga í sölu enda fallegt hús á frábærum og veðursælum stað. Ekki skemmir fyrir að í næsta húsi, Lálandi 1, býr ríkasta par Íslands, **Björgólfur Thor Björgólfsson** og **Kristín Ólafsdóttir**. Nýi nágranni þeirra Björgólfs Thors og Kristínar heitir **Haukur Oddsson** og er verkfræðingur að mennt. Hann starfar sem forstöðumaður hjá Glitni.



GARÐAR THOR CORTES VINSÆLL SEM SKEMMTIKRAFTUR Á KNATTSPYRNULEIKJUM

# Syngur fyrir 90 þúsund manns á Wembley



VINSÆLL Í BOLTANUM Garðar Thor virðist höfða til þeirra sem sjá um skemmtiatriðin á knattspyrnuleikjum.

Jú, það er rétt. Það er búið að bóka Garðar Thor á Wembley-leikvanginn 28. maí næstkomandi. Ég held að þetta sé einhvers konar úrslitaleikur um að komast upp í úrvalsdeildina. Ég er nú ekki alveg með þetta á hreinu en þetta verður stórleikur. Alveg pottþétt mesti áhorfendafjöldi sem Garðar hefur sungið fyrir," segir Einar Bárðarson, umboðsmaður Garðars Thors Cortes, í samtali við Sirkus.

Til að skýra málið mun Garðar Thor syngja fyrir úrslitaleikinn um sæti í ensku úrvalsdeildinni að ári. Fjögur lið, Derby, Southampton, West Brom og Wolves, berjast um þetta sæti og munu tvö þessara liða spila á Wembley eftir að Garðar Thor hefur þanið raddböndin. Mikið er í húfi enda gefur sæti í úrvalsdeildinni tekjur upp á tæpa fjóra milljarða. Hinn nýi Wembley tekur rétt rúmlega níutíu þúsund áhorfendur og má búast við troðfullum velli og rafmagnaðri stemningu.

Garðar Thor er ekki óvanur að koma fram á knattspyrnuleikjum því hann söng eins og engill fyrir leik Íslendingaliðsins West Ham og Chelsea á Upton Park í ensku úrvalsdeildinni fyrir skömmu. Þar söng hann Nessun Dorma og einkennislag West Ham, Forever Blowing Bubbles. Fréttir bárust af misjöfnum undirtektum við söng Garðars Thors en Einar blæs á það og segir hann hafa staðið sig stórkostlega.

„Eggert [Magnússon, stjórnarformaður West Ham] var himinlifandi sem og allir sem ég talaði við. Það var einhver einn fúll bloggari sem fílaði þetta ekki og einhvern veginn tókst Morgunblaðinu að grafa hann upp. Blaðið ætti eiginlega að fá verðlaun fyrir það því hann var sá eini sem hreifst ekki af íslenska tenórnum," segir Einar og hlær.

oskar@frettabladid.is



STÆRSTA GIGGIÐ TIL ÞESSA Hinn nýbyggði Wembley-leikvangur rúmar níutíu þúsund manns.








STÆKKANDI FJÖLSKYLDA Haraldur, Jökull Máni og Freyja. Fjölskyldan mun stækka í október.

FREYJA SIGURÐARDÓTTIR FITNESS-KONA Á VON Á SÍNU ÖÐRU BARNI Í OKTÓBER.

# Sonurinn vill litla systur

Ég hef það alveg rosalega gott og meðgangan gengur vel," segir Freyja Sigurðardóttir, ein fremsta fitness-kona landsins, en Freyja er komin átján vikur á leið að sínu öðru barni. Freyja og kærastinn hennar, Haraldur Freyr, búa í Noregi en fyrir á Freyja soninn Jökul Mána. „Við ætlum að fá að vita kynið þegar við förum næst í sónar," segir Freyja spennt og bætir við að Jökull Máni vilji fá litla systur. „Mér er hins vegar alveg sama og er jafn spennt fyrir báðum kynjum." Freyja mun taka pásu frá allri fitness-keppni vegna meðgöngunnar en hún er án efa ein af fremstu fitness-konum landsins. „Ég er samt að æfa á hverjum degi, heilsan er góð og ég hef það mjög gott. Vonandi verð ég jafn fljót að jafna mig og eftir að Jökull Máni fæddist. Hann var bara sex mánaða þegar ég fór að keppa aftur og vann," segir hún hlæjandi.

Freyja segir barnið velkomið í heiminn og að Haraldur Freyr sé mjög spenntur. „Þetta var planað. Við fórum að hugsa í desember hversu gaman það væri að koma með annað barn og í janúar var ég orðin ófrísk svo þetta tók ekki langan tíma. Ég er skrifuð inn 21. október en Jökull Máni á afmæli 27. október og það væri ekki leiðinlegt ef hann fengi litla systur í afmælisgjöf."

indiana@frettabladid.is




**Minnum á að við erum þegar farin að taka á móti umsóknum í allar deildir skólans. Því fyrr sem þú sækir um, því meiri möguleika áttu á námsvist. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is**

## Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og getur verið góður undirbúningur fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

## Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

## Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

# fréttir

## Heyrst hefur



### Ólöf og Ghostigital í Feneyjum

**Ólöf Arnalds** og hljómsveitin Ghostigital munu troða upp í opnunarpartíi íslenska sýningarskálans á Feneyjatvíæringnum hinn 6. júní næstkomandi. Listamaðurinn **Steingrímur Eyfjörð** er fulltrúi Íslands á hátíðinni þetta árið og munu verk hans verða til sýnis fram á haust. Það er menntamálaráðuneytið sem stendur straum af opnunarpartíinu en Baugur



Group er aðalstyrktaraðili sýningarinnar. Fastlega er búist við því að hjónin **Björk Guðmundsdóttir** og Matthew Barney verði meðal gesta í opnunarpartíinu en Barney opnar sýningu í sal Guggenheim-safnsins í Feneyjum daginn áður. Hátíðin sjálf hefst 7. júní og mun utanríkisráðuneytið bjóða upp á morgunverð þann dag. Fastlega má búast við að flestir úr þotuliði landsins láti sjá sig í opnunarpartýinu en gaman verður að sjá hvort það verði nýr menntamálaráðherra sem dúkki upp. Gengið verður til kosninga á morgun laugardag og kemur í framhaldinu í ljós hvort Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir haldi áfram sem yfirmaður menntamála í landinu eða hvort hátíðin í Feneyjum verði eitt af fyrstu embættisverkum nýs ráðherra.



THELMA BJÖRK JÓNSDÓTTIR, 24 ÁRA FATAHÖNNUÐUR, VEKUR ATHYGLI Í EVRÓPU

# HANDSAUMAR HVERJA EINUSTU SPÖNG SJÁLF

Þessi umfjöllun er rosalega fín auglýsing fyrir mig auk þess sem það er frábært að komast í Vogue yfirhöfuð," segir Thelma Björk Jónsdóttir, 24 ára fatahönnuður, en fjallað var um Thelmu og hönnun hennar í nýjasta hefti breska Vogue. Thelma, sem hannar undir merkinu THELMA design, hefur vakið athygli fyrir flottar hárspangir og höfuðföt. Hún býr í París og tók á dögunum þátt í LeShowroom á Tískuvikunni í París. Hingað til hefur hún selt hönnun sína í versluninni Trílógíu í Reykjavík en nú hefur Japansmarkaður bæst við og hún vonar að fljótlega komist hún að í París og í London. „Ég ætlaði alltaf að verða fatahönnuður, það hefur aldrei neitt annað verið á planinu," segir Thelma sem lærði handavinnu sem barn hjá ömmu sinni sem var handavinnukennari. Thelma hóf að hanna spangirnar eftir útskrift frá Listaháskóla Íslands árið 2005. Hún viðurkennir að hafa ekki einu sinni látið sig dreyma um umfjöllun í Vogue að tveimur árum liðnum. „Ég sá það ekki fyrir mér og það var ekki á fimm ára planinu," segir hún hlæjandi og bætir við að hún hafi fengið góð viðbrögð við umfjölluninni. Spurð fyrir hverja hönnun hennar sé segist hún ekki hanna fyrir sérstakar týpur. „Mér finnst spangirnar ganga fyrir alla en hugmyndina að þessari línu fékk ég frá kvikmyndastjörnum eins og Marilyn Monroe og Gretu Garbo og rómantíkinni hér í París. Línan er breið svo allar konur geta fundið sér spöng hvort sem þær eru að fara út að versla eða á leið í galaboð."

Thelma framleiðir allar sínar vörur sjálf og vill vera með puttana í öllu. „Hver einasta spöng er handsaumuð og handunnin og eins og er er ég ekki tilbúin að henda þessu í fjöldaframleiðslu. En ef eftirspurnin verður mikil verð ég að huga að þeim málum. Ég er að fara á sýningu í Tókýó á vegum Útflutningsráðs og ef það gengur vel þarf ég eflaust á hjálp að halda við framleiðsluna. Mér finnst þetta bara svo gaman að ég er ekki tilbúin að gefa þetta frá mér."

Áhugasamir geta lesið meira um Thelmu á heimasíðunni www.iqons.com/thelma+bjork.

*indiana@frettabladid.is*



**FLOTTAR SPANGIR** „Mér finnst spangirnar ganga fyrir alla en hugmyndina að þessari línu fékk ég frá kvikmyndastjörnum eins og Marilyn Monroe og Gretu Garbo og rómantíkinni hér í París," segir Thelma.



**THELMA BJÖRK** Thelma viðurkennir að hún hafi ekki einu sinni þorað að láta sig dreyma um Vogue.


# Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið


# Sægreifi vill rífa 90 milljóna króna hús

Útgerðarmaðurinn Guðmundur Kristjánsson, sem er eigandi útgerðarfyrirtækisins Brims, hefur sótt um leyfi til skipulags- og mannvirkjanefndar Seltjarnarness til að fá að rífa hús sitt við Nesveg 107 og byggja 600 fermetra glæsivillu, sem teiknuð er af Friðriki Friðrikssyni arkitekt, í staðinn. Húsið, sem gengur undir nafninu Marbakki, stendur á stórglæsilegri 1.200 fermetra sjávarlóð og borgaði Guðmundur 90 milljónir fyrir það þegar hann keypti það í lok árs 2005. Nú ætlar Guðmundur að rífa það og má því áætla að kostnaður hans, áður en hafist er handa við að byggja nýja húsið, verði um 100 milljónir. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Guðmundur ræðst í stórframkvæmdir. Hann keypti Iðunnarhúsið við Bræðraborgarstíg í kringum aldamótin og breytti því öllu á fínasta og flottasta hátt. Það hús stendur nú autt og hafa Guðmundur og fjölskylda hans aldrei búið í húsinu.



**VILL RÍFA** Sægreifinn **Guðmundur** vill byggja 600 fermetra glæsivillu þar sem Marbakki stendur nú.



**HEYRIR BRÁTT SÖGUNNI TIL** Ef vilji Guðmundar nær fram að ganga heyrir þetta hús brátt sögunni til.

SIRKUSMYND/VILHELM



Motocross hjálmur
Hlífðargleraugu motocross
Hálskragi
Treyja öndunarefni
Motocross brynja
Motocross brynja
Olnbogahlíf
Nýrnabelti
Hanskar motocross styrktir
Hlífðarbuxur
Undirsokkar
Motocross buxur öndunareiginleikar
Hnéspelkur
Motocross skór
Réttur fatnaður skiptir máli
NITRO
Bíldshöfða 9 - 110 Reykjavík - Sími: 557 4848 - www.nitro.is
2683/TAKTIK 05.'07

RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR KLÆÐIST KLASSÍSKUM OG FÍNUM FÖTUM Í VINNUNNI EN GALLABUXUM Í FRÍSTUNDUM. HÚN HLEYPTI SIRKUS Í FATASKÁPINN.

# STÍLLINN BREYTIST MEÐ ALDRINUM



**FÍNU GUCCI-GULLSKÓRNIR** „Maðurinn minn gaf mér jakkann og skóna og valdi sjálfur og gladdi mitt litla hjarta. Skórnir eru frá Gucci en jakkinn og buxurnar voru keypt í Sand.“

Ég hef gaman af tískunni og reyni að fylgjast með en ætli minn stíll sé ekki í íhaldssamari kantinum,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarkona forsætisráðherra og frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Ragnheiður Elín klæðist fínum, klassískum fötum í vinnunni en klæðist hversdagslegri fötum í frítíma sínum. „Ég er mikið fyrir skyrtur og jakka en þegar vinnu lýkur klæðist ég hressari jökkum og gallabuxum,“ segir hún en bætir við að henni líði vel í vinnufötunum. „Við konurnar höfum samt mun meira frelsi í þessu en karlarnir og getum fundið okkur margt fleira en stífar skyrtur og dragtir.“ Aðspurð hvort fatasmekkur hennar hafi breyst með árunum segir hún svo vera. „Verður maður ekki að þroskast með aldrinum?“ segir hún brosandi og bætir við að hártískan hafi aðallega breyst. „Ég hef verið dugleg að prófa mig áfram og fór í gegnum þessi venjulegu tískuslys með herðapúðum og strokkapilsum. Í dag er meira samhengi í stílnum mínum og í fataskápnum passar flest saman.“

Ragnheiður Elín segist aðallega versla föt á flugvöllum. Hún hafi sjaldnast tíma til að versla hér heima. „Kastrup-flugvöllur er afar góður staður til að bíða eftir flugi á en þar eru margar af uppáhalds verslunum mínum eins og Sand. Þegar ég er

**fötin mín**

að ferðast vegna vinnunnar nota ég oft tækifærið og versla á flugvöllum,“ segir hún og bætir við að hún elti tískuna ekki í blindni. „Ég reyni að fylgjast með tískusveiflum og kaupi eina og eina flík en fyrst og fremst kaupi ég flíkur sem klæða mig. Ég elti tískuna ekki það mikið að ég líti út eins og trúður. Eða það vona ég allavega,“ segir hún hlæjandi að lokum.

*indiana@frettabladid.is*



**HERMANNAJAKKI** „Ég keypti jakkann í Karen Millen í London, háu stígvélin voru keypt á útsölu. Þau eru mjög há svo ég nota þau aðeins í sitjandi boðum.“



**VEIK FYRIR SKÓM.** „Ég verð að viðurkenna að ég er frekar veik fyrir skóm eins og svo margar kynsystur mínar. Maður á aldrei nóg af skóm.“





**Á LÍNUSKAUTUM** „Við hjónin rennum okkur á línuskautum þegar færi gefst. Það er alltaf jafn gaman að renna sér í góða veðrinu.“

**ÍSLENSK HÖNNUN** „Ég lét sauma þennan jakka á mig fyrir brúðkaup en hef notað hann í seinni tíð við gallabuxur. Ég er aldrei í gallabuxum í vinnunni svo ég nota öll tækifæri sem gefast til að klæðast gallabuxum. Skóna keypti ég í Kúltur fyrir mánuði síðan.“



ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

# FJÖLSKYLDAN
## SAMAN UM HELGINA

SAMAN



ELLÝ ÁRMANNS, ÞULA, MÓÐIR OG VINSÆLASTI BLOGGARI LANDSINS, MUN EIGNAST STELPU Á NÆSTU DÖGUM.

# VILL FYLLA HÚSIÐ AF BÖRNUM



**FALLEG FJÖLSKYLDA** Ellý ásamt Einari Alex, Ármanni Elíasi og Kríu. **„Krökkunum kemur vel saman. Það er hreint með ólíkindum hvað þetta gengur allt vel," segir Ellý.** MYND/AUJA.NET

Ég hef haft það rosalega gott á meðgöngunni, er búin að vera heima og hef getað sinnt börnunum áður en stelpan kemur í heiminn," segir Ellý Ármanns, þula, móðir og vinsælasti bloggari landsins. „Ég hef verið hraust og notið þess að vera ekki að vinna frá níu til fimm en það er örugglega draumur allra ófrískra kvenna að geta slakað á fyrir fæðinguna. Þetta eru náttúrlega bara forréttindi," segir Ellý, sem er sátt við að Hér og nú, tímaritið sem hún ritstýrði, hafi verið selt og hún misst vinnuna í kjölfarið. Nú fær hún útrás fyrir skrifin á netinu og greinar hennar hafa aldrei verið vinsælli með upp í rúmlega 90 þúsund flettingar á viku. Enginn annar bloggari hefur náð öðrum eins vinsældum en metið var í kringum 30 þúsund flettingar áður en bloggið hennar Ellýjar sló í gegn.

### Sársaukinn hverfur þegar barnið kemur

Ellý og sambýlismaður hennar, Freyr Einarsson, sjónvarpsstjóri á Sirkus, eiga von á dóttur um miðjan mánuðinn. Ef stelpan verður ekki komin í heiminn fyrir 15. maí verður hún tekin með keisara. „Ég hef bæði upplifað keisaraskurð og fæðingu og veit að það besta í heimi er að fá barnið strax í fangið eftir fæðinguna. Yngri strákurinn minn sneri við í miðri fæðingu og læknarnir urðu hræddir svo hann var tekinn með keisaraskurði. Ég fékk hann svo fullklæddan í fangið, sem var allt önnur lífsreynsla en að fá barnið beint á brjóstið eftir fæðingu. Ég er pínu hrædd eftir þessa reynslu en veit að allur sársauki hverfur þegar ég fæ hana í fangið sama hvaða leið hún kemur. Það þýðir ekkert að velta sér upp úr því hvað verður. Legg mig fram við að vera jákvæð og bjartsýn. Óska þess að allt fari vel," segir Ellý kát að venju.

**viðtal**

### Kynið skiptir ekki máli

Ellý á tvo syni. Einar Alex Jónsson er 8 ára og Ármann Elías Jónsson 11 ára. Freyr á tvær dætur, Kassöndru 15 ára og Kríu 7 ára en hún býr hjá þeim aðra hvora viku. „Krökkunum kemur vel saman. Það er hreint með ólíkindum hvað þetta gengur allt vel," segir Ellý og bætir við að hana hafi alltaf langað í stelpu. „Annars skiptir kynið engu máli," segir hún brosandi.

### Heimilið er sælureitur

Ellý var 26 ára þegar hún eignaðist eldri soninn og tveimur árum seinna kom sá yngri í heiminn. Nú eru átta ár liðin. „Ég vil eignast fleiri börn og helst vildi ég fylla húsið af börnum. Það er ekki að ástæðulausu að ég valdi Frey," segir hún hlæjandi. „Við erum samstiga í þessu og viljum bæði eiga stóra samheldna fjölskyldu. Gott fjölskyldulíf er eftirsóknarvert, við eigum heimili sem er okkar sælureitur," segir Ellý og bætir við að hún sé að upplifa meðgönguna á annan hátt en þegar hún eignaðist synina. „Líkamlega finn ég að ég er eldri og andlega séð er þetta sæluvíma. Ég legg mig fram við að hugsa vel um mig og passa upp á mataræðið og svefninn. Svo fæ ég líka mikinn stuðning frá krökkunum. Það eru fleiri sem taka þátt í þessu núna, ekki bara ég og makinn. Líf barnanna breytist jú líka og þau eru virkir þátttakendur. Við erum öll mjög spennt yfir þessu öllu saman."

### Kynlíf partur af tilverunni

Blogg Ellýjar hefur vakið mikla athygli en síðan hennar er mest lesna heimasíða landsins. Ellý lætur allt flakka og frásagnirnar minna helst á þættina Sex and the City. „Ætli bloggið fái mig ekki til að gleyma stað og stund. Auðvitað koma þessar vinsældir mér á óvart að einhverju leyti. En eftir að hafa ritstýrt blaði og skrifað daglega á vefinn minn spámaður.is í fimm ár hef ég ágætis tilfinningu fyrir því hvað fólk vill lesa. Ég er að þessu fyrst og fremst til að hafa gaman af. Enda óþarfi að taka lífinu of alvarlega eða velta sér upp úr endalausum áhyggjum. Kynlíf er náttúrulegur partur af tilverunni. Hvers vegna má ekki tala um það?" segir hún og hlær. „Á meðan ég hef gaman af þessu held ég áfram að skrifa daglegar örsögur, burtséð frá bókaútgefendum eða fjölmiðlum."

*indiana@frettabladid.is*

## ÚR BLOGGI ELLÝJAR

„Hvað ertu að spá?" spurði ég örvæntingarfull eftir að hún lýsti fyrir mér að þær hafi heilsast eins og um fund væri að ræða þar sem hún lá í fangi mannsins sem dýrkar hana af því að hún er einstök og dularfull kynferðisvera.

■ ■ ■

„Hún var mjög kammó. Kippti sér ekkert upp við að við værum að leika okkur í baðinu. Hún setti á sig varalit en þurfti síðan að rjúka af stað út á flugvöll," sagði hún afslöppuð og ekki var að sjá að hún skammaðist sín.

■ ■ ■

„Ég veit það. Ég kúgast bara svo auðveldlega," svaraði hún vandræðaleg á svipinn þegar hún viðurkenndi að hún hafði gert sér vonir um að myndarlegi bankamaðurinn gæti vakið ástríður hennar af löngum dvala.

■ ■ ■

„Þetta var æðislegt þangað til hann tyllti fótunum svona á sitthvora öxlina á mér og hallaði sér aftur í pottinum. Ég strauk á honum kálfana því ég var alveg til í að vera elskuð eins og gyðja í flottasta bústað landsins," útskýrði þessi samvinnuþýða stelpa sem hefur aldrei verið fyrir ruddaskap í samböndum. „En svo byrjaði hann að ýta tánum í kinnina á mér. Ég hélt náttúrlega að hann væri bara að reyna að kitla mig þar til hann spurði hvort ég vildi sjúga á honum tærnar."

**www.ellyarmanns.blog.is**



# hús&heimili

FÖSTUDAGUR 11. MAÍ 2007

**INNLIT**

Uppgert hús á Bakkastíg

**HÖNNUN**

Gulla á Þremur hæðum

**EUROVISION**

Tilbúin í slaginn



FRÉTTABLAÐIÐ





Gluggar fyrir lífið

- Ál-tré gluggar
- Lágmarks viðhald
- Falleg og tímalaus hönnun
- Aukin vörn gegn innbrotum
- 15 ára reynsla á Íslandi
- 10 ára ábyrgð

www.formaco.is

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · formaco@formaco.is

formaco

## sumar í sinni



● **PÚÐAR MEÐ HANDFANGI** nýtast vel við ýmis tækifæri. Nú þegar sólin hækkar á lofti fjölgar tækifærunum til að sitja úti hvort sem er í garðinum eða í náttúrunni. Gott er að geta kippt með sér púða í útilegu eða nestisferð. Við sömu tækifæri er gott að hafa með sér teppi og ekki er verra ef þetta er allt saman fallegt. Púðarnir henta einnig fyrir börnin sem oft vilja heldur sitja á gólfinu fyrir framan sjónvarpið. Þá getur verið fínt að tilla bossanum á fallegan kodda. Púðinn og teppið hér á myndinni fást í Tekk Company. Púðinn kostar 1.150 og teppið 2.700 krónur.

● **BLÓM Á VASA** Blómavasi úr vorlínu Lene Bjerre. Fallega mótuð dalía úr postulíni prýðir vasann úr Messina línunni. Í sömu línu má fá skálar í mörgum stærðum ásamt bökkum. Vasinn fæst hjá Lene Bjerre á 2.100 krónur.



● **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Anna Elínborg Gunnarsdóttir, 550-5806, aeg@365.is **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is. **Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson tók þessa mynd af Guðlaugu Halldórsdóttur í versluninni Þremur hæðum.

● **VALDÍS HARRYSDÓTTIR** listakona hannaði þetta fallega tannstönglahús í japönskum stíl. Ofan á því trónir fugl mótaður eftir hinni japönsku origami-list. Tannstönglahúsið fæst í Kirsuberjatrénu á 2.500 krónur. Hér sannast það að list getur einnig verið nytsamleg.



# Eins og í Glæstum vonum

● Kjartan Sturluson, markmaður Vals í fótbolta, hefur átt miklu láni að fagna með íbúðaval. Til marks um það hefur hann tvisvar búið í húsnæði með besta útsýni í bænum.

„Fyrsta íbúðin mín var á efstu hæð á horni Njálsgötu og Barónsstígs, með frábært útsýni yfir Esjuna og sundin blá,“ rifjar markmaðurinn Kjartan Sturluson upp. „Ætli hún hafi ekki verið á bilinu 50 til 60 fermetra stór. Ég hafði áður búið í Árbæjarhverfi hjá foreldrum mínum, þar sem ég ólst upp, og man hvað því fylgdi frábær tilfinning að flytja í miðbæinn. Það var svo mikið frelsi að sleppa úr sveitinni.“

Ekki dró úr frelsistilfinningunni þegar Kjartan fór í framhaldsnám í viðskiptafræði til Mílanó á Ítalíu. „Þar fyrst hófust ævintýrin þegar ég flutti í íbúð á efstu hæð í þröngri götu í borginni. Vegna þrengsla var stutt yfir í húsið á móti og þar af leiðandi komst maður ekki hjá því að sjá hvað nágrannarnir voru að bralla. Þetta var alveg eins og að vera í bíói. Í einni íbúðinni lærði strákur alla daga. Í annarri átti kona heima sem fór aldrei úr náttsloppnum og átti rosalega undirokaðan mann, sem þorði ekki að reykja öðruvísi en út um gluggann. Þarna bjó líka ungt par sem átti von á barni og eignaðist það á meðan ég var úti. Svo var maður sem klæddist gullkeðjum og var alltaf á nærbuxunum. Hann fékk stöðugt nýja gesti í heimsókn og ég hafði á tilfinningunni að hann hlyti að vera mafíósi. Síðan var kona sem fékk engan í heimsókn og gerði ekki annað en að skrifa.“

Eftir dvölina úti fór Kjartan heim til Íslands. Hann sneri aftur til Mílanó einu og hálfu ári síðar og lenti þá í sömu íbúð, sem bróðir hans hafði tekið á leigu. „Það var ótrúlega skrýtið að snúa aftur. Það var engu líkara en tíminn hefði staðið í stað. Einu sjáanlegu breytingarnar voru að barn parsins hafði stækkað og konan skipt um náttslopp. Endurkoman minnti mig á sjónvarpsþættina Glæstar vonir. Maður getur sleppt að horfa á þá í lengri tíma án þess að missa af einhverju merkilegu. Kannski er líf fólks þannig í hnotskurn.“ *roald@frettabladid.is*



**Kjartan Sturluson bendir hér á fyrstu íbúðina sína á horni Njálsgötu og Barónstígs, þar sem frábært útsýni er yfir Esjuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM








Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

AUGLÝSINGASTOFA ERACKMAN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is




# Raflínur hverfa!

Fyrir 60 árum tóku Rafmagnsveitur ríkisins, RARIK, til starfa. Hlutskipti RARIK var m.a. að rafvæða landsbyggðina. Dreifikerfið skiptir nú þúsundum kílómetra og verður sífellt traustara.

RARIK hefur á undanförnum árum gert mikið átak í að fjarlægja loftlínur og leggja jarðstrengi í staðinn. Nú hafa um 2000 km jarðstrengja leyst loftlínur af hólmi.

Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
*lifandi afl*

Sími 528 9000 • www.rarik.is















2

1

# Tónlistarveisla fjölskyldunnar



3

● Evrópska tónlistarveislan Eurovision fer fram annað kvöld. Ertu til í slaginn?

**1 Tíminn líður hratt** á gervihnattaöld. Eurovision byrjar á slaginu sjö annað kvöld. Eins gott að vera í réttu stellingunum. George Nelson Multi Color Ball klukka, frá Saltfélaginu, 25.500 kr.

**2 Kokkteilar,** helst bleikir, eru vel við hæfi á þessu glamúrkvöldi. Bleikur hristari ásamt barsetti, Byggt og búið, Kringlunni. 2.989 kr.

**3 Poppið** er nauðsynlegt í takt við evrópsku tónlistarveisluna. Í þessari skál verður poppið aldrei búið. Bleik poppskál, Byggt og búið, Kringlunni, 1.749 kr.

**4 Sósuþeytarinn** dregur fram popparann sem býr í hjarta okkar flestra. Hver hefur ekki sungið Eurovision-lög í sósuþeytara? Byggt og búið, Kringlunni, 2.176 kr.

**5 Glansandi toppur** kemur öllum í gott skap fyrir Eurovision. Toppur frá Zöru, Kringlunni, 5.795 kr.



4

5

# MOSFELL

## KERTO LÍMTRÉ

**Finnsk gæðavara**

**Létt og meðfærileg**

**Hátt brunaþol**

**Hæð eftir óskum**

**Lengd allt að 23 m.**

**Alltaf til á lager**

**16% meira eldþol**

**20% meira brotþol**

**KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni.**
**Leitið tilboða**

BYKO — Söluaðilar um allt land — HÚSASMIÐJAN

## KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS

# Innanhússhönnun í uppáhaldi

● Guðlaug Halldórsdóttir, eða Gulla, útskrifaðist sem textílhönnuður frá Listaháskóla Íslands árið 1998 og rekur nú lífsstílsverslunina 3 hæðir á Laugavegi. Þar segir hún hugmyndina vera að öll fjölskyldan eigi að geta komið og fundið eitthvað við sitt hæfi.



Gulla býður gesti sína velkomna á þriðju hæð verslunarinnar, þar sem hún er með kaffihús. Barborðið hannaði hún sjálf úr gömlum tekkhúsgögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Textíl er í rauninni efni eða þráður þannig að textílhönnun er hönnun úr öllu sem búið er til úr þræði,“ segir Gulla, spurð hvað felist í textílhönnun. „Það getur verið silki, gúmmí, vír eða hvað sem er,“ bætir hún við. „Textíl er þess vegna voðalega víðtækt því efni eru notuð svo víða, til dæmis í innanhússhönnun, fatahönnun og fleiru.“

Fyrst eftir að Gulla útskrifaðist úr Listaháskólanum sérhæfði hún sig dálítið í að þrykkja. „Þá hanna ég munstur og þrykki því á efni. Annars hef ég alltaf haft mikinn áhuga á innanhússhönnun svo ég hef mikið velt fyrir mér efnum fyrir híbýli, til dæmis púðum og gardínum,“ segir Gulla en hún hannaði til dæmis útlit veitingastaðanna Apóteksins og Þrastalundar á mjög smekklegan hátt. „Þegar ég kem inn á heimili fæ ég oft mynd í hugann og sé fyrir mér hvernig mér finnst best að hafa heimilið. Mér finnst ofsalega gaman að breyta einhverju og gera það fallegt.“

Gulla opnaði lífsstílsverslunina 3 hæðir í lok september á síðasta ári. „Hún er kölluð lífsstílsbúð vegna þess að hún er með mat, föt, hluti til heimilisins, tónlist, bækur og fleira. Hugmyndin á bak við verslunina er að allir eigi að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það er að skoða vörurnar eða bara fá sér kaffi og köku en það er kaffihús á efstu hæð verslunarinnar,“ segir Gulla, sem hannaði að sjálfsögðu allt útlit verslunarinnar.

„Mér finnst mjög gaman að taka gamla hluti og endurnýta þá. Ég hef til dæmis verið að gera púða úr gömlum fötum og það veitir mér vellíðan að taka eitthvað sem enginn lítur við og gera eitthvað fallegt og skemmtilegt úr því,“ segir Gulla en hún hannaði sjálf barborðið á efstu hæðinni úr gömlum tekkhúsgögnum.

Gulla segir að fyrir sumarið ætti fólk endilega að taka bjarta liti inn á heimilið og nefnir liti eins og bleikan, fjólubláan og lime-grænan. „Í rauninni ættum við alltaf að endurskoða heimilið tvisvar á ári, á vorin og haustin. Fyrir veturinn ættum við að taka inn teppi, kerti og fleira slíkt en fyrir sumarið ættu bjartari litir að ráða ríkjum, blóm og fleira. Maður er ferskari ef heimilið er ekki alltaf eins og það þarf ekkert að kosta neitt mikið,“ segir hin hugmyndaríka Gulla og brosir.

*sigridurh@frettabladid.is*



Gulla segir fólk oft lenda í vandræðum með einstaka glugga en hér hefur hún fundið sniðuga lausn því hún festi pappadúk í gluggana og límdi bókaplast yfir.



Þetta veggskraut er í raun filma sem Gulla hannaði og er límd á vegginn.



Gullu finnst gaman að gera eitthvað fallegt úr gömlum hlutum sem enginn lítur við lengur. Hér er skemmtilegur púði sem gerður er úr gömlum jakkafötum.



Í 3 hæðum selur Gulla ýmsa hluti frá finnska endurvinnslufyrirtækinu Secco en þar eru hannaðir fallegir munir úr endurunnu efni. Þetta veski er til dæmis úr slöngu innan úr dráttarvélardekki.






24

flýttu þér hægt...

# opið allan sólarhringinn...

- 10-11 Arnarbakka, Reykjavík
- 10-11 Austurstræti, Reykjavík
- 10-11 Barónsstíg, Reykjavík
- 10-11 Borgartúni, Reykjavík
- 10-11 Dalvegi, Kópavogi
- 10-11 Engihjalla, Kópavogi
- 10-11 Hafnargötu, Keflavík
- 10-11 Hafnarstræti, Akureyri
- 10-11 Hjallabrekku, Kópavogi
- 10-11 Hjarðarhaga, Reykjavík
- 10-11 Kaupangi, Akureyri
- 10-11 Langarima, Reykjavík
- 10-11 Laugarlæk, Reykjavík
- 10-11 Lágmúla, Reykjavík
- 10-11 Leifsstöð komusal
- 10-11 Lyngási, Garðabæ
- 10-11 Melabraut, Hafnarfirði
- 10-11 Seljavegi, Reykjavík
- 10-11 Sporhömrum, Reykjavík
- 10-11 Staðarbergi, Hafnarfirði

10 11

*...alltaf opið!*

www.10-11.is




567 7570 • 892 7544
SÖGUN • BORUN
BROT
BORTÆKNI
ÞEKKING • REYNSLA
www.bortaekni.is

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT


1


2

# Bútunum raðað saman

● Í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar verður opnuð sýning á bútasaumsverkum á morgun, laugardag, kl. 15.00. Verkin eru tólf og taka þátt í keppni um besta verkið. Sýningin er haldin í samstarfi við Íslenska bútasaumsfélagið. Hér er sýnishorn af þeim fjölbreyttu verkum sem verða til sýnis í Gerðubergi til 9. september.

**1. Vorboðinn** eftir Guðnýju Benediktsdóttur. Þröstur á grein vekur söknuð og heimþrá en þrastarútlínurnar eiga að ramma inn söknuðinn eftir stúlkunni.

**2. Dagdraumur** eftir Sigrúnu Kelleher. Verkið er úr silki og sýnir Jónas á strönd þar sem hann horfir á öldurnar og biður þær fyrir kveðju heim, sérstaklega til stúlkunnar sinnar.

**3. Hugsað heim** eftir Svövu K. Egilsson. Svava var undir áhrifum frá ljóðinu og lestri á ævisögu Jónasar. Frá Kaupmannahöfn hugsaði Jónas alltaf mikið heim til Íslands. Hann rannsakaði náttúru landsins, rúnaletur o.fl. og gerði margar skissur sem unnið er með í verkinu.

**4. Vorboðinn** eftir Petru Gísladóttur. Petra fékk hugmyndina að verkinu úr ljóði Jónasar, Ég bið að heilsa. Henni þykir ljóðið hugljúft og fallegt og minnir hana ávallt á vorið.

**5. Í sumardal** eftir Lilju Huld Sævars. Við lestur ljóðsins fór Lilja í hugarferð um fornar slóðir og fallega náttúru Öxnadalsins.

**6. Með rauðan skúf** heitir þetta verk eftir þau Dagbjörtu Guðmundsdóttur og Ebenezer Bárðarson. Þau vísa til fæðingarstaðar skáldsins með ljóðrænni myndbyggingu út frá ljóðinu um fegurð landsins. Hann er fjarri stúlkunni sem hann unnir en sendir kveðju með fuglinum um loftin blá í þeirri von að hún skynji hug hans.

**7. Ég bið að heilsa.** Þetta teppi er saumað úr frímerkjum en saumakonurnar eru þær Jónborg Sigurðardóttir og Herborg Árnadóttir. Hugmyndin er fengin frá bréfaskrifum Jónasar.


3


4


5


6


7

# Flotec
Water is Our Business

# DÆLUR FYRIR SUMARHÚS og aðra bústaði



... brunna- og borholudælur
... dælusett með þenslukeri og stjórnbúnaði
... háþrýstar þvottadælur

... gæða vörur
á hægstæðum verðum!



| 4" BORHOLUDÆLA SCM 4 PLUS 75/52 | DRAIN 120 / 6 M. flotrofa | VIP 100 / 6 M. flotrofa | WATERPRESS INOX | W.P. SUPERINOX | MP50 Bensín |
|---|---|---|---|---|---|
| 950 W | 280 W | 270 W | 800 W | 1100 W | 2,6 HP - 47,7 cc. |
| 56 m / 5,6 bar | 6 m / 0,6 bar | 6 m / 0,6 bar | 46m. / 4,6 bar | 50 m. / 5 bar | 30 m / 3 bar |
| 4500 l / klst. | 7000 l / klst. | 6500 l / klst. | 3600 l / klst. | 4200 l / klst. | 16200 l / klst. |
| Stál AISI304 | Stál og plast | Polypropylene | Ryðfrítt stál AISI304 | Ryðfrítt stál AISI 304 | Bensín m. 4% olíu.ibl. |
| Rafmk. 15 m. | Min vatnsh. 2 cm. | Min vatnsh. 2 cm. | min 2 / max 3 bar | min 2 / max 3 bar | Þyngd 8 Kg. |
| Stjórnbox m. öryggi | Kornastærð 6 mm. | Kornastærð 6 mm. | Stál 24 litra | Stál AISI 304 24 l. | Slöngust. 1" (25mm.) |
| Slöngutenging 1" | Slanga 1¼" | Slanga 1¼" | | | |




Smiðjuvegi 66
200 Kópavogi - S. 580 5800
LANDVÉLAR

STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akureyri - S. 461 2288

http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is



Húsið var ekki sjón að sjá þegar það var flutt á Bakkastíg og þarfnaðist töluverðra endurbóta.



Eldhúsið var tekið í gegn árið 2000. Það var málað upp á nýtt og innrétting og eldhústæki endurnýjuð.



Umskiptin eftir endurbygginguna eru hreint út sagt ótrúleg. Þess skal getið að húsið var að mestu leyti gert upp eftir upprunalegu útliti sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þar sem hjartað slær

● Við Bakkastíg 3 í Vesturbæ Reykjavíkur stendur reisulegt, yfir aldargamalt hús, sem hefur mikla sál og á merka sögu að baki.



Danskur stóll frá árinu 1884, bandarískur standlampi frá Fríðu frænku og klukka sem er erfðagripur, en sérríflaska er ávallt geymd á botni klukkunnar.

Húsið var upprunalega í eigu Þorsteins Þorsteinssonar skipstjóra, sem var oftast kenndur við Þórshamar. Hann fékk leyfi til að byggja sér hús á spildu úr Móakotslóð norðan við Lindargötu árið 1894. Húsið var kallað Bakkabúð og fékk fyrst húsnúmerið 23 og síðan 45 þegar húsnúmerum við Lindargötu var breytt árið 1941.

Bakkabúð stóð við Lindargötu næstu 97 árin, eða fram til ársins 1991, þegar nýir eigendur fengu leyfi til að láta flytja það á Bakkastíg 3.

Húsið hafði í millitíðinni lent í bruna og var illa farið. Nýju eigendurnir fengu samþykkt að láta endurbyggja húsið, leggja lagnir, setja í það nýja glugga og svo framvegis. Hvert herbergi var síðan tekið í gegn með kerfisbundnum hætti og óhætt að segja að nánast allt sé nýtt í húsinu.

Engu að síður var utanvert húsið að mestu leyti gert upp eftir sínu upprunalega útliti og steinhleðslan, sem var undir því á Lindargötu, notuð við uppbyggingu garðsins. Norðurhliðin er eini utanverði hlutinn sem er talsvert breyttur, þar sem aðalinngangur var fluttur þangað og stigahús byggt.

Umskiptin eru hreint út sagt ótrúleg eins og sést af meðfylgjandi myndum og eftir stendur 177,3 fermetra stórt bárujárnsklætt einbýlishús á tveimur hæðum með sex herbergjum, ásamt steyptum kjallara og risi.

Í dag er þetta fallega hús til sölu, þar sem eigendunum finnst orðið tímabært að halda á vit nýrra ævintýra og efast ekki um að nýir íbúar muni njóta þess að búa í því.

roald@frettabladid.is



Húsmóðirin á heimilinu hefur safnað bókum frá því að hún man eftir sér og á nú glæsilegt safn gamalla bóka, sem eru allar í upprunalegum kápum og því safngripir.



Stiginn er sérsmíðaður og nær alveg upp og niður í stigahúsi. Kjálkarnir eru úr furu og þrepin úr mahoní.



Nýju eigendurnir fluttu með sér þetta billjarðborð og ákváðu að hafa stofuna opna til að geta komið því fyrir. Allt skipulag hússins var miðað út frá þessu herbergi en þess má geta að eigendurnir vildu hafa sem mest af opnum svæðum í húsinu, til að hafa rúmgott og bjart í kringum sig.





# MEST

## Parket

Parket gefur heimilinu hlýlegt og fágað yfirbragð. MEST býður upp á mikið úrval af vönduðu parketi frá þýskum og austurrískum framleiðendum.







ENNEMM / SIA / NM27508

Opnunartími: Mán. – fös. kl. 8-18.

Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði
Hrísmýri 5, Selfossi
Leiruvogi 8, Reyðarfirði
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401
mest@mest.is / www.mest.is

mest
– allt til bygginga

# Fáðu þér sæti

● Fáir nytjahlutir hafa orðið hönnuðum oftar að viðfangsefni en stólar. Þessir einföldu hlutir, sem gegna þó lykilhlutverki í daglegu lífi okkar, taka á sig ýmsar listilegar furðumyndir í höndum hönnuða um allan heim. Sumir stólar eru hannaðir með þægindin í huga en aðrir eru meira fyrir augað en rassinn.


1

**1. Túlipanastóllinn** eftir Finnann Eero Saarinen (1910-1961). Saarinen ólst frá þrettán ára aldri upp í Bandaríkjunum en lagði stund á listnám í París og Yale í Bandaríkjunum. Árið 1937 hóf hann samstarf með öðrum þekktum hönnuði, Charles Eames, en sameiginleg húsgagnalína þeirra vakti mikla athygli.

**2. Tungustólar** eftir Frakkann Pierre Paulin. Stóllinn kom fyrst á markað 1967.

**3. Ludwig Mies van der Rohe** (1886-1969) hannaði þennan stól úr krómi og leðri. Mies van der Rohe fæddist í Þýskalandi en bjó bróðurpart ævinnar í Bandaríkjunum. Hann er álitinn brautryðjandi nútíma arkitektúrs.

**4. Kúamynstur** prýðir setuna á þessum stól eftir Ilmari Tapiovaara (1914-1999). Hinn finnski Tapiovaara er þekktastur fyrir húsgögn sín og textílhönnun.

**5. Garðstóll** eftir ungverska hönnuðinn Peter Ghyczy (1940). Stóllinn ber nafnið Eggið og var hannaður af Ghyczy árið 1968. Hann var upphaflega ætlaður sem garðhúsgagn en hægt er að leggja bakið niður og þannig verður stóllinn vatnsþéttur.


2


3


4


5




## hönnun

● **WILLIAM MORRIS (1834-1896)** var enskur listamaður, rithöfundur, sósíalisti og aðgerðarsinni. Hann var einn af stofnendum breska lista- og iðnsambandsins en er þó best þekktur fyrir hönnun sína á veggfóðri og textíl. Morris stofnaði ásamt vinum sínum, Dante Gabriel Rossetti, Edward Burne-Jones, Ford Madox Brown og Philip Webb, listamannasambandið The Pre-Raphaelite Brotherhood. Morris og félagar hans vildu að allir hefðu efni á list. Hér má sjá tvenns konar veggfóður úr smiðju Morris.






FERMAX
DYRASÍMAR fyrir heimili
Ýmsar gerðir, bæði venjulegir og með skjá
Upplýsingar í síma 553 5600.
RAFSÓL
Skipholti 33 • 105 Reykjavík • Sími 553 5600 • www.rafsol.is • rafsol@rafsol.is

umhverfisvæn
varmaeinangrandi
hlý og mjúk
höggdeyfandi
hljóðdempandi
Marmara kork
........á öll gólf !
Þ.Þ & CO
Þ. ÞORGRÍMSSON & CO
Armúla 29, 108 Reykjavík. S: 553 8640
www.korkur.is

## hönnun



● **BAKKAR** koma ávallt að góðum notum þegar gesti ber að garði. Ekki sakar að bakkarnir séu fallegir eins og þessi fagurlega skreytti egglaga bakki frá Habitat. 3.900 krónur.



● **TANNBURSTADODDI** geymir tannburstann þinn þegar hann er ekki í notkun. Doddi er úr gúmmíi og því lítið mál að þrífa þessa skemmtilegu viðbót við baðherbergið. Doddi er til í Fríðu frænku og kostar 800 krónur.

## húsráð







● **NÝ NOT FYRIR NAGLALAKK**

Naglalakk hefur meira notagildi en margan gæti grunað. Fyrir utan augljósan tilgang er hægt að mála alla silfurlituðu lyklana á kippunni með ólíkum tegundum naglalakks. Þetta er nefnileg fín leið til að aðgreina lyklana og leggja síðan á minnið hvaða litur gengur að hvaða hurð. Svo er líka skemmtilegt að hafa lyklana í öllum regnbogans litum, rauðum, grænum, svörtum og fjólubláum.



Þessi framtíðarlegi svefnklefi er hluti af Rotoliving system, húsakynnum framtíðarfjölskyldunnar sem Colombo hannaði 1970.



Rotoliving system dregur dám af innvolsi geimskips Barbarellu í samnefndri kvikmynd frá árinu 1968.

# Um heima og geima

● Ítalinn Joe Colombo gat sér góðan orðstír fyrir hönnun framtíðarlegra vistarvera.



Colombo taldi hlutverk sitt vera að hanna fyrir framtíðina og eru sköpunarverk hans undir augljósum áhrifum frá þeirri trú, samanber þetta eldhús.



Æpandi litir eru áberandi í hönnun Colombo, samanber húsakynnin Visiona „habitat of the future", sem hann gerði árið 1969.



Colombo sá fyrir sér að menn myndu búa í alrýmum í framtíðinni eins og hér sést þar sem eldhús, borðstofa og stofa eru saman í einum pakka.

Á stuttum en glæstum ferli hannaði Ítalinn Joe Colombo (1930-1971) ýmsar nýjungar, sem gerðu hann um tíma að áhrifamesta vöruhönnuði á Ítalíu eða þar til hann lést um aldur fram úr hjartaáfalli.

Colombo byrjaði tiltölulega seint að hanna, eða í kringum þrítugt. Hann hafði upphaflega ætlað sér að að verða málari og myndhöggvari, en hætti við þegar hann fékk tækifæri til að innrétta djassklúbb í Mílanó og innritaðist í hönnunarnám við skólann Milan Polytechnic undir lok sjötta áratugarins.

Colombo var afkastamikill í þann rúma áratug sem hann starfaði við hönnun og var upptekinn af því að hanna húsgögn framan af. Er fram liðu stundir fór hann að innrétta vistarverur í framtíðarlegum stíl.

Colombo taldi hlutverk sitt sem hönnuðar að skapa framtíðarlegt umhverfi. Húsgögn hans eru ágætis vitnisburður um þá sannfæringu og mætti í því samhengi nefna Universale-stólinn frá árinu 1965, sem var eingöngu gerður úr plasti, og vakti lukku þegar hann var fjöldaframleiddur tveimur árum síðar.

Hugmyndaflug Colombos virtust engin takmörk sett og fyrr en varði var hann farinn að hanna heilu húsakynnin, sem minntu á innvols geimskipa í vísindakvikmyndum frá sjötta og sjöunda áratugnum.

Alrýmin Visiona „habitat of the future" frá árinu 1969 og Rotoliving system frá árinu 1970 eru nærtæk dæmi um ímyndunarafl Colombos. Hann hannaði þau með þarfir og þægindi framtíðarfjölskyldunnar í huga, þar sem plasthúsgögn, svefnhylki og loðin teppi í æpandi litum voru fyrirferðarmikil.

Colombo entist ekki aldur til að sjá þegar síðasta hönnunarverkefni hans, Total Furnishing, var afhjúpað á sýningunni The New Domestic Landscape í MoMa í New York 1972. Hönnuðurinn lést á sjálfan afmælisdaginn sinn, 30. júlí, aðeins 41 árs gamall.

*roald@frettabladid.is*





# ný lína frá ifö

sameinar fegurð og notagildi

Ifö



## SALERNI

### Ifö Sign

Traust, einföld og hljóðlát, hærri en venjuleg salerni og taka minna pláss en þig grunar. Vatnskassi í heilu lagi er staðall á öllum Ifö Sign salernum. Það gerir salernið fallegra og auðveldara að þrífa. Engin samskeyti sem óhreinindi safnast fyrir í og kassinn laus við raka. Möguleiki á hæglokandi setu.



## INNRÉTTINGAR

### Ifö Sense Art

Nýtískulegar innréttingar fyrir þá sem gera kröfur. Hagkvæmar skúffur og rúmgóðir skápar. Innréttingarnar koma tilbúnar til uppsetningar. Smekkleg hönnun og skemmtilegar lausnir, margar stærðir og gerðir.



## HANDLAUGAR

### Ifö Sign

Nýju handlaugarnar frá Ifö koma í öllum stærðum og gerðum, frístandandi eða sem hluti innréttingar. Eitt einkenni þeirra er stórt og mikið yfirborð sem gefur handlaugunum áberandi stíl og eykur notagildi þeirra.

Ifö fékk hinn þekkta danska arkitekt, Knud Holscher til að hanna nýja heildarlínu. Útkoman er glæsileg hönnun, allt frá innréttingum, salernum og handlaugum til spegla og tilheyrandi.

Ifö sameinar þægindi, fegurð og notagildi.

Komdu, upplifðu úrvalið og sjáðu nýjar lausnir fyrir baðherbergið þitt.

**Hannaðu heimilið með Tengi**

**Opið:**

| | |
|---|---|
| Virka daga | 08-18 |
| Laugardaga | 10-15 |

TENGI

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Smiðjuvegur 76 | Kópavogur | Sími 414 1000 | Fax 414 1001 | tengi.is |
| Baldursnes 6 | Akureyri | Sími 414 1050 | Fax 414 1051 | |

H:N markaðssamskipti / SIA



# Frístundakort

## *Nýtt styrkjakerfi í frístundastarfi*

**Auglýst er eftir samstarfsaðilum á vettvangi æskulýðs-, íþrótta- og menningarstarfs í Reykjavík.**

Reykjavíkurborg mun í haust taka upp nýtt styrkjakerfi, **Frístundakort**, vegna þátttöku barna og unglinga **6 til 18 ára** í æskulýðs-, íþrótta- og menningarstarfi frjálsra félaga í borginni.

Með Frístundakortinu má greiða hluta af kostnaði við þátttöku í **íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi** á vegum félaga og samtaka sem starfa í Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum.

Markmið Frístundakortsins er að auðvelda börnum og unglingum í Reykjavík að sinna **uppbyggilegu frístundastarfi** óháð efnahag fjölskyldna.

Skilyrði fyrir því að styrkurinn nýtist til greiðslu á hluta kostnaðar við þátttöku er að félagið geri formlegan samning við Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur um aðild að Frístundakortinu.

Félög sem þátt vilja taka í hinu nýja styrkjakerfi geta sótt um að gerast aðilar að samningi þar sem skilyrði og gæðaviðmið eru útlistuð.

Með samningnum er leitast við að tryggja markmið Frístundakortsins og þess sérstaklega gætt að:

- **nýtt styrktarkerfi leiði til aukins jöfnuðar í aðgengi að frístundastarfi**
- **ekki verði óeðlilegar hækkanir á gjaldskrám eða öðrum kostnaði**
- **fagleg gæði og viðmið í starfsemi gjaldi ekki fyrir aukna þátttöku**

**Umsóknarfrestur er til 21. maí nk.**

Nánari upplýsingar ásamt umsóknareyðublaði eru á heimasíðu ÍTR, **www.itr.is**

ÍTR



# ÉG ætla að bíða

því ég vil ekki láta vímuefni eyðileggja öll mín framtíðarplön

vegna þess að það er ekki hægt að spóla til baka ef illa fer

vegna þess að mig langar að hitta fólk án þess að þurfa að hugsa um lyktina út úr mér eða hvort eitthvað sjáist í augunum og svoleiðis.

vegna þess að mig langar að vita hvernig ég virka í þessum heimi

vegna þess að ég er á kafi í tónlist og mér finnst ekki til betri tilfinning en að syngja með öllum líkamanum og finna fyrir hverri frumu, ef þið skiljið hvað ég á við.

vegna þess að ég er ástfangin

vegna þess að mig langar til að lifa heil

því ég er nokkuð forvitinn um framtíðina og vil helst ekki missa af henni

því næstu ár gera mig að því sem ég verð, kannski alla ævi

vegna þess að ég er ekki tilbúin til að breytast í eitthvað annað en sjálfa mig

bara vegna þess að þannig get ég alltaf vitað hvað er að gerast og hverjir eru vinir mínir

því ég vil læra á sjálfa mig og geta sent öðrum rétt skilaboð, sérstaklega strákum auðvitað

af því að ég vil geta sagt satt og sleppt öllu stressi

því ég er verulega einstakur og vil að fólk læri smám saman að meta mig fyrir það sem ég er

vegna þess að … sjálfan mig fyrst

vegna þess að ég ætla mér að verða besta mögulega útgáfan af mér

vegna þess að þegar ég er ég finnst mér ég geta allt, og svoleiðis vil ég vera, - á mínu svæði einhvern veginn

maður þarf að hafa á hreinu hvað maður er að gera til að geta gert það betur næst

af því að þegar ég les get ég upplifað allt sem ég vil og samt verið ég sjálf allan tímann

af því að það er nógu flókið að vera unglingur þó maður bæti ekki ruglinu við líka

út af því að ég er alltaf að taka myndir og finnst það bara málið

vegna þess að vinur bróður míns dó út af töflum sem hann tók og hann var samt nýbúinn að segja mér að hann væri með allt á hreinu

af því að ég ætla að kynnast mér eins og ég er

því ég er of upptekin við að skrifa bloggið mitt

vegna þess að árin fram að tvítugu er maður í bakaraofninum og eins gott að taka ekki sénsinn á að opna of snemma því þá gæti allt farið í klessu

KB BANKI

samfo SAMSTARF UM FORVARNIR

Reykjavíkurborg Forvarnanefnd

FRÉTTABLAÐIÐ

MyPocket Productions

FÆÐING BARNS ER ALLTAF GLEÐILEG. FÆÐING TVÍBURA ER HELMINGI GLEÐILEGRI. SIRKUS RÆDDI VIÐ FJÓRAR TVÍBURA-MÖMMUR.

# YNDISLEGT AÐ EIGA TVÍBURA

## Skemmtilega ólík tvíburasystkini

Við fengum áfall þegar við vissum að þau væru tvö en þetta hefur gengið mjög vel," segir Heba Pétursdóttir, 20 ára, sem ásamt kærastanum sínum, Atla Rafni Viðarssyni, á tvíburana Christian Blæ og Emilí Björt sem eru að verða tíu mánaða. Heba og Atli Rafn voru nýfarin til Danmerkur í skóla þegar í ljós kom að Heba var ófrísk. „Við komum heim áður en þau fæddust og ákváðum að fresta náminu," segir Heba og bætir við að Christian Blær og Emilí Björt hafi fæðst mánuði fyrir tímann. „Fæðingin gekk vel en þau voru tekin með keisara. Þau vaxa og dafna eins og um eitt barn sé að ræða," segir hún hlæjandi og bætir við að þau séu farin að sýna hvort öðru mikla athygli. „Þau eru alltaf voðalega glöð að sjá hvort annað en eru líka farin að slíta og tæta dótið af hvort öðru." Heba segir systkinin afar ólík, bæði útlitslega og sem persónur. „Þau eru skemmtilega ólík. Hún er mjög ákveðin ung dama og veit hvað hún vill en hann er ljúfur og góður," segir hún og bætir við að þau Atli Rafn komi líklega ekki með fleiri börn á næstunni. „Þetta varð fullkomið í þetta skiptið svo við þurfum ekkert að gera þetta aftur," segir hún hlæjandi.



KEISARAR Heba Pétursdóttir á tvíburana Christian Blæ og Emilí Björt.



## Margir tvíburar í fjölskyldunni

Stóra systir er bæði áhugasöm og hjálpleg," segir Ólöf Ingunn Björnsdóttir en hún og Vilhjálmur Magnússon eiga tvíburana Björn Ívar og Magnús Má. Þeir eru eins árs og stóra systir þeirra, Hafdís Rut, er að verða sex ára. Ólöf Ingunn segir að það hafi verið dálítið sjokk í fyrstu að fá fréttir um að von væri á tvíburum en í raun hafi þetta ekki komið mikið á óvart þar sem mikið er um tvíbura í fjölskyldunni. „Mamma mín er tvíburi og pabbi Vilhjálms líka auk þess sem það eru fleiri tvíburar í föðurfjölskyldu minni svo þetta er úti um allt," segir hún brosandi og bætir við að Björn Ívar og Magnús Már séu afar ólíkir, enda séu þeir tvíeggja. „Þeir eru eins og svart og hvítt og margir segjast aldrei hafa séð svona ólíka tvíbura. Magnús Már er allur stærri og mikið matargat á meðan Björn ætlar að verða lítill og nettur. Þeir eru farnir að leika sér saman en stundum slettist upp á vinskapinn eins og gengur og gerist," segir hún og bætir við að það sé notaleg tilhugsun að vita til þess að þeir hafi hvor annan í framtíðinni. „Þetta er búið að ganga alveg rosalega vel en við höfðum búið okkur undir að fyrsta árið yrði erfitt. Ég bjóst reyndar við að þetta yrði erfiðara. Hafdís Rut er mjög ánægð með bræður sína og dugleg að hjálpa en henni finnst þetta erfitt líka enda hafði hún verið eina barnabarnið svo lengi."



## Afanum hafði verið spáð tvíburum

Við vorum ekkert rosalega hissa þegar við fréttum að við ættum von á tvíburum þar sem það hafði verið búið að spá því fyrir pabba," segir Thelma Ögn Sveinsdóttir en hún og Andrés Birkir Sighvatsson eiga tvíburana Sindra Loga og Söndru Lísu sem eru tíu mánaða. Thelma Ögn segir ágætt að hafa fengið tvö börn í einu því þau Andrés séu engin unglömb. „Þetta hefði kannski verið sjokk fyrir tíu árum en þegar maður byrjar svona seint er fínt að fá tvö strax í byrjun," segir hún brosandi og bætir við að systkinin séu oftast góð saman. „Sandra Lísa er svolítið stríðin og hefur gaman af því að taka af Sindra Loga dótið. Hún er meiri púki en hann. Annars eru þau voðalega góð," segir Thelma sem er nýbyrjuð að vinna eftir fæðingarorlof. „Ég er að vinna á kvöldin og um helgar og þá er maðurinn minn með þau sem er mun auðveldara en að skilja þau eftir hjá barnapíu." Spurð hvort þau ætli að eignast fleiri börn segir hún framtíðina munu leiða það í ljós. „Ég er allavega ekki tilbúin strax og ætla að njóta þess að vera með þau lítil. Þau verða líka að fá sinn tíma, það er nógu erfitt að vera tvíburi og fá ekki þjónustu strax."



KRAFTAVERKABÖRN Hildur Kristín og Ásta María ásamt mömmu sinni.

## Guðsgjöf og kraftaverkabörn

Þær eru mjög ólíkar, bæði í karakter og útliti," segir Inga Vala Jónsdóttir í Súðavík en hún og Loftur Ingason eiga tvíburadæturnar Hildi Kristínu og Ástu Maríu. Stelpurnar fæddust eftir glasafrjóvgunarmeðferð en Inga Vala þurfti á gjafaeggi að halda sem systir hennar gaf henni. Systurnar komu undir í fyrstu tilraun og eru því sannkölluð kraftaverkabörn. „Þær eru þvílík guðsgjöf og ekkert annað en kraftaverkabörn," segir mamma þeirra stolt og bætir við að Ásta María sé skapmeiri á meðan Hildur Kristín sé meðfærilegri. Systurnar eru nýorðnar eins árs og mamma þeirra segir áhuga þeirra á hvor annarri að vakna. „Þær eru farnar að leika sér saman en eiga það til að klípa hvor aðra. Ég held það sé voðalega gaman að vera tvíburi," segir Inga Vala brosandi og bætir við að síðasta ár hafi verið yndislegt. „Þetta er búið að vera erfitt með tilheyrandi andvökunóttum en maður lætur sig hafa það." Inga Vala er farin út á vinnumarkaðinn eftir barneignarleyfið og stelpurnar eru komnar á leikskóla. „Maðurinn minn tók fæðingarorlof og var heima með þeim fyrst eftir að ég fór að vinna. Mér fannst rosalega erfitt að fara frá þeim en sá fljótlega að karlinn gat þetta líka. Maður þarf að treysta þessum karlmönnum. Nú eru þær hins vegar komnar á leikskóla og tilheyrandi flensur og veikindi tekin við."

indiana@frettabladid.is


Sex Hróa Hattar staðir
eitt símanúmer
55 44444
15 tommu tilboð
komdu og nældu þér í 15 tommu pizzu
með 3 áleggstegundum, 2 l. kók
og vænan skammt af kjúklingavængjum
ásamt sósu að eigin vali.
á aðeins... 2000 kr.
GRÁÐOSTA- SÓSA
HVÍTLAUKS- SÓSA
HUNANGS- SINNEPSSÓSA
KJÚKLINGA- SÓSA
–í pizzum erum við bestir!
PIZZA
Hrói Höttur
Coca-Cola
Hunt's
-fullt af fjöri
Kópavogur: Smiðjuvegi 2
Reykjavík: Fákafeni 11
Hringbraut 119 • Langarima 21
Hafnarfjörður: Hjallahrauni 13
Selfoss: Austurvegi 22
Gildir þegar pizza er sótt. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir til 1. júní 07
Kjúlli frá Ísfugli
langflottastur

# Hollywood Hanna

## Bumbulínur á galakvöldi



Leikkonurnar Naomi Watts og Salma Hayek létu ekki óléttuna stöðva sig og mættu stórglæsilegar á galakvöldið. Watts geislaði í kjól frá Zac Posen og greinilegt að óléttan fer henni mjög vel. Hayek mætti ásamt unnusta sínum á galakvöldið í kjól frá Balenciaga. Salma verður án efa kynþokkafyllsta mamman í Hollywood.



## Brjóstin á útopnu



Jessica Simpson var að sjálfsögðu mætt á galakvöldið í kjól frá Roberto Cavalli. Kjóllinn var vel fleginn og fengu brjóstin svo sannarlega að njóta sín. Undanfarið hafa þau verið meira áberandi en Jessica sjálf. John Mayer, kærasti Jessicu, hlýtur alveg að fíla þetta.

## Ástfangin af módeli

Kate Bosworth er yfir sig ástfangin af nýja kærastanum sínum James Rousseau. Það fór ekki á milli mála hver væri hennar maður á galakvöldinu. Þessi sæta mynd náðist af mjög innilegri stund.






# IB-NÁM Í MENNTASKÓLANUM VIÐ HAMRAHLÍÐ
# INTERNATIONAL BACCALAUREATE DIPLOMA PROGRAMME

## Spennandi valkostur fyrir metnaðarfulla nemendur – jafnt íslenska sem erlenda

**MH er aðili að International Baccalaureate samtökunum (IBO) og býður upp á tveggja ára námsbraut sem býr nemendur undir háskólanám. Náminu lýkur með alþjóðlegu stúdentsprófi sem virtir háskólar um allan heim viðurkenna. MH býður einnig eins árs undirbúningsnám áður en IB-námið hefst. Auk hins bóklega náms er lögð áhersla á að þroska nemendur og efla félagsanda þeirra á ýmsan hátt.**

Hamrahlíð College (MH) is a member school of the International Baccalaureate Organization (IBO). This gives the College the right to offer the IB Diploma Programme, a comprehensive pre-university curriculum. Taught in English, the two-year course ends with standardised exams recognised by universities world-wide. The school also offers a preliminary year for younger students. In addition to the academic subjects, students are encouraged to develop a strong sense of their own identity as well as an understanding of others.

**Formlegur umsóknarfrestur er til og með 11. júní.**



**Upplýsingar veitir**

**Aldís Guðmundsdóttir, IB -stallari í síma 595 5233 • aldisg@mh.is og ibstallari@mh.is • http://www.mh.is/**




SVAKA SKVÍSUR Stella McCartney fékk að klæða Scarlett Johansson og Amber Valletta.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

GALAKVÖLD ÁRSINS Í NEW YORK

# SKYLDUMÆTING!



SÆTUST Cameron Diaz var ómótstæðileg í þessum Christian Dior-kjól.

**Ef það er eitthvert kvöld sem Hollywood-liðið vill alls ekki missa af þá er það Costume Institute Gala sem haldið er árlega í Metropolitan-safninu í New York. Ef þú ert alvörustjarna þá mætirðu þangað. Aðalatriði kvöldsins er að vera í flottasta kjólnum og mæta með hönnuð upp á arminn. Þetta er svo vinsælt kvöld að mamma ársins í Hollywood, Jennifer Garner, skildi dóttur sína eftir hjá Ben Affleck til að mæta og Sandra Bullock lét einnig sjá sig þrátt fyrir að einhver kolklikkuð kona hafi nýverið reynt að drepa mann hennar. Njótið kjólanna.**



EKKI SMART Kirsten Dunst er nú yfirleitt mjög töff týpa, en þessi kjóll er ekki alveg að gera sig. Nýi kærastinn er samt sætur.



FLOTT Renée Zellweger er engin Bridget Jones í þessum Carolina Herrera-kjól.



HEITAR BLEIKAR VARIR Christina Ricci fer ekki framhjá neinum með þennan bleika varalit. Kjóllinn er frá Calvin Klein.

STÓRGLÆSILEG Sandra Bullock hefur sjaldan litið jafn vel út og í þessum Alberta Ferretti-kjól. Hún lét sig ekki vanta á þetta stórskemmtilega kvöld þótt hún og maður hennar séu enn að jafna sig eftir morðtilraun sem hann varð fyrir.

# ERT ÞÚ BESTI ÞJÁLFARINN?

**Settu saman þitt draumalið!**



## DRAUMADEILD LANDSBANKANS

**Glæsileg verðlaun í boði fyrir bestu þjálfarana:**

1. verðlaun: Ferð fyrir tvo á leik í Meistaradeildinni
2. verðlaun: PS3 leikjatölva og fótboltaleikur
3. verðlaun: PSP leikjatölva og fótboltaleikur

Vertu með frá byrjun á
**www.visir.is/draumadeild**

vísir.is

# helgin

## Uppáhalds sundlaugin



„Uppáhaldssundlaugin mín er að sjálfsögðu sundlaugin í Hveragerði, svo ég tali nú ekki um frábæra gufubaðið þar. Mæli stórlega með því.“

**Hildur Magnúsdóttir HARA**

„Á uppvaxtarárunum í Breiðholtinu var það Breiðholtslaugin. Eftir viðkomu í Norðurmýrinni, með Sundhöll Reykjavíkur sem aðal, flutti maður í Kópavoginn og þar er Salalaugin að sjálfsögðu langbesta laugin í heiminum. Það er jafn erfitt að gera upp á milli þessara lauga og barnanna sinna, allar eru þær sérstakar eins og við fólin sem sullum í þeim.“



**Bergsveinn Arelíusson söngvari**

„Norðan heiða er það sundlaugin á Þelamörk, þar er engu líkt að slaka á og njóta kyrrðarinnar. Sunnan heiða er Sundlaug Seltjarnarness í mestu uppáhaldi enda dásamlegt að synda í sjóblönduðu vatninu. Þar er líka yndislegt andrúmsloft og vatnsgufubaðið og nuddpotturinn óborganleg.“



**Björg Þórhallsdóttir söngkona**

„Uppáhaldssundlaugin mín er á Seltjarnarnesi. Ég held það sé sjávarsaltið sem ég hrífst af. Ég bý í Norðlingaholti og það er óneitanlega styttra í Árbæjarlaug og sú laug er glæsileg og sniðin að þörfum barnanna. Mér finnst skemmtilegt að prófa nýjar sundlaugar úti á landi og laugin á Sólheimum í Grímsnesi gefur mér eitthvað alveg einstakt.“

**Eva Dögg Sigurgeirsdóttir**



sirkus

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm.
**Ritstjórn** Óskar Hrafn Þorvaldsson oskar@frettabladid.is, Indíana Ása Hreinsdóttir, indiana@frettabladid.is **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is,
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000
**Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is

## Hvað á að gera í sumarleyfinu?



„Ég fer til Mallorca í tvær vikur í júní, elska þessa litlu eyju og myndi helst vilja búa þar. Svo geri ég eitthvað skemmtilegt hér heima, eyði alltaf ómældum tíma í garðinum og umhverfinu mínu en ég er svo heppin að búa í „sveitinni“ rétt innan borgarmarkanna.“

**Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland**



„Í sumarleyfinu ætla ég að fljúga eftir því sem ég hef fjaðrir til.“

**Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndaleikstjóri**



„Við hjónin vonumst til að ná einni viku með tærnar upp í loft á Spáni, annars standa til mörg dásamleg og spennandi söngferðalög.“

**Kirstín Erna Blöndal söngkona**



„Ég er í fæðingarorlofi og ætla að reyna að ferðast um landið í sumar með fjölskyldunni. Við förum örugglega í tjaldútilegu og í sumarbústað.“

**Selma Björnsdóttir söngkona**

# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR ÁFRAM. SIGURÐUR KÁRI SIGRAÐI GERÐI KRISTNÝJU Í SÍÐUSTU VIKU OG KEPPIR HÉR VIÐ SÓLVEIGU BERGMANN.



**1. Hver lék aðalhlutverkið í Cocktail sem kom út árið 1988?**

**2. Hvaða hljómsveit á lagið Verum í sambandi sem mikið hefur verið spilað á íslenskum útvarpsstöðvum upp á síðkastið?**

**3. Krónprinsar hvaða landa eignuðust barn á dögunum?**



**4. Hvað heitir nýkjörinn forseti Frakklands?**

**5. Fyrir hvað var París Hilton dæmd í fangelsi?**

**6. Fyrir hvaða lið ekur ökuþórinn David Coulthard í Formúlu 1?**

**7. Hver á vinsælasta bloggið á Íslandi?**



**8. Hvaða ár var fyrsta 17-verslunin opnuð við Laugaveg?**

**9. Gluggar hvaða myndhöggvara eru komnir heim til Íslands frá Þýskalandi?**



### Sigurður Kári

**1.** Tom Cruise.
**2.** Baggalútur.
**3.** Danmerkur og Spánar.
**4.** Nicolas Sarkozy.
**5.** Fyrir ölvunarakstur.
**6.** McLaren.
**7.** Ellý Ármanns.
**8.** 1983.
**9.** Einars Jónssonar.



### Sólveig Bergmann

**1.** Tom Cruise.
**2.** Veit ekki.
**3.** Danmerkur og Noregs.
**4.** Sarkozy.
**5.** Að aka ölvuð.
**6.** Red Bull.
**7.** Ellý Ármanns.
**8.** 1983.
**9.** Gerðar Helgadóttur.

**Sólveig Bergmann sigrar Sigurð Kára með sex réttum svörum gegn fimm. Sigurður Kári skorar á Rúnar Frey leikara. Fylgist með í næstu viku.**

**Rétt svör: 1.** Tom Cruise. **2.** Sprengjuhöllin. **3.** Krónprins Dana og Spánar. **4.** Nicolas Sarkozy. **5.** Ölvunarakstur. **6.** Red Bull. **7.** Ellý Ármanns. **8.** 1976. **9.** Gerðar Helgadóttur

PÁLL ÓSKAR STENDUR FYRIR ÁRLEGU EUROVISION-PARTÍI ANNAÐ KVÖLD.

# Ekki nógu bjartsýnn

„Nú eru bara jólin. Þetta er alltaf jafn gaman,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, sem stendur fyrir Eurovision-partíi á Nasa á laugardagskvöldið, fimmta árið í röð. „Ég er kominn í ofsalega góðan fíling enda um einstakt partí að ræða. Eurovision er bara einu sinni á ári og því eins gott að njóta á meðan er,“ segir Páll Óskar, sem byrjar að spila stundvíslega kl. 23. „Gengi íslenska lagsins skiptir aldrei máli þegar kemur að þessu partíi, röðin nær alltaf að Alþingishúsinu. Að venju verður spilað inn á nostalgíuna og flottustu Eurovision-lög allra tíma spiluð auk þess sem fullt af stjörnum treður upp. Þar á meðal Silvía Nótt og Eurovision-drottningin sjálf, Selma Björnsdóttir, og Friðrik Ómar. Ég upplifi Friðrik Ómar sem Eurovision-stjörnu og tel aðeins tímaspursmál hvenær hann keppir fyrir okkar hönd,“ segir Páll Óskar. Spurður um gengi Eiríks Haukssonar viðurkennir Palli að vera ekkert svo bjartsýnn. „Ég er með smá hnút í maganum. Eiríkur Hauksson er með ofsalega fallega rokkrödd frá náttúrunnar hendi en í leiðinni alveg laus við alla stæla. Hann er yndislegur maður og ég stend með honum alla leið og óska honum alls hins besta. Vesenið er hins vegar að öll góðu lögin í keppninni verða flutt á fimmtudaginn en hin lélegu og metnaðarlausu lögin komast sjálfkrafa áfram svo fórnarlömbin verða mörg og ég hef áhyggjur af að Eiríkur Hauksson verði eitt þeirra,“ segir Palli, sem telur Búlgaríu og Úkraínu sigurstranglegustu löndin. „Ég elska Búlgaríu og hún Verka, dragdrottningin frá Úkraínu, kann sko til verka.“

*indiana@frettabladid.is*



**PÁLL ÓSKAR Páll Óskar veðjar á framlag Búlgaríu og Úkraínu. „Ég elska Búlgaríu og hún Verka, dragdrottningin frá Úkraínu, kann sko til verka.“**

# SIRKUS ER MEIRA LESINN EN MOGGINN!*




Takk fyrir góðar viðtökur

Sirkus kemur alltaf með Fréttablaðinu á föstudögum. Blaðið er fullt af skemmilegu og lifandi efni fyrir ungt fólk á öllum aldri. Viðtökur ykkar er okkur hvatning til að halda áfram á sömu braut.

*skv. símakönnunn Capacent sem gerð var í janúar og febrúar.




sirkus

ALLTAF MEÐ FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM




# Fjölbreytt störf í framsækinni atvinnugrein

Íslenskur sjávarútvegur er öflugur og framsækinn. Hann er í fremstu röð í heiminum og sóst er eftir sjávarafurðum, þekkingu og þjónustu frá Íslandi.

**Skipstjórnar- og vélstjórnarnám í Fjöltækniskólanum** er fjölbreytt nám sem veitir aðgang að vel launuðum störfum, bæði á sjó og í landi.

Kynntu þér **skipstjórnar- og vélstjórnarnám** hjá **Fjöltækniskólanum** á **www.fti.is.**
**Umsóknarfrestur rennur út 10. júní n.k.**

Við bjóðum einnig nám í flugstjórn til atvinnuflugs og nám á náttúrufræðibraut, skipstækni, véltækni, raftækni, flugtækni og Diploma nám á háskólastigi.

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

## Dýrahald



2 mán papillon tík til sölu, aðeins ein eftir úr gotinu. Sprautuð og örmerkt. Ættbók fylgir frá Íshundum. S. 863 8596.

Óska eftir að koma 6 ára írskur shetter hundi í pössun. Frá 14. mai til 5. júli. Uppl. í s. 866 7363.

Til sölu litlir og fallegir Chihuahua hvolpar. Uppl. í s. 858 7747.

3 sætir hvolpar til sölu, undan hreinr. Collie (Lassi) og Border Collie. Verð 18 þús. Uppl. í s. 695 4595 & 434 1429.

### Óður frá Brún.

Óður verður í Húnavatnssýslu í sumar. Laus pláss. Verð 25.þús.+vsk. Uppl. í s. 456 1231 & 893 1038.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**Losaðu þig við fitupúkana fyrir sumarið! Þriðjudaginn 15. maí kl: 19.00 til 21.00**

**Þorbjörg mun gefa nákvæm fyrirmæli um hvernig þú minnkar um tvær stærðir á 4 vikum án þess að svelta. Mæting kl: 19.00 til 21.00 í Heilsuhúsinu Lágmúla. Einnig veittur afsláttur á matvöru og bætiefnum í Heilsuhúsinu. Síðast komu færi að en vildu. Verð 3.900 kr.**

**Bókun á námskeiðið í síma 692 8489 eða á tobba@10grunnreglur.com**

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

### Orlofshús á Akureyri

Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó.

## Hestamennska



**Kvennareið Kvennareið!!!**

**Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu kl. 18.30 í kvöld.**

**Kveðja Stjórn Kvennadeildar Fáks.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

3 herb. 110.000 á mán. langtímaleiga. uppl. 867-1467

### Herbergi til leigu

20fm herbergi á svæði 108 til leigu. Nánari uppl. í s. 898 9946.

Herbergi til leigu í nokkra mán, í miðbæ Rvk. Uppl. í s. 868 1023.

## Húsnæði óskast

Ungur reglusamur maður óskar eftir herb. með aðgangi að eldh. eða litilli íbúð. Skilvísum gr. heitið. Uppl. í s. 867 2204. Ef.kl. 16.

5 manna, reglusöm fjölsk. með traustar og skilvísar greiðslur bráðvantar húsnæði eða jörð með nothæfum húsakosti á. Staðsetning skiptir engu. Langtímaleiga. Við erum alvön öllum sveitastörfum og getum aðstoðað við sauðburð, heyskap og margt fl. ef húsnæði er til staðar. Allar nánari uppl. í s. 866 5310.

Bráðvantar 2ja herb. íbúð í 101 eða 107, reglusemi,góðri umgengni heitið og öruggum greiðslum. Uppl. s. 8205879

Áttu til efni í sökkul uppslátt? Hafðu samband í 860-8014; Þráinn

Hjón með 5.börn óska eftir 4-5. herb. íbúð til leigu frá 1. júni á árborgarsvæðinu. Svör sendist á guddag@visir.is

Óska eftir 3.herb. íbúð fyrir 1. Ág. í Kópav. Uppl. í s. 867 4392.

Óskum eftir að taka á leigu sem first 5 herb. íbúð/parhús/raðhús eða einbýli. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 555 3890 & 898 2716.

## Sumarbústaðir

### Sumarhús til sölu

**Húsið er í landi Hallkelshóla, Víðilundur 72. Húsið er 38 fm og er heilsárshús. 2 svefnherb., stofa, eldhús, snyrting, forstofa og geymsla fyrir garðyrkjuáhöld. Húsið er panelklætt að innan, heitt og kalt vatn, rafmagnskynding. Húsið er á leigulóð til 40 ára. Fokhelt 26 fm bjálkahús er við hliðina á húsinu, sem sett var upp 2006. Steyptar hafa verið undirstöður undir sólpall sem tengir bæði húsin. Mikill gróður er á landinu sem er 1 ha. Mikið er af 6-8 m háum öspum og stórum greintrjám. Gott bílastæði fyrir ca. 4-5 bíla.**

**Uppl. í s. 848 4397 & 564 4795. Opið hús nk. sunnudag milli kl. 14-17.**

### Sumarhús til flutnings

**Húsið er 60 fm og að mestu frágengið. (vantar innréttingar og gólfefni). Komin verönd, rafmagn, fataskápar, o.fl. Byggt af nemum í leiðsögn meistara. Húsið er til sýnis við Verknámshús (horni á Skólabraut/Vesturgötu).**

**Nánari upplýsingar og sýning á húsi Sigurgeir 821 2436 og Steini 896 1899 Tekið er við tilboðum til 16. maí 2007.**



### Sumarhús í Svínadal

**Glæsilegt 100m² fullbúið 2ja hæða heilsárshús á steyptum sökkli með steyptri gólfplötu. Hitaveita og gólfhiti er í húsinu. 4800 m² leigulóð til 50 ára. Húsið skiptist: Á neðri hæð er forstofa, baðherbergi, 2 svefnherbergi, borðstofa/stofa og eldhús. Á efri hæð er 1 stórt svefnherbergi og stórt alrými. Stutt er í 3 golfvelli og 3 veiðivötn. 45 mín akstur frá Rvk.**

**Frekari upplýsingar veittar í símum 897 9777 og 898 5500. Verð kr. 24,9 milljónir.**

Til sölu 9000 þ. fm. eignarlóð í Grímsnesi í landi Miðengis, búið er að taka sökkul og rotþró, teikningar og byggingarleyfi fylgja með. Sjón er sögu ríkari. V. 7,8 milj. Uppl. í s. 693 5705 Sigurður.

Sumarbústaðarlóð óskast í landi Miðfells við Þingavallavatn. Uppl. í s. 893 4694 eftir kl 14.

Til Sölu SumarhúsaLóð Eignarlóð í Grímsnesi Stutt Frá Þrastarlundi ca 5 Mín Akstur Frá ÞrastarLundi 5.32 Hektarar verð 2.9 Mills Áhvílandi 1550.000.-Uppl í s 699-5801 Þröstur Eða 699-6661 Árni

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**AVM Starfsmannalausnir geta fundið fyrir ykkur frábæra starfskrafta frá Englandi**

**-bæði karla og konur, svo sem byggingariðnaði, matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Starfsmannalausnir geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikindi, frí eða skamman fyrirvara er að ræða. Við komum vel fram við starfsfólk okkar & afköstin eru eftir því.**

**Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**

**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki. Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Aktu Taktu**

**Aktu Taktu Leitar eftir starfsfólki í 100% vaktavinnu og hlutastarfi. Aðeins reglusamt og duglegt fólk kemur til greina. Ef þú villt vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá er þetta rétti staðurinn fyrir þig. Umsóknir á aktutaktu.is.**

**Starfsmenn óskast**

**Til útiverka, góð laun og mikil vinna.**

**Upplýsingar í síma 894 7010.**

**Atvinna atvinna**

**Óskum eftir hressu og skemmtilegu sölufólki í sumarhúsgögn. Fullt starf og góð laun í boði fyrir rétta einstaklinga. Upplýsingar gefur Njáll í síma 820 8001, Rúmfatalagerinn.**

**Okkur vantar hressan, duglegan og jákvæðan starfsmenn í sal og á bar!**

**Fullt starf eða hlutastarf. Rótgróin rekstur. Lágmarksaldur er 18 ára.**

**Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is**

**Upplýsinga um starfið veiti Sophus s.893-2323**

**MEIRAPRÓFS-BÍLSTJÓRAR REYKJAVÍK**

**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumar- og framtíðarstarf í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Olíudreifing greiðir fyrir ADR námskeið. Starfið stendur báðum kynjum til boða.**

**Allar nánari upplýsingar veitir: Helgi í síma 550-9937 umsóknir sendist á tölvupóstfang helgim@odr.is**

**Tískuvöruverslunin Mambó**

**Óskum eftir traustum og duglegum starfskrafti í 50%starf. Á aldrinum 25-35 ára, í verslun okkar í Hafnarfirði. Áhugi á tísku og verslunarstörfum er skilyrði, ásamt því að vera tilbúin til að taka að sér ábyrgð í verslunninni. Skemmtilegir möguleikar fyrir réttu manneskjuna.**

**Upplýsingar gefur Hafdís í síma 660 1153.**

**Garðaumhirða/reykjanesbær**

**Óskum eftir að ráða nokkra starfsmenn í sumarvinnu við ýmis garðyrkjustörf, bílpróf æskilegt + ef menn eru með meirapróf eða vinnuvélaréttindi en þó ekki skylirði**

**Uppl. í s. 821 2575 milli 18-20.**

**Loftorka Reykjavík.**

**Óskar eftir vanann vélamann á minni beltavél. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.**

**Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525.**

**Shellskálinn Reyðarfirði**

**Rekstur Shellskálans á Reyðarfirði er laus til umsóknar. Ýmsir möguleikar eru til að byggja upp góðan rekstur og taka að sér umsjón með eldsneytissölu og sölu á rekstrarvörum fyrir Skeljung.**

**Nánari upplýsingar veita Ingvi J. Ingvason rekstrarstjóri Shellstöðva eða Rebekka Ingvarsdóttir starfsmannastjóri í síma 444 3000. Umsóknir berist Skeljungi hf., Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík eða á ri@skeljungur.is. Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðunni www.skeljungur.is**

### Markaðs- og ritstjóri

Vefurinn 18plús.is (XXX samfélag íslendinga á netinu) vill ráða markaðs- og ritstjóra. Frekari uppl. á www.18plús.is ~~(Sjá: Atvinna í boði).~~

### Símadömur óskast

Rauða Torgið leitar samstarfs við glaðlyndar símadömur. Nánari upplýsingar á www.raudatorgid.is

### Djarfar upptökur óskast

Rauða Torgið vill kaupa djarfar upptökur kvenna. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is og í s. 535-9969.

Starfsfólk óskast í vaktavinnu á veitingastað/ísbúð í Hafnarf. Uppl. í s. 896 4040.

Veitingastaður austur á landi óskar eftir að ráða Matreiðslumann/ frkvstj. 863-8705

Fyrirtæki í ferðaþjónustu óskar eftir bifreiðastjórum með ökuréttindi fyrir hópbifreiðar. uppl. í síma 894 4606 og 894 1910

Starfsfólk óskast í sal á veitingahús í Hafnarfirði. Uppl. í s. 699 3434.

### Jensson's ehf.

Leitum að málurum sem fyrst, eða fólki vönu málaravinnu. Hringið í s. 660 6074 eða sendið uppl. á jenssons_ehf@yahoo.com

Starfsfólk óskast í prentsal BROS ehf. Viðkomandi þarf að læra prentun á fatnað og merkjavöru. Mikil vinna framundan. Áhugasamir hafi samband við framleiðslustjóra. S: 569-9031

Okkur vantar duglegann starfsmann í uppvask og aðstoð í eldhúsi, þarf að geta byrjað strax. Umsóknir á www .3frakkar.com

Ræstingar. Traustur og stundvís starfsmaður óskast í 50% starf sem fyrst. Vinnutími 8-12 virka daga. Umsóknir sendist á Sjúkraþjálfun Afl, Borgartúni 6 eða á afl@islandia.is

### Uppfylling sf

Óskar eftir að ráða vana vörubílstjóra og vélamenn. Nánari uppl. í s. 892 1033, Sigurður.

### Svarti Svanurinn

Óskar eftir starfskrafti í fullt starf og hlutastarf. Uppl. á staðnum og í síma 897 6966. Svarti Svanurinn, Rauðarástíg 6.

### Blikksmíði-iðnaðarmenn

Óskum eftir að ráða blikksmið, trésmiði og laghenta aðstoðarmenn einnign nema í blikksmíði. Uppl. í s. 897 3357 & 861 6420.

Starfsmenn vantar í sauðburð á Norðurlandi. Upplýsingar í síma 452-4976.

Starfsfólk óskast í vetingasöluna í golfskálum á Seltjarnarnesi (NK) til miðjan sept. Vaktavinna. Uppl. í s. 865 8077.

### Starfsfólk í Garðvinnu

Óska eftir starfskröftum í garðslátt og umhirðu. Uppl. í s. 691 9151. Garðlíf.

Húshjálp óskast í hlutastarf í Vesturbæ Rvk. til að þrífa litla íbúð. Mike s. 699 8257.

Óska eftir þjónum og aðstoðarfólki í veitingasal. Kvöld- og helgarvinna. Rauðará Steikhús, sími 562 6766 & 699 2363.

### Verktakafyrirtæki

leitar af starfsmönnum í hellulagnir. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl í s. 897 4583, Tóti.

Starfskraftur óskast á Bílasölu Á Höfuðborgarsvæðinu. Lágmarksaldur 25ára. Tölvukunnátta, Stundvísi Og Reglusemi Skilyrði. Meðmæli væri ekki verra. Um er að ræða framtíðarstarf Hjá Rótgrónu Fyrirtæki Sem hefur skapað Góða Ímynd. Uppl Listar@visir.is

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

Gott viðmót: Góðan daginn elskan mín, takk í dag elskan mín, hafðu það gott. MESS.

## Einkamál







# ÚTBOÐ

VOGAR
– færast í vöxt

## Útboð

# Eldhús

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir tilboðum í framleiðslu á mat fyrir skóla, leikskóla og stofnanir sveitarfélagsins. Verkefnið felst í því að framleiða heitan mat í eldhúsi við Tjarnarsal og afhenda hann á ákveðnum tíma í viðkomandi stofnun, tilbúinn til matreiðslu á diska eða í ákveðnum skammtastærðum, eftir því sem við á hverju sinni.

Bjóðendum er jafnframt heimilt að leggja fram hugmyndir að samstarfi við sveitarfélagið um rekstur á glæsilegum veislu- og samkomusal sveitarfélagsins, Tjarnarsal.

**Helstu magntölur:**
Áætlaður fjöldi máltíða á fyrsta ári
Grunn- og leikskólamáltíðir
Nemendur yngri en 12 ára 32.500
Nemendur eldri en tólf ára 11.305
Máltíðir eldri borgara 1.750
Starfsmannamáltíðir 9.165
Alls 54.720

Verklýsing og útboðsgögn verða seld á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2 190 Vogum, frá kl. 14 þann 14. maí. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Tilboð verða opnuð á sama stað kl. 14 þann 29. maí 2007.

**Bæjarstjóri**

# Draumastaður til að búa á.

Til sölu um 15 hektara landspilda á fallegum stað í Kjósinni. Landið er mest móar og tún. Glæsilegt útsýni. Mjög góð staðsetning og veðursælt. Algjör útivistarperla, göngufæri í veiði, örstutt í golf, siglingar og fleira. Góðar reiðleiðir.
Um 30 mínútna akstur frá Reykjavík- engin göng eða heiði á leiðinni.

Algjör draumastaður til að búa á til og njóta náttúrunnar.
Allar nánari upplýsingar í s: 895-7745 eða á:
**sleipnir@visir.is**

## Sumarhús til sölu



Frum

Húsin eru 72,2 fm með svefnlofti 37 fm. **Verð 8,5 millj. óuppsett. Verð kr 11. millj. uppsett** með inntéttingum, gólfefnum og raflögnum (rafmagnstæki fylgja ekki). Getum útvegð hús eftir öllum teikningum gerum verðtilboð í sumar- og heilsárshús.

Geymið auglýsinguna

***Upplýsingar í símum 697 6900 og 698 9091***

# Smiðsverk ehf.

Óskum eftir vönum mönnum í byggingarvinnu í Rvk, einnig smiðum. Góð verkefnastaða, húsnæði möguleiki.

Uppl. í s. 663 4455 & 663 4457.

# Háseti

Vanur háseti óskast á beitningavélaskipið Kristrúnu RE-177 frá Reykjavík.

Uppl. Í símum 852-3089 & 520-7306



## VANTAR ÞIG VANA IÐNAÐARMENN?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG PÍPULAGNINGARMENN?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

## Lausar kennarastöður

Kennara vantar í uppeldisfræði, 18 kennslustundir, og ensku, fullt starf.

Íþróttakennara vantar í fullt starf. Nauðsynlegt er að íþróttakennarinn hafi knattspyrnu sem sérgrein og geti tekið að sér að leiðbeina efnilegu knattspyrnufólki. Í haust hefst kennsla í sérstökum áföngum fyrir afreksíþróttafólk framtíðarinnar í handknattleik, knattspyrnu og körfuknattleik.

Laun eru skv. kjarasamningi ríkisins og KÍ.

**Umsóknarfrestur er til 18. maí.**

Upplýsingar veitir aðstoðarskólameistari í síma 570 5600.

**Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími: 570-5600**
**Símbréf: 567-0389 Tölvupóstur: fb@fb.is**

**www.fb.is**

FASTEIGNASALAN GIMLI 570 4800
Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800**

## MIÐTÚN 44
**TVEGGJA ÍBÚÐA PARHÚS M/ ÚTLEIGUMÖGULEIKA**





Frum

Vorum að fá í einkasölu fallega og mikið endurnýjaða íbúð með sérinngangi, sem er hæð og ris samtals 133 fm. Eignin er nýlega standsett s.s rafmagn, gler, gluggar og þak, einnig hefur ris verið allt endurnýjað að innan. 3-4 svefnh. 2-3 stofur. eldhús. 2 baðh. Gólfefni eru parket og flísar. Auka íbúð er nýl. standsett 2ja herb. 67 fm. Nýl. hvít háglans innr. í eldhúsi, allt nýl. standsett á baði. Gólfefni er parket og flísar. Nýl. raflagnir. Hægt að kaupa saman eða í sitthvoru lagi.
**Verð hæðar og riss 38,0 millj. - Verð aukaíbúðar er 15,9 millj.**
**Falleg eign á eftirsóttum stað**

Kjöreign ehf

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**FAX 533 4041**
**OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17**
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

**Fasteignasala • Ármúli 21 • www.kjoreign.is**

## ÍBÚÐ Í LEIGU - HAGSTÆÐ KAUP



Frum

**STRANDVEGUR GARÐABÆ**
Falleg 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð með stæði í bílageymslu. Íbúðin er 119,1 fm. Góð stofa með hurð út á stórar flísalagðar svalir. Fallegar innréttingar og rúmgóð herbergi. Þvottahús í íbúð. Áhvílandi 19 millj. hagstætt lán frá Kaupþing. Íbúðin er í útleigu til 1/10 08, mánaðarleiga ca. 140 pr. mán.
**Verð: 35.8 millj.**

**Kristinn Valur Wiium**
**Sölumaður, sími: 896 6913**

**Ólafur Guðmundsson**
**Sölustjóri, sími: 896 4090**

Hvað er að frétta?



Fréttir af fólki_
www.visir.is
vísir

frum

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR ALLT
UMBROT

**Grensásvegi – 12A – sími: 568 1000**
**frum@frum.is – www.frum.is**

# Íbúar á Norðausturlandi vita að hverju þeir ganga

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál

Vitræn umræða um umhverfismál kallar á að málaflokkurinn sé ræddur með vísindalegum rökum og í hnattrænu samhengi. Virkjun sem hér er byggð og nýtir okkar umhverfisvænu og endurnýjanlegu orkulindir dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Stefna VG felur ekki í sér lausnir í umhverfismálum. Þar er fyrst og síðast á ferðinni þjóðernissinnuð náttúruvernd sem byggir röksemdafærslu sína á tilfinningum fremur en vísindum.

Ég geri að sjálfsögðu ekki athugasemdir við að Íslendingar, hvar í pólitík sem þeir standa, hafi sterkar skoðanir á umhverfismálum og náttúruvernd. Ég geri hins vegar athugasemdir við að viðhafður sé sá málatilbúnaður að Ísland þurfi ekki – eða geti ekki – lagt eitthvað að mörkum til sjálfbærrar þróunar í heiminum. Ég geri athugasemdir við hugmyndir á borð við þá að virkjunin á Kárahnjúkum verði látin standa ónotuð sem minnisvarði um „heimsku mannanna“, eins og ég hygg að það hafi verið orðað. Ég hlýt að spyrja hvort það sé í anda umhverfisverndar að láta virkjunina verða veðri og vindum að bráð og grotna niður? Virkjanir eru ekki annað hvort góðar eða slæmar. Það getur farið vel saman að vera fylgjandi því að virkja auðlindir landsins, en þykja á sama tíma vænt um og virða náttúruna.

**Laun hækka og verðmæti fasteigna eykst mest á Austurlandi**

Í málflutningi gegn álveri á Bakka og Reyðarfirði hefur ýmsum rangindum verið haldið á lofti. En mest áberandi eru þó staðhæfingar um að þessi uppbygging ryðji burtu öðrum og


VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

hugnanlegri atvinnutækifærum sem bíða handan við hornið. Að í álveri séu aðeins láglaunastörf í boði og eingöngu fyrir karlmenn. Hið rétta er að laun í álveri eru ágætlega borguð. Meðallaun ófaglærðra verða yfir 300 þúsund á mánuði á Reyðarfirði og laun iðnaðarmanna fara yfir 400 þúsund eftir þjálfunartíma. Þetta teljast varla lág laun. Auk þess hafa álfyrirtækin hér á landi verið í fararbroddi í menntun starfsmanna sinna, aðbúnaði og starfsmannastefnu almennt. Álverin þykja eftirsóknarverðir vinnustaðir sem bjóða upp á fjölbreytt störf, enda helst þeim vel á sínu starfsfólki. Þá er rétt að halda því til haga að konur verða þriðjungur starfsmanna Alcoa Reyðaráls.

Áður en framkvæmdir við stóriðjuframkvæmdir hófust á Austurlandi voru laun í fjórðungnum með þeim lægstu á landinu. Þau hafa nú náð landsmeðaltalinu og gera má ráð fyrir að þau fari upp fyrir það. Húsnæðisverð hefur hækkað hlutfallslega mest á Austurlandi og eignir íbúanna því orðið verðmætari. Næststærsta höfn landsins er nú risin á Reyðarfirði sem mun gjörbreyta flutningum til og frá fjórðungnum og hafa gríðarleg áhrif. Að auki hefur Alcoa staðið fyrir uppbyggingu í byggðarlaginu, meðal annars á sviði landgræðslu og gerð íþróttamannvirkja. Ákvörðun um virkjana- og álversframkvæmdir markaði spor í byggðarþróun í fjórðungnum, spor sem mun hafa verið og verða áfram til heilla.

**Að styðja við hugmyndir og vilja heimamanna**

Með því að nýta auðlindirnar stuðlum við jafnframt að því að landið sé í byggð og að þéttbýliskjarnar geti dafnað og blómstrað. Við viljum hafa byggð í landinu öllu. Þar liggur meðal annars hagur umhverfisins. Víða í þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni, eins og t.d. á Húsavík og Raufarhöfn, hefur íbúum fækkað undanfarin ár. Einkum fækkar ungu fólki á meðan hinir eldri sitja eftir. Ástæðan er fyrst og fremst að ekki eru nógu mörg störf í boði fyrir unga fólkið. Við þessari þróun verður að sporna. Reynsla okkar frá álverinu á Reyðarfirði sýnir að verði álver reist á Bakka við Húsavík myndu ekki eingöngu Húsvíkingar finna fyrir áhrifum, heldur myndi áhrifanna gæta í byggðakjörnum og sveitinni í öllum fjórðungnum, m.a. á Laugum, Kópaskeri, Raufarhöfn, í Mývatnssveit og á Akureyri svo að dæmi séu tekin. Starfsmenn hugsanlegs álvers yrðu 300-350 talsins og afleidd störf 600-800. Reiknað er með að íbúum í Þingeyjarsýslu muni fjölga um 1.000 komi til framkvæmda. Þannig skapast ný störf og til yrði kjölfesta í byggðarlaginu. Ég veit að heimamenn munu áfram styðja þessa ákvörðun og ég mun ekki liggja á mínu liði til þess að draumur þeirra um blómlega atvinnuuppbyggingu verði að veruleika.

Ég treysti því að íbúar Norðausturkjördæmis horfi til þess á kjördag hverjir hafa staðið í fylkingarbrjósti fyrir mestu framkvæmdum og uppbyggingu í Íslandssögunni. Með stuðningi við Framsóknarflokkinn vita kjósendur að hverju þeir ganga.

*Höfundur er utanríkisráðherra og frambjóðandi Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi.*

# Fjölhæfur þingmaður

**UMRÆÐAN**
Kosningar

Andri Snær Magnason metsöluhöfundurinn, sem samdi DRAUMALANDIÐ, handbók handa hræddri þjóð, varpaði eftirfarandi spurningu fram á vorþingi Íslandshreyfingarinnar á sunnudaginn: „Hversu oft eignast þjóð mann sem býr landið eins og lófann á sér og miðlar því til landsmanna af þekkingu, mælsku og ástríðu? Mann, sem þekkir fjöllin, jöklana og flýgur í gegnum eldgosin? Hversu oft eignast þjóð mann, sem er kvikmyndagerðarmaður, kappaksturshetja, flugmaður, rithöfundur, söngvari, dansari og textahöfundur? Mann eins og Ómar Ragnarsson?“ Öll vitum við svarið. Það er ekki ýkja oft. Raunar sárasjaldan. Og þegar slíkur maður gefur okkur kost á því að setjast inn á Alþingi Íslendinga er það kostur, sem við ættum sem flest að taka tveimur höndum. Það yrði okkur ekki aðeins til sóma heldur löggjafarsamkomunni til mikils gagns og nytsemdar.

Það eru ekki margir á Alþingi sem búa yfir þeirri fjölhæfni sem Ómar Ragnarsson hefur ræktað með sér í gegnum árin. En því til viðbótar kemur að þar fer maður sem ann landi sínu og þjóð af fágætri innlifun, ekki með neinni innilokunarkennd eyjaskeggjans, heldur hefur hann kappkostað að setja íslenskar náttúruperlur í alþjóðlegt samhengi og sýnt okkur fram á að það er skylda okkar við umheiminn og alþjóðasamfélagið að halda utan um þær og varðveita þær, seinni tíma kynslóðum Íslendinga og öðrum jarðarbúum til yndis og


ÓLAFUR HANNIBALSSON

upplyftingar. Og jafnframt hefur hann sýnt fram á að við höfum ótal aðra möguleika til að halda uppi efnahagslegri hagsæld og sjálfbærum hagvexti, ef við bara komum auga á tækifærin og nýtum okkur þau, höldum uppi háu menntunar- og menningarstigi, og skipum þekkingu og tæknikunnáttu í öndvegi með nærfærinni umgengni við umhverfi okkar.

Það er ekki langt síðan embætti umhverfisráðherra var stofnað. Í því ráðuneyti hefur verið unnið margt gott verk. En því miður hafa fæstir þeirra, sem því embætti hafa gegnt, haft til að bera það hugarfar sem þarf. Þeir hafa verið nógu ákafir til að friðlýsa ákveðin svæði, en jafnundanlátssamir, um leið og sérhagsmunirnir hafa látið á sér kræla og flokkseigendurnir skipað þeim fyrir.

Íslandshreyfingin er nýtt stjórnmálaafl og á vissulega á brattann að sækja. Hana vantar enn herslumuninn til að rjúfa 5-prósenta múrinn. Þau prósent sem á vantar eru dýrmætustu prósentin í þessari kosningabaráttu, því að þau skila ekki bara Ómari inn á þing heldur mundi hann taka með sér tvo aðra þingmenn eða þingkonur og innsigla með því fall stóriðjustefnunnar.

*Höfundur er blaðamaður og skipar 2. sæti lista Íslandshreyfingarinnar í Reykjavík norður.*

# Gleðiefni

**UMRÆÐAN**
Samgöngur


ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Mikil umræða hefur verið um tvöföldun Suðurlandsvegar. Upphaflega átti það að kosta 14 m.a.kr en nú hafa einkaaðilar sagst geta leyst verkefnið fyrir 7,5-8 m.a. kr. Það er fagnaðarefni og sýnir eins og svo oft áður að einkaaðilar geta leyst verkefni með mun hagkvæmari hætti en áður. Þessar nýju tölur opna fyrir þann möguleika að um leið og ráðist er í að bæta umferðina austur fyrir fjall er jafnframt hægt að bæta öryggi umferðar út úr borginni vestur á land.

Umferðaröryggismál eru mér hugleikin og fyrir mér eru það forgangsverkefni að skilja á milli umferðar úr gagnstæðum áttum á vegum út frá höfuðborgarsvæðinu. Í fyrstu leit úr fyrir að tvöföldun austur fyrir fjall myndi tefja úrbætur í umferðaröryggi á leiðinni vestur í Borgarnes. Báðar þessar leiðir eru hættulegar vegna þess hve umferðarþunginn er mikill og því verður að bæta umferðaröryggi á þeim báðum eins fljótt og kostur er. En í þessu máli eins og mörgum öðrum koma einkaaðilar að með hagkvæmar lausnir sem verða til þess að hægt er að auka umferðaröryggi á báðum þessum leiðum án þess að önnur framkvæmdin bitni á hinni.

*Höfundur er frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.*



# Þurfum að fá félagshyggjustjórn

UMRÆÐAN
Kosningar

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að æskilegt sé að fá félagshyggjustjórn eftir langvarandi stjórnartímabil íhalds og framsóknar. Falli stjórnin mun stjórnarandstaðan, Kaffibandalagið, ræða saman um stjórnarmyndun. Ég tel að það verði ekki vandamál fyrir stjórnarandstöðuna að ná samkomulagi um málefni. Meira vandamál verður að meta hvað telst hæfilegur meirihluti fyrir félagshyggjustjórn. Ég hygg þó, að menn muni tefla á tæpt vað í því efni.

Skoðanakannanir hafa sýnt Sjálfstæðisflokkinn með fylgi á bilinu 37-42%. Reynslan hefur hins vegar leitt í ljós, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur yfirleitt fengið minna fylgi í kosningum en í skoðanakönnunum. Ég hygg, að það verði eins nú. Ég spái Sjálfstæðisflokknum 37% fylgi. Framsókn fékk í síðustu kosningum meira fylgi en í skoðanakönnunum fyrir



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

þær kosningar. Ég er ekki viss um, að það gerist nú. Ég spái því, að Framsókn fái 10-12% fylgi.Ef þessi spá gengur eftir að því er varðar stjórnarflokkana heldur stjórnin ekki velli , ekki nema mörg atkvæði detti dauð niður. Skoðanakannanir hafa sýnt Samfylkinguna með mjög breytilegt fylgi en hún hefur verið að sækja í sig veðrið eftir því sem nær hefur dregið kosningum. Þegar vika var til kosninga sýndi Fréttablaðið Samfylkinguna með 24% atkvæða. En atkvæðamagn Samfylkingarinnar í einstökum kjördæmum hefur reynst mun meira samkvæmt könnunum, t.d. tæp 30% í Kraganum og 28% í Suðurkjördæmi. Ég spái því, að Samfylkingin fái 26-28%. Fylgi VG hefur einnig rokkað mikið í skoðanakönnunum. Í síðustu kosn-



BLÁA HÖNDIN KEMUR VIÐ OKKUR ÖLL TEIKNING/GUÐMUNDUR BJÖRGVINSSON

unum hefur VG verið með fylgi undir 20% . Ég spái því, að VG fái 20%. Frjálslyndir hafa átt á brattann að sækja. Ég spái þeim 7-8%. Þeir fá þingmenn en ekki Íslandshreyfingin.

Þegar kosningabaráttan hófst töldu margir að kosningarnar mundu snúast um umhverfismálin. En svo er ekki. Kosningarnar snúast fyrst og fremst um velferðarmálin, málefni aldraðra og öryrkja, málefni barna og geðfatlaðra og heilbrigðismálin. Nátengd þessum málum eru kjaramál og skattamál. Misskipting og ójöfnuður hefur aukist mikið á stjórnarferli íhalds og framsóknar. Samfylkingin vill snúa þróuninni við og auka á ný jöfnuð í þjóðfélaginu. Samfylkingin vill bæta kjör aldraðra og öryrkja verulega. Hún vill endurreisa velferðarkerfið, sem hefur drabbast niður í tíð íhalds og framsóknar.

Sjálfstæðisflokkurinn er búinn að ráða alltof lengi í íslensku þjóðfélagi. Flokkurinn hefur ekki aðeins viljað ráða í pólitíkinni heldur einnig í viðskiptalífinu. Flokkurinn hefur vilja skipta viðskiptaaðilum í lið, þá sem eru þóknanlegir og þá sem ekki hljóta náð fyrir augliti Flokksins. Slíkt gengur ekki í nútíma þjóðfélagi. Það er kominn tími til að Bláa höndin fái hvíld.

*Höfundur er frambjóðandi Samfylkingarinnar.*

RAFMAGNSOFNAR
appliance ofnar á góðu verði
2000W 11.990
1500W 9990
1000W 8990
500W 5990
OPIÐ ALLA DAGA
mán-fös 09:00 - 18:00
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 12:00 - 16:00
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 2888

# Eru Vinstri grænir „grænir“?

UMRÆÐAN
Náttúruvernd

Hingað til er það aðeins nafnið sem þeir skreyta sig með, af því að það er það vinsælasta í dag. Það hefur blekkt margt umhverfissinnað fólk sem hefur haldið að flokkurinn vilji vinna að því að gera gráu eyðimörkina, landið okkar, grænt á ný.

Ekki hefur heyrst orð frá þeim um uppblásturinn sem er að fara með leifarnar af náttúrulegu gróðurþekjunni sem einu sinni þakti landið skógi og blómjurtum. Rányrkjuna þarf að stöðva, það er á elleftu stundu. Þeir sjá bara, eins og hinir, stöðvun framkvæmda við álver og virkjanir og skáka í því skjóli að kjósendur haldi að með því séu þeir að bjarga vistkerfi landsins. Sannleikurinn er sá að álver með nútíma tækni menga stöðugt minna, og skapa störf og tekjur í ríkissjóð, á meðan mengun úr niðurníddu gróðurlendinu okkar skilar meiri mengun út í andrúmsloftið en allur skipaflotinn.

Enginn af stjórnmálaflokkunum hefur enn þá haft kjark til að taka á þessu stærsta vandamáli þjóðarinnar, rányrkjubúskapnum á landinu, af ótta við að missa atkvæði þeirra bænda sem vildu ekki breyta sínum miðalda búskaparháttum í nútíma horf á meðan einhverjar gróðurtutlur finnast á stórskemmdum upprekstrarlöndum. Þó væru mörg hver algerlega örfoka ef landgræðslan, á kostnað skattborgaranna, væri ekki stöðugt að reyna að verja þau.



HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Ég minni hér helst á Vinstri „græna“ af því að þeir eru að blekkja fólk með þessu græna nafni. Í Velvakanda fyrir skömmu skrifar Baldvin Atlason, garðyrkjufræðingur, að enn megi heyra „æpandi þögn“ Vinstri grænna um uppblásturinn á landinu. Og hvað með Framtíðarlandið? Ætla þeir að græða upp þessa stóru gráu eyðimörk? Ekki orð um uppgræðslu frá þeim,



græn framtíð á víst að koma með stöðvun virkjana. Enn er ef til vill von um að Íslandsflokkurinn taki málið upp á sína arma.

Erum við orðin eitthvað rugluð af öllum þessum tilfinningaþrungna áróðursæsingi gegn Kárahnjúkavirkjun að við sjáum ekki að hún er lítið mál miðað við stóra vandamálið: gróðureyðinguna sem skilar framtíðinni örfoka landi þrátt fyrir örvæntingarfulla baráttu Landgræðslunnar. Ef ekki finnst „hetja“ eða hetjur sem segja: „hingað og ekki lengra“ nú gerum við eins og Nýsjálendingjar gerðu fyrir hálfri öld þegar þeir sáu að þeir voru að stórskaða gróður landsins. Þeir fækkuðu skepnunum um helming og settu restina í girðingar. Ræktuðu síðan upp landið. Nú er það orðið fyrirmynd annarra þjóða sem eiga við þetta vandamál að stríða, nema ekki okkar fyrirmynd, við erum föst í fortíðinni eins og þjóð í álögum. Það kom hingað náttúrufræðingur frá Nýja-Sjálandi fyrir nokkrum árum. Hann var undrandi yfir landskemmdunum hérna og gat ekki skilið hvers vegna væri ekki brugðist við. Það ætti að vera auðvelt hjá svona fámennri þjóð. Það er ótrúlegt hvað fólk er almennt grunlaust um sorglegt ástand landsins. Getur verið að það sé ekki á dagskrá í skólakerfinu frekar en í allri umræðu um umhverfismál, sem eru þó mikið í tísku en heita bara framkvæmdir, mengun og átroðningur ferðamanna.

Á sjálfan grunnvandann er ekki minnst, ekki einu sinni af menntuðu fólki í umhverfismálum. Búum við í þvílíku valdaþjóðfélagi að fólk í opinberum stöðum sé stöðugt hrætt um að vera fjarlægt, ef það er ekki á línu yfirvalda? Ég hef því miður orðið vitni að því.

Kjósendur í vor, ég skora á ykkur að gefa þeim flokki atkvæði ykkar sem lofar að vinna að friðun og uppgræðslu landsins svo hér verði búandi fyrir afkomendur okkar, og við verðum ekki til aðhlægis öðrum þjóðum fyrir að láta skepnur éta undan okkur landið.

*Höfundur er leikkona og fyrrv. form. Lífs og lands.*

Vorhátíð Glerárkirkju
13.maí. Kl.11:00 - 13:00
Fjölskylduguðsþjónusta
Nemendur úr Tónlistarskóla Akureyrar leika á harmoniku og blokkflautu frá 10:45 í kirkjunni
Barnakór og Æskulýðskór Glerárkirkju syngja undir stjórn Ástu Magnúsdóttur
Geiri gleðigaur kemur í heimsókn og fuglinn Konni vill vita hvort hann sé trúður
Grillaðar pylsur í boði kirkjunnar, trúður, hoppukastalar og fleira á útisvæði að lokinni guðsþjónustu.
Myndasýning kirkjuskólans í safnaðarsal.
Allir hjartanlega velkomnir

# Stærra svindl en olíusamráðið

UMRÆÐAN
Kvótakerfið

Fréttaskýringaþátturinn Kompás fletti ofan af milljarðasvindli í sjávarútvegi en um er að ræða miklu stærra mál en olíusamráðssvindlið sem teygði sig inn í innstu raðir núverandi stjórnarflokka. Í þættinum viðurkenndi fiskistofustjóri að um milljarðasvindl væri að ræða árlega. Þessar fréttir eru ekki nýjar fyrir okkur í Frjálslynda flokknum enda höfum við ítrekað bent á að í kvótakerfinu væri innbyggður hvati til svindls, brottkasts og byggðaeyðingar. Kerfið hefur þar að auki snúist upp í andhverfu sína þar sem það átti að „byggja upp“ fiskistofna og tryggja byggð í landinu.

Færeyska fiskveiðistjórnarkerfið er laust við svindl og sóun



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

sem fylgir kvótakerfum nær undantekningarlaust alls staðar þar sem það hefur verið reynt. Færeyingar reyndu þar kvótakerfi að íslenskri fyrirmynd og þá komu upp nákvæmlega sömu vandamál, þ.e. brottkast og svindl, og við erum búin að glíma við árum saman, vandamál sem eru fylgifiskur kvótakerfisins í sjávarútvegi. Hér hefur verið farin sú leið að þagga niður umræðu og dæma menn, sem viðurkenna það sem flestir stunda, til hárra sektargreiðslna.

Svarið við þessu svindli sem kostar þjóðarbúið marga milljarða króna árlega er ekki að auka eftirlit og herða refsingar, heldur koma á kerfi þar sem enginn eða lítill hvati er til þess að svindla. Kompás á þökk skilda fyrir umfjöllunina en ég hef lengi furðað mig á þögn íslenskra fjölmiðla um svindlið sem er miklu mun stærra en olíusamráðssvindlið og hefur örugglega skaðað íslenskt samfélag meira. Þögn RÚV og Morgunblaðsins er tilkomin vegna þess að svindlið teygir sig inn í íslenskar valdablokkir.

Íslendingar verða að fara að gera upp við sig hvort menn ætli að þora að ræða þessa hluti án þess að beita sleggjudómum og áróðri fyrir íslenska kvótakerfinu sem er á góðri leið með að hafa það af að lama atvinnulíf sjávarbyggðanna. Það er stutt til Færeyja eins og við í Frjálslynda flokknum höfum oftsinnis bent á og við eigum að vilja sjá möguleikana í því að breyta því sem hefur mistekist hér heima og læra af því sem er betur gert í öðrum löndum.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.*

# BRÉF TIL ALDRAÐRA OG ÖRYRKJA



Aldraðir og öryrkjar hafa ekki notið kjarabóta á undanförnum árum til jafns við aðra og úr því verður að bæta án tafar. Frjálslyndi flokkurinn vill rétta hlut aldraðra og öryrkja, bæta kjör þeirra og leggja áherslu á mannréttindi fólks. Frjálslyndi flokkurinn leggur áherslu á eftirfarandi aðgerðir:

- Bætur almannatrygginga eiga að fylgja almennri launavísitölu og nægja til framfærslu

- Skattleysismörk verði hækkuð í 150.000 kr. á mánuði fyrir þá sem hafa tekjur allt að 1.800.000 kr. á ári. Almenn skattleysismörk verði 112.000 kr. á mánuði séu tekjur hærri en 3.000.000 kr. á ári.

- Lífeyrissjóðstekjur verði ekki skattlagðar sem atvinnutekjur heldur meðhöndlaðar sem fjármagnstekjur og beri því einungis 10% skatt.

- Heimilt verði að hafa tekjur allt að 1.000.000 kr. á ári án skerðinga á greiðslum frá Tryggingastofnun ríksisins.

- Afnumin verði tekjutenging við maka.

- Komið verði á umönnunarbótum til aðstandenda eða vina sem annast aldraða einstaklinga í heimahúsum. Sérstaklega þarf að gæta að stöðu og stuðningi við aðstandendur alzheimersjúklinga.

- Byggð verði 1.000 ný hjúkrunarrými á næstu 4 - 6 árum og þannig verði fjölbýlum á öldrunarstofnunum og biðlistum eftir hjúkrunarrýmum eytt. Eldra fólk þarf að eiga kost á fjölbreyttum möguleikum varðandi búsetu í samræmi við óskir og þarfir hvers og eins. Mikilvægt er að aldraðir geti valið um stuðning í heimahúsum eða dvöl í vernduðu umhverfi.

- Málefni aldraðra, þar með heimahjúkrun, verði færð frá ríki til sveitarfélaganna ásamt því fjármagni sem til þarf. Frjálslyndi flokkurinn lítur á þjónustu við aldraða sem nærþjónustu og að gæði hennar verði best tryggð með því að færa forræði yfir þjónustunni sem næst þeim sem hennar skulu njóta.

- Nái tillögur Frjálslynda flokksins fram að ganga munu kjör aldraðra og öryrkja batna til mikilla muna og þjónusta við þá taka stórstígum framförum. Málflutningur Frjálslynda flokksins undanfarin 7 ár sýnir að okkur er full alvara.

Með bestu kveðjum,

Frjálslyndi flokkurinn

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

XF
Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is Skeifan 7 | Reykjavík | sími 553 6061

BLOGG.VISIR.IS

### Áhrifamikil ræða

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hélt áhrifamikla ræðu fyrir stundu með stuðningsmönnum sínum í Verkamannaflokknum.



Þar tilkynnti hann að hann hygðist segja af sér í lok júní. Hvað sem um Blair má segja, þá kann hann að fara af stallinum með "stæl."
Manni fannst líka eins og honum væri létt að taka þetta skref. Í ræðu sinni sagði hann meðal annars að hann hefði gert það fyrir þjóð sína sem hann hefði talið vera rétt. Á stundum kynni hann hins vegar að hafa rangt fyrir sér.
Arna Schram - blogg.visir.is/arna

# Síðustu forvöð fyrir kosningar

**UMRÆÐAN**
Kosningar



HAUKUR SNORRASON

Góðir landar, nú fer að líða að einni af stóru stundunum í okkar lýðræðisþjóðfélagi sem eru kosningar til alþingis þann 12. maí. Nýr valkostur er nú kominn upp; Íslandshreyfingin - lifandi land, þar sem samfélagi, efnahag og umhverfismálum er gert jafn hátt undir höfði. Ef þú spyrð mig; Hvers vegna ætti ég að kjósa flokk sem vill stóriðjustopp? þá svara ég því hér á eftir, því gallarnir við frekari uppbyggingu stóriðju eru vægast sagt óhugnanlegir. Hvar eigum við að byrja? Jú, byrjum á íslenskri náttúru því hún getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér og fæst nú nánast gefins til erlendrar stóriðju.

Margir álíta að víðernin á Íslandi séu endalaus, það séu til endalausar ár til að stífla - það sé til nóg af þessari náttúru. En eftir að hafa flogið á litlu flugvélinni minni yfir Ísland og ljósmyndað nú vel á annan áratug, þá kemur það mér einmitt mest á óvart hve þessi hálendissvæði eru í raun lítil og sérstæð.

Tökum sem dæmi Eyjabakka sem ná yfir lítið svæði, aðeins nokkra kílómetra á kant. Hvergi hef ég séð neitt sem líkist þeim. Fossaröðin neðan þeirra verður þurrkuð upp vegna Kárahnjúkavirkjunar. Önnur náttúruperla er Langisjór sem ekki á sinn líka; djúpblátt stöðuvatn í fjallasal, skreytt hvanngrænum eyjum. Eigum við að eyðileggja Langasjó með mórauðu jökulvatni og aurburði úr Skaftá? Einhver eftirminnilegasta kajak og ljósmyndaferð sem ég hef farið var sigling um Langasjó frá enda til enda.

Skemmtilegustu ár landsins til flúðasiglinga eru í Skagafirði. Hinar stórkostlegu Jökulsár eru meðal aðalsmerkja héraðsins. Eigum við þurrka þær upp? Eitt magnaðasta háhitasvæði sem hægt er að fljúga yfir, og ganga um, er ósnert Torfajökulssvæðið (m.a. Hrafntinnusker) sem teygir sig í órjúfanlegri heild ofan í náttúruundrið Jökulgil í Landmannalaugum. Um það liggur m.a. ein vinsælasta gönguleið hálendisins, Laugavegurinn. Torfajökulssvæðið er lítið svæði í um þúsund metra hæð með hverum, gufustrókum og litadýrð. Það tekur mig einungis 3-4 mínútur að hringfljúga það á litlu flugvélinni minni. Viljum við sjá fyrir okkur Hellisheiðarvirkjun þar?

Dettifoss er einn tilkomumesti foss Evrópu. Ég hef ætlað að mynda hann en hef staðið mig að því að horfa dolfallinn í flauminn eins og allir sem þangað koma. Eigum við að setja krana á Dettifoss? Þjórsárver hafa ekki margir séð með eigin augum en þau er hreint óviðjafnanlegt að nálgast eftir flug yfir gróðursnautt umhverfið allt í kring. Að hringfljúga þessa algrónu vin tekur mig ekki nema um 5-6 mínútur. Stærra er þetta svæði ekki en í Þjórsárverum verpa tugþúsundir heiðagæsa. Nú þegar eru virkjunarmannvirki komin alveg í jaðar veranna. Klára málið og eyðileggja þau líka?

Þessi upptalning hér að ofan er því miður ekki bara einhver áróður. Þessi svæði er verið að rannsaka og mæla hátt og lágt til að gera klár fyrir virkjanir. Það eru enn fleiri svæði á skurðarborðinu, mjög falleg svæði sem munu koma okkur til góða í framtíðinni ef við björgum þeim. Ef þú kjósandi góður vilt stöðva þá óheillaþróun sem í gangi er þá gerir þú það aðeins með atkvæði þínu. Örlög landsins snúast um völd.

Þess vegna er Íslandshreyfingin komin til. Landið og náttúran verða að fá fleiri málsvara inn á Alþingi. Að þeir komi aðeins úr röðum Vinstri grænna hefur ekki reynst nóg.

Höfum það alveg á hreinu, ágætu landar, að þetta eru síðustu alþingiskosningarnar sem gefa okkur kost á að koma náttúru og framtíðarímynd þessa lands til bjargar. Ímynd sem er búið að verja milljónatugum ef ekki hundruðum í að markaðssetja. Ímynd sem við erum nú þegar þekkt fyrir. Í alþingiskosningunum árið 2011 verður orðið of seint að kjósa íslenskri náttúru griða.

Kjósum með landinu; ánum, fuglunum, lækjunum, mosanum, hveralitunum og ósnortna umhverfinu. Við þurfum ekki fleiri álbræðslur, við þurfum Ísland eins og það er.

*Höfundur skipar 6. sæti á lista Íslandshreyfingarinnar í kjördæminu Reykjavík norður.*

# *Biðlisti eða vinnulisti*

**UMRÆÐAN**
Heilbrigðismál



ÁSTA MÖLLER

Það er keppikefli allra stjórnmálaflokka að útrýma biðlistum í velferðarkerfinu. Í kappsemi sinni keyrir hins vegar Samfylkingin kosningabaráttu sína á villandi upplýsingum um biðlista í velferðarkerfinu. Samfylkingin heldur því fram að yfir 3000 manns séu á biðlista á Landspítalanum eftir aðgerðum.

Jóhannes Gunnarsson, lækningaforstjóri segir í viðtali við Morgunblaðið um síðustu helgi að rúmlega 2000 manns hafi beðið eftir að komast í skurðaðgerð á LSH í mars 2007, sem er svipað og fyrir ári síðan. Þar af voru 1354 sjúklingar sem höfðu beðið lengur en 3 mánuði, en sjúkrahúsið lítur svo á „að skemmri bið en 3 mánuðir sé ekki eiginlegur biðlisti, heldur vinnulisti". Þessi viðmiðun er ekki séríslensk, heldur almennt höfð til hliðsjónar við skipulagningu í heilbrigðisþjónustu. Þannig hafa mörg lönd sett sér viðmið um að 3-6 mánaða biðtími eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu sé innan tilhlýðilegra marka. Þá stefnu hefur m.a. Samfylkingin markað sér.

Lækningaforstjórinn bendir t.d. á að 400 manns eru á lista til að fara í aðgerðir á háls- nef og eyrnadeild, en 120-130 aðgerðir eru gerðar á mánuði eða 360-390 aðgerðir á þremur mánuðum. Varla er hægt að kalla þetta biðlista, því það hentar oft fólki að fá fyrirvara að fara í aðgerð m.a. vegna vinnu og ýmissa ráðstafana í persónulegu lífi. Það þarf varla að taka það fram að þeir sem eru í brýnni þörf komast strax að.

Að sama skapi hafa komið fram upplýsingar um að meðalbiðtími eftir göngudeildarþjónustu hjá Barna- og unglingageðdeildinni (BUGL) sé rúmir 3 mánuðir. Biðlisti upp á 160-170 börn er nýtilkominn og jókst um helming á síðustu tveimur mánuðum, sem ekki hefur tekist að útskýra, ekki síst í ljósi þess að frá áramótum hefur Miðstöð heilsuverndar barna sinnt 75 börnum sem annars hefðu fengið þjónustu á BUGL. Þetta er nýtt úrræði innan heilsugæslunnar sem styrkir þjónustu við börn með geðrænan vanda og fjölskyldur þeirra og hafa sálfræðingar verið ráðnir til þessa verkefnis frá áramótum.

Fleiri dæmi má taka úr auglýsingum Samfylkingarinnar en allar bera þær að sama brunni. Kosningaáróður Samfylkingarinnar þessa dagana dregur úr trúverðugleika flokksins og sýnir að hjá þeim helgar tilgangurinn meðalið.

*Höfundur er alþingismaður og er í 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður.*

# Siðlaus kosningabarátta

**UMRÆÐAN**
Kosningar



TRYGGVI HARÐARSON

Alþingi hefur verið að myndast við að setja reglur um kosningabaráttu stjórnmálaflokkanna og fjárreiður þeirra. Þannig eru settar reglur um hversu há framlög fyrirtækja og einstaklinga mega vera. Auk þess hafa flokkarnir gert með sér samkomulag um hámark kostnaðar við auglýsingar á landsvettvangi. Þetta er allt gott og blessað en virðist skipta takmörkuðu máli þegar litið er á gegndarlausan fjáraustur ráðuneytanna í formi kosningarloforða, siðlausra samninga sem gerðir eru af ráðherrum í nafni viðkomandi ráðuneyta og á kostnað skattgreiðenda.

Það er eðlilegt og sjálfsagt að Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkurinn geti gefið sín kosningaloforð rétt eins og aðrir flokkar. Þannig er í góðu lagi að frambjóðandi Þorgerður Katrín Gunnardóttir gefi loforð til Húsvíkinga að hún muni beita sér fyrir fjárveitingum til hvalaskoðunar næstu árin en það er siðlaust og pólitísk misbeiting að gera það í nafni menntamálaráðuneytisins þó svo að hún komi til með að sitja í því ráðuneyti nokkra daga í viðbót. Pólitískt umboð ríkisstjórnarinnar rennur út 12. maí og alls óvíst hvort það verður endurnýjað. Því geta ráðherrar ekki vísað til þess að þeir hafi þingmeirihluta að baki sér til að fylgja eftir samningum sínum á Alþingi á komandi þingi. Skiptir þá engu hvort slíkir samningar eru gerðir með fyrirvara um fjárveitingar frá fjárveitingarvaldinu, þ.e. Alþingi.

Samningar ráðherra ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks á síðustu dögum, vikum og mánuðum nema skuldbindingum til framtíðar upp á um 450 milljarða króna og vegur samgönguáætlun þar þyngst. Þeir eru í reynd marklausir nema að þeir eigi sér stoð í samþykktum Alþingis. Upphæðirnar eru misháar og dreifast vítt og breitt um landið. Margt er til góðra verkefna sem vanrækt hafa verið um langan tíma í tíð núverandi ríkisstjórnar. Það er t.d. hálf aumkunarvert að sjá þegar heibrigðisráðherra hleypur til á síðustu stundu varðandi tannheilsu barna þegar í ljós hefur komið að Framsóknarflokkurinn á sér orðið afar fáa stuðningsmenn ef undan er skildir þeir félagar, Karíus og Baktus.

Á meðan kosningabarátta annarra er látin sæta takmörkunum um fjáröflun og í auglýsingum þá ríða ráðherrarnir um héruð og ausa út skattfé almennings án þess að hafa til þess nokkuð umboð. Ráðherraræðinu verður að linna svo koma megi í veg fyrir að þeir misbeiti valdi sínu og geri siðlausa samninga í nafni ríkisins án nokkurra trygginga um stuðning Alþingis við gerðir þeirra.

*Höfundur er frambjóðandi og kosningarstjóri Samfylkingarinnar í Kraganum.*


Léttu þér lífið



vilborga@centrum.is

Sorpkvarnir
**Minna sorp - betri lykt**

GE sorpkvarnirnar eru öflugar og einfaldar í notkun og henta í flesta vaska. Með því að nota sorpkvörn minnkar ummál heimilissorpsins um allt að 30%. Notkun sorpkvarna auðveldar flokkun og endurvinnslu sorps til muna.

**Fullt verð frá kr.: 24.900**

General Electric

EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík
Baldursnes 6, Akureyri
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



# Lítið gleður vesælan

**UMRÆÐAN**
Kosningar


SIGURJÓN VALDIMARSSON

Þessa dagana fáum við landsmenn (atkvæðin, eins og við erum stundum kölluð) vænan skammt af stjórnmálaumræðu. Að kvöldi 1. maí mættu fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna sem bjóða fram til Alþingis nú á vordögum á umræðufund í sjónvarpinu okkar (þ.e. oheffinu), þar á meðal forsætisráðherra. Allt var þar til umræðu og tókst þáttarstjórnanda eftir vonum að hafa hemil á málgleði atvinnumannanna, þótt fyrir hafi komið að öll töluðu í einu. Það er ekki ætlun mín að rekja hér umræðuna í heild, heldur að nefna aðeins lítið brot af henni sem snertir skattamál íslensku stórgróðamannanna til samanburðar við þau sömu „fátæklingshelvítanna“. (Fyrirgefið mér þær tilvitnanir í verk Halldórs Laxness sem ég gríp til).

Steingrímur, formaður Vinstrigrænna, vildi láta hækka skattheimtuna af stórgróðamönnunum úr 10% í 13%. Geir forsætisráðherra brást ókvæða við slíkri ósvinnu (ósvinna þýðir fáviska eða heimska) og rökstuddi lága skatta þeirra með því að þeir stórríku mundu þá bara hlaupa upp í þotuna sína og þjóta út í heim og ekki láta sjá sig hérna meira. Mér datt í hug, í því sambandi skrifstofukona hérlend, komin á sjötugsaldur og er gift karli sem telst vera gamalmenni (kominn vel á áttræðisaldur), og hefur ekki tekjur nema lítinn lífeyrissjóð og svo smáræði frá Tryggingastofnun. Óbreyttar skrifstofustúlkur eru ekki hátekjumanneskjur, eins og allir vita, svo að hún tók að sér ræstingu í aukavinnu og fékk fyrir laun sem auðvitað voru gefin upp til skatts og greiddur af þeim tekjuskattur eins og lög mæla fyrir um. Allt gott um það að segja, nema hvað gamalmennum er skammtaður naumur lífeyrir frá Tryggingastofnun. Hjónin vissu ekki annað en að öllum lögum væri fullnægt í þessu sambandi.

En þau áttu eftir að komast að öðru. Þegar skattskýrsla þeirra hjóna barst réttri stofnun sáu menn að þarna var verið að hafa fé af ríkisstofnun. Tryggingastofnun var gert viðvart og hún brást við hart, fletti bókum og sá að hér hafði verið framinn glæpur sem nauðsyn væri á að stöðva ekki síðar en strax. (Hvað hélt kerlingin eiginlega að hún væri – kannski einhver milli sem ætti bara að safna því sem næst skattfrjálsum milljörðum? Nei, og aldeilis ekki, hún er nú bara ekki annað en ein af þessum óbreyttu mjólkurbeljum ríkissjóðs.)

Þeim hjónum var snarlega skrifað bréf þar sem þeim var gerð grein fyrir að þau kæmust ekki upp með að plata Árna Matt og hafa fé af hans sjóðum. Nú skyldi réttlætinu fullnægt; nú hefðu þau hjón úr meiru að spila en hollt væri fyrir þau og þau skyldu borga meira í sameiginlega sjóði. Það útskýrðist þannig að með skúringalaununum hefðu tekjur þeirra aukist að því marki að ljóst væri að þau hefðu úr of miklu að spila og skyldu nú endurgreiða lúxushlutann af tryggingabótum þess gamla til baka. Honum höfðu áður verið ánafnaðar kr. 40.118,00 á mánuði en frá því dregnar kr. 5.650 í skatt. Eftirstöðvar til útborgunar: kr 34.468,00. Alltof mikið, þegar við bættust hátekjur fyrir skúringarnar. Þegar upp komst um svívirðilegt athæfi þessa gamla pakks var þeim bréflega gert að greiða til baka kr. 3.057,00 á mánuði þar til sú upphæð sem þau hefðu vélað til sín með rangindum væri að fullu endurgreidd. Litlu verður Vöggur feginn. Nú er niðurstöðutalan á lífeyrisplaggi þess gamla kr. 31.411,00. Flott líf sem þessi hjón geta veitt sér – eða hvað?

Sé þessum 3.057,00 krónum bætt við skattinn af skúringalaununum (35,72%) verður útkoman sú að tekinn er 41,05% skattur af skúringalaununum. Snöggtum hærra hlutfall en hátekjumenn almennt borga og rúmlega fjórfalt hærra hlutfall en það sem margmilljarða mánaðartekjumennirnir greiða til samfélagsins – en skrifstofu/skúringakonan á heldur enga þotu og verður bara að sitja hér kyrr og borga það sem þeim Geir og Árna dettur í hug að heimta af henni.

*Höfundur er fyrrverandi blaðamaður.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Biksvört ófreskja

**Pétur Sigurðsson járnsmiður skrifar um umhverfismál:**

Í Íslensku orðabókinni er ósnortin náttúra sögð vera „land sem ekki hefur verið hreyft við eða skaðað”.Haft var eftir formanni Náttúruverndarfélags Íslands að ósnortið land væri þar sem Kjalvegur fer um Biskupstungnaafrétt og Kjöl en þar eins og flestir vita er landið nánast auðnin ein eftir gengdarlausa beit. Allur gróður upp étinn, gerspilltur af manna völdum og upp frá moldarflákunum sem eftir eru rýkur gífurlegt efna upp í andrúmsloftið sem veldur gróðurhúsaveðurfari. Það er leitt til þess að vita að maður í þessari stöðu skynji ekki hvað ósnortin náttúra er. Hver ber ábyrgð á þessu ástandi nú í dag og að það skuli vera beitt fé á þetta land? Bændasamtökin hljóta að vera þar efst á blaði því þau eru alfarið á móti því að friða landið fyrir beit. Vinstri græn (svört) eru þar líka inni á blaði því þau fylgja í einu og öllu eftir vilja bændasamtakanna í þessum málum sem öllum öðrum. Þessi afstaða sýnir að vinstri græn (svört) og Bændasamtökin eru verstu óvinir náttúru Íslands og hræsni vinstri grænna (svartra) í umhverfismálum er svo augljós þegar þetta blasir við. Það er kolbiksvört ófreskja í umhverfismálum undir grænu hulunni sem þeir kenna sig við.

## BLOGG.VISIR.IS

### Má þetta?

Var rétt í þessu að sjá auglýsingu frá Framsóknarflokknum. Í auglýsingunni er spurt að því hvort kjósendur vilji í



alvörunni sjá flokk við völd sem vill bankana úr landi og netlöggu. Teiknaðri mynd af rauðum, afskaplega grimmum Steingrími J. Sigfússyni bregður fyrir alla auglýsinguna. Ja, ég veit ekki, ég er kannski bara gamaldags en mér finnst þetta eiginlega ekki smart.

P.s. Að gefnu tilefni vil ég taka fram að þetta er ekki persónuleg árás á Framsóknarflokkinn né tilraun til þess að knésetja hann, þetta eru bara vangaveltur.

Katrín Rut Bessadóttir - http://blogg.visir.is/kata/





KATRÍN RU

**SALVADOR DALÍ (1904-1989) FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*Ég nota ekki eiturlyf, ég er eiturlyf.*

***Salvador Dalí var einn merkasti málari tuttugustu aldarinnar. Hann var þekktur fyrir súrrealísk málverk sín og sérkennilega framkomu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. MAÍ 1960

## *Adolf Eichmann handsamaður*

Þennan dag árið 1960 var stríðsglæpamaðurinn Adolf Eichmann handsamaður af ísraelskum hermönnum í Búenos Aíres í Argentínu. Eichmann var foringi í SS-sveit nasista sem sá um að skipuleggja lestakerfið sem flutti fólk í útrýmingarbúðirnar. Hann sá til þess að allt gengi vel, hámarkaði afköst lestanna, lágmarkaði kostnað og tryggði að enginn slyppi.

Réttarhöldin yfir Eichmann vöktu athygli um allan heim. Þau fóru fram í Ísrael og hann var meðal annars ákærður fyrir glæpi gegn mannkyninu.

Eichmann sagðist ekki sjá eftir neinu og hélt því statt og stöðugt fram að hans ábyrgð væri engin, hann hefði aðeins verið að hlýða skipunum að ofan og reynt að vinna sína vinnu eins vel og hann gat.

Margir hafa bent á það sé nákvæmlega þetta viðhorf sem gerir hluti eins og þjóðarmorð mögulega. Það að taka ekki ábyrgð á gjörðum sínum og hlýða skipunum í blindni.



**ADOLF EICHMAN** SS-foringinn var handsamaður árið 1960.

### MERKISATBURÐIR

1721 Kötlugos hófst. Gosmökkur sást víða að og drunur bárust alla leið til Eyjafjarðar.

1921 Vökulögin, sem kváðu á um sex tíma óslitna lágmarkshvíld háseta, voru samþykkt. Fram að því höfðu sjómenn þurft að vinna tvo til þrjá sólarhringa í senn.

1927 Óskarsakademían, sem veitir Óskarsverðlaunin, var stofnuð.

1949 Landið Síam breytti um nafn og varð Taíland.

1997 Gary Kasparov tapaði fyrir ofur-skáktölvunni Deep Blue. Þetta var fyrsti ósigur meistarans í skákeinvígi og fyrsta skipti sem tölva sigraði heimsmeistara.

### FÆDDUST ÞENNAN DAG



**BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA 1980**



**SIGURÐUR EYBERG 1971**



**NATASHA RICHARDSON 1963**



**JAMES HAVEN 1973**




*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs sonar okkar, bróður og barnabarns,*

**Benedikts Steinþórssonar.**

Guðrún Björk Benediktsdóttir og Hreggviður Þorsteinsson
Steinþór Benediktsson og Hildur Guðbjörnsdóttir
Jóna Guðlaugsdóttir og Benedikt Ágústsson
Matthildur Guðbrandsdóttir og Benedikt Þorvaldsson
systkini og aðrir aðstandendur.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristjana Bjarnadóttir**
Breiðanesi, Gnúpverjahreppi,

sem lést þann 6. maí, verður jarðsungin frá Stóra-Núpskirkju laugardaginn 12. maí kl. 14.00.

Sesselja Loftsdóttir
Gunnhildur Loftsdóttir — Björn Árnason
Helga Guðrún Loftsdóttir
Hrafnhildur Loftsdóttir — Ingvar Bjarnason
Loftur S. Loftssson — Kristrún Björg Loftsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.



*Hjartans þakkir sendum við öllum fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Vilhjálms Rúnars Hendrikssonar**

er lést á Sjúkrahúsi Akraness 30. apríl síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Aðalheiður A. Oddsdóttir
Dagbjartur Kr. Vilhjálmsson — Þórdís Sveinsdóttir
Jón Ragnar Vilhjálmsson — Anna Kristín Guðnadóttir
Aðalheiður Ósk Dagbjartsdóttir.


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**ÁSTA DÍS ÓLADÓTTIR:** DÓSENT VIÐ HÁSKÓLANN Á BIFRÖST

# Mörg spennandi verkefni

Ásta Dís Óladóttir hefur verið ráðin dósent við Háskólann á Bifröst.

„Mér líst mjög vel á þetta og finnst þetta spennandi," segir Ásta Dís, sem hefur störf í ágúst. „Ég þekki þetta ágætlega því ég er búin að vera hjá HÍ síðan 1999, þannig að þetta umhverfi er ekkert nýtt fyrir mér. Aðalástæðan fyrir því að ég er að fara þarna er samt sú að Ágúst Einarsson er þarna. Við erum búin að vinna saman undanfarin ár og mér finnst mjög spennandi að vinna með honum áfram. Svo er verið að byggja upp þetta alþjóðaviðskiptanám í Bifröst í samvinnu við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn. Þarna er margt mjög spennandi að gerast og ég hlakka til að flytja í Borgarfjörð," segir hún.

Ásta Dís hefur undanfarin ár starfað og sinnt doktorsrannsóknum í alþjóðaviðskiptum við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn þar sem hún rannsakar áragngur beinna erlendra fjárfestingafyrirtækja sem koma frá smáum hagkerfum.

Þess utan er hún að vinna að rannsókn með sérfræðingum frá háskólum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, þar sem er leitast við að varpa ljósi á fjölbreytileika í stjórnum fyrirtækja og hvaða áhrif það hefur á árangur að hafa fólk með mismunandi bakgrunn í stjórnum fyrirtækja.

Ásta Dís mun áfram sinna kennslu og rannsóknum við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn meðfram störfum við Háskólann á Bifröst. Hún hefur búið í þrjú ár í Danmörku og segir þann tíma hafa verið yndislegan. Ásta er gift Reyni Jónssyni, framkvæmdastjóra Strætó bs., og eiga þau fjögur börn.

freyr@frettabladi.is



**ÁSTA DÍS ÓLADÓTTIR** Ásta Dís hefur verið ráðin dósent við Háskólann á Bifröst.




*Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs bróður míns,*

**Herberts Ólafssonar**

Fyrir hönd aðstandenda,

Karitas Laufey Ólafsdóttir.

**Jóhanna Jóhannsdóttir**
ljósmóðir, frá Skógum, Fellsströnd, Dalasýslu,

lést 29. apríl síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við þökkum góða umönnun á liðnum veikindaárum. Ef einhverjir vilja minnast hennar var það ósk hennar að Umhyggja, félag til styrktar langveikum börnum fengi notið þess.

Guð blessi minningu hennar og öll hennar störf.

Vinir og vandamenn.




**ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ** Safnaði 300 þúsund krónum með sölu á ævisögu Hannesar Hólmsteins.

# Mæðrastyrksnefnd fékk 300 þúsund

Útgáfuforlagið Nýhil afhenti í gær Mæðrastyrksnefnd allan ágóða af sölu metsölubókarinnar „Hannes – Nóttin er blá, mamma" eftir Óttar Martin Norðfjörð, eða 300 þúsund krónur. „Bókin", fyrsta bindi ævisögu Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, var einblöðungur sem seldur var á 99 krónur.

„Bókin" kom út fyrir síðustu jól og sat í margar vikur í efsta sæti metsölulista Eymundssonar og varð ein mest selda bók ársins. Að því er fram kemur í tilkynningu frá Nýhil er von á öðru bindi ævisögunnar, Hólmsteinn, í nóvember á þessu ári.

- sh




**N1** VERSLANIR

WWW.N1.IS

N1 er fyrsta fyrirtækið sem býður viðskiptavinum 3 ára ábyrgð á bílavarahlutum. Með þessu erum við að auka þjónustu okkar og lýsa yfir trausti á þeim vörum sem við seljum. Kynntu þér málið á **www.n1.is.**




## STUÐ MILL STRÍÐA Leitað langt yfir skammt

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** VEIT HVAÐ HÚN VILL OG HÆTTIR EKKI AÐ LEITA FYRR EN HÚN FINNUR ÞAÐ



Frá því ég man eftir mér hefur mér verið strítt á því að vera sérvitur. Svokölluð sérviska mín felst í því að ég veit nákvæmlega hvað ég vil og enn betur hvað ég vil ekki og læt því ekki bjóða mér hvað sem er. Sjálf held ég því þess vegna fram að ég sé vandlát.

Mér finnst bara ekkert að því að vera vandlát. Eini gallinn við það er að þegar maður veit nákvæmlega hvað maður vill getur tekið tíma að finna það, en ég er þó frekar tilbúin til að gefa mér hann heldur en að sætta mig við eitthvað sem er bara allt í lagi.

Eins getur það gerst þegar maður venst því að þurfa venjulega að leita lengi að maður sjái ekki að stundum er það sem leitað er að beint fyrir framan nefið á manni og því sé leitað full langt yfir skammt.

Pabbi minn hefur einstaklega gaman af að segja söguna af því þegar hann fór með mig sem ungling til Evrópu að kaupa sundbol. Ferðin var auðvitað ekki farin í því skyni en þar sem við ætluðum til fjölda landa datt mér í hug að ég gæti kannski fundið sundbol, sem mig vantaði, einhvers staðar. Ég var auðvitað búin að sjá fyrir mér nákvæmlega hvernig sundbol ég vildi og var viss um að ég fyndi hann í einhverjum af heimsborgum álfunnar.

Sundbolurinn fannst hins vegar hvergi, þó að ég færi inn í hverja einustu verslun sem seldi sundföt á ferð okkar.

Pabbi var að sjálfsögðu orðinn hundleiður á veseninu í mér og margbúinn að reyna að fá mig til að kaupa einhvern af þeim bolum sem buðust en ég gaf mig ekki. Ég vissi hvað ég vildi og neitaði að sætta mig við eitthvað annað.

Ég var því pínu leið þegar við þurftum að fara heim án þess að ég hefði fundið það sem ég leitaði að, en þó sátt við að hafa ekki keypt eitthvað sem ég vildi ekki. Ég var líka fljót að taka gleði mína að fullu þegar ég fann draumasundbolinn nokkrum dögum eftir að ég kom heim í Kaupfélaginu á Húsavík.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Sumarspilið í ár

fjörugt spil og skemmtileg hreyfing í anda latabæjar







2.799kr

## Leikreglur







HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**!** **Kl. 20.00**
*Dagrún Leifsdóttir sópransöngkona heldur burtfarartónleika sína í Fríkirkjunni í Reykjavík. Með henni leikur Gerrit Schuil á píanó en einnig koma fram Sturlaugur Jón Björnsson hornleikari og Lilja Guðmundsdóttir sópran.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Heimsins stærstu listaverðlaun

Listamennirnir Þórdís Aðalsteinsdóttir og Þór Vigfússon verða fulltrúar Íslands á Carnegie-listverðlaunasýningunni árið 2008 en stórsýning sú, með fremstu samtímalistamönnum Norðurlanda, hefst á Kiasma-listasafninu í Helsinki í október. Listamennirnir tveir eiga þar með einnig möguleika á að vinna ein af stærstu listverðlaunum heims en fyrstu verðlaun Carnegie Art Award nema einni milljón sænskra króna.

Tuttugu og sex norrænir listamenn hafa verið valdir úr stórum hópi tilnefndra en í dómnefndinni sitja sjö fagmenn á listasviðinu. Formaður er Tuula Arkil, formaður finnska listaráðsins. Fyrir Íslands hönd í dómnefndinni situr Gunnar J. Árnason, listgagnrýnandi og lektor við Listaháskóla Íslands.

Þess má geta að málarinn Eggert Pétursson hlaut önnur verðlaun Carnegie Art Award í fyrra. Tilkynnt verður um vinningshafana 29. júní og í lok október verða verðlaunin afhent í tengslum við opnun sýningarinnar á Kisama-safninu. Sýningin mun síðar ferðast til átta borga og verður sett upp í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni í júní 2008.



**TILNEFND TIL CARNEGIE ART AWARD 2008** Þórdís Aðalsteinsdóttir myndlistarmaður starfar í New York. Hún hélt eftirminnilega einkasýningu á Kjarvalsstöðum á liðnum vetri.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

## > Heimsins furður

Á netsíðunni **Librarything.com** þar sem fjallað er um bækur og bókmenntir hefur nú verið komið upp tóli sem kenna mætti við **„frábendi“**, því í stað þess að benda lesendum á bækur sem þeir gætu mögulega haft áhuga á í ljósi fyrri **leitaróska** sinna kemur tiltekin leitarvél með lista yfir bækur sem viðkomandi ætti að **forðast**. Þannig er talið ólíklegt að aðdáendur **Da Vinci lykilsins** hafi smekk fyrir bókinni How It Is eftir **Samuel Beckett** eða Four Essays on Liberty eftir **Isaiah Berlin.**



## NÝJAR BÆKUR



**Vaka-Helgafell** gefur út bókaflokkinn **Taynikma**. Fyrsta bókin geymir tvær sögur sem bera heitin Þjófurinn og Rotturnar. Taynikma er í senn saga og teiknimyndasaga og höfðar einkum til stráka á aldrinum 7 til 14 ára. Þýðandi er Margrét Tryggvadóttir. Sögurnar gerast í landinu Taykláníu sem liggur sunnan fjallanna og norðan við hafið. Öldum saman var landinu stýrt af fjórum ættbálkum sem lifðu saman í sátt og samlyndi, en eftir að furstynjan náði völdum og innleiddi lög sólarinnar hefur öllu farið aftur. Þannig hefur ástandið verið í næstum 100 ár. Kótó er 14 ára þegar hann er sendur í mikla hættuför til borgarinnar Klanöku. Þar á hann að selja dýrmætan erfðagrip og snúa aftur með peningana. En ekkert fer eins og því er ætlað og áður en Kótó veit af er hann kominn í slagtog við fólk sem hann veit ekki hvort hann getur treyst.







**GERÐUBERG**
www.gerduberg.is







**Verið velkomin á opnun þriggja sýninga laugardaginn 12. maí kl. 15**

**Ég bið að heilsa**
**Sýning á bútasaumsverkum í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar.**
Veitt verða verðlaun fyrir besta verkið í samkeppni sem haldin er í þessu tilefni.

**Heitt og kalt**
**Ferðatöskusýning Evrópusamtaka bútasaumsfélaga**
Sýnd verða 17 teppi frá jafnmörgum löndum
Sýningarnar eru settar upp í samstarfi við Íslenska bútasaumsfélagið

Kynnið ykkur dagskrá aðalfundar og námskeiðshald um helgina á vegum Íslenska bútasaumsfélagsins á www.gerduberg.is

**Erró - Kvenfólk**
Sýning á verkum í eigu Listasafns Reykjavíkur
..............

**Af hjartans list!**
Alþýðulistamaðurinn Ágúst Jónsson sýnir málverk í Boganum

**Vissir þú...**
af góðri aðstöðu fyrir ráðstefnur veislur, námskeið, fundi o.fl.
**Nánar á www.gerduberg.is**

Sjá upplýsingar um opnunartíma sýninga á www.gerduberg.is - s. 575 7700


# Oz og önnur undralönd

**Það er skammt stórra högga á milli hjá Roni Horn: um síðustu helgi opnaði hún Vatnasafn í Stykkishólmi ásamt alþjóðlegum hópi styrktaraðila og í dag verður slegið upp hurðum á stærstu yfirlitssýningu sem til þessa hefur sést á Norðurlöndum á verkum hennar sem hluti af Listahátíð og verður hún uppi í sölum Hafnarhúss til 19. ágúst.**



**MYNDLIST** Myndröð úr Sundhöllinni í Reykjavík: Her, Her, Her and. Her. 2002. 64 svartvítar ljósmyndir. Eigandi: Salomon Guggenheim safnið í New York



**MYNDLIST** Untitled (Aretha) 2002-2004, steypt gler. Eigandi: Nútímalistasafnið í New York

Horn er orðin íslenskum listvinum vel kunnug. Hún hefur sýnt hér áður og verið fyrirferðarmikil í umfjöllun um nýrri myndlist, einkum í Morgunblaðinu. Ísland er stórt séð eitt helsta viðfangsefni Horn. Hún kallar sýninguna MY OZ og vitnar þar til hinnar kunnu sögu Frank Baum sem þekktust er í kvikmyndagerð sinni með Judy Garland, The Wizard of Oz. Undralandið handan regnbogans er í huga Horn Ísland. Hún hefur verið hér staðbundinn farfugl um árabil.

Á sýningunni í Listasafni Reykjavíkur getur að líta nokkur stórverk sem hafa aflað henni alþjóðlegrar viðurkenningar og athygli: í einum salnum eru fimmtán myndir úr röðinni Still water frá 1999 sem eru straumköst og lygnur í ánni Thames með innmerktum tilvitnunum í hugleiðingar listamannsins, kröfuhart verk sem kallar á nákvæman lestur og umhugsun áhorfandans. Þar er einnig hin kunna röð 64 ljósmynda af myndlistarkonunni Margréti Blöndal, You are the Weather frá 1994-1995, röð mannamynda sem vekja stöðuga spurn og sérkennilega nálægð. Vatn er fyrirferðarmikið í verkum Horn og hugblær sem af því stafar, þau eru því opin og kalla á umhugsun, íhugun og ró.

Tveir risastórir glerskúlptúrar eru á sýningunni auk hinnar merkilegu skráningar hennar úr Sundhöll Reykjavíkur Her, Her, Her and, Her frá 2002 sem ætti hvergi heima nema í fordyri Sundhallarinnar og væri kjörin gjöf til hússins á sextugsafmælinu.

Horn er fædd í Bandaríkjunum 1955 og stundaði nám í myndlist frá Rhode Island School of Design og síðar Yale. Hún býr í New York en hefur sýnt verk sín um allan heim og nýtur vaxandi virðingar fyrir gerhugul verk sín sem spanna ýmis form; bækur, innsetningar, þrívíð verk, ljósmyndir. Hún kom fyrst til Íslands um það leyti sem sýningarferill hennar hófst og hefur unnið markvisst með tiltekin þemu úr íslenskri náttúru.

Sýning á borð við þessa setja menn ekki saman nema með góðum fyrirvara og margs konar aðstoð: erlend söfn og gallerí lána verk til hennar, Kaupþing er aðalstyrktaraðili hennar og Samskip lögðu til flutning á verkunum. Ýmislegt verður aðhafst á sýningartímanum til að opna umræðu um verk Horn. Á laugardag heldur Linda Norden fyrirlestur um verk hennar í Hafnarhúsi kl. 14.

Sýningarskráin sem gefin er út í tilefni af sýningunni er falleg bók og unnin af metnaði sem jafnast á við það besta hjá stærri þjóðum og ríkari söfnum en Listasafni Reykjavíkur. Þar er stærsta greinin umfjöllun Fríðu Bjarkar Ingvarsdóttur bókmenntafræðings um verk Horn en þær eru góðar vinkonur og hefur Fríða verið óþreytandi að afla Horn brautargengi hér á landi. Þá er í ritinu ræða Horn frá útskrift nemenda Listaháskólans en sú ádrepa er merkileg áminning íslenskum þegnum í landi sem er undur, eins og Horn sýnir víða í verkum sínum.

pbb@frettabladid.is

# Hönnuðir framtíðar

Níu nemendur í fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands sýna útskriftarverkefni sín á tískusýningu í Gvendarbrunnum í kvöld. Hver nemandi sýnir sex alklæðnaði, sem hann hefur unnið að undanfarna þrjá mánuði.

Ráðherrar iðnaðar- og menntamála verða viðstaddir sýninguna ásamt öðru íslensku áhrifafólki. Einnig verða viðstaddir tíu erlendir blaðamenn sem koma hingað sérstaklega frá París í þeim tilgangi að sjá og fjalla um sýninguna í tímaritum á borð við franska ELLE og Vogue.

Fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands er metnaðarfull deild sem hefur verið að vinna að kynningu deildarinnar erlendis. Sýningin hefst stundvíslega kl. 20 en gestum er ráðlagt að mæta tímanlega upp í Heiðmörk en komast má að svæðinu með því að beygja til vinstri skömmu áður en komið er að Rauðhólum.



**ÚTSKRIFTARSÝNING FATAHÖNNUÐA LHÍ**
Föt eftir Björgu Guðmundsdóttur.

# PHILIPS

## GLÆNÝTT 32" LCD




**NÝ SENDING AÐ LENDA!**

**Philips 32PFL7332**

- 32" SJÓNVARP með nýjustu LCD tækni
- Pixel Plus 2 High Definition myndtækni
- Digital Natural Motion og HD Ready
- 2 HDMI tengi og USB tengi
- Virtual Dolby Surround hljóðkerfi
- Vandaður snúningsstandur úr gleri

HD ready

PIXEL PLUS 2 HD

DIGITAL NATURAL MOTION

**TILBOÐ**

**149.995**

FULLT VERÐ **179.995**

**PHILIPS**

**LCD** ALLAR STÆRÐIR

PIXEL PLUS

PIXEL PLUS MYNDTÆKNI
EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**Heimilistæki**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

**HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR**

ABBABABB! eftir Dr. Gunna
13. maí sun kl. 14
20. maí kl. 14
*Síðustu sýningar*

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
11 maí fös 12 sýning kl 20
*Síðasta sýning*

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarf. Pantanasími 555 2222 og á www.midi.is

PARS PRO TOTO - DANSLEIKHÚS
Von og G.Duo
Sun. 13. maí kl. 17
Mán. 14. maí kl. 20
Miðaverð kr. 2.000

AÐEINS ÞESSAR TVÆR SÝNINGAR Á DANSVERKUNUM VON EFTIR LÁRU STEFÁNSDÓTTUR & G. DUO EFTIR LÁRU STEFÁNSDÓTTUR OG VICENTE SANCHO
Sunnudaginn 13. maí kl. 17 - Aðeins þessar tvær sýningar
Mánudaginn 14. maí kl. 20 - Tryggðu þér miða á www.opera.is

**ÓPERUDEIGLA ÍSLENSKU ÓPERUNNAR - FÖS. 18. MAÍ KL.16.30**
Óperudeigla Íslensku óperunnar kynnir þrjár íslenskar óperur í vinnslu föstudaginn 18. maí kl. 16.30 - Umræður að kynningum loknum.
Aðgangur ókeypis, allir velkomnir - *Nánari upplýsingar á www.opera.is*
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 26/5 AUKASÝNING
Síðasta sýning

**LADDI 6-TUGUR**
Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Sun 3/6 kl. 14 UPPS.
Mán 4/6 kl. 20 UPPS.
Mið 20/6 kl. 20
Fim 21/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Lau 12/5 kl. 14
Sun 13/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.
Fös 25/5 kl. 20 UPPS.
Lau 26/5 kl. 20 UPPS.
Fim 31/5 kl. 20 UPPS.
Fös 1/6 kl. 20
Sun 3/6 kl. 20
Fim 7/6 kl. 20
Lau 9/6 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Einleikur Eddu Björgvins
Mið 16/5 kl. 20 Síðasta sýning
Styrktarsýning fyrir
Eddu Heiðrúnu Backman

**DAGUR VONAR**
Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20
Fim 24/5 kl. 20
Lau 2/6 kl. 20
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin

**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Í kvöld kl. 20
Sun 13/5 kl. 20
Fös 25/5 kl. 20
Fim 31/5 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 13/5 kl. 13 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl. 14 AUKASÝNING
Sun 13/5 kl. 15 AUKASÝNING
Sun 20/5 kl. 13 AUKASÝNING
Sun 20/5 kl. 14 AUKASÝNING
Sun 20/5 kl. 15 AUKASÝNING
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 14 UPPS.
Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






**Stóra sviðið kl. 20:00**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir **Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.**
Sun. 13/5 kl. 20:00 **örfá sæti laus**. **Allra síðasta sýning!**

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld fös. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 19/5 **nokkur sæti laus**, lau. 25/5 **nokkur sæti laus. Síðustu sýningar í vor! Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti. Námsmannafslættir!**

**CYMBELINE eftir Shakespeare - í flutningi breska leikhópsins Cheek By Jowl. Í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.**
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5 **nokkur sæti laus.**

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**HÁLSFESTI HELENU eftir Carole Fréchette**.
Sun. 13/5 **örfá sæti laus**, fös. 18/5, fös. 25/5. Sýningum fer fækkandi **Umræður eftir sýninguna 13/5 með Viðari Þorsteinssyni heimspekingi og 18/5 með Ingólfi Ibraheem Shaheen.**

**Kassinn**

**HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.**
Sun. 13/5 **uppselt**, mið. 16/5, **uppselt** og fim. 17/5 **nokkur sæti laus**, fös. 18/5 **uppselt**, lau. 19/5 **uppselt**, sun. 20/5 **örfá sæti laus**, fim. 24/5 **uppselt**.

**LES KUNZ - Gestasýning frá Frakklandi á vegum Listahátíðar**
Í dag fös. 11/5 kl. 17:00 **uppselt**, lau. 12/5 kl. 14:00 **uppselt**.

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA, Leiksýning Hrefnu Hallgrímsdóttur og Lindu Ásgeirsdóttur**
Lau. 12/5 kl. 11:00 **uppselt** og 12:15 **örfá sæti laus**, sun. 13/5 kl. 11:00 **uppselt** og 12:15 **örfá sæti laus**, lau. 19/5 kl. 11:00 og kl.12:15, sun. 20/5 kl. 11:00 og 12:15.
**Aðeins þessar sýningar!**

**Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is**
**Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.**
**Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!**
**Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is**
**Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!**


# Tunick sýnir fólk og land í i8

**Gallerí i8 á Klapparstígnum í Reykjavík hefur sérhæft sig í sýningarhaldi framsækinna listamanna á alþjóðlegum grunni: Edda Jónsdóttir, staðarhaldarinn í i8, hefur safnað að sér hópi íslenskra og erlendra myndlistarmanna, bæði af eldri kynslóð þeirra listmanna sem hafa einkum starfað í konseft-listinni og þeim yngri sem leita víðar. Úr verður skemmtileg blanda.**

Um helgina hefst sýning í i8 þar sem bandaríski listamaðurinn Spencer Tunick sýnir ný verk sem spruttu hér á landi í framhaldi af glæsilegri sýningu Listasafns Akureyrar í fyrra. Mun það hafa verið stærsta yfirlitssýning sem efnt hefur verið til á verkum Tunicks. Hann kom af því tilefni hingað til lands og notaði tækifærið til að vinna hér nokkur verk sem eru ögn smærri í sniðum en hin stóru verk hans: í síðustu viku var hann að störfum í Mexíkó-borg og kallaði sér til aðstoðar átján þúsund borgarbúa sem berstrípuðu sig fyrir stóran gjörning á einu aðaltorga borgarinnar fyrir myndatöku. Tunick setti persónulegt met í þessari myndatöku þegar kemur að fjölda nakinna en fyrra metið setti hann í Barcelona þegar sjö þúsund Spánverjar stripluðust fyrir hann í nafni listarinnar.

Vissulega hefur nekt mannslíkama í hundraða eða þúsunda tali vakið mikla athygli, mun meiri en lokaniðurstaða gerninganna þar sem Tunick stillir massa af líkömum upp sem hráefni með tilteknum andblæ á kunnum opinberum stöðum. List hans er með tvennum hætti: fyrst í gerningnum sjálfum sem býr til nýtt rými á kunnuglegum stað og síðan í úrvinnslunni: myndirnar vekja margvísleg hugrenningatengsl og verður spennandi að sjá hvernig hann túlkar íslenskt landslag í borg og sveit með nöktum líkömum.

Sýningin í i8 inniheldur hátt í tug verka og eru fjögur þeirra tekin hér á landi: þau eru gefin flest út í þremur eintökum og eru frá því að vera stór, 120x150 cm, en hin minnstu 50x70 cm. Þau eru öll til sölu og gefst því íslenskum kaupendum einstakt tækifæri til að eignast verk eftir umtalaðan og áhrifamikinn listamann. Sýningin verður opnuð á laugardag kl. 16 og er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

pbb@frettabladid.is



**MYNDLIST** Ein af myndum Tunicks þar sem hann motar massa af nöktu fólki í uppstillingu.
LJÓSMYND/SPENCER TUNICK. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI LISTAMANNSINS OG GALLERÍS I8

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ
8 9 10 **11** 12 13 14

### Föstudagur

### TÓNLEIKAR

20.00 Kanadíski háskólakórinn, **University of Alberta Concert Choir,** heimsækir Ísland og heldur tónleika í **Reykholtskirkju**. Stjórnandi **er Dr. Debra Cairns**.

### OPNANIR

18.00 **Bernd Koberling** opnar sýningu í **Gallerí Turpentine**. Sýningin ber yfirskriftina **Volume of Silence**.

### FYRIRLESTRAR

12.00 Þriðji fundurinn í fundaröð Íslensku **kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar** um málefni kvikmynda og sjónvarps verður haldinn í fyrirlestrasal **Þjóðminjasafnsins**. Þar mun **Björn B. Björnsson** leikstjóri flytja erindi sem nefnist; **Að drepa mann**. Fundarstjóri er **Ásgrímur Sverrisson** en aðgangur er ókeypis.

### FUNDIR

17.00 Framhaldsstofnfundur **KvikYndis**, Kvikmyndaklúbbs Akureyrar, verður haldinn í húsakynnum **AkureyrarAkademíunnar**, Þórunnarstræti í gamla Húsmæðraskólanum.

### SÝNINGAR

13.00 **Handverkssýning** og **uppákomur** á **Vitatorgi**. Sýndir verða listmunir sem gestir hafa unnið í félagsmiðststöð Vitatorgs að undanförnu auk þess sem **Vitatorgskórinn** og **Vitatorgsbandið** troða upp og skemmta gestum. Barnakór heimsækir staðinn á laugardag.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

14.00 Nú er hver að verða síðastur að sjá verk **John Bock** í kjallara **Kling & Bang**; **Stúlka með klettasalati**. Á jarðhæð Kling & Bang lýkur einnig sýningu **Alejandro Vidal** frá Spáni, **Blackout for Death**. Sýningunum lýkur sunnudaginn

### UPPÁKOMUR

17.00 **Hátíðardagskrá** í **Salnum** í tilefni af **Kópavogsdögum** og afmæli bæjarins. Tilnefndir verða framúrskarandi listnemar, afhentir **starfsstyrkir** til listamanna og **heiðurslistamaður Kópavogs** fyrir árið 2007 verður valinn. Ungt listafólk frá Kópavogi flytur tónlistaratriði

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


**Viðburðir Landnámsseturs í maí**

**fö. 11. kl. 15**
- Mýramaðurinn - aukasýning laus sæti
**fö. 11. kl. 20** - Mr. Skallagrímsson laus sæti
**la 12. kl. 20** - KK og Einar laus sæti
**mi.16.kl. 16** - Mr. Skallagrímsson aukasýning - örfá sæti laus
**mi.16 kl. 20** - Mr.Skallagrímsson Uppselt
**fö. 18. kl. 20** - Mýramaðurinn
**lau.19. kl.20** - Mr.Skallagrímsson Uppselt
**sun. 20. kl. 20** - KK og Einar laus sæti
**fö. 25. kl. 20** - Mr. Skallagrímsson Uppselt
**lau 26. kl. 20** KK og Einar laus sæti
**má. 28. kl.20** Mýramaðurinn

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600

KRINGLU KRÁIN
*Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í kvöld*
*Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum*

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
10. maí kl. 20 Uppselt
11. maí kl. 20 Uppselt
12. maí kl. 14
13. maí kl. 20
19. maí kl. 20 Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



**VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON PÍANÓLEIKARI** Frumflytur nýtt verk eftir föður sinn, Ólaf Óskar Axelsson á tvennum tónleikum í Salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Píanósvíta fyrir soninn

**Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari er með músíkölsk gen enda er æskuheimili hans undirlagt af tónlist. Hann frumflytur verk eftir föður sinn á tónleikum í kvöld.**

TÍBRÁR-tónleikaröð ársins lýkur með hátíðartónleikum í Salnum í kvöld en sú hefð hefur skapast að ljúka tónleikaröðinni í Salnum á afmælisdegi Kópavogsbæjar.

Að þessu sinni er það píanóleikarinn ungi, Víkingur Heiðar Ólafsson, sem heldur lokatónleika starfsársins en á tónleikunum frumflytur hann meðal annars píanósvítur eftir föður sinn, Ólaf Óskar Axelsson, tónskáld og arkitekt.

Ólafur er menntaður í tónsmíðum og hefur sinnt þeim jöfnum höndum undanfarin ár og hefur Víkingur flutt verk föður síns að minnsta kosti þrisvar sinnum áður. „Hann hefur eitthvað verið að sinna gamla manninum,“ segir Ólafur og kímir, „en þetta er fyrsta verkið sem ég tileinka honum og er samið algjörlega með hann í huga.“ Hann útskýrir að vitanlega sé aðeins öðruvísi að semja fyrir listamann sem sé svo nákominn. „Ég hef heyrt hann spila síðan hann var bara smágutti og maður hefur hann einhvern veginn ósjálfrátt í huga við tónsmíðarnar, heyrir fyrir sér hvernig hann myndi spila verkið.“

Faðirinn er vitanlega afar stoltur af syninum sem þrátt fyrir ungan aldur hefur skapað sér sess sem einn færasti píanóleikari landsins. Víkingur stundar nú framhaldsnám við Juilliard-skólann í New York. „Það er gaman að fylgjast með honum og fá að vera með í þessu öllu saman,“ segir Ólafur en þeir feðgar tilheyra afar tónelskri fjölskyldu. „Það má eiginlega segja að enginn hafi sloppið, mamman er píanóleikari, eldri systir Víkings leikur á víólu og sú yngsta er að læra söng og sellóleik – húsið er undirlagt. En þetta hefur bara æxlast þannig án þess að við værum neitt að hvetja til þess.“

Á tónleikunum leikur Víkingur einnig verk eftir Bach og Chopin, auk hinnar stórbrotnu Appassionata-sónötu eftir Beethoven. Uppselt er á tónleikana á föstudagskvöldið en vegna mikillar eftirspurnar verða þeir endurfluttir nk. mánudagskvöld, 14. maí, kl. 20 og er miðasala hafin.

kristrun@frettabladid.is




# Afríka og Atli Heimir




## Konono N°1 frá Kongó - í kvöld

Port Listasafns Reykjavíkur, Hafnarhús, kl. 22.00 Miðaverð 2.700

Konono N°1 er stórskemmtileg og óvenjuleg hljómsveit frá Kinshasa, höfuðborg Afríkuríkisins Kongó. Konono N°1 hlaut BBC verðlaunin árið 2006 sem bestu nýliðarnir í heimstónlist og spila með Björk á nýjustu plötu hennar, Volta, sem kom út í vikunni.

„... SVIMANDI FLOTT DANSTÓNLIST“ -NEWSWEEK

„SEIÐANDI BAZOMBO TAKTURINN NÆR INN AÐ HJARTARÓTUM. (...) ÞESSI TÓNLIST KEMUR FRÁ ÓÞEKKTUM STAÐ OG GEFUR MANNI VON UM AÐ TIL SÉU ÓKANNAÐIR TÓNLISTARHEIMAR SEM BÍÐA ÞESS AÐ VERÐA UPPGÖTVAÐIR.“ -DALE SHAW, BBC



## Tónamínútur – verk eftir Atla Heimi Sveinsson

Þjóðleikhúsið, sunnudag kl. 15.00 Miðaverð 2.700

Tónleikarnir byggja á samnefndum geisladiski sem tilnefndur var sem diskur ársins á Íslensku tónlistar-verðlaununum í fyrra. Flutt verða tónverk Atla Heimis Sveinssonar fyrir einleiksflautu og flautu og píanó. Í aðlhlutverki með flautuna er Áshildur Haraldsdóttir: Flytjendur auk Áshildar eru píanóleikararnir Anna Guðný Guðmundsdóttir og tónskáldið sjálft; Atli Heimir Sveinsson.

Miðasala

Miðasalan fer fram á **www.listahatid.is** og í síma 552 8588, alla virka daga frá kl. 10 til 16. **Miðasala við innganginn hefst klukkustund fyrir viðburð.**

10.–26. maí
Listahátíð í Reykjavík 2007
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

KAUPÞING · ICELANDAIR · SAMSKIP · Radisson SAS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



ELLIOTT SMITH



TRAVIS

## Í SPILARANUM

Travis - The Boy With No Name
The Clientele - God Save the Clientele
Wilco - Sky Blue Sky
Maroon 5 - It Won't Be Soon Before Long
Elliott Smith - New Moon

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# múm í september

Hljómsveitin múm hefur lokið upptökum á sinni fjórðu hljóðversplötu og er hún væntanleg í búðir 24. september. „Hún er töluvert skemmtilegri en platan á undan [Summer Make Good]. Hún er miklu lausari í sér. Við slepptum okkur miklu meira við hana,“ segir Örvar Þóreyjarson Smárason, meðlimur múm.

Bróðurparturinn af plötunni var tekinn upp í Tónlistarskólanum á Ísafirði og segir Örvar þá reynslu hafa verið alveg frábæra, enda gátu þau fengið alls konar hljóðfæri að láni við upptökurnar.



**MÚM** Fjórða hljóðversplata múm kemur út 24. september.

Fram undan hjá múm eru nokkrir tónleikar í sumar, meðal annars í Barcelona, París, Moskvu og Aþenu. Örvari líst að vonum vel á komandi mánuði. „Þetta verður mjög spennandi og það verður gaman að fara að spila aftur. Við höfum ekkert túrað almennilega í eitt til tvö ár. Það verða nokkrir tónleikar í sumar og svo skiptum við í fimmta gírinn í haust.“

Múm er um þessar mundir sjö manna band þó svo að Örvar og Gunnar Örn Tynes séu ennþá forsprakkar sveitarinnar. Á meðal annarra meðlima eru Ólöf Arnalds, Hildur Guðnadóttir og Mr. Silla. - fb



## Plata vikunnar

Björk - Volta

★★★★

„Aðgengilegasta plata Bjarkar í langan tíma þar sem hún sleppir fram af sér beislinu en nýtir samt frelsið ekki til fullnustu.“

SHA



## TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

## *Áfram tónlistarhátíð*

Tónleikahald í Reykjavík hefur breyst mikið til batnaðar síðustu ár. Lengi vel var Listahátíð eini aðilinn sem treysti sér til að flytja inn stór nöfn í poppheiminum og valið var ekki alltaf upp á marga fiska (Man einhver eftir Smokie á Listahátíð 1978?). Nú eru margir metnaðarfullir aðilar að flytja inn tónlistarmenn af öllum stærðum og gerðum allan ársins hring, auk þess sem haldnar eru tónlistarhátíðir með þátttöku erlendra og innlendra poppara. Iceland Airwaves rís þar hæst.

En stóru listahátíðirnar eru líka farnar að vanda valið meira en áður. Nú á þessu vori eru þrjár hátíðir sem eiga það sammerkt að bjóða upp á frábær tónlistaratriði í popp- og heimstónlistargeiranum. Franska vorið Pourquoi Pas? færði okkur m.a. Emilie Simon, Nouvelle Vague og Dionysos, auk þess sem tónleikar með Air eru fyrirhugaðir í júlí. Mjög vel heppnað val. Vorblót 2007 verður haldið um næstu helgi með þátttöku



**KONONO N°1** Spilar í Hafnarhúsinu í kvöld.

Gorans Bregovic og Oumou Sangare og Listahátíð í Reykjavík byrjar sína tónlistardagskrá með trompi í kvöld í Hafnarhúsinu með tónleikum kongósku hljómsveitarinnar Konono N°1.

Konono N°1 var stofnuð í Kinshasa, höfuðborg Kongó á níunda áratugnum þó að forsögu hennar megi rekja enn lengra aftur. Í hljómsveitinni eru nokkrir raflikembé-leikarar, en raflikembé er rafvædd útgáfa af hinu hefðbundna likembé sem er algengt hljóðfæri í Afríku. Auk þess eru í Konono N°1 slagverksleikarar sem spila bæði á hefðbundin ásláttarhljóðfæri og ýmis konar dót (bílahluti, potta...) og dansarar. Hljómsveitin spilar á nýju Bjarkarplötunni Volta og hitaði upp fyrir Björk á tónleikum í New York í síðustu viku. Hún hefur spilað mikið á Vesturlöndum allt frá því að platan hennar Congotronics kom út árið 2004. Sú plata er fáanleg í plötubúðum hér á landi og það er sérstök ástæða til að mæla með henni. Hreint út sagt mögnuð tónlist sem lýsa mætti sem samblandi af heimstónlist, framúrstefnurokki og raftónlist.

# Dauðakippir nu-metalsins

**Linkin Park sendir frá sér nýja skífu í næstu viku. Steinþór Helgi Arnsteinsson athugaði hvort hér væri um endalok nu-metalsins að ræða.**

Fáar tónlistarstefnur hafa hlotið eins harkalega meðferð tónlistargagnrýnenda og -spekinga og nu-metallinn (tók að myndast um miðjan síðasta áratug í kjölfar grungestefnunnar, með sveitum á borð við Korn, Limp Bizkit og fleirum. Má þar til dæmis nefna Slipknot, Staind og Papa Roach. Skilgreining á hugtakinu nu-metall er þó nokkuð margræð og hefur þannig einnig fengið nafnið rapp-rokk).

Stefnan hefur hlotið þvílíkar svívirðingar að jafnvel diskóið þykir gulltímabil samanborið við margt af því sem áberandi þótti í nu-metalnum. Hafa mest áberandi einstaklingar stefnunnar, á borð við Fred Durst, þó frekar átt sök á óhróðri nu-metalsins en sjálf tónlistin.

### Afneitunin

Nu-metallinn var þannig ekkert annað en pönk sinnar kynslóðar, allavega í Bandaríkjunum þar sem plötur seldust í skipsförmum og einokuðu flestar stærstu tónleikahátíðirnar. Engin launung er heldur um þá staðreynd að stefnunni var ekki eingöngu hampað af almenningi heldur einnig fjölmiðlum.

Margar sveitir fylgdu þessum tíðaranda og voru til dæmis með plötusnúð innan sinna vébanda og bestu dæmin eru líklegast Incubus og Deftones. Í nýlegu viðtali Fréttablaðsins við Mike Einzeiger, gítarleikara Incubus, hafði hann einmitt þetta að segja: „Núna, hins vegar, láta margar af þessum sveitum og blaðamönnum eins og þetta [nu-metallinn] hafi aldrei átt sér stað, eins og þeim hafi aldrei líkað við þessa tónlist á þeim tíma.“ Í dag eru þessir fyrrum plötusnúðar líka



**NU-METAL RISAR** Fyrstu tvær plötur Linkin Park seldust í rúmlega 40 milljónum eintaka. Nýrri plötu sveitarinnar er spáð talsverðum vinsældum þótt hún eigi alls ekki eftir að ná fyrri hæðum Linkin Park. Nu-metal-stefnan er í dauðateygjunum.

frekar kallaðir hljómborðsleikarar eða forritarar sveitanna.

### Enn feikivinsælir

Ekki þarf hins vegar annað en að rýna í sölutölur Linkin Park til þess að sjá hversu gríðarlega vinsæl þessi tónlist var og, sem er kannski það merkilegasta, er. Fyrri tvær plötur sveitarinnar, Hybrid Theory og Meteora, seldust sem dæmi í rúmlega 40 milljónum eintaka. Fyrsta smáskífa nýju plötunnar, Minutes to Midnight, með laginu What I've Done komst síðan inn á topp tíu á Billboardlistanum og var aðeins þriðja lagið í sögunni til þess að fara beint í fyrsta sætið á rokklista Billboard í sinni fyrstu viku (hin eru What's The Frequency, Kenneth? með R.E.M., og Dani California með Red Hot Chili Peppers).

### Hvað tekur við?

Linkin Park eru samt greinilega að reyna að fjarlægja sig frá nu-metal hugtakinu á nýju plötunni sem unnin var í samstarfi við Rick Rubin upptökustjóra. „Fólk hefur ætíð flokkað okkur með þessari stöðluðu ímynd rapp-rokksins en við höfum aldrei ætlað okkur viljandi að vera hluta þeirrar senu. Við höfum ætíð haft okkar eigin persónuleika og ég held að hann komi bersýnilega í ljós á þessari plötu,“ sagði Mike Shinoda, einn söngvari Linkin Park, í nýlegu viðtali. Hann bætti við að lögin væru samin með mjög Arcade Fire-legri uppstillingu og samsetningu hljóðfæra. Staðreyndin er líka sú að Shinoda rappar til dæmis mun minna á þessari plötu en áður og fleiri gildi nu-metalsins eru ekki eins áberandi og áður.

En nú þegar endalok nu-metalsins virðast í nánd hljóta menn að spyrja sig hvað taki við sem ríkjandi stefna í bandaríski meginstraums rokktónlist. The-bylgjan náði sem dæmi ekki tilskildum hæðum og fjaraði nokkuð fljótt út en hefur kannski gert það að verkum að neðanjarðarsveitir, á borð við einmitt Arcade Fire, eru orðnar hinn nýi meginstraumur. Ljóst þykir samt að bandarísk rokktónlist, og auðvitað plöturisarnir, þarfnast sveitar sem brýtur upp formið og hefur nýja bylgju.


# GRÆN FRAMTÍÐ?



FRAMTÍÐARLANDIÐ BÝÐUR LANDSMÖNNUM Á TÓNLEIKA FÖSTUDAGINN 11. MAÍ 2007 KL. 20 Á NASA VIÐ AUSTURVÖLL. FRÍTT INN.

FRAM KOMA:

* BENNI HEMM HEMM
* BOGOMIL FONT & FLÍS
* SPRENGJUHÖLLIN
* MR. SILLA & MONGOOSE
* RETRO STEFSON
* HJALTALÍN
* BOB JUSTMAN
* DJ MUSICIAN


## BRENNSLAN HAFSTEINN ÞÓRÓLFSSON

„Ég er mikið að hlusta á elektróníska tónlist þessa dagana og tvær frábærar plötur, Forever með Gus Gus og Volta með Björk, eru á „replay“ hjá mér. Lögin hér fyrir neðan eru samt alltaf sterk hjá mér,“ segir tónlistarmaðurinn Hafsteinn Þórólfsson.

**1. Declare Independence – Björk**
„Fyrsta lagið til að grípa mig af nýju plötunni hennar Bjarkar. Mann langar helst til að hanna sinn eigin fána eftir að hafa hlustað á lagið.“

**2. Ramalama (Bang Bang) – Roisin Murphy**
„Heyrði þetta lag fyrst í sjónvarpsþættinum „So You Think You Can Dance“. Það er eitthvað töff og grípandi við þetta lag.“

**3. Hold You – Gus Gus**
„Ég er mikill Gus Gus „fan“ en þetta er eitt af uppáhaldslögunum mínum á nýju plötunni þeirra.“

**4. „You Spin Me Round (Like a Record) – Dead or Alive**
„Ég verð alltaf að komast á næsta dansgólf þegar ég heyri það. Ótrúlega grípandi ryþmi með kraftmiklum söng gerir þetta lag alveg aldurslaust.“

**5. I Wanna Be Like You – Jungle book**
„Ég hlusta alltaf á „soundtrackið“ úr Jungle Book þegar ég þarf að komast í gott skap. Ef þú þarft að ryksuga þá er þetta lagið til að hlusta á.“

**6. Pleasure Is All Mine – Björk**
„Ég er með frábærar minningar tengdu þessu lagi en ég söng með íslenska hópnum í upptökum á því. Að flytja það „live“ á tónleikum í París var líka ótrúlegt móment.“

**7. All Mine – Portishead**
„All Mine finnst mér sameina allt það besta hjá Portishead. Kristaltær söngur, frábærir textar og æðislegt „vibe“ frá tónlistinni þeirra.“

**8. The Maker Makes – Rufus Wainwright**
„Eitt af aðallögunum úr kvikmyndinni Brokeback Mountain. Það er einhver löngun og tregi í þessu lagi sem nær til mín.“

**9. Paloma Negra – Chavela Vargas**
„Heyrði þetta lag í kvikmyndinni Frida. Hrárri og tilfinningaþrungnari söng er varla hægt að finna. Ótrúlega flott lag.“



**HAFSTEINN ÞÓRÓLFSSON** Gus Gus og Björk eru í uppáhaldi hjá Hafsteini.

**10. Stanslaust stuð – Páll Óskar**
„Besta íslenska popplagið. Eitt besta lagið sem þú finnur á dansgólfinu að mínu mati.“

# Norah Jones til Íslands

Bandaríska tónlistarkonan Norah Jones heldur tónleika í Laugardalshöll sunnudaginn 2. september. Tónleikar Noruh Jones eru jafnan stórviðburður hvar sem þeir eru haldnir og yfirleitt komast færri að en vilja, enda hafa plötur þessarar vinsælu söngkonu selst í tugmilljóna upplagi um allan heim.

„Það hefur verið mikil vinna í gangi síðustu mánuði að landa þessum tónleikum, enda á ferðinni einn dáðasti og stærsti tónlistarmaður áratugarins,“ segir Eldar Ástþórsson hjá Hr. Örlygi. Það er FL Group sem gerir tónleikana mögulega og stendur fyrir þeim í samvinnu við Hr. Örlyg. Um svokallaða sitjandi tónleika verður að ræða og því verða aðeins rúmlega 2.500 miðar í boði. „FL Group tekur þátt í þessu með okkur en fyrirtækið ætlar ekki að kaupa upp alla miðana. Það voru forsendur sem við gengum út frá strax frá upphafi. Það gefst öllum kostur á að kaupa miða og það verður örugglega hart barist um þá,“ segir Eldar.

Um þessar mundir stendur Norah í ströngu við að fylgja eftir þriðju plötu sinni, Not Too Late, sem kom út í janúar og þykir með hennar bestu og framsæknustu verkum. Fyrsta plata Noruh Jones, Come Away With Me, vakti heimsathygli þegar hún kom út árið 2003. Fyrir hana fékk Norah fimm Grammyverðlaun, en síðan hefur hún hlotið þrenn til viðbótar.

Norah, sem er dóttir hins víðfræga indverska tónlistarmanns Ravis Shankar, mun í Laugardalshöll koma fram með hljómsveit sinni, The Handsome Band. Á næstunni verður tilkynnt hvenær miðasala á tónleikana hefst.



**NORAH JONES** Bandaríska tónlistarkonan Norah Jones heldur tónleika á Íslandi 2. september.

# Flybus fær góða dóma

Lagið Flybus með rokksveitinni Reykjavík! fær átta í einkunn af tíu mögulegum á heimasíðunni paperthinwalls.com. Lagið er að finna á EP-plötunni Dirty Weekend With Reykjavík! sem var tekin upp á hálfum sólarhring og gefin út daginn eftir.

„Rokkhópurinn Reykjavík!, sem er nefndur eftir heimaborg sinni, hefur svo sannarlega unnið fyrir upphrópunarmerki sínu með krafti sínum og skemmtilegheitum,“ segir í umsögninni. „Fyrstu plötu sveitarinnar, Glacial Landscapes, Religion, Oppression and Alcohol, hefur verið hampað af David Fricke [hjá tímaritinu Rolling Stone] en aðrir hafa ekki veitt sveitinni þá athygli sem henni ber.“



**REYKJAVÍK!** Hljómsveitin Reykjavík! fær góða dóma á heimasíðunni Paperthinwalls.com.

## NÝJAR PLÖTUR




**Stormsker**
**There Is Only One**

★★★

Sverrir Stormsker hefur greinilega verið í ham þegar hann samdi lögin á There Is Only One. Hvert snilldarlagið rekur annað. Fín plata, en hefði orðið enn betri með ferskari útsetningum. TJ

**Kings of Leon**
**Because of the Times**

★★★

Farið er í aðrar áttir en á fyrri plötum sveitarinnar. Stundum tekst þeim frábærlega en á öðrum stöðum er platan ekki upp á marga fiska. SHA

**Curver + Kimono**
**Curver + Kimono**

★★

Þrátt fyrir flottan hljóm veldur þessi samstarfsplata Curvers og Kimono miklum vonbrigðum. Mixin eru fyrirsjáanleg og ná ekki að halda athyglinni. TJ

**Modest Mouse**
**We Were Dead Before the Ship Even Sank**

★★★

Sísta plata Modest Mouse til þessa en samt sem áður margslungin og heldur Modest Mouse enn í fremstu röð. SHA

**Skátar**
**Ghost Of The Bollocks To Come**

★★★★

Með Ghost Of The Bollocks To Come festa Skátar sig í sessi sem ein áhugaverðasta rokksveit landsins. Hrá og kraftmikil jaðarrokkplata frá sveit sem fer sínar eigin leiðir. TJ

**LCD Soundsystem**
**Sound of Silver**

★★★★

Farið er um víðan völl en platan heldur sér fast saman í frábærlega heilsteyptu verki sem ógrar, gleður, hressir, bætir og kætir! SHA

**Silvia Night**
**Goldmine**

★★

Það sannast með þessari nýju plötu Silviu Night sem mikið hefur verið lagt í að popptónlist verður aldrei góð ef lagasmíðarnar sjálfar eru vonlausar. TJ




fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Skiptar skoðanir um Paris Hilton

Fangelsisdómur Parisar Hilton hefur verið á vörum margra síðan hann féll fyrir viku og allir virðast hafa skoðun á málinu. Lindsay Lohan, sem virðist vera vinkona hótelerfingjans þessa stundina, tjáði sig um málið í viðtali hjá David Letterman. Hún sagði refsinguna sem Paris hlaut fyrir að aka undir áhrifum áfengis afar ósanngjarna. „Þetta er skelfilegt,“ sagði Lohan, sem vísaði sögusögnum um að Paris hefði kýlt hana á skemmtistað á bug við sama tækifæri.

Það ku hins vegar ekki plaga Cameron Diaz að Hilton verði lokuð inni. Entertainment Tonight hefur eftir Diaz að Paris þurfi að horfast í augu við afleiðingar slæmrar hegðunar sinnar. Diaz er þar að auki nágranni hótelprinsessunnar og er víst orðin dálítið pirruð vegna ágangs ljósmyndara. „Við þjáumst öll þegar Paris þjáist,“ sagði Diaz, og átti þar við fjölmiðlafárið sem skapast iðulega í kringum Hilton.



**SKELFILEGUR DÓMUR** Lohan segir dóm Parisar vera afar ósanngjarnan.

**ÞJÁIST MEÐ PARIS** Diaz, sem er nágranni Parisar, þjáist vegna allrar fjölmiðlaathyglinnar og ku ekki harma fangelsisdóminn.

**SKIPTAR SKOÐANIR** Það eru ekki allir á eitt sáttir um hvort fangelsisdómur Parisar hafi verið sanngjarn.



**CLIFF RICHARD** Sir Cliff Richard hefur verið að í fjóra áratugi en ekki í fjórar aldir.

# Cliff í fjórar aldir

Í frétt á heimasíðunni Contactmusic.com kemur fram að Sir Cliff Richard, sem hélt tónleika á Íslandi fyrr á árinu, hafi farið að hlæja þegar hann sá auglýsingu fyrir tónleikana þar sem stóð að hann hefði verið að í fjórar aldir.

„Ég er ekki alveg að skilja þetta og kannast bara ekkert við þetta,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson, sem stóð fyrir tónleikum Richard. „Hann talaði aldrei um að hafa séð þessa auglýsingu og ég hef ekki séð hana sjálfur. Ég veit bara að þeir voru rosalega ánægðir á Íslandi.“

Í auglýsingunni stóð að Cliff Richards, sem er 66 ára, hefði verið goðsögn í tónlistinni í rúmar fjórar aldir. Þegar hann hefði komið fram á sjónarsviðið árið 1758 hefði ungæðisleg orka hans komið eins og ferskur blær fram á sjónarsviðið. Í frétt Contactmusic stendur að auglýsendurnir hafi verið aðsins skömmustulegir vegna málsins og hafi undir eins breytt „fjórum öldum“ í „fjóra áratugi“ og 1758 í 1958.

„Margir átta sig ekki á því að hann er bara tveimur árum eldri en Paul McCartney. Hann byrjaði bara svo ungur, 17 ára, og er búinn að vera lengi að,“ segir Guðbjartur um fyrrverandi skjólstæðing sinn. -fb



**GUÐBJARTUR FINNBJÖRNSSON** Guðbjartur kannast ekkert við auglýsinguna.






# Harry vinsælli en Vilhjálmur

**Nú þegar Kate Middleton er horfin á braut hefur kastljós bresku fjölmiðlannna beinst sífellt meira að hinni ljóshærðu Chelsy sem hefur verið kærasta Harry prins í rúm þrjú ár. Og skötuhjúin hafa hreinlega slegið í gegn.**

Harry og Chelsy kynntust fyrst þegar konungsfjölskyldan fór í stutt frí til Simbabve. Harry ku hafa fallið strax fyrir stúlkunni og meðal annars létt á hjarta sínu við nokkra ferðamenn sem sátu í sínum mestu makindum við Okavango-vatnið í Botsvana. „Harry skildi bara ekki hvernig í ósköpunum hann gat verið orðin ástfanginn af þessari stúlku eftir bara fjóra daga,“ sagði einn sjónarvottanna.



**HARRY OG CHELSY** Eru sögð líta út fyrir að vera alvöru par, ólíkt Vilhjálmi og Kate sem voru alltaf eins og systkini.

**Stúlkan frá Simbabve**

Stóra spurningin er hins vegar hvort Chelsy mætir með Harry í opinbera minningarathöfn um móður hans, Díönu prinsessu, í júlí. Samkvæmt bresku fjölmiðlunum hefur Harry þegar boðið henni á tónleikana sem hann skipuleggur ásamt bróður sínum. „Ef Harry og Chelsy mæta saman yrði það mjög stórt skref en Harry er ekki viss um að hann vilji kalla allt fjölmiðlafárið yfir Chelsy strax.“

Chelsy er algjörlega á skjön við Kate sem Vilhjálmur sagði upp fyrir skömmu. Hún er alin upp við allsnægtir og hefur aðsetur í þremur löndum en faðir hennar er vellauðugur viðskiptajöfur í Simbabve. Chelsy hefur getið sér góðs orðs fyrir fyrirsætustörf en þykir með eindæmum klár og var góður nemandi í skóla. „Henni er alveg sama að Harry er prins, henni finnst það jafnvel til trafala,“ sagði einn heimildarmaður við breska blaðið Daily Mail.

Og þótt Chelsy virki á marga sem litlu snobbaða stelpan þá hefur hennar barnslegi þokki og einlægni heillað meðlimi konungsfjölskyldunnar upp úr skónum. Jafnvel Bretar virðast smám saman vera farnir að opna augun fyrir því að Harry og Chelsy gætu verið næstu konunglegu hjónakornin. Þeir eru, þótt ótrúlegt megi virðast, farnir að trúa því að ástin geti þrifist innan Buckingham.

**Sá brjálaði verður að manni**

Fjölmiðlar hafa jafnframt verið að taka Harry í sátt á undanförnum misserum. Enda hefur margt breyst og eru þeir ófáir sem vilja þakka Chelsy því að Harry er orðinn að manni. Prinsinn rauðbirkni var áður fyrr ólátabelgurinn í Buckingham, drakk áfengi ótæpilega og reykti gras og gerði allt brjálað þegar hann mætti sem nasisti á grímuball. Þjóðin saup hveljur og blöðin tóku hann af lífi með fyrirsögnum á borð við „Harry the Nazi“. Hann var sagður hafa niðurlægt arfleifð langafa síns og langömmu sinnar Elísabetar sem þjöppuðu þjóðinni saman þegar Hitler lét sprengjum rigna yfir Bretland.

En nú er það sem sagt Harry sem á sviðið enda virðist Vilhjálmur prins eingöngu hafa áhuga á fögrum fljóðum og eltir hvert einasta pils á skemmtistöðum höfuðborgarinnar. Harry er að fara í stríðið til Íraks og ætlar sér að verja heiður fjölskyldu sinnar og þjóðar. Og heima bíður hans hin laglega Chelsy. Vilhjálmur prins verður síðan alveg örugglega á næsta bar með enn einni dömunni.

freyrgigja@frettabladid.is




**HARRY THE NAZI** Þessi grímubúningur aflaði Harry ekki mikilar vinsældir og var hann sakaður um að hafa gert lítið úr fjölskyldu sinni.



**NÆSTA PRINSESSA?** Chelsy er fædd í Afríkuríkinu Simbabve og er af góðum ættum.

# Garðar gæti farið í 200 þúsund eintök

Nýjasta plata Garðars Thors Cortes, sem hefur setið á toppi klassíka vinsældalistans í Bretlandi í þrjár vikur, hefur selst í tæpum fimmtíu þúsundum eintaka þar í landi.

„Þetta er klassísk plata og getur ekki keppt við Mika eða Arctic Monkeys, sem seldi 220 þúsund eintök í fyrstu vikunni. Hún er ekki á þeim stað ennþá,“ segir umboðsmaðurinn Einar Bárðarson. „Þessar plötur hafa allt annað gildi og annan lífsstrúktúr á listanum. Platan sem við tókum efsta sætið af á klassíska listanum er búin að vera á markaðnum síðan fyrir jól og hefur selst í 500 þúsund eintökum. Þetta er karlakór og þeir opnuðu bresku Brit-verðlaunin um daginn. Þeim fannst ógeðslega súrt að einhverjir Íslendingar væru komnir í fyrsta sætið.“

Einar reiknar með því að Cortes eigi eftir að halda áfram að seljast í nokkrum þúsundum eintaka í mjög langan tíma í viðbót. „Eins og þegar staðan er núna hugsa ég að þegar þessi plata hættir að seljast hefur hún selst pottþétt í 100 til 200 þúsund eintökum.“

Platan er væntanleg í búðir hér á landi á fimmtudaginn í næstu viku og má þá búast við mikilli sölu, enda seldist fyrsta plata Garðars Thors í um tuttugu þúsundum eintaka hér á landi. Á nýju plötunni er helmingur laganna sá sami og var á fyrstu plötu Garðars. Þau lög hafa þó verið sungin upp á nýtt og eru endurhljóðblönduð. -fb



**GARÐAR THÓR CORTES** Tenórinn ungi hefur heillað aðdáendur klassískrar tónlistar í Bretlandi upp úr skónum.



# Strikið yfir siðleysið

## - áskorun til sjálfstæðismanna í Reykjavíkurkjördæmi suður

*Í rúm fjögur ár mátti ég að ósekju sitja á sakamannabekk í Baugsmálinu svokallaða vegna óvæginna og ranglátra aðgerða Haraldar Jóhannessens, ríkislögreglustjóra, Jóns H. B. Snorrasonar, saksóknara, og síðast Sigurðar T. Magnússonar, sem var settur í starf Jóns H. B. Snorrasonar eftir að hann var gerður afturreka með málatilbúnað sinn haustið 2005. Nafn mitt var hreinsað með sýknudómi Hæstaréttar Íslands í janúar á þessu ári.*

*Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur í ræðu og riti varið embættisafglöp þessara manna og hvatt þá til dáða leynt og ljóst. Fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarna daga að Björn hyggist skipa Jón H. B. Snorrason í embætti ríkissaksóknara strax að loknum kosningum. Embættisveitingar Björns hafa verið harðlega gagnrýndar á undanförnum árum. Nú keyrir um þverbak og maður hlýtur að spyrja: Hvað skyldi Jón H. B. Snorrason eiginlega hafa á Björn Bjarnason úr því hann hyggst skipa manninn í þetta háa embætti þrátt fyrir allt hans klúður?*

*Sjálfur hef ég ávallt litið á mig sem sjálfstæðismann þó að ég hafi átt bágt með að styðja flokkinn síðustu árin í stjórnartíð Davíðs Oddssonar. Ég veit að margir sjálfstæðismenn eru sama sinnis og ég í því efni og eiga erfitt með að ákveða sig og þá ekki síst sjálfstæðismenn í Reykjavíkurkjördæmi suður þar sem Björn Bjarnason situr í öðru sæti á lista Sjálfstæðisflokksins. Aðeins eitt ráð er til. Merkið x við D en strikið yfir siðleysið með því að strika yfir nafn Björns Bjarnasonar á listanum.*

***Jóhannes Jónsson,***
***kaupmaður í Bónus og sjálfstæðismaður.***

JÓHANNES JÓNSSON KOSTAR ÞESSA AUGLÝSINGU SJÁLFUR.

# Rólegt og seiðandi



The Ghost That Carried Us Away er fyrsta plata Seabear í fullri lengd, en áður hafði sveitin sent frá sér EP-plötuna Singing Arc. Seabear er í dag sex manna sveit, en Sindri Már Sigfússon telst vera forsprakki hennar – hann semur öll lögin og textana og syngur auk þess að spila á fjölmörg hljóðfæri.

Tónlist Seabear er kántrískotið, rólegt og seiðandi indí-popp. Hún einkennist af melódískum lagasmíðum og hlýjum og hljómfögrum útsetningum. Tónlist sveita eins og Slowblow, Skakkamanage, múm og Funerals kemur upp í hugann þegar maður hlustar á plötuna þó að Seabear líkist engri þessara sveita beinlínis.

Lagasmíðarnar eru margar mjög flottar og söngurinn er fínn, en það sem gerir The Ghost That Carried Us Away jafn frábæra og raun ber vitni eru útsetningarnar. Það hefur verið nostrað við þessi lög. Kassagítar, píanó, fiðlur og klukkuspil setja sterkan svip á útkomuna, en ýmis önnur hljóðfæri eru notuð á mjög áhrifaríkan hátt í einstaka lögum, þ.á m. munnharpa, banjó, horn og orgel. Og ekki má gleyma bakröddunum. Þær eru mjög vel heppnaðar og lyfta lögum eins og Libraries, Hospital Bed, Owl Waltz upp á annað plan. Heildarsvipur plötunnar er líka sterkur. Hún rennur vel í gegn og stemningin heldur sér frá fyrsta lagi til þess síðasta þó að flestar sterkustu lagasmíðarnar séu á fyrri hluta plötunnar.

Á heildina litið er The Ghost That Carried Us Away flott frumsmíð og heilländi plata sem ætti að geta höfðað til nokkuð breiðs hóps poppáhugamanna.

Íslenska tónlistarárið 2007 hefur farið frábærlega af stað. Þegar eru komnar út nokkrar plötur sem ættu að geta blandað sér í hóp bestu platna ársins í árslok. The Ghost That Carried Us Away er ein af þeim.

**Trausti Júlíusson**

**TÓNLIST**

**The Ghost That Carried Us Away**

Seabear

★★★★

Tónlist Seabear er kántrískotið, rólegt og seiðandi indí-popp. Fínar lagasmíðar og frábærar útsetningar gera The Ghost That Carried Us Away eina af bestu plötum ársins hingað til.



**SINDRI MÁR SIGFÚSSON** er aðalmaðurinn á bak við sveitina.

# Fimm Íslendingar í World Cup of Poker á Sýn

**Gísli Ásgeirsson þýðandi er helsti sérfræðingur Íslands í póker. Nú gefst áhorfendum Sýnar tækifæri á að fylgjast með gengi fimm Íslendinga sem tóku þátt í World Cup of Poker sem fram fór í Barcelóna fyrir nokkrum mánuðum.**

„Þetta var fínt,“ segir Halldór Már Sverrisson pókerspilari með meiru. Og er ófáanlegur til að tjá sig nánar um hvernig upplifun það hafi verið að taka þátt í meiri háttar pókermóti. „Við skulum bara láta myndirnar tala sínu máli,“ segir hann.

Halldór keppti, ásamt fjórum öðrum Íslendingum, fyrir hönd lands og þjóðar, í risastóru pókermóti sem fram fór í Barcelona fyrir nokkrum mánuðum, World Cup of Poker. Byrjað er að sýna frá þessu móti á Sýn en þar hafa þættir um póker notið mikilla vinsælda. Sem fara vaxandi.

„Já, Sýn var að kaupa tvær pókerseríur sem verða keyrðar samtímis. World Cup of Poker og World Series of Poker. Þetta er alvöru póker þar sem spilað er upp á milljónir. Jafnvel Bjarni Ármanns væri þar eins og meðal jafningja,“ segir Gísli Ásgeirsson þýðandi en hann hefur fengist við að þýða og lýsa pókerþáttum sem hafa verið til sýninga á Sýn.

World Cup mótið þar sem Íslendingarnir kepptu var einkar glæsilegt og var stjanað við keppendur á glæsihótelum þar sem þeir gistu. Auk Halldórs voru það Brynjar Valdimarsson, Þorkell Þórisson, Birgir Guðmundsson og Gústaf Björnsson sem spiluðu. Sannkallað pókeræði ríkir á Íslandi þó ekki fari það hátt og er spilað af miklum þrótti bæði í heimahúsum sem og á netinu.

„Úti í löndum er póker ekkert feimnismál eins og hér heima,“ segir Gísli sem hefur lýst því opinberlega hversu lítt honum þykir til tvískinnungsins sem hér ríkir gagnvart casino-spilum. En það er efni í annað vers.

Gísli vill ekkert gefa uppi um gengi Íslendinganna – að vonum. „Það kemur í ljós í þáttunum. Ég sé sérstaka ástæðu til að hrósa Birgi Guðmundssyni. Hann tók alltaf réttar ákvarðanir,“ segir Gísli. Svo er það spurning um heilladísirnar því þó póker sé vissulega spil sem menn eru missleipir í þá spilar lukkan þar inn í.



**GÍSLI ÁSGEIRSSON** Úti í löndum er póker ekki eins mikið feimnismál og hér heima.



**HALLDÓR MÁR SVERRISSON** Einhver reyndasti pókerspilari Íslands fór fyrir fríðum flokki Íslendinga á World Cup of Poker.


# Ný upplifun

Bjóðum ykkur velkomin í nýjar sælkeraverslanir okkar að Búðakór 1 Kópavogi og Tjarnarvöllum 15 Hafnarfirði.

Kosningasteikin er smjörsprautuð nautasteik að hætti Ómars í Gallerí Kjöt.
Nauta- og sjávarréttagrillsprjótin eru tilvalin í Eurovisionpartíin!





Miðjarðarhafs skötuselur í tómat og basil





*Við leggjum mikinn metnað í að bjóða þér aðeins uppá fyrsta flokks hráefni og tilbúna rétti. Einnig bjóðum við uppá úrval af sósum og öðru gæða meðlæti.*

verslanir Fiskisögu
Tjarnarvellir 15
Búðakór 1
Hamraborg 14a
Skipholti 70
Höfðabakka 1
Nesvegi 100
Sundlaugavegi 12
Háaleitisbraut 58–60
Ægisbraut 29, Akranesi

verslanir Gallerí Kjöts
Tjarnarvellir 15
Búðakór 1
Grensásvegi 48

Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

GALLERÍ KJÖT
Í kjöti erum við bestir



**VILL EKKI PÍTSU** Keira Knightley vill ekki borða óhollan mat að læknisráði.

# Vill ekki ruslfæðið

Keira Knightley hefur fengið fyrirskipun frá lækni um að borða óhollan mat og nóg af honum. Leikkonan hefur verið gagnrýnd harkalega fyrir útlit sitt, sem þykir bera merki þess að hún þjáist af átröskun. Knightley hefur alla tíð neitað því að hún þjáist af slíkum sjúkdómi, en nú mun leikkonan vilja bæta aðeins á sig.

„Ég spurði lækni um hvernig ég gæti þyngst. Hann sagði að ég þyrfti að borða mikið af óhollum mat, hætta í líkamsrækt og drekka mikið,“ sagði hún í viðtali við tímaritið Elle. Knightley var þó ekki á því að taka ráðum læknisins. „Ég ætla ekki að gera þetta bara til þess að fólk hætti að gagnrýna mig,“ sagði hún.



**AMIINA** Hljómsveitin Amiina gefur út sína fyrstu plötu 18. júní.

# Kurr kemur út 18. júní

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Amiina, Kurr, kemur út 18. júní næstkomandi á vegum útgáfufyrirtækisins Ever Records. Platan hefur þegar verið gefin út á netinu.

Á plötunni, sem hefur að geyma tólf lög, notuðust stúlkurnar í Amiinu við ýmis hljóðfæri, þar á meðal hörpur, vínglös, bjöllur, selló, fiðlur og trompet auk þess sem sög var notuð. Fram undan hjá Amiinu eru þrennir tónleikar í Bretlandi 15. til 17. maí. og þrennir til viðbótar í Þýskalandi 19. til 22. maí.



**JOHNNY DEPP** Leikarinn hefur loks tjáð sig um veikindi dóttur sinnar.

# Tjáir sig um veikindin

Leikarinn Johnny Depp segir að dóttir sín hafi komist ósködduð frá alvarlegum veikindum sem hrjáðu hana fyrr á árinu. Dóttirin, hin sjö ára Lily Rose, var flutt í skyndi á sjúkrahús í febrúar eftir að hafa fengið eitrun.

„Hún er núna jafnheilbrigð og hún var áður en hún veiktist. Hún er alveg yndisleg,“ sagði Depp. Hann á einnig fjögurra ára son með konu sinni Vanessu Paradis.

# Menntskælingur skellti skólastjóra

Magnús Þorlákur Lúðvíksson, 19 ára menntskælingur, gerði sér lítið fyrir og sigraði Helga Árnason, skólastjóra Rimaskóla, í æsispennandi viðureign í Meistaranum í gær. Helgi er faðir Jónasar Arnars sigurvegarans frá í fyrra þannig að fyrir liggur að ekki nær faðir að feta í fótspor sonar að þessu sinni.

Undanúrslit keppninnar eru nú hafin en að viku liðinni eigast við þeir Páll Ásgeir Ásgeirsson, fjölmiðlamaður með meiru, og Pálmi Óskarsson, læknir á Akureyri.

Viðureign gærkvöldsins var æsispennandi allt til enda. Báðir keppendur tefldu varfærnislega þegar kom að því að leggja stig sín undir. Enda menn nú farnir að sjá glitta í glæsileg verðlaun sem eru fimm milljónir í beinhörðum peningum. En þegar einungis tvær spurningar voru eftir og eins stigs munur Magnúsi í vil tók hann áhættu, lagði fimm stig undir og gat þannig tryggt sér sigur. Og það hafðist. Helgi hafði engu að tapa þegar hann lagði fimm stig undir í lokaspurningunni en rétt svar hans dugði ekki til og lokatölur 21 – 20. Menntskælingurinn hafði þar með skellt skólastjóranum.

Potturinn svokallaði gekk ekki út í gær og er kominn upp í tvö hundruð þúsund þannig að Páll Ásgeir og Pálmi eiga þess kost að krækja í góðan aukapening. - jbg



**MAGNÚS ÞORLÁKUR** Kominn í úrslit og fimm milljónir innan seilingar.

# Óttast um líf Lohan



**LINDSAY LOHAN**

Vinir og ættingjar Lindsay Lohan óttast um líf leikkonunnar. Á dögunum greindi News of the World frá því að kókaínneysla Lohan hefði verið fest á filmu. Vinur leikkonunnar segir hana hafa tekið línu eftir línu af kókaíni yfir helgina og þar að auki tekið sex alsælutöflur. Einn morguninn pantaði hún svo fjórar vínflöskur í morgunmat á hótelinu: þrjár vodkaflöskur og eina tequila. „Hún hegðar sér eins og hún vilji deyja,“ segir einn af vinum hennar.


Sterk áhrif

Boðið er upp á glæsilegan hádegis- og kvöldverðar matseðil sem er undir sterkum áhrifum frá Miðjarðarhafinu.






| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 11 | B.I. 10 ÁRA |
| SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 | |
| NEXT | kl. 5.45 | B.I. 14 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 - 10.15 | B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10.30 | B.I. 18 ÁRA |
| PERFECT STRANGER | kl. 5.30 - 8 | B.I. 16 ÁRA |
| TMNT | kl. 3.40 | B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.30 - 8.30 - 11.20 | B.I. 10 ÁRA |
| PATHFINDER | kl. 8 | B.I. 16 ÁRA |
| INLAND EMPIRE | kl. 5.45 - 9 | B.I. 16 ÁRA |
| HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10.15 | B.I. 18 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 8 - 10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | B.I. 10 ÁRA |
| NEXT | kl. 6 | B.I. 14 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu
MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu
midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Jeff Buckley heiðraður

Tónleikar til heiðurs Jeff Buckley verða haldnir í Austurbæ 29. maí næstkomandi. Þá verða liðin tíu ár síðan Buckley drukknaði í ánni Mississippi aðeins 27 ára gamall.

„Þetta var haldið fyrir fimm árum á sama degi og það hefur verið meiri og meiri þrýstingur á okkur að endurtaka leikinn,“ segir Franz Gunnarsson, tónleikahaldari. „Þar sem ég hitti móður Buckleys í fyrra þá var slegið til að gera þetta núna eftir að hún lagði blessun sína yfir tónleikana,“ segir Franz, sem spjallaði við hana á tónlistarhátíðinni South By Southwest í Texas. „Hún vinnur fyrir tónlistarmenn sem hafa farið út af sporinu og er mikil hugsjónamanneskja. Hún hafði mikinn áhuga á þessu og ætlaði að reyna að koma til landsins í upphafi en sá sér síðan ekki fært að koma.“ Á tónleikunum í Austurbæ spilar ellefu manna hljómsveit skipuð landsþekktum tónlistarmönnum ásamt fræknum söngvurum sem munu votta Buckley virðingu sína. Sverrir Bergmann og Kristófer Jensson úr hljómsveitinni Lights on the Highway verða aðalsöngvarar en gestasöngvarar verða Páll Rósinkrans, Andrea Gylfadóttir, Finni úr Dr. Spock og Rósa úr Sometime.


**JEFF BUCKLEY** Buckley lést í Mississippi fyrir tæpum tíu árum aðeins 27 ára að aldri.

Franz segist fyrst hafa heillast af Buckley þegar hann starfaði í Skífunni. „Við settum þennan Grace-disk á fóninn og gjörsamlega frá fyrstu hlustun urðu allir starfsmennirnir dolfallnir. Ég tók þetta skrefinu lengra og varð alveg heltekinn.“

Miðasala á tónleikana er hafin á midi.is og er miðaverð 3.000 krónur.

-fb





HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| THE CONDEMNED | kl. 5.30 - 8- 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8- 10.30 | B.I. 16 ÁRA |
| NEXT | kl. 8 - 10 | B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN 2 FYRIR 1 | kl. 5.40 - 8 | B.I. 12 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ 2 FYRIR 1 | kl. 5.50 | B.I. 12 ÁRA |
| HOT FUZZ | kl. 10.10 | B.I. 16 ÁRA |

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919






SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE REAPING | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.16 | BREACH | kl. 10:30 | B.i.12 |
| SPIDER MAN 3 | kl. 3:30 - 6 - 9 - 10:30 | B.i.10 | MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 | Leyfð |
| SPIDER MAN 3 VIP | kl. 6 - 9 | | ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð |
| BLADES OF GLORY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 8 | b.i 7 |
| SHOOTER | kl. 8 | B.i.16 | BECAUSE I SAID SO | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| GOAL 2 | kl. 3:40 - 5:50-8:10-10:30 | B.i.7 | |
| THE REAPING | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.16 | |
| BLADES OF GLORY | kl. 4 - 8:10 | B.i.12 | |
| ROBINSON FJ... M/- ÍSL TAL | kl. 4 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE ... M/- ENSKU Tali | kl. 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| 300. | kl. 10:20 | B.i.16 | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 8 - 11 | B.i. 10 |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 | Leyfð |
| NEXT | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GOAL 2 | kl 6 - 8 | B.i. 7 |
| BLADES OF GLORY | kl 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| BREACH | kl. 10:10 | B.i.12 |

www.SAMbio.is

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is


# Roth leikur ilmennið

Tim Roth hefur tekið að sér hlutverk illmennisins í hasarmyndinni The Incredible Hulk, sem er framhald Hulk sem kom út árið 2003.

Með hlutverk græna risans Hulk fer Edward Norton. Tekur hann við hlutverkinu af Eric Bana. Liv Tyler leikur Betty Ross, kærustu Banner, sem var áður leikin af Jennifer Connelly. Leikstjóri verður Louis Leterrier sem hefur áður sent frá sér Danny the Dog og The Transporter. Myndin er væntanleg á næsta ári.



TIM ROTH

# Spænsk kvikmyndahátíð hafin

„Við sýnum átta myndir á þremur dögum, hátíðin hófst í gær og stendur til laugardags. Aðgangur er ókeypis á allar myndirnar," segir Pilar Concheiro, spænskukennari við Háskólann í Reykjavík og skipuleggjandi spænskrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.

Tilgangur hátíðarinnar er að kynna spænskar kvikmyndir fyrir Íslendingum því þær eru sjaldséðir gestir í kvikmyndahúsum hér. Myndirnar hafa allar unnið til verðlauna á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum. Þær eru mjög ólíkar og er ætlað að endurspegla fjölbreytileika spænskrar menningar.

„Ég hef fundið fyrir miklum áhuga íslendinga á að læra spænsku, kynnast menningunni og jafnvel búa á Spáni. Ein besta leiðin til að kynnast menningu þjóðar er að sjá kvikmyndir frá landinu þannig að það er tilvalið fyrir fólk að koma og kynnast Spáni betur," segir Pilar Concheiro. „Spánn er miklu meira en bara það sem sést í Almodovar-myndum. Hann er yfirleitt eini spænski leikstjórinn sem fólk þekkir."

Umfjöllunarefni myndanna er mjög ólíkt. Ein myndin gerist í spænska borgarastríðinu og önnur er morðgáta. Sú þriðja er ástarsaga sem teygir sig yfir 20 ár eftir Julio Medem, einn virtasta kvikmyndaleikstjóra Spánar.

Einnig eru tvær heimildarmyndir á hátíðinni. Önnur er um götulistamenn í Madrid og hin um fólk sem reynir að flýja kommúnistastjórn Kastrós á Kúbu.



**SPÆNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ** Pilar Concheiro stendur fyrir kvikmyndahátíð í HR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Myndirnar verða sýndar í sýningarsal Háskólans í Reykjavík frá hádegi alla dagana. Nánari upplýsingar um myndirnar og sýningartíma má nálgast á hr.is.

-jar




## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FH-INGUM ÍSLANDSMEISTARATITLINUM Í LANDSBANKADEILD KARLA 2007

### > LYKILMAÐURINN

**Tommy Nielsen** hefur verið táknmynd stöðugleika og yfirvegunar FH-liðsins undanfarin tímabil. Hann breytti gríðarlega miklu fyrir varnarleik liðsins þegar hann kom í Hafnarfjörðinn vorið 2003 og FH hefur aðeins fengið á sig 50 mörk í þeim 61 leik sem hann hefur spilað í Landsbankadeildinni þessi fjögur sumur. Nielsen verður áfram kjölfestan í vörn meistaranna, hann er öruggur í öllum aðgerðum, sterkur í loftinu og góður á boltanum og það er því engin tilviljun að FH-vörnin er og verður svona sterk með Danann snjalla í fararbroddi.



# Í sérflokki síðustu sumur

Fréttablaðið hefur síðustu daga talið niður að Íslandsmótinu í knattspyrnu og við spáum FH-ingum Íslandsmeistaratitlinum.
FH-ingar eru á eftir sínum fjórða titli í röð og það er margt sem bendir til þess að Íslandsbikarinn verði áfram í Krikanum. Liðið er frábært, breiddin einstök, umgjörðin glæsileg og ofan á allt heldur Hafnarfjarðarmafían uppi taktinum og stemningunni í kringum liðið.
Breiddin í FH-liðinu hefur líklega aldrei verið meiri. Ólafur Jóhannesson, þjálfari liðsins hefur talað um það að hann fagni því að hafa sitt sterkasta lið frá fyrsta leik og það er því ekkert því til fyrirstöðu að FH-hraðlestin bruni áfram frá fyrsta leik. Ólafur hefur sýnt mikla kænsku í að sækja sér leikmenn í þær stöður þar sem liðið vantar menn. Fyrir vikið er hvergi veikleika að sjá og jafnframt hefur brotthvarf lykilmanna ekki haft mikil áhrif á liðið.
Ólafur þarf í raun bara að hafa smá áhyggjur af því hvernig lið hans bregst við mótlæti. FH hefur verið á toppnum í 34 mánuði og það hefur allt gengið upp frá fyrsta degi síðustu tvö sumur. Hvað gerist ef leikir í fyrstu umferðunum tapast? Þar liggur von annarra liða því haldi FH-ingar uppteknum hætti og vinni fyrstu fimm leiki sumarsins eins og síðustu tvö ár er erfitt að sjá eitthvert lið halda í við þá.
FH vann í vor í fyrsta sinn bæði deildabikarinn og meistarakeppnina, vann 10 af 11 leikjum sínum á vormótunum og mætir með bullandi sjálfstraust í fyrsta leik. FH-liðið er betra en í fyrra og það verður erfitt fyrir önnur lið að ná upp sama stöðugleika og stemningu sem einkennt hefur FH-risann síðan hann vaknaði fyrir þremur árum.



### > X FAKTORINN

**Arnar og Bjarki** eru komnir í Fjörðinn og enn ein viðbótin við frábært lið meistaranna. Þeir eru á síðustu metrunum á sínum ferli en hafa báðir getuna til að gera útslagið í leikjum FH í sumar. Verði þeir heilir kemur útsjónarsemi þeirra og reynsla örugglega til með að hjálpa FH á úrslitastundum mótsins.

**OKKAR EINKUNN 1-10**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÞJÁLFARI | 10 | VÖRN | 10 | SÓKN | 10 | BREYTINGAR | 10 | ÁHORFENDUR | 10 |
| MARKVARSLA | 9 | MIÐJA | 10 | BREIDD | 10 | HEIMAVÖLLUR | 10 | HEFÐ/REYNSLA | 10 |

Gengi í vormótum 2007




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2006 1. sæti | 2005 1. sæti | 2004 1. sæti | 2003 2. sæti | 2002 6. sæti | 2001 3. sæti |



**BOLLALEGGINGAR** Guðjón Þórðarson hefur leitað víða að nýjum leikmönnum til að styrkja lið ÍA. FRÉTTABLAÐIÐ/VILEHLM

Leikmannamál ÍA:

# Enn bið eftir nýjum mönnum

**FÓTBOLTI** Gísli Gíslason, formaður rekstrarstjórnar meistaraflokks karla í ÍA, segir að einhver bið sé enn á því að liðið verði styrkt með erlendum leikmönnum. Guðjón Þórðarson, þjálfari liðsins, hefur leitað víða að nýjum leikmönnum og fór meðal annars til Englands í þeim tilgangi.
„Við erum vandlátir. Við viljum styrkja liðið en ekki bara stækka æfingahópinn,“ sagði Gísli við Fréttablaðið í gær. - esá

# Deildafyrirkomulagið í hættu?

**Það mun ráðast 20. maí næstkomandi hvort það verði ein eða tvær deildir í handboltanum á Íslandi. Óvissa er með þáttöku nokkurra liða en fjarvera þeirra gæti gert það að verkum að aðeins væri leikið í einni deild. Þáttaka 12 liða er örugg en 14 félög þarf svo hægt sé að spila í tveim deildum.**

**HANDBOLTI** Nokkur óvissa er um hvort hægt verði að spila handbolta í tveimur deildum næsta vetur. Til þess þurfa 14 félög að skrá sig til leiks en ef aðeins 13 lið tilkynna þátttöku verður að leika í aðeins einni deild samkvæmt lögum Handknattleikssambandsins. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er klárt að 12 lið boði þátttöku sína en nokkur óvissa er með önnur lið.
Víkingur og Fjölnir hafa slitið samstarfi sínu en Víkingur ætlar engu að síður að senda lið til keppni rétt eins og Selfoss. Fylkismenn funduðu um framhaldið á miðvikudag og eru meiri líkur en minni á að félagið tefli fram liði. Það er þó ekki ákveðið. Forráðamenn Hattar telja aðeins 10 prósent líkur á að þeir verði næsta vetur.
Ekki náðist í forráðamenn Gróttu til að spyrja um framhaldið í gær.
Þá standa eftir svokölluð B-lið félaganna en Haukar voru með B-lið í 1. deild í vetur undir nafninu Haukar 2. Forráðamenn ÍR eru á meðal þeirra sem vilja sjá eina deild enda telja þeir erfitt að reka félagið af þeim metnaði sem þeir vilja í 1. deildinni enda sér félagið fram á að missa sína bestu menn fari svo að liðið leiki í næstefstu deild eins og staðan er í dag.



**BJÖRGVIN HÓLMGEIRSSON** Stórskytta ÍR-inga tjáði Fréttablaðinu í gær að hann ætlaði ekki að taka ákvörðun um framtíð sína fyrr en ljóst væri hvar ÍR spilaði næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Björgvin Hólmgeirsson mun til að mynda ekki taka ákvörðun um framtíð sína fyrr en ljóst er hvort leikið verði í einni eða tveim deildum.
ÍR-ingar hafa falið lögfræðingum að kanna réttmæti þess að lið 2 hjá félögum sé talið sem annað lið í deildakeppni. Þeir vilja ekki sætta sig við að það sé gert því þá geti stærri liðin rúllað inn þátttökutilkynningum til HSÍ sem geri það að verkum að spilað verði í tveimur deildum.
Umsóknarfrestur rennur út 20. maí næstkomandi. Ef 14 lið eða fleiri skrá sig til leiks þá verður spilað í tveimur deildum en ef einhver liðanna ganga síðan úr skaftinu í sumar og fjöldi liða fer í 13 þá verður leikið í einni deild. „Metnaður HSÍ liggur klárlega í því að spila áfram í tveimur deildum,“ segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri sambandsins.
„Það mun taka tíma að byggja upp sterkari deild og hugmyndin að deildaskiptingunni var að auðvelda nýjum liðum að koma inn. Það skiptir öllu máli að okkar mati að halda tveimur deildum gangandi en við gerum okkur grein fyrir því að það fylgir ákveðinn sársauki í fyrstu skrefunum. Vonandi getum við haldið sextán liðum áfram og svo fjölgað í kjölfarið,“ sagði Einar. henry@frettabladid.is




Íslenska drengjalandsliðið lofað á heimasíðu Knattspyrnusambands Evrópu:

# Eftirminnileg frammistaða Íslands í Belgíu

**FÓTBOLTI** Skrifað er um frammistöðu Íslands á Evrópumóti U-17 landsliða í Belgíu og fer greinarhöfundur lofsamlegum orðum um íslenska liðið. Hann segir að þrátt fyrir að íslenska liðið hafi ekkert stig fengið í mótinu hafi það það eitt að taka þátt verið mikið afrek fyrir þessa litlu þjóð.
Ísland vann sér þátttökurétt í úrslitakeppninni í Belgíu með því að sigra í milliriðlakeppni sem fór fram í Portúgal.
„Það er eftirtektarvert fyrir hvaða unglingalandslið sem er að ná jafntefli við Portúgal á útivelli en enn athyglisverðara að sigra núverandi titilhafa til að tryggja sér sæti í úrslitunum.
Það er ótrúlegur árangur að komast 6-0 yfir gegn núverandi Evrópumeisturunum og ná svo að landa 6-5 sigri fyrir hvaða þjóð sem er, hvað þá þjóð með 300 þúsund íbúa.“
Þá segir greinarhöfundur að leikmenn eins og Kolbeinn Sigþórsson, Hólmar Örn Eyjólfsson og Björn Jónsson hafi sýnt góða takta í leikjum íslenska liðsins sem og markverðirnir Vignir Jóhannesson og Arnar Darri Pétursson.
Lúkas Kostic sagði í viðtali í greininni að þessi reynsla myndi verða íslenskri knattspyrnuhreyfingu dýrmæt. „Við munum nú fara heim og ræða við félögin og þjálfarana. Við ætlum að reyna að koma á fót sérstöku verkefni og taka þátt í þessum mótum aftur. Við erum sífellt að læra og erum betri knattspyrnuþjóð eftir þessa keppni,“ sagði Lúkas. - esá

Einar Árni Jóhannsson körfuboltaþjálfari á leið í Kópavoginn:

# Einar Árni semur við Blika í dag

**KÖRFUBOLTI** Einar Árni Jóhannsson þjálfari mun í dag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, skrifa undir samning um að taka að sér þjálfun Breiðabliks. Liðið missti af úrvalsdeildarsæti í vor en nú á að blása í herlúðra í Kópavoginum og koma liðinu á ný í hóp þeirra bestu.
Pétur Hrafn Sigurðsson, formaður körfuknattleiksdeildar Breiðabliks, staðfesti í gær að félagið ætti í viðræðum við Einar Árna. „Þetta er ekki algerlega klárt, það á eftir að hnýta alla lausa enda,“ sagði Pétur.
Sjálfur vildi Einar Árni ekki staðfesta þetta en hann sagði að hann hefði þegar neitað öðrum liðum.
„Ég sagði nei við Skallagrím á mánudaginn og er ekki að fara að þjálfa í úrvalsdeildinni. Það voru þrjú önnur lið sem ég var að skoða, þar af eitt kvennalið. En ég reikna með því að þetta verði klárað á morgun,“ sagði Einar Árni í gær.
Talið er að hann hafi einnig átt í viðræðum við Hauka um að taka að sér þjálfun karlaliðsins þar og kvennaliðsins í Grindavík.
Pétur Hrafn segir að það yrði mikill fengur í Einari Árna. „Já, vissulega. Við yrðum mjög ánægð að fá hann til okkar.“ - esá



**EINAR ÁRNI** Þjálfar að öllum líkindum í Kópavoginum á næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Verðsprengja á flötum skjám

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.



32" LCD
FLATUR SKJÁR
**69.990kr**
Ótrúlegt verð

DIBOSS
Digital LCD TV

**DIBOSS 32" LCD sjónvarp**
LT32A2HM
- 32" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Birta 500cd/m2
- 2x7w Nicam stereó hljóðkerfi

## KAUPAUKI

Með hverjum keyptum DiBoss flatskjá fylgir eftirfarandi með í kaupauka*:

- 24 Coke Zero glerflöskur
- 18 Pringles staukar
- Svínasúpan DVD
- Strákarnir DVD
- Stelpurnar DVD



*Gildir á meðan birgðir endast

DIBOSS
Digital LCD TV

**DIBOSS 37" LCD sjónvarp**
LT37JHM
- 37" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms
- Birtustig: 500 cd/m2
- 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi



37" LCD
FLATUR SKJÁR
**99.990kr**
Ótrúlegt verð

Gildir til 13. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Ætlum okkur sigur í Mónakó

**Smáþjóðaleikarnir hefjast í Mónakó fjórða júní næstkomandi. Sigurður Ingimundarson, landsliðsþjálfari karla í körfubolta, hefur sett stefnuna á gullið.**

**KÖRFUBOLTI** Íslendingar hafa ekki fagnað sigri í körfubolta karla á Smáþjóðaleikunum síðan 1993. Í ár fara leikarnir fram í Mónakó og mun karlaliðið nú freista þess að endurheimta gullið frá Kýpurliðinu sem hefur verið helsti andstæðingur liðsins á leikunum og árin.

Sigurður Ingimundarson landsliðsþjálfari hefur valið 20 manna æfingahóp en alls fara tólf leikmenn á leikana. Þó býst hann við því að nokkrir af sterkustu leikmönnum liðsins muni forfallast.

„Tímasetningin er ekki frábær fyrir okkur,“ sagði Sigurður. „Margir okkar manna í Evrópu eru enn að spila með sínum liðum. Ég býst ekki við að Damon Johnson geti verið með og jafnvel ekki Jón Arnór Stefánsson heldur. Ég á von á því að hann verði í úrslitum ítölsku úrvalsdeildarinnar einmitt þá.“

Snæfellingarnir Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson verða þó ekki með að þessu sinni. „Hlynur er enn að jafna sig af hnémeiðslum sínum en Sigurður gaf ekki kost á sér vegna anna.“

Annars eru átta nýliðar í tuttugu manna æfingahópi Sigurðar en æfingar hefjast nú um helgina.

„Það er nú kominn tími á sigur á þessu móti enda ansi langt síðan við unnum þetta mót síðast. Yfirleitt höfum við lent í öðru sæti á eftir Kýpverjum sem eru með hörkulið sem skemmtilegur andstæðingur.“ Sigurður er nú að fara á sína fyrstu Smáþjóðaleika sem þjálfari en hann var leikmaður í sigurliði Íslands árið 1991. Hann hefur þó farið með landslið kvenna á leikana.

Í haust heldur áfram Evrópukeppni B-þjóða en Sigurður segir að leikarnir í Mónakó hafi lítið að segja í undirbúningnum fyrir þá leiki. „Tímasetning leikana hentar ekki þannig að undirbúningurinn verði marktækur. Þetta verður allt skoðað upp á nýtt í haust og hópurinn mun líta einhvern veginn öðruvísi út, það er klárt.“

Hann hlakkar þó til Smáþjóðaleikanna. „Það verður gaman að koma til Mónakó og gaman fyrir íþróttamennina að koma saman og keppa í þessu móti.“

eirikur@frettabladid.is



**BRENTON ÖFLUGUR** Brenton Birmingham er hér í landsleiknum gegn Finnum síðastliðið haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**WHELAN** Reynir allt sem hann getur til að halda sínum mönnum uppi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Wigan-menn gefast ekki upp:

## Vilja sjá meiri sönnunargögn

**FÓTBOLTI** Dave Whelan, eigandi Wigan, vill að stjórn ensku úrvalsdeildarinnar framreiði fleiri sönnunargögn þess efnis að Carlos Tevez hafi mátt spila með West Ham gegn Wigan í botnslag liðanna. West Ham vann, 3-0, og Tevez gegndi lykilhlutverki í leiknum.

West Ham var sektað um 5,5 milljónir punda fyrir brot á félagaskiptareglum en mun hafa rift ólöglega samningnum við Tevez og samið við hann upp á nýtt. Whelan efast þó um það.

„Samningnum þarf væntanlega að segja upp af hálfu beggja aðila,“ sagði Whelan og bætti við að hann vildi sjá sannanir þess efnis að nýr samningur hafi legið fyrir áður en leikur liðanna var háður þann 28. apríl. - esá



**STEFÁN GÍSLASON** Hugsanlega á förum frá Lyn.

Stefán Gíslason:

## Vill komast í sterkari deild

**FÓTBOLTI** Stefán Gíslason, leikmaður Lyn, segir í samtali við Dagsavisen í Noregi að hann vilji komast að í sterkari deild í öðru landi í framtíðinni. Þess vegna hafi hann ekki framlengt samning sinn við Lyn. „Ég mun ákveða mig eftir tímabilið og þá kemur þetta allt í ljós,“ sagði hann.

Henning Berg, þjálfari liðsins, sagðist skilja Stefán vel. „Ég vil að leikmenn mínir séu metnaðarfullir og ef við getum fengið smá aur í kassann fyrir þá er það ekki verra.“ -esá

Nikola Karabatic:

## Slegist um Karabatic

**HANDBOLTI Einn besti handknattleiksmaður heims, Nikola Karabatic, er gríðarlega eftirsóttur þessa dagana.**

**Félag hans, Kiel, vill framlengja samning hans við félagið sem rennur út árið 2009. Það gæti reynst erfitt þar sem spænsku risarnir Ciudad Real og Barcelona vilja bæði fá þessa stórkostlegu 23 ára skyttu í sínar raðir. Þau geta boðið honum hærri laun en Kiel og samkvæmt þýskum fjölmiðlum er Ciudad tilbúið með sex ára samning en Barcelona er klárt með samning sem er eins langur og Frakkinn vill.** - hbg



**OWEN** Lék nýlega með Newcastle í fyrsta sinn í langan tíma. NORDIC PHOTOS/GETTY

Freddy Shepherd:

## Owen þarf að vera okkur trúr

**FÓTBOLTI** Freddy Shepherd, stjórnarformaður Newcastle, sagði við fjölmiðla í gær að Michael Owen þurfi að vera félaginu trúr. Fregnir þess efnis að hann gæti farið frá félaginu í sumar fyrir 10 milljónir punda hafa birst í enskum fjölmiðlum undanfarið.

„Michael á tvo kosti. Annað hvort kemur hann og segir stuðningsmönnum liðsins að hann sé ánægður hér eða ég segi honum að ekkert fjögurra stórliðanna hafi áhuga á honum. Því það er tilfellið,“ sagði Shepherd.

Owen hefur spilað 13 leiki síðan hann kom til Newcastle fyrir tveimur árum fyrir 17 milljónir punda. - esá



Utah komið í 2-0 gegn Golden State eftir sigur í framlengdum leik í úrslitakeppni NBA í fyrrinótt:

# Derek Fisher kláraði leikinn fyrir veika dóttur sína

**NBA** Utah Jazz hefur 2-0 forystu gegn Golden State Warriors í undanúrslitum vesturdeildarinnar í NBA-deildinni.

Derek Fisher var hetja kvöldsins er Utah vann Golden State í framlengdum leik í fyrrinótt, 137-127. Fisher tók aðeins eitt skot utan af velli allan leikinn en hitti úr því. Reyndist það mikilvægasta karfa leiksins því með henni gerði hann út um leikinn.

Alls skoraði hann fimm stig í leiknum á þeim níu mínútum sem hann lék. Hann missti af fyrstu þremur fjórðungunum því hann þurfti að vera í New York fyrr um daginn þar sem tíu mánaða gömul dóttir hans gekkst undir aðgerð vegna sjónhimnukrabbameins.



**ORÐLAUS** Derek Fisher átti fullt í fangi með að ráða við tilfinningar sínar í viðtali við Pam Oliver, fréttamann TNT, eftir leik. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Ég veit ekki hvernig ég komst í gegnum þetta í kvöld," sagði Fisher sem á mánudag tilkynnti að eitt fjögurra barna hans væri alvarlega veikt. Af þeim sökum missti hann af fyrsta leik liðanna á mánudag. Hann sagði eftir leikinn í fyrrinótt að dóttur sinni liði vel.

„Aðgerðin í New York heppnaðist vel og flaug ég til Utah og fór beint á leikinn. Ég er orðlaus," sagði Fisher.

Þegar hann kom í húsið í þriðja fjórðungi stóðu áhorfendur í höllinni á fætur og fagnaði hann liðsfélaga sína sem og Byron Davis, liðsmann Golden State.

Deron Williams hældi honum mikið eftir leik og sagði að framlag hans í leiknum hefði verið gríðarlega mikið. Williams og Carlos Boozer fóru fyrir sínum mönnum í þessum mikilvæga sigri. Boozer skoraði 30 stig í leiknum en stigahæstur hjá Golden State var Byron Davis með 36 stig. **- esá**



**BIRGIR LEIFUR** Á einu yfir pari í gær. FRÉTTABLAÐIÐ

Birgir Leifur keppir á Spáni:

## Höggi yfir pari á fyrsta degi

**GOLF** **Birgir Leifur Hafþórsson hóf í gær keppni á opna Valle Romano-mótinu í Andalúsíu á Spáni. Hann lauk deginum á einu höggi yfir pari og situr í 79.-96. sæti. Hann þarf því að bæta sig talsvert í dag ætli hann sér að komast í gegnum niðurskurðinn.**

**Birgir Leifur fékk þrjá fugla í gær, tvo skolla og einn skramba. Hann hefur keppni klukkan 11 í dag.** **- esá**



**ÞRÍR TÆPIR** Michael Ballack og Ricardo Carvalho verða ekki með í bikarúrslitunum og þá er Didier Drogba tæpur vegna ökklameiðsla. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enski bikarúrslitaleikurinn:

## Carvalho og Ballack meiddir

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, stjóri Chelsea, hefur staðfest að þeir Ricardo Carvalho og Michael Ballack muni missa af úrslitaleiknum í enska bikarnum gegn Manchester United vegna meiðsla. Ballack gekkst nýverið undir aðgerð vegna ökklameiðsla og fyrr í mánuðinum skaddaði Carvalho liðbönd í hné.

Þá sagði Mourinho að saga framherjans Scott Sinclair væri sorgleg. Hann var í fyrsta sinn í byrjunarliði Chelsea gegn United í vikunni og fótbrotnaði eftir samstuð við Wes Brown. „Hann þarf að fara í aðgerð nokkrum dögum eftir að hafa spilað sinn fyrsta alvöru leik á Stamford Bridge. Það er sorglegt." **- esá**



**HENRY OG ETO'O** Faðmast hér að loknum úrslitaleik Barcelona og Arsenal í Meistaradeild Evrópu í fyrra. NORDIC PHOTOS/GETTY

Juan Laporta byrjaður:

## Ég er búinn að semja við Henry

**FÓTBOLTI** **Juan Laporta, forseti Barcelona, er byrjaður á sínum árlega fjölmiðlafarsa um hvaða leikmenn séu á leiðinni til félagsins. Hann segir nú að Thierry Henry sé nú þegar búinn að samþykkja að ganga til liðs við félagið fyrir fimmtán milljónir punda og hafi samið við félagið til næstu þriggja ára.**

**„Ég er að klára að semja við Henry," sagði hann í ræðu sem hann hélt í Stamford-háskólanum í Bandaríkjunum.** **- esá**






**EKKERT GEKK UPP** Eiður Smári sýndi ekki mikið þann hálftíma sem hann spilaði í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Spænska bikarkeppnin í gær:

## Barcelona steinlá og er úr leik

**FÓTBOLTI** Barcelona steinlá óvænt í seinni undanúrslitaleik sínum á móti Getafe í spænsku bikarkeppninni í gær og er því úr leik.

Getafe vann 4-0 í gær og þar með samanlagt 6-5 en það dugði Börsungum ekki að skora fimm mörk í fyrri leiknum. Getafe mætir Sevilla í úrslitaleiknum.

Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður hálftíma fyrir leikslok, lék á miðjunni en komst aldrei í takt við leikinn. Frammistaða liðsins var grátleg og ekki stórliði sæmandi. - óój

xelenta

Stórar marmarastyttur fyrir útigarða

Úrval af kristalljósum með eðalkristal

Gjafavörur fyrir öll tækifæri

Skeifan 7 - Reykjavík
Sími: 553 2882

# Fullt hús hjá FH-liðinu í hraðmótinu

**FH-ingar hafa náð í öll tólf stigin í boði í fyrstu fjórum umferðum Landsbankadeildar karla undanfarin tvö sumur. Þessi frábæra byrjun hefur gefið tóninn á Íslandsmeistarasumrum Hafnarfjarðarliðsins.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar hafa unnið yfirburðasigur á Íslandsmótinu tvö síðustu sumur, unnu deildina með 16 stigum 2005 og voru komnir með 10 stiga forskot þegar mótið var hálfnað í fyrra. Það skiptir miklu máli að byrja mótið vel og Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH-liðsins, hefur mætt með sitt lið á fullum krafti inn í mótið undanfarin tvö sumur.

Fyrstu fjórar umferðir Landsbankadeildarinnar eru oft nefnt hraðmótið því þær eru spilaðar á mjög stuttum tíma og fyrir landsleikjahléið sem er í byrjun júní. Liðin spila því fyrstu leiki sína og rúman fimmtung á mótinu þar sem ekki er mikill tími fyrir þjálfara að laga það sem klikkar í fyrstu leikjunum.

Byrjun FH-liðsins síðustu tvö árin er ekki síst athyglisverð vegna þess að liðið hefur spilað sex af þessum átta leikjum á útivelli og mætti bæði KR og Val í fyrstu tveimur umferðunum í fyrra. Fyrir þá FH-inga sem eru hjátrúarfullir þá geta þeir fagnað því að líkt og undanfarin þrjú meistaraár þá mun Hafnarfjarðarliðið spila þrjá af fjórum fyrstu leikjum sínum á útivelli. FH fer upp á Skaga í 1. umferð, fer til Keflavíkur í 2. umferð og eftir heimaleik við nýliða HK í 3. umferð þá spilar liðið við Fram á Laugardalsvelli í 4. umferðinni.

FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson hefur verið afar heitur í hraðmótsleikjunum undanfarin tvö ár og hefur skorað átta mörk í þessum átta leikjum. Tryggvi skoraði fimm mörk í fyrstu þremur leikjunum 2005 og skoraði síðan tvö mörk í opnunarleiknum í fyrra.



**ÁTTA MÖRK Í ÁTTA LEIKJUM** Það hefur enginn verið heitari í hraðmótinu síðustu tvö sumur en FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valsmenn og Keflvíkingar koma næstir FH-ingum í besta árangri í hraðmótinu síðustu tvö ár en Valsmenn hafa unnið sex af átta leikjum sínum þar af alla fjóra árið 2005. Valsmenn töpuðu tveimur fyrstu leikjum sínum í fyrra þar á meðal 0-2 á móti FH á heimavelli í 2. umferð en eru með fullt hús stiga út úr hinum leikjunum. Keflavík hefur líka aðeins tapað tveimur leikjum, á móti FH á heimavelli í 1. umferð 2005 og svo á móti ÍBV í Eyjum í 1. umferð í fyrra.

KR-ingar mæta Keflvíkingum í fyrstu umferð og það hefur ekki gengið vel hjá vesturbæjarliðinu að spila við Suðurnesjamenn í Hraðmótinu. KR hefur spilað við Keflavík á þessum tíma þrjú síðustu ár og hefur tapað öllum leikjum þremur, 1-3 í Keflavík í 2. umferð 2004, 1-2 í Keflavík í 3. umferð 2005 og loks 0-3 í Keflavík í 4. umferð í fyrra. KR hefur í raun ekki unnið Keflavík í fyrstu fjórum umferðunum síðan 19. maí 1988 og Keflavík hefur unnið síðustu fjóra leiki liðanna á þessum tíma ársins.

Skagamenn hafa ekki komið vel út úr fyrstu fjórum umferðunum undanfarin tvö sumur. Skagamenn töpuðu fimm fyrstu leikjunum sínum í fyrra og unnu aðeins 2 af fyrstu 7 leikjum sínum árið á undan. Það er því ljóst á þessu að sagan er ekki með Guðjóni Þórðarsyni og lærisveinum hans í fyrsta leik Íslandsmótsins á laugardaginn þegar Íslandsmeistarar FH koma í heimsókn upp á Skaga. ooj@frettabladid.is

### STIG LIÐA Í HRAÐMÓTINU 2005 OG 2006

| | |
|---|---|
| FH | 24 stig |
| Valur | 18 |
| Keflavík | 14 |
| KR , Fylkir | 12 |
| Grindavík | 10 |
| Víkingur*, ÍA, Fram*, Breiðablik* | 6 |
| ÍBV | 3 |
| Þróttur* | 1 |

*** Aðeins með annað árið**

### LEIKIR FH Í HRAÐMÓTINU 2005 OG 2006

| | |
|---|---|
| **2005** | |
| Keflavík-FH | 0-3 |
| Grindavík-FH | 1-5 |
| FH-ÍBV | 3-0 |
| KR-FH | 0-1 |
| **2006** | |
| KR-FH | 0-3 |
| Valur-FH | 0-2 |
| FH-ÍA | 2-1 |
| Fylkir-FH | 1-2 |

Valskonur spiluðu frábærlega gegn Breiðabliki í Meistarakeppni KSÍ og skoruðu átta mörk:

## Stelpurnar lærðu heilmikið af tímabilinu 2005

**FÓTBOLTI** Valskonur unnu Meistarakeppni KSÍ í fyrrakvöld með því að vinna 8-1 stórsigur á Breiðabliki, aðalkeppinautum sínum síðustu tvö árin. Valsliðið spilaði frábæran fótbolta í leiknum með markadrottninguna Margréti Láru Viðarsdóttur í fararbroddi. Valskonur eru því bæði deildabikarmeistarar og meistarar meistarar alveg eins og fyrir tveimur árum

Búist var við miklu af Valsliðinu það sumar en Breiðablik sá við þeim í báðum keppnum og varð óvænt tvöfaldur meistari. Nú eru Valskonur aftur í sömu stöðu, unnu glæsilegan tvöfaldan sigur síðasta sumar og reyna nú að verja stóran titil sem þeim hefur ekki tekist undanfarin ár.

„Við höfum lært heilmikið af sumrinu 2005. Það skilaði sér í fyrra og ég vona að það skili sér núna,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Valsliðsins, en það lítur út fyrir að aðalkeppinautar liðsins í sumar verið KR.

„KR var með hörkulið í fyrra og mér fannst þær fá of fá stig miðað við liðið sem þær voru með. Þær eru betri í ár og baráttan á toppnum verður tvísýn,“ segir Elísabet og það er langt í KR-leikinn sem fer ekki fram fyrr en 6. júlí. Elísabet er ekki á því að það sé svo slæmt að vera spáð titlinum þó að lið í þeirri stöðu hafi klikkað þrjú ár í röð. „Þetta hljómar vel en spár eru bara til þess að hafa gaman af þeim,“ segir Elísabet.

Elísabet eignaðist barn í vetur en lætur það ekki aftra sér í þjálfun Valsliðsins.

„Við erum búnar að breyta áherslunum í okkar leik heilmikið. Það verður síðan bara að koma í ljós hvort það sé rétt. Við viljum prófa nýja hluti og ég held að það sé líka nauðsynlegt til þess að gera þetta skemmtilegra fyrir stelpurnar. Ég er með öðruvísi leikmenn en ég hef haft og ætla að stýra leikskipulaginu út frá því,“ segir Elísabet. .- óój




Margrét Lára Viðarsdóttir verður með átak í kvennaknattspyrnu í sumar:

## Margrét vill að stelpur stefni hátt

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir, markadrottning síðustu þriggja Landsbankadeilda og markahæsta A-landsliðskona frá upphafi, er frábær fyrirmynd ungra knattspyrnukvenna en hún er auk þess hörð baráttukona fyrir eflingu kvennafótboltans hér á landi.

Margrét Lára skrifaði nýverið undir samning við bæði TM og netsíðuna fótbolti.net um að hún heimsækti íþróttafélög út um allt land þar sem hún myndi virkja og hvetja ungar knattspyrnukonur til að stefna hátt.

„Maður sér það á litlum strákum að þeir ætla að verða atvinnumenn í fótbolta frá fjögurra ára aldri en heyrir að sama skapi ekkert margar stelpur vera að stefna á það. Þetta er fyrir framan strákana á hverjum degi en stelpurnar vita ekki hver er besta knattspyrnukona í heimi eða hvar besta deildin er.

Þær sjá ekki að þær geti orðið atvinnumenn í sinni íþrótt. Þetta getur verið miklu meira en bara félagsskapur fyrir stelpurnar. Þetta getur orðið þeirra vinna í framtíðinni ef þær hafa áhuga á því,“ segir Margrét Lára sem er mikil hugsjónamanneskja.

„Kvennafótboltinn er á mikilli uppleið og það má gera enn betur. Þetta verður mín vinna og það eru þvílík forréttindi. Ég ætla að fara á sem flesta staði á landinu þannig að allir fái að njóta góðs af þessu,“ segir Margrét Lára en kynning hennar verður tvískipt.



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Margrét Lára Viðarsdóttir sést hér bregða á leik við undirritun samningsins. Með henni er Óskar Magnússon, forstjóri TM. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég verð bæði með fyrirlestur og æfingu á hverjum stað. Æfingin er sett upp sem einskonar aukaæfing þar sem stelpurnar geti séð hvað þær geta gert sjálfar. Fyrirlesturinn heitir Góð leið að árangri og þar er ég að fara yfir markmiðssetningu, metnað og sjálfstraust eða allt sem mér finnst leikmaður þurfi að hafa til þess að ná langt,“ segir Margrét Lára sem horfir til eigin reynslu þegar hún var að alast upp í Eyjum.

„Ég var beðin að taka þátt í þessu verkefni og var þá með margar hugmyndir um þetta sjálf.Ég vissi ekki að ég gæti farið út og spilað. Ég vissi að ég gæti komist í landsliðið og meistaraflokk en sá ekkert fram á meira en það. Það er nauðsynlegt að sýna stelpunum að þetta sé alveg hægt,“ segir Margrét.

„Ég hef rosalega mikinn áhuga á kvennafótboltanum og vil gera allt til þess að bæta hann. Ef ég get hjálpað til þá vil ég endilega gera það því ég ætla mér út aftur og þá verð ég ekki í sömu aðstöðu til að gera þetta eins og núna,“ segir Margrét Lára sem jafnframt tekur það fram að hún vilji sjá þetta átak halda áfram þótt hún verði horfin út í atvinnumennsku. - óój

# BT JÚRÓVISION VEÐMÁL BT

## NÝTT 32" MEDION TÆKI!




**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 32" tölvuskjá eða sem hluta af mediacenter.

**HDMI tengi**
Tækið er búið stafrænu hljóð & mynd tengi fyrir háskerpumynd og næstu kynslóð dvd spilara.

**8ms svartími**
Hröð og skörp mynd fyrir krefjandi efni eins og hasarmyndir og fótbolta.

Skjástærð: 32 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
3D Comb Filter
Borðstandur og veggfesting fylgir
Contrast: 1:1000
Birta cd/m2: 450
Svartími: 8ms
Textavarpsminni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Tengi fyrir heyrnartól: 1
Hátalarar: 2x5W

**99.999**

BT LÁN™

| | | |
|---|---|---|
| 9.994* | 5.489** | 3.988*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

# KOMST ÍSLAND ÁFRAM?

## Í HVAÐA SÆTI LENDIR ÍSLAND? ÞÚ GÆTIR FENGIÐ SJÓNVARPIÐ ENDURGREITT




**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 40" tölvuskjá eða sem hluta af mediacenter.

**HDMI tengi**
Tækið er búið stafrænu hljóð & mynd tengi fyrir háskerpumynd og næstu kynslóð dvd spilara.

**8ms svartími**
Hröð og skörp mynd fyrir krefjandi efni eins og hasarmyndir og fótbolta.

MEDION

MD30202
Medion LCD veggsjónvarp
Skjástærð: 40 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
Mynd við mynd
Textavarp við mynd
PIP - myndfrystimöguleiki
3D Comb Filter
Borðstandur fylgir
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 500
Svartími: 8ms
Textavarpsminni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 2
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Hátalarar: 2x10W

**159.999**

BT LÁN™

| | | |
|---|---|---|
| 15.915* | 8.725** | 6.328*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

Júróvision veðmálið hættir um leið og niðurstaða á lokasæti Íslands hefur verið birt á formlegum sem óformlegum miðli.

**Natalie Portman**

Natalie fæddist í Jerúsalem árið 1981. Faðir hennar er sérfræðilæknir í tæknifrjóvgun en hann er ísraelskur gyðingur. Móðir hennar er fædd inn í gyðingafjölskyldu í Bandaríkjunum og hefur verið umboðsmaður Natalie frá því að ferill hennar hófst. Þó fjölskyldan hafi flutt til Bandaríkjanna þegar Natalie var fjögurra ára fullyrðir unga leikkonan að Ísrael sé hennar föðurland. Natalie leikur í Garden State kl. 21.55.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: MAGNÚS TEITSSON RANNSAKAR SKAMMTAFRÆÐI EUROVISION

# *Eiríkur Hauksson Schrödingers*

Erwin Schrödinger hét maður. Hann var austurrískur eðlisfræðingur og nóbelsverðlaunahafi sem vann sín helstu afrek á sviði skammtafræðinnar á fyrri hluta síðustu aldar og er minnst nú á dögum fyrir hugsunartilraun. Ímyndum okkur einangrað hólf sem geymir kött og agnarlítinn bút af geislavirku efni. Helmingslíkur eru á að ein eða fleiri frumeindir af efninu hafi klofnað þegar klukkustund er liðin, en það drepur köttinn. Hins vegar ber að taka með í reikninginn að hólfið er lokað og engin leið er að komast að því hvort þetta gerðist eða ekki nema hafa áhrif á framgang tilraunarinnar. Samkvæmt einni túlkun skammtafræðinnar er raunveruleikinn tvíklofinn og kötturinn er lifandi og dauður í senn, hversu furðulegt sem það kann að virðast.

Þegar þessi pistill er ritaður er fimmtudagur og enn ekki komið í ljós hvernig fer hjá Eiríki Haukssyni og leðurfrakkanum í undanúrslitum Eurovision-söngvakeppninnar. Þegar lesendur fá blaðið í hendurnar er hins vegar kominn föstudagur og á allra vitorði hvort Eiríkur komst í úrslitakeppnina eða ekki.



Möguleikarnir eru tveir. Annars vegar hefur Eiríkur komist áfram, þökk sé sprúðlandi karlmennsku og kynþokka, og Evrópa öll er heilluð af kraftmiklum flutningi hans á hinu frábæra rokklagi Sveins Rúnars Sigurðssonar, Valentine Lost. Skotheldur pakki. Íslenska þjóðin er alsæl en ekki sérstaklega undrandi, enda höfðu veðbankar spáð framlagi Íslands góðu gengi. Úrslitakvöldið lofar góðu og allir eru búnir að birgja sig upp af grillmat og búsi svo þeir geti fagnað fyrsta sigri Íslands í Júróvisjón og góðum úrslitum í alþingiskosningunum strax á eftir. Hins vegar var Eiríki hafnað af afturhaldssömum austur-evrópskum og balkönskum smásálum sem fatta bara ekki góða músík. En það skiptir engu máli því það er ekkert að marka þessa keppni. Það að láta kjósa besta lag í Evrópu er auðvitað jafn fáránlegt og ímyndaður köttur sem er fimmtíu prósent lifandi og fimmtíu prósent dauður.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** In Her Shoes STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** Survivor: Fiji SKJÁREINN



▶ **21.05** Heyrið þögnina SJÓNVARPIÐ



▶ **21.55** Garden State STÖÐ 2



▶ **22.00** Standoff SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**14.20 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva - Forkeppni**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (6:28)
**18.25 Ungar ofurhetjur** (26:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós - Leiðtogaumræður** Lokaumræður leiðtoga listanna sem bjóða fram í Alþingiskosningunum á morgun.
▶**21.05 Heyrið þögnina** (Hear the Silence) Bresk sjónvarpsmynd frá 2003. Fjögurra ára drengur er greindur með einhverfu en mömmu hans grunar að þar sé ekki öll sagan sögð. Hún hefur því leit að sannleikanum sem á eftir að gagntaka líf hennar og fjölskyldu. Leikstjóri er Tim Fywell og meðal leikenda eru Juliet Stevenson, Jamie Martin, Andrew Woodall og Hugh Bonneville.
**22.50 Morð í Hollywood** (Hollywood Homicide) Bandarísk spennumynd frá 2003. Tveir lögreglumenn í Los Angeles rannsaka morð á rappstjörnu. Leikstjóri er Ron Shelton og meðal leikenda eru Harrison Ford, Josh Hartnett, Lena Olin og Bruce Greenwood. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.45 Innherjinn** (The Insider) Bandarísk bíómynd frá 1999. Myndin er byggð á sönnum atburðum sem áttu sér stað 1994 þegar hætt var við að sýna fréttaskýringu um tóbaksiðnaðinn í þættinum 60 mínútum vegna mótmæla Westinghouse, móðurfyrirtækis CBS. Meðal leikenda eru Al Pacino, Russell Crowe, Christopher Plummer. e.
**03.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 A View From the Top**
**08:00 Another Pretty Face**
**10:00 Shrek 2**
**12:00 In Her Shoes**
**14:10 A View From the Top**
**16:00 Another Pretty Face**
**18:00 Shrek 2**
▶**20:00 In Her Shoes** Rómantísk gamanmynd með Cameron Diaz og Tony Collette í aðalhlutverkum. Maggie er partístelpa sem veldur eldri systur sinni vandræðum.
**22:10 Broken Arrow** (e)
**00:00 The Terminator**
**02:00 The Four Feathers**
**04:10 Broken Arrow** (e)

## STÖÐ 2

**07.20 Batman**
**07.40 Myrkfælnu draugarnir** (73:90)
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (47:114)
**10.15 Most Haunted** (20:20)
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 4**
**11.30 Man´s Work** (7:15)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Valentína** (175:178)
**13.55 Valentína** (176:178)
**14.40 Joey** (14:22)
**15.05 The Apprentice** (12:16)
**15.50 Kringlukast**
**16.13 Titeuf**
**16.38 Litlu Tommi og Jenni**
**17.03 Justice League Unlimited**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (14:22) (e)
**20.05 The Simpsons** (8:22) Bart vingast við aðalstríðnispúka skólans eftir að hafa verið neyddur í afmælisveislu hans.
**20.30 Leitin að strákunum** (4:9) Leitin að Strákunum er alíslenskur og ofurraunverulegur skemmtiþáttur sem gengur út á að finna sjónvarpsstjörnur framtíðarinnar.
**21.10 Beauty and the Geek** (6:9) Nú eru aðeins fjögur lið eftir og nördarnir fá það verkefni að fá símanúmer hjá konum í hundagarði.
▶**21.55 Garden State** Gráglettin verðlaunamynd með Zack Braff úr Scrubs og Natalie Portman í aðalhlutverkum. Andrew Largeman er leikari sem hefur alla tíð talið sig bera ábyrgð á því að mamma hans er bundin hjólastól. Stranglega bönnuð börnum.
**23.40 Stiletto Dance** Hörkuspennandi glæpamynd.
**01.20 Marci X**
**02.45 Auberge espagnole, L/Spanish apartment**
**04.45 The Simpsons** (8:22)
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The War at Home**
**20.10 Entertainment Tonight**
**20.40 Daisy Does America**
**21.10 Night Stalker** Bönnuð börnum.
▶**22.00 Standoff** (9:18) Nýir spennuþættir um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. Matt og Emily eru þjálfuð í að tala sig út úr erfiðum aðstæðum og þau vita alltaf hvað fólk er að hugsa. Þau eiga einnig í ástarsambandi sem þau vilja fyrir alla muni halda leyndu.
**22.45 Bones** (2:22) Spennandi bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Dr. Temperance Brennan er bráðsnjall meinafræðingur sem starfar með FBI við lausn glæpamála en hún hefur einstaka hæfileika til að bera kennsl á margra ára gömul bein og finna þar með manneskjur sem hafa jafnvel verið týndar í áratugi. Í þessari annarri þáttaröð heldur Brennan áfram að nýta hæfileika sína við rannsóknir ásamt því að reyna að leita uppi föður sinn. (2:22) Brennan og Booth rannsaka líkamleifar konu sem hvarf ári áður. Hún var þá nýgift og ófrísk en eiginmaðurinn er talinn bera ábyrgð á andláti hennar. Bönnuð börnum.
**23.30 American Inventor**
**00.20 The War at Home**
**00.50 Entertainment Tonight** (e)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**13.15 European Open Poker** (e)
**14.45 Vörutorg**
**15.45 Queer Eye for the Straight Guy** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Still Standing** (e)
**20.00 Útvilek** Útskriftarsýning nemenda í fatahönnun í Listaháskóla Íslands.
▶**21.00 Survivor: Fiji** (13:15) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 14. keppnin og nú fer hún fram á Fiji-eyjum í Suður-Kyrrahafi. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.
**22.00 Kidnapped** (5:13) Hörkuspennandi þáttaröð. Syni milljónamærings er rænt og hann ræður sérfræðing til að endurheimta strákinn.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Marie og Debra koma Amy á stefnumót við Gianni, í þeim tilgangi að gera Robert afbrýðisaman. En áætlunin misteks þegar Amy og Gianni verða skotin í hvort öðru.
**23.15 European Open Poker** (12:16)
**00.45 The Dead Zone** (e)
**01.35 Beverly Hills 90210** (e)
**02.20 Melrose Place** (e)
**03.05 Tvöfaldur Jay Leno** (e)
**04.45 Vörutorg**
**05.45 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Liðið mitt** (e)
**14.00 Arsenal - Chelsea** (frá 6. maí)
**16.00 Charlton - Tottenham** (frá 7. maí)
**18.00 Upphitun**
**18.30 Chelsea - Man. Utd.** (frá 9. maí)
**20.30 Upphitun** (e)
**21.00 Tottenham -Blackburn**(frá 10.maí)
**23.00 Liðið mitt** (e)
**00.00 Að leikslokum** (e)
**01.00 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.30**

### Leitin að strákunum

Nú eru átta keppendur eftir og enginn þeirra er tilbúinn að fara heim. Í þætti kvöldsins er keppendunum skipt í fjóra tveggja manna hópa sem hver um sig semur stutt grínatriði. Hóparnir munu ekki standa einir heldur fá dygga aðstoð frá atvinnuleikurunum Hilmi Snæ og Þorsteini Guðmundssyni. Gestadómarar að þessu sinni eru þeir Óskar Jónasson leikstjóri og Pétur Jóhann Sigfússon grínari með meiru.



**▸ Við mælum með**

**MORÐ Í HOLLYWOOD**

**Sjónvarpið kl. 22.50**

Bandarísk spennumynd frá 2003. Þegar lögreglumennirnir Joe Gavilan og Kasey Calden eru ekki á morðvaktinni spreyta þeir sig á öðrum sviðum mannlífsins: Gavilan selur fasteignir með heldur lélegum árangri og Calden en ætlar sér að verða stórleikari. Það kemur í þeirra hlut að rannsaka morð á rappstjörnu í næturklúbbi og þá sökkva þeir sér á kaf í tónlistarbransann í von um að þar sé að finna svar við morðgátunni. Meðal leikenda eru Harrison Ford og Josh Hartnett.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.50** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Lög unga fólksins
**19.30** Óvissuferð - allir velkomnir
**20.10** Síðdegi skógarpúkanna
**21.00** Kvöldtónar
**21.25** Sá stóri
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Spænska bikarkeppnin** (Getafe - Barcelona)
**15.30 Spænska bikarkeppnin** (Getafe - Barcelona)
**17.10 Landabankadeildin 2007**
**18.10 Það helsta í PGA-mótaröðinni**
**18.35 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.
**19.05 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report)
**19.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.00 Pro bull riding** (Billings, MT - The NILE Invitational) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka.
**21.00 World Supercross GP 2006-2007**
**22.00 Football and Poker Legends**
**23.40 NBA - Úrslitakeppnin** (NBA 2006/2007 - Playoff games)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Spillere på is **7.30** Børneblæksprutten **7.45** Ungdomsprogram **8.00** Viften **8.30** Byens Rum **9.00** Livet ombord - jagten på silden **9.30** Dig og mig **10.00** TV Avisen **10.10** Mit kenyanske hjem **10.25** Ud i naturen **10.50** Aftenshowet **11.20** Den svenske kongefamilie på besøg i Danmark **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Flemmings Helte **13.30** Boogie Listen **14.30** Svampebob Firkant **14.55** Rutsj Klassik **15.30** Hunni*show **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2006 **19.00** TV Avisen **19.30** HåndboldEkstra: Ikast Bording - Zvezda Zvenigorod (k) **21.00** Ubudne gæster **22.30** Boogie Listen **5.30** Gurli Gris **5.35** Noddy **5.50** Disney Sjov

## NRK 1

**7.30** Berulfsens fargerike **8.00** Siste nytt **8.05** Schrödingers katt **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Dinotopia **14.00** Siste nytt **14.03** Pop-session **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Kos og kaos **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Franklin 1**6.15** Mekke-Mikkel **16.25** Lure Lucy **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** 20 spørsmål **19.20** Lynley **20.50** Du skal h¢re mye mer **21.00** Kveldsnytt **21.15** Snapphaner **22.10** Adresse Helsingfors **23.10** Usett: Mina **5.30** Pysjpopbaluba **5.31** Fiffi og blomsterbarna **5.40** Bosse **5.50** Harry med b¢tta full av dinosaurer **6.00** Mikkes klubbhus

## SVT 1

**7.30** Samtal med **7.45** The day I got the sack **8.10** Quirks **8.15** Leila, née en France **8.40** Sport mit Simone **8.45** Ramp höjdare **9.15** Garage guld **10.00** Rapport **10.05** Saras kök **10.35** Svenska slag **11.05** Eurovision Song Contest **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Hundkoll **15.30** Vi i femman **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.25** Dagens visa **16.30** Tillbaka till Vintergatan **17.00** Amigo **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Nöjesnytt: Eurovision Song Contest 19.30 Chocolat **21.30** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.50** Robins **22.20** Bröd och tulpaner **0.15** Sändningar från SVT24 **6.00** Bolibompa hälsar på


# BEITUM SKYNSAMLEGU AÐHALDI Í INNFLUTNINGI Á VINNUAFLI

# VERJUM LAUNAKJÖR Á VINNUMARKAÐI



Guðjón A. Kristjánsson
Norðvesturkjördæmi



Kolbrún Stefánsdóttir
Suðvesturkjördæmi



Jón Magnússon
Reykjavík Suður



Sigurjón Þórðarson
Norðausturkjördæmi



Magnús Þór Hafsteinsson
Reykjavík Norður



Grétar Mar Jónsson
Suðurkjördæmi

Hlutfall erlendra ríksiborgara á vinnumarkaði hér á landi er margfalt hærra en á hinum Norðurlöndunum. Frjálslyndi flokkurinn vill vernda þau markaðslaun sem launamenn hafa barist fyrir í áratugi.

INN-FLYTJENDA-MÁLIN ERU KOSNINGAMÁL

- Leyfum ekki undirboð á launum fyrir vinnu.
- Látum ekki einstaka atvinnurekendur þrýsta niður launum í landinu.
- Frjálslyndi flokkurinn leggur höfuðáherslu á mannréttindi allra sem búa í landinu óháð því hvaðan þeir koma.
- Íslenska þjóðin þarf að hafa stjórn á öllum sínum málum - líka fjölda innflytjenda.

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

Frjálslyndi flokkurinn

**www.xf.is** Skeifan 7 | Reykjavík | sími 553 6061

## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég geri þá kröfu að bíómynd hafi mikið af ómerkilegu ofbeldi.“*

Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði og tónlistarmaður, í Pressunni 1992.

„Ég geri enn þá sömu kröfu. Þær þurfa helst líka að hafa geimverur og mikið af sprengingum. Ég vinn við það listræna en horfi á hitt,“ segir Hilmar í dag.

# Magni var lasinn í Las Vegas

Magni Ásgeirsson er nýkominn heim úr mikilli ævintýraferð til Las Vegas þar sem hann hitaði upp fyrir Aeorsmith ásamt Dilönu og Adrian, trommara rokkhljómsveitarinnar No Doubt, á góðgerðartónleikum Willy Claire-foundation. Þrátt fyrir að Magni hafi notið sín vel í skærum ljósum borgarinnar reyndist ferðin þyrnum stráð. „Ég var eiginlega veikur allan tímann og lá bara uppi á hótelherbergi,“ segir Magni sem gaf sér þó tíma til að reyna fyrir sér í „21“ í einu af spilavítunum. „Húsið vinnur alltaf þar. Það er bara reglan,“ útskýrir rokkarinn sem tekur þó skýrt fram að ekki hafi verið um neinar háar fjárhæðir að ræða.

Magni var ekki eini Íslendingurinn á svæðinu því Biggi rót, rótari Á móti Sól, fékk langþráðan draum uppfylltan þegar hann fylgdi söngvaranum til Vegas. „Hann var þarna að róta í fyrsta skipti á erlendri grundu og fékk meira að segja að vasast í græjunum hjá Aerosmith,“ segir Magni og bar fylgdarliði hljómsveitarinnar vel söguna.

Hins vegar hafi rokkhundarnir með Steve Tyler fremstan í flokkki ekki verið mikið fyrir að blanda geði við aðra skemmtikrafta. „Þeir komu, fóru upp á svið og svo bara aftur heim. En þeir voru góðir, alveg drullugóðir og augljóst að þessir menn eru búnir að vera nokkuð lengi í bransanum,“ segir Magni sem fékk þó stjörnur í augun þegar hann hitti George Costanza, leikarann góðkunna úr Seinfeld, en hann var kynnir á kvöldinu „Hann var alveg hrikalega fyndinn,“ segir Magni. -fgg



**STEVE TYLER** Kom, söng og fór og hafði lítið við íslensku rokkstjörnuna að segja.



**MAGNI ÁSGEIRSSON** Hitaði upp fyrir Steve Tyler og félaga í Aerosmith.



**LÁRÉTT** 2. eyja, 6. yfirlið, 8. starfsgrein, 9. ýlfur, 11. ónefndur, 12. hegni, 14. tifa, 16. frú, 17. fiskur, 18. for, 20. tvíhljóði, 21. velta.

**LÓÐRÉTT** 1. kostar lítið, 3. frá, 4. bragðefni, 5. beita, 7. áritun, 10. ái, 13. forsögn, 15. bor, 16. framkoma, 19. óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. java, 6. dá, 8. fag, 9. ýla, 11. nn, 12. refsi, 14. tipla, 16. fr, 17. áll, 18. aur, 20. au, 21. snúa. **LÓÐRÉTT:** 1. ódýr, 3. af, 4. vanilla, 5. agn, 7. áletrun, 10. afl, 13. spá, 15. alur, 16. fas, 19. rú.

REYNIR TRAUSTASON: HALIM ER MILLJÓNARI OG MEINLÆTAMAÐUR

# Á bæn með Halim Al

„Halim var hress og kátur. Ég fór í mosku og lagðist á bæn með honum í Istanbúl. Það var … upplifun,“ segir Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs, sem er nýkominn frá Tyrklandi þar sem hann átti að sögn góða daga með Halim Al – óvini Íslands númer eitt.

Með Reyni í för var sonur hans, ljósmyndarinn Róbert, og munu þeir birta afrakstur fararinnar í næsta tölublaði Mannlífs sem kemur út eftir um hálfan mánuð. Reynir segir Halim gerbreyttan mann, svo breyttan að hann hafi ekki þekkt hann fyrr en Halim kynnti sig.

„Halim kom mér verulega á óvart. Og ég er líklega eini Íslendingurinn, sennilega sá eini í heimi, sem á Kóraninn áritaðan af Halim Al. Hann var allt öðruvísi en ég hélt. Hafði bara lesið um Halim í Séð og heyrt og þar sýndist mér hann vera einhver vitleysingur. En það er af og frá. Þetta er hin hliðin á Sophiu Hansen-málinu. Sú sem við höfum aldrei séð né sagt af,“ segir Reynir og vísar til hins mikla máls sem tröllreið íslenskum fjölmiðlum fyrir rúmum áratug þegar Halim Al fór með dætur sínar og Sophiu Hansen, þær Dagbjörtu og Rúnu, til Tyrklands og neitaði að hleypa þeim aftur til Íslands. Reynir segir þær sáttar og bara aðlagast afskaplega vel tyrknesku samfélagi og íslam.

Ritstjórinn með hattinn segir það hafa verið mikið ævintýri að þvælast um Istanbúl með „karlinum“. Þar er Halim fjölskyldu- og stóreignamaður. Milljónari sem lifir í öllum þeim vellystingum sem hann kýs að lifa í.

„En hann er meinlætamaður. Mér líkaði hreint ekki illa við hann en minn tilgangur var og er að sjá hans viðhorf til alls þessa mikla máls. Sýna fólki hver Halim Al er. Partur af inngrónum rasisma í íslenskum fjölmiðlum hefur verið að tala ekki um hann nema í einhverju skrítnu samhengi. Stöðugt brugðið upp mynd af Hund-Tyrkja. Morgunblaðið er náttúrulega verst en þar má endalaust skrifa niðrandi um Michael Jackson án þess að þar séu nokkur mörk. En ekki má nefna nöfn íslenskra glæpamanna. Þetta er tvískinnungur,“ segir Reynir sem telur hlutverk fjölmiðla felast í að upplýsa á fordómalausan hátt.

jakob@frettabladid.is



**ALLAH! ALLAH!** Reynir og Halim biðjast fyrir í góðum félagsskap í mosku í Istanbúl. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



**HALIM AL** Að sögn Reynis er af og frá að afskrifa hann sem Hund-Tyrkja og vitleysing.



**REYNIR TRAUSTASON** Ævintýri að flækjast um Istanbúl með Halim Al. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Á leið til lands er **Anna Kisselgoff** frá New York Times – einhver þekktasti dansgagnrýnandi heims. Listahátíð var sett í gær og er von á stóði erlendra fjölmiðlamanna sem ætla að gera hátíðinni skil. Ekki síst er það franska götuleikhúsið Royal de luxe sem dregur að en einnig hafa erlendir fjölmiðlamenn sýnt komu San Fransisco-ballettsins, og **Helga Tómassyni**, áhuga. Frakkar verða áberandi meðal fjölmiðlamanna en einnig er von á fulltrúum japanska ríkissjónvarpsins auk menningarskríbenta frá Bandaríkjunum, Englandi og Þýskalandi.



Það hefur varla farið framhjá nokkrum manni að **Eiríkur Hauksson** tókst á við sannkallaða eldraun í gærkvöldi þegar undankeppni Eurovision fór fram í Helsinki. Þegar farið er á heimasíðu hátíðarinnar, esctoday.com, kennir þar margra grasa og má meðal annars nálgast viðtal við Eirík um þátttöku hans í keppninni. Athygli vekur þó að þegar farið er inn á heimasvæði Íslands stendur að textahöfundur okkar sé Skerjafjarðarskáldið **Kristján Hreinsson**, en ekki Eurovision-skáldið **Peter Fenner**. Eflaust munu margir eftir því þegar kastaðist í kekki með Kristjáni og **Sveini Rúnari Sigurðssyni**, höfundi lagsins, um enska textann. Hvort þessi skráning hafi verið hluti af samkomulaginu þeirra á milli þegar stríðsöxin var grafin skal hins vegar ósagt látið. -jbg/fgg






# Sjálfstæðisflokkur til sölu á eBay

„Þetta er hugsanlega elsti djókurinn í stokknum. En virkar alltaf,“ segir Stefán Pálsson sagnfræðingur.

Á uppboðsvefnum eBay kennir ýmissa grasa, meðal annars er þar til sölu eitt stykki Sjálfstæðisflokkur. Ekkert boð er komið en upphafsboð er þúsund dollarar. Sá sem býður flokkinn falan kallar sig „Vg konan“ og óneitanlega, þegar galgopahættur sem þessi er annars vegar, berast böndin að hinum grínaktugu ungliðum í Vinstri grænum. Þar þekkir Stefán vel til þótt hann sé útskrifaður. „Þar útskrifast menn þrítugir en teljast ekki ungliðar langt á fimmtugsaldurinn eins og annars staðar. En ég er jú virkur fótgönguliði,“ segir Stefán og á honum að skilja að honum sé kunnugt um hver fer en harðneitar að upplýsa um það.

„Spilltur og þreyttur valdaflokkur, sem verið hefur í ríkisstjórn alltof lengi, fæst fyrir lítið fé – óskast sóttur. Varúð: getur reynst hættulegur öldruðum, öryrkjum, barnafólki og fátækum. Myndi sóma sér vel í flestum bananalýðveldum, enda þaulvanur í þjónkun við bandarísk stjórnvöld og aðra valdahópa,“ segir í auglýsingunni.

Stefán viðurkennir fúslega að fingraför ungliða í Vinstri grænum séu á þessu. Þeir hafi helst viljað berja á Framsóknarflokki en „óhræsið“ sleppi ekki. Lýsingu á fyrirbærinu sem til sölu er lýkur svo:

„Forystumenn geðþekkir, en tala slæma ensku. Öflugt tengslanet fylgir með, inniheldur helstu stjórnendur í íslenskum viðskiptalífi og a.m.k. einn kvikmyndaleikstjóra og háskólaprófessor.“ - jbg



**STEFÁN PÁLSSON** Segir fyrirliggjandi að fingraför ungliðanna í Vg séu á þessu gríni.

**SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN** Er sagður í auglýsingu innihalda meðal annars einn kvikmyndaleikstjóra og háskólaprófessor.

**EBAY** Á stærsta uppboðsvef veraldar er að finna til sölu eitt stykki Sjálfstæðisflokk.





www.ellingsen.is
Permasteel-gasgrill
5 brennarar + innrauður brennari og hliðarbrennari. 83.000 BTU. Grillteinn og yfirbreiðsla fylgir.
Verð 129.900 kr.
Léttgreiðslur í 12 mán.
10.825 kr. á mán.
Vnr. 43102
Permasteel-gasgrill
5 brennarar + 2 innrauðir brennarar og hliðarbrennari. 104.000 BTU. Grillteinn og yfirbreiðsla fylgir.
Verð 199.900 kr.
Léttgreiðslur í 12 mán.
16.658 kr. á mán.
Vnr. 43102
48 lítra kælibox fylgir Permasteel grillum
Kjósum grill
Permasteel-gasgrill – 55.000 BTU
3 brennarar + innrauður brennari í grilli ásamt hliðarhellubrennara. Grillteinn og yfirbreiðsla.
Vnr. 35452
Verð 89.900 kr.
Léttgreiðslur í 12 mán.
7.492 kr. á mán.
Permasteel-gasgrill – 52.000 BTU
4 brennarar + hliðarbrennari=17,78 kW. Grillteinn og yfirbreiðsla fylgir.
Vnr. 35453
Verð 79.900 kr.
Léttgreiðslur í 12 mán.
6.658 kr. á mán.
Permasteel-gasgrill – 52.000 BTU
4 brennarar + hliðarbrennari. Grillteinn og yfirbreiðsla fylgir.
Vnr. 43099
Verð 69.900 kr.
Léttgreiðslur í 12 mán.
5.825 kr. á mán.
Ellingsen-gasgrill
2 aðalbrennarar=9,2 kW
Grillsett fylgir í kaupauka
Vnr. 44073
Verð 44.900 kr.
Léttgreiðslur í 12 mán.
3.742 kr. á mán.
Char-Broil Sequia-gasgrill
2 brennarar=8,5 kW og 2 viðarborð
Vnr. 14270
Verð 29.900 kr.
Léttgreiðslur í 12 mán.
2.492 kr. á mán.
Campingaz-gasgrill
RBS. 7 kW brennari
Grillsett fylgir í kaupauka
Vnr. 30690
Verð 14.900 kr.
Léttgreiðslur í 12 mán.
1.242 kr. á mán.
Campingaz-gasgrill
RBS. 8 kW brennari
RBS
48 lítra kælibox í kaupauka
Vnr. 29317
Verð 39.900 kr.
Léttgreiðslur í 12 mán.
3.325 kr. á mán.
RBS
Grill eiga það til að fuðra upp þegar kjötsafi lekur niður á brennarann.
Innrauðu RBS-brennurum er komið fyrir lóðrétt en ekki lárétt, svo safinn lendir á steinunum án þess að kvikni í.
Minni logar, minni reykur og betri eldamennska með nýjustu RBS-tækni.
Bjóðum Visa og MasterCard léttgreiðslur til 12 mánaða
Grillin eru afgreidd samsett og heimsend*
Ellingsen
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
*Heimsending gildir fyrir höfuðborgarsvæðið og Akureyri. Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.
Himinn og haf / SÍA 9070581

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**

KRISTÍNAR SVÖVU TÓMASDÓTTUR


## *Sögur fyrir sálarlífið*

Í aðdraganda kosninga fer allt þjóðfélagið að klæja í görnina um að tjá sig. Dagblöðin eru vinsæll vettvangur skoðanaskipta en hafa yfirleitt ekki undan að birta aðsendar greinar. Það leysti netvæðing þeirra á þægilegan hátt. Illræmdust er flóðbylgja Moggabloggsins og ég er viss um að allmargir Moggabloggarar gæfu aðra höndina fyrir 400 orð á baksíðu Fréttablaðsins daginn fyrir kosningar. Einmitt þess vegna ætla ég ekki að tala um pólitík. Hí á ykkur.

**ÞAÐ ER ÞÓ** Ellý Ármanns sem hefur skotið öðrum Moggabloggurum ref fyrir rass – ekki með röfli um stjórnarmyndunarmöguleika heldur með erótískum smásögum. Nú skilst mér að hún hafi fengið boð um birtingu í dönskum blöðum, en það hefur reynst mörgum íslenskum höfundi vel í upphafi ferils.

**SÖGUR** Ellýjar eru lipurlega skrifaðar, tilvaldar með kaffinu eða fyrir svefninn. Þær fjalla um flengingar, sprautublæti og kynlíf á bílaþvottastöðvum með afslappaðri kímni og lesandi fær strax samúð með aðalpersónunum, velviljuðum konum sem eru flæktar í grátbroslegar aðstæður.

**BÓKMENNTIR** á borð við þessar eru sólargeisli í andlegum doða og lifandi samkeppni hins ritaða máls við afþreyingarefni sjónvarps. Hvort sem landinn liggur í próflestri eða kosningaþunglyndi er slíkt léttmeti bráðhollt fyrir sálarlífið. Ég leyfi mér einnig að mæla með Ísfólkinu, 47 binda bókaflokki norsku skáldkonunnar Margit Sandemo, þar sem kynóðir djöflar, ættbálkaerjur og heygafflamorð hrærast saman í ómótstæðilegt léttklám fyrir unglingsstúlkur.

**EF LESENDUR** vilja frekar eitthvað íslenskt má nefna unglingabækur frá 9. áratugnum. Að mínu mati ber þar hæst skáldsöguna Brosað gegnum tárin, sem fjallar um unglingsstúlku á Suðurnesjum sem hefur lágt sjálfsmat en tekur síðan þátt í fegurðarsamkeppni og öðlast trú á sjálfa sig. Ekki er boðskapurinn bara frábær heldur eru ýmsir skemmtilegir hnökrar á frásögninni, til dæmis skiptir aðalpersónan nokkrum sinnum um nafn.

**ÞAÐ ER ÞÓ** ekkert miðað við aðstæður föður hennar, sem í upphafi bókar er í sárum eftir dauða eiginkonu sinnar og blindur í ofanálag, en gerist á síðu 138 sekur um ölvunarakstur. Þegar stúlkan sér blindan föður sinn skjögra út úr bílnum spyr hún sár: Pabbi, varstu að drekka? Manstu ekki að fegurðarsamkeppnin er í kvöld?


AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ





Njóttu þess að vera í Vörðunni